ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 1/2025

Eyjar og sker sunnan og austan lands

ÓBYGGÐANEFND

22. desember 2025

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 1
2 MÁLSMEÐFERÐ 2
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 2
2.2 Eyjar og sker tekin til meðferðar (svæði 12) 2
2.3 Lýstar kröfur, kynning o.fl. 3
2.4 Mál nr. 1/2025: Eyjar og sker sunnan og austan lands 6
3 KRÖFUGERÐ 8
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 8
3.2 Kröfur vegna Kalmanstjarnar í Höfnum 9
3.3 Kröfur vegna Vestmannaeyja 9
3.4 Kröfur vegna Kvískerja í Öræfum 11
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 12
4.1 Inngangur 12
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 12
4.3 Vettvangsskoðun, kortasjá og fjörumörk 13
4.4 Skýrslutaka 14
5 SAGA LANDSVÆÐA 15
5.1 Reykjanes 15
5.1.1 Landnám 15
5.1.2 Nýey við Reykjanes 16
5.1.3 Eldey við Reykjanes 16
5.1.4 Geirfuglasker við Reykjanes 22
5.1.5 Kalmanstjörn í Höfnum 23
5.1.6 Nærliggjandi jarðir og kirkjustaðir 26
5.1.6.1 Kirkjuvogur í Höfnum 26
5.1.6.2 Staður í Grindavík 30
5.1.6.3 Kirkjuból á Miðnesi 34
5.2 Surtsey 36
5.3 Vestmannaeyjar 37
5.3.1 Kornhóll í Vestmannaeyjum 61
5.3.2 Miðhús í Vestmannaeyjum 62
5.3.3 Gjábakki í Vestmannaeyjum 64
5.3.4 Vilborgarstaðir í Vestmannaeyjum 66
5.3.5 Kirkjubær í Vestmannaeyjum 69
5.3.6 Presthús í Vestmannaeyjum 73
5.3.7 Oddstaðir í Vestmannaeyjum 75
5.3.8 Búastaðir í Vestmannaeyjum 77

5.3.9 Vesturhús í Vestmannaeyjum ... 78
5.3.10 Ólafshús í Vestmannaeyjum ... 81
5.3.11 Nýibær í Vestmannaeyjum ... 82
5.3.12 Gerði (Stóragerði) í Vestmannaeyjum ... 83
5.3.13 Dalir í Vestmannaeyjum ... 85
5.3.14 Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum ... 88
5.3.15 Steinsstaðir í Vestmannaeyjum ... 92
5.3.16 Gvendarhús í Vestmannaeyjum ... 94
5.3.17 Brekkuhús í Vestmannaeyjum ... 95
5.3.18 Ofanleiti í Vestmannaeyjum ... 98
5.3.19 Norðurgarður í Vestmannaeyjum ... 102
5.3.20 Stakkagerði í Vestmannaeyjum ... 104
5.3.21 Nærliggjandi jörð og kirkjustaður ... 106
5.3.21.1 Kross í Austur-Landeyjum ... 106
5.4 Öræfi og Suðursveit ... 109
5.4.1 Landnám ... 109
5.4.2 Kvísker í Öræfum ... 109
5.4.3 Tvísker (sker) ... 112
5.4.4 Hrollaugseyjar ... 112
5.4.5 Fell í Suðursveit ... 113
5.5 Hvalbakur ... 115
6 SJÓNARMIÐ AÐILA ... 116
6.1 Íslenska ríkið ... 116
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins ... 117
6.2.1 Kalmanstjörn í Höfnum og Kvísker í Öræfum ... 117
6.2.2 Vestmannaeyjar ... 121
7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 127
7.1 Inngangur ... 127
7.2 Almenn atriði ... 127
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ... 127
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 127
7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins ... 129
7.2.3.1 Inngangur ... 129
7.2.3.2 Stofnun eignarréttar á eyjum og skerjum ... 130
7.2.3.2.1 Landnám ... 130
7.2.3.2.2 Lög ... 132
7.2.3.2.2.1 Lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar ... 132
7.2.3.2.3 Hefð og áhrif fyrri athafna og lögskipta ríkisins ... 147
7.2.3.3 Almennt um stöðu jarða ... 148

7.2.3.4 Landamerkjabréf og sönnun um tilvist og afmörkun jarða 148
7.2.3.4.1 Þýðing eldri heimilda 149
7.2.3.4.2 Staðhættir 149
7.2.3.4.3 Gróðurfar 152
7.2.3.4.4 Upplýsingar um nýtingu lands 152
7.2.3.4.5 Landamerkjabréf liggur ekki fyrir eða merkjalýsing er óljós 156
7.2.3.5 Netlög 159
7.2.3.6 Samantekt um mat á eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja 161
7.3 Eyjar og sker sunnan og austan lands 163
7.3.1 Eldey og sker og drangar við Reykjanes 164
7.3.2 Vestmannaeyjar 173
7.3.3 Surtsey 186
7.3.4 Tvísker 188
7.3.5 Hvalbakur 192
7.3.6 Aðrar eyjar og sker 193
7.4 Um málskostnað 195
8 ÚRSKURÐARORÐ 196

VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR CXXIX
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ CXXXI
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ CXXXV
a) Efnisflokkuð skjalaskrá CXXXV
b) Skjalaskrá í númeraröð CLX
FYLGISKJAL III: KORT CLXXXV
a) Yfirlitskort um svæði 12 CLXXXV
b) Úrskurðarkort í máli nr. 1/2025 CLXXXV

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Mánudaginn 22. desember 2025 er tekið fyrir mál nr. 1/2025, *Eyjar og sker sunnan og austan lands*, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Víðir Smári Petersen.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmenn.)

Vestmannaeyjabær vegna Vestmannaeyja.

(Ólafur Björnsson og Jóhann Pétursson lögmenn.)

Helgi Vilhjálmsson, Vífill Oddsson, Guðríður Steinunn Oddsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Þóra Arnheiður Sigmundsdóttir, Auður Ketilsdóttir, Þengill Oddsson, Ketill Árni Ketilsson, Ólafur Hergill Oddsson, Ólafur Ketilsson og Steinunn Ketilsdóttir vegna Kalmanstjarnar í Höfnum.

Kvísker ehf. vegna Kvískerja í Öræfum.

(Jón Jónsson lögmaður.)

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna ýmissa annarra jarða eða landsvæða en eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu viðkomandi aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Yfirlit um þá aðila er einnig í fylgiskjali I.

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendulög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Eyjar og sker tekin til meðferðar (svæði 12)

Með bréfi dagsettu 19. apríl 2023 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 12, eyjar og sker, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 31. ágúst 2023 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.[2] Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur þrisvar, síðast til 2. febrúar 2024.

Svæði 12, hið sautjánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,[3] tekur til landsvæða utan strandlengju meginlandsins, nánar tiltekið tekur málsmeðferðin til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: *Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

Hlutaðeigandi sveitarfélögum, þ.e. öllum sveitarfélögum sem liggja að sjó, var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

---

[2] Í bréfi óbyggðanefndar um töku svæðisins til meðferðar, skjali nr. 5(1), var rökstudd sú ákvörðun nefndarinnar að nota ekki heimild 10. gr. a í þjóðlendulögum til að bæta viðbótarþrepi framan við hefðbundna málsmeðferð. Frekari bréfaskipti nefndarinnar og fjármála- og efnahagsráðherra um tilhögun málsmeðferðarinnar eru í skjölum nr. 5(5)–5(8) og gerð er grein fyrir þeim í kafla 2.3.

[3] Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7–10 var síðan ýmist skipt í tvennt eða þrennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A, 9B, 10A, 10B og 10C. Því voru málsmeðferðarsvæði á meginlandinu alls sextán og svæði 12, eyjar og sker, var því sautjánda og síðasta svæðið.

2.3 Lýstar kröfur, kynning o.fl.

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 12 barst óbyggðanefnd 2. febrúar 2024. Kröfulýsingin var birt á vefsíðu nefndarinnar 12. febrúar 2024. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins í Lögbirtingablaðinu 13. febrúar 2024, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 15. maí 2024 en fresturinn var síðar framlengdur nokkrum sinnum. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingu í dagblaði, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði. Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru einnig kynntar á vefsíðu óbyggðanefndar og með tilkynningu til fjölmiðla og til sveitarfélaga sem lágu að sjó. Mikið var fjallað um kröfurnar í fjölmiðlum.

Hinn 16. febrúar 2024 barst óbyggðanefnd erindi frá fjármála- og efnahagsráðherra um tilhögun málsmeðferðar á svæðinu þar sem farið var fram á að nefndin endurskoðaði ákvörðun sína um að nota ekki heimild 10. gr. a í þjóðlendulögum til að bæta viðbótarþrepi framan við hefðbundna málsmeðferð áður en ríkið lýsti kröfum um þjóðlendur. Farið var fram á að nefndin félli frá þeirri málsmeðferð sem hafin var og hæfi nýja málsmeðferð á sama svæði með viðbótarþrepi skv. 10. gr. a þjóðlendlaga. Óbyggðanefnd hafnaði beiðni ráðherra með bréfi dags. 22. febrúar 2024.[4]

Leiðrétt útgáfa af kröfugerð ríkisins barst óbyggðanefnd 27. mars 2024 frá lögmanni ríkisins vegna landsvæða sem höfðu verið tilgreind í kröfulýsingu en reyndust utan málsmeðferðarsvæðisins.[5] Óbyggðanefnd ákvað síðan 4. apríl 2024 að framlengja frest til að lýsa gagnkröfum til 2. september 2024 í ljósi stöðu mála, þar á meðal kortagerðar, umfangs mála og upplýsinga frá lögmanni ríkisins um að frekari leiðréttingar eða endurskoðun kröfugerðar væri hugsanleg.

Þá barst nefndinni 5. apríl 2024 erindi frá fjármála- og efnahagsráðherra þar sem því var lýst yfir að ráðherra hefði ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar. Í bréfinu var farið fram á að óbyggðanefnd frestaði frekari málsmeðferð á svæðinu og veitti ráðherra frest til að endurskoða kröfur ríkisins. Í kjölfarið yrði landeigendum veittur frekari frestur til að lýsa sínum kröfum.[6]

Þegar erindið barst hafði óbyggðanefnd þegar ákveðið að framlengja kröfulýsingarfrest landeigenda til 2. september. Niðurstaða nefndarinnar var að sá frestur gæfi fjármála- og efnahagsráðherra það svigrúm sem ráðherra óskaði eftir til að endurskoða kröfugerð ríksins og ætlunin var jafnframt að landeigendur hefðu nægan tíma að því loknu til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa gagn-

[4] Skjöl nr. 5(5) og 5(6).
[5] Skjal nr. 1(9).
[6] Skjal nr. 5(7).

kröfum. Sú niðurstaða var tilkynnt fjármála- og efnahagsráðherra með bréfi dags. 10. apríl 2024.[7]

Í ágúst 2024 framlengdi óbyggðanefnd síðan frest til að lýsa gagnkröfum til 2. desember 2024 í ljósi upplýsinga sem þá höfðu borist frá lögmanni ríkisins um framvindu endurskoðunarinnar.

Endurskoðuð kröfugerð íslenska ríkisins barst óbyggðanefnd 9. október 2024.[8] Hún var birt á vefsíðu óbyggðanefndar daginn eftir og þá var einnig opnuð rafræn kortasjá um kröfurnar.[9] Jafnframt ákvað óbyggðanefnd að framlengja frest til að lýsa kröfum á móti til 13. janúar 2025. Auk birtingar á vefsíðu nefndarinnar voru endurskoðaðar kröfur ríkisins, kortasjá og framlengdur kröfulýsingarfrestur kynnt með tilkynningu til fjölmiðla og sveitarfélaga, sem og lögmanna og landeigenda sem haft höfðu samband við óbyggðanefnd vegna málsmeðferðarinnar. Enn fremur birti óbyggðanefnd 11. október 2024 tilkynningu í Lögbirtingablaði um endurskoðaðar kröfur ríkisins og framlengdan kröfulýsingarfrest.

Síðar var kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins framlengdur tvisvar og hann var því alls framlengdur fimm sinnum, síðast til 14. febrúar 2025. Samtals bárust 198 efnislegar kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis. Sumar þeirra bárust eftir lok formlegs kröfulýsingarfrests en þeim var veitt viðtaka á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga sem kveður á um að óbyggðanefnd beri að gefa þeim, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni. Að auki bárust 30 málskostnaðarkröfur vegna jarða þar sem undirbúningur kröfugerðar hafði hafist en við leiðréttingar ríkisins á kröfugerð sinni í mars 2024 hafði komið í ljós að viðkomandi eyjar eða sker voru undanskilin kröfum ríkisins. Samtals voru kröfulýsingar á svæðinu því 228 talsins.

Hinn 25. febrúar 2025 óskaði óbyggðanefnd bréflega eftir afstöðu ríkisins, eigi síðar en 25. mars, til kröfulýsinga gagnaðila ríkisins og mati á því hvort þær gæfu ríkinu tilefni til að endurskoða kröfugerð sína eða hvort færi væru talin á að sætta mál í heild eða að hluta á þessu stigi, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga. Einnig var sérstaklega óskað eftir afstöðu íslenska ríkisins til þess hvort og þá hvaða þýðingu lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hefði við úrlausn mála á svæði 12, sbr. málatilbúnað ýmissa gagnaðila ríkisins. Óbyggðanefnd sendi lögmönnum annarra málsaðila afrit af bréfinu daginn eftir og upplýsti jafnframt að nefndin hygðist á næstu vikum birta almennar niðurstöður um þýðingu fyrrnefnds ákvæðis rekabálks Jónsbókar og öðrum atriðum sem kröfulýsingar aðila kynnu að gefa tilefni til, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Svar ríkisins barst óbyggðanefnd 25. mars 2025.[10]

7 Skjal nr. 5(8).
8 Skjöl nr. 1(1)–1(8) og 1(10).
9 Sjá umfjöllun um kortasjá í kafla 4.3.
10 Skjöl nr. 5(9)–5(11).

Óbyggðanefnd birti 10. apríl 2025 umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins og gerði m.a. grein fyrir því að þar kæmu fram sjónarmið sem nefndin myndi horfa til í endanlegum úrskurðum.[11] Nefndin beindi því til lögmanna og annarra fulltrúa málsaðila að kanna hvort færi væru á að sætta mál í heild eða að hluta með hliðsjón af þeim sjónarmiðum.[12] Í framhaldinu bárust upplýsingar frá lögmönnum ríkisins um að til stæði að endurskoða kröfur ríkisins.

Með bréfi 27. júní 2025 upplýstu lögmenn íslenska ríkisins að unnið væri að nánari endurskoðun og afmörkun krafna ríkisins um þjóðlendur á svæði 12. Við þá vinnu væri einkum horft til heimilda og upplýsinga sem hefðu borist með kröfulýsingum gagnaðila ríkisins, með tilliti til þeirra atriða og sjónarmiða sem almennt hefðu verið lögð til grundvallar í þjóðlendumálum. Einnig væri litið sérstaklega til sjónarmiða sem lytu að sérstöðu eyja og skerja utan strandlengju meginlandsins samanborið við landsvæði á meginlandinu, þar á meðal sjónarmiða sem fram kæmu í umfjöllun óbyggðanefndar um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja frá 10. apríl 2025, að því leyti sem talið væri unnt að fallast á þau. Fram kom að fyrir lægi að kröfum íslenska ríkisins myndi fækka verulega við endurskoðunina.[13]

Í svarbréfi nefndarinnar til lögmanna ríkisins 30. júní 2025 var lögð áhersla á að boðaðri endurskoðun og nánari afmörkun krafna ríkisins á svæði 12 yrði hraðað eins og kostur væri og niðurstaðan bærist nefndinni eigi síðar en 1. september 2025.[14] Sama dag upplýsti nefndin aðra lögmenn og fulltrúa málaðila á svæði 12 um yfirstandandi endurskoðun á kröfum ríkisins, auk þess sem þeir fengu send afrit af bréfi lögmanna íslenska ríkisins til nefndarinnar 27. júní og svarbréfi nefndarinnar 30. júní 2025.

Með bréfi 12. september 2025 upplýstu lögmenn ríkisins um niðurstöðu endurskoðunar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, á þjóðlendukröfum á svæði 12.[15] Fram kom að endurskoðunin hefði leitt til þess að fallið hefði verið frá kröfum í fjölda eyja og skerja og að yfirlit yfir kröfur ríkisins eftir endurskoðun væri aðgengilegt í kortasjá málsmeðferðarinnar. Öðrum lögmönnum og fulltrúum málsaðila á svæði 12 var tilkynnt um niðurstöðu endurskoðunarinnar með tölvupósti 15. september 2025. Lögmenn og fulltrúar aðila voru beðnir að skoða kortasjána vel og meta hvort ágreiningi við ríkið væri hugsanlega lokið eftir endurskoðunina að því er varðaði þær jarðir sem þeir hefðu lýst kröfum vegna. Enn fremur hafði nefndin samband við hvern og einn lögmann eða fulltrúa málsaðila og kallaði eftir afstöðu þeirra til þessa. Nefndin fékk í framhaldinu skriflegar staðfestingar um að ágreiningi vegna mikils meirihluta þeirra jarða og svæða sem kröfum hafði verið lýst fyrir væri lokið.

Kynning á heildarkröfum skv. 12. gr. þjóðlendulaga fór fram 20. október – 20. nóvember 2025 og athugasemdafrestur var til 27. nóvember. Samkvæmt lögunum skulu

[11] Skjal nr. H-2.
[12] Skjal nr. 5(11).
[13] Skjal nr. 5(12).
[14] Skjal nr. 5(13).
[15] Skjal nr. 1(11).

heildarkröfur kynntar þannig að yfirlit um þær sé látið „liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir“ í a.m.k. einn mánuð. Athugasemdafrestur en síðan í viku að þeim tíma liðnum. Í samræmi við þetta var yfirlit um kröfur aðila sent öllum sýslumannsembættum landsins með beiðni um að hafa það aðgengilegt til loka athugasemdafrestsins. Erindinu fylgdu einnig upplýsingar um málsmeðferðina og ábending um kortasjá um kröfurnar. Enn fremur var yfirlit um kröfurnar birt á vefsíðu óbyggðanefndar ásamt upplýsingum um kynninguna. Í tengslum við kynninguna var vakin sérstök athygli á því að þjóðlendukröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins tækju m.a. til eyja og skerja þar sem ekki hefðu borist gagnkröfur en að þrátt fyrir að formlegur frestur til að lýsa kröfum hafi runnið út í febrúar 2025 tæki nefndin enn við kröfum þeirra sem teldu til réttinda á svæðum sem ríkið gerir kröfu til, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga. Engar athugasemdir bárust nefndinni í tengslum við kynningu á heildarkröfum.

Sem fyrr segir bárust óbyggðanefnd samtals 228 kröfulýsingar frá ýmsum aðilum. Eftir breytingar á kröfugerð ríkisins í september, október og nóvember 2025 voru til efnislegrar úrlausnar samtals níu kröfulýsingar gagnaðila ríkisins vegna jafn margra jarða eða landsvæða.

2.4 Mál nr. 1/2025: Eyjar og sker sunnan og austan lands

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 12, sem haldin var sameiginlega 10. október 2025, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í tvö mál, nr. 1–2/2025, og að mál nr. 1/2025 nefndist *Eyjar og sker sunnan og austan lands* en mál nr. 2/2025 nefndist *Eyjar og sker norðan og vestan lands*. Mörk milli málanna miðuðust við Garðskaga suðvestanlands og Font á Langanesi norðaustanlands. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 1/2025 Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Víðir Smári Petersen, en í máli nr. 2/2025 skipuðu nefndina Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessi atriði.

Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 12 og stöðu málsmeðferðar, sbr. kafla 2.2 og 2.3. Einnig var greint frá því að í kjölfar endurskoðunar á kröfum ríkisins í september 2025 hefði ágreiningi vegna mikils fjölda jarða og svæða sem kröfum hafði verið lýst fyrir verið lokið, og að staðfestingar þess efnis hefðu borist frá lögmönnum eða fulltrúm málsaðila.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl.

Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar, þar á meðal áform um greinargerðarfresti málsaðila og tímasetningu aðalmeðferðar. Einnig var greint frá því að alla

jafna hefði nefndin gengið á vettvang á þeim ágreiningssvæðum á meginlandinu sem til umfjöllunar hefðu verið á hverju svæði, einkum ef ágreiningur væri um landamerki eða túlkun þeirra, staðsetningu örnefna eða um staðhætti og gróðurfar. Upplýst var að nefndin hefði fengið upplýsingar frá sumum lögmönnum aðila fyrir fyrirtökuna um að þeir teldu ekki þörf á vettvangsferðum, og í ljósi ágreiningsatriða málanna gerði nefndin ekki kröfu um að gengið yrði á vettvang, enda gæfu loftmyndir og ljósmyndir alla jafna góða mynd af þeim svæðum sem væru til umfjöllunar. Viðstaddir lögmenn og málsaðilar voru spurðir hvort þeir teldu þörf á vettvangsgöngum en svo var ekki. Þeir voru beðnir að láta nefndina vita ef sú afstaða breyttist en jafnframt bent á að hægt yrði að skoða myndefni við aðalmeðferð.

Aðalmeðferð í málum nr. 1–2/2025 var haldin sameiginlega 27. nóvember 2025. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið lægi fyrir að fleiri skjöl myndu bætast við síðar, eins og lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila hefðu verið upplýstir um. Þeir fengju afhent jafnóðum öll skjöl sem kæmu fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Gerð var grein fyrir kynningu á heildarkröfum skv. 12. gr. þjóðlendulaga og farið var yfir breytingar á málsaðild sem orðið höfðu eftir fyrstu fyrirtöku. Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 1–2/2025 sameiginlega. Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar. Málin yrðu þó tekin fyrir aftur vegna framlagningar skjala og formaður ítrekaði að lögmenn fengju færi á að tjá sig um skjöl sem bættust við.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–2/2025 var haldin sameiginlega vegna beggja málanna 22. desember 2025. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ[16]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í upphaflegum kröfulýsingum íslenska ríkisins, sem bárust óbyggðanefnd 2. febrúar 2024, voru gerðar kröfur til allra eyja og skerja við landið að þeim undanskildum sem sérstaklega voru tilgreindar utan kröfu íslenska ríkisins. Kröfugerð ríkisins tók síðan miklum breytingum við meðferð málsins líkt og gerð verður grein fyrir hér.

Þann 27. mars 2024 barst nefndinni bréf frá lögmanni íslenska ríkisins með leiðréttingum vegna eyja og skerja sem talin voru upp í kröfulýsingum ríkisins en í ljós hafði komið að væru ekki innan svæðis 12. Fjármála- og efnahagsráðherra sendi nefndinni jafnframt bréf 5. apríl 2024 þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að taka kröfugerð ríkisins til ítarlegrar endurskoðunar.

Endurskoðaðar kröfulýsingar íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd 9. október 2024 en með þeim var fallið frá kröfum til mikils fjölda eyja og skerja. Samkvæmt samantekt lögmanna ríksins vegna endurskoðunarinnar var við endurskoðun krafna ríkisins m.a. litið til þess að allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs meginlandsins, eins og það hefði verið afmarkað í kortasjá um kröfur á svæði 12, teldist vera utan svæðis 12 og þar með utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Sömu sjónarmið voru lögð til grundvallar varðandi stórstraumsfjöruborð eyja sem teldust til eignarlands, þ.e. allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs heimaeyju teldist hluti heimaeyjunnar. Þá var lagt til grundvallar að beinn eignarréttur sjávarjarða næði til netlaga, þ.e. svæðis sem afmarkast 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þar á meðal til landsvæða innan netlaga. Ætti það bæði við um netlög frá meginlandinu og frá eyjum sem teldust til eignarlanda. Hið sama var lagt til grundvallar varðandi landsvæði innan netlagakeðju, en fram kom að tekin hefði verið sérstök afstaða til takmarkatilvika þar að lútandi. Í vafatilvikum hefði verið litið til takmarkaðra upplýsinga um stórstraumsfjöruborð og landeigendur látnir njóta vafans þegar litlu munaði á einstökum svæðum.

Í kjölfar þess að óbyggðanefnd birti umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja 10. apríl 2025 tók íslenska ríkið kröfugerð sína til endurskoðunar að nýju. Bréf um endurskoðun krafna ríkisins barst óbyggðanefnd 12. september 2025. Þar kemur fram að endurskoðunin hafi leitt til þess að fallið hafi verið frá kröfum til fjölda eyja og skerja. Grundvöllur endurskoðunarinnar hafi byggt á mati á fyrirliggjandi heimildum, þannig að tekið hafi verið sérstakt tillit til sérstöðu eyja og skerja, samanborið við landsvæði á meginlandinu. Jafnframt hafi verið litið til þeirra almennu sjónarmiða sem lögð hafi verið til grundvallar niðurstöðum í þjóðlendumálum og mótast hafi í réttarframkvæmd, þannig að þau ættu í öllum aðalatriðum einnig við um eyjar og sker. Við endurskoðunina hafi verið lagt til grundvallar að þar sem eyjar og sker féllu innan landamerkjalýsinga jarða, þar sem merkjum jarða væri með öðrum hætti lýst þannig að landamerki tækju til ákveðins hafsvæðis eða einstakra eyja og

[16] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

skerja, eða ef þeirra væri getið í landamerkjabréfi þótt þær væru utan merkjalýsingar sem slíkrar, teldust slíkar eyjar og sker hluti viðkomandi jarðar. Sama ætti við þar sem eyja og skerja eða nýtingar þeirra væri getið í umfjöllun í öðrum áreiðanlegum heimildum um tiltekna jörð. Loks hafi verið litið til þess hvort landfræðilegar aðstæður, staðhættir og nýting aðliggjandi eyja og skerja mæltu með því að litið væri svo á að hlutaðeigandi eyjar og sker teldust hluti eignarlands. Yfirlit yfir kröfur íslenska ríkisins eftir endurskoðunina var gert aðgengilegt í kortasjá um kröfur á svæði 12, þar sem eyjar og sker sem fallið var frá kröfum til voru m.a. auðkenndar sérstaklega, en skriflegar kröfulýsingar ríkisins voru ekki uppfærðar.

Upplýsingar um endanlega afmörkun krafna ríkisins í málinu voru einnig færðar á kröfulínukort sem lögð voru fram í málinu, skjöl nr. 33(1)–33(12), og um nánari afmörkun krafna ríkisins, sem þar eru auðkenndar með bláum borða, vísast til þeirra.

3.2 Kröfur vegna Kalmanstjarnar í Höfnum

Af hálfu eigenda Kalmanstjarnar í Höfnum er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og staðfest verði að öll sker og eyjar fyrir landi Kalmanstjarnar samkvæmt eftirfarandi merkjalýsingu, sem liggi næst meginlandi hennar, séu eignarlönd: Að vestan á móts við Stað í Grindavík, við sjó á miðjan kamb Valahnjúksmalar. Þaðan með sjó austur fyrir Reykjanes og niður með ströndinni, allt að landamerkjum við Merkines, þar sem merkin liggi um beina stefnu úr miðri Skiptivík í Grænhól.

Helstu sker og eyjar sem um ræði séu skerið Karl, Eldey og Geirfuglasker, auk minni skerja.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

3.3 Kröfur vegna Vestmannaeyja

Af hálfu Vestmannaeyjabæjar er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllum eyjum og skerjum sem Vestmannaeyjum tilheyri samkvæmt afsali frá 23. ágúst 1960, sem var þinglýst 17. nóvember sama ár. Nánar tiltekið eftirfarandi eyjum og skerjum:

1. Eyjan Heimaey, að frátöldu landsvæði sem myndi teljast vera vitajörðin Stórhöfði.
2. Elliðaey
3. Bjarnarey
4. Suðurey
5. Brandur
6. Álsey
7. Hellisey
8. Geldungur
9. Súlnasker

10. Geirfuglasker
11. Smáeyjar: Hani, Hæna, Hrauney og Grasleysa, ásamt skerjum og dröngum
12. Þrídrangar
13. Faxasker
14. Aðrar nafngreindar landfræðilegar einingar ofansjávar:
    a. Álfseyjarrif
    b. Bessi í útsuður af Bjarnarey.
    c. Blindsker nafnlaust milli Álfseyjar og Brands.
    d. Blindsker nafnlaust austan við Hellisey.
    e. Brandskjálki í landsuður frá Brandi.
    f. Breki í vestur frá Heimaey
    g. Breki milli Bjarnareyjar og Ellireyjar.
    h. Einidrangar (Einidrangur) og ýmsir boðar á milli Heimaeyjar og Einidranga (Einidrangs).
    i. Eitt sker vestan undir Hellisey.
    j. Helgasker milli Helliseyjar og Geldungs.
    k. Helgusker milli Hænu og Hana.
    l. Hnaus, lítið sker vestan við Lágasker.
    m. Höskuldarklakkur fyrir austan Ellirey.
    n. Ketilsker vestan undir Stórhöfða.
    o. Lágasker í landnorður frá Ystakletti.
    p. Nafar, sker fyrir vestan Smáeyjar.
    q. Ónafngreind sker í útsuður frá Hænu.
    r. Sandagrunn í norður af Bjarnarey og Ellirey.
    s. Skellir, sker austan Lágaskers.
    t. Skerjaklasi vestur frá Geldungi, er nefnist Hundasker, Púfusker og Bládrangur.
    u. Stakkar, þ.e. tvö sker nærri hvort öðru austur af Sæfjalli.
    v. Vasaflúð norðan við Upsaberg.
    w. Þokuklakkur í vestur frá Heimaey.
    x. Þrír drangar með litlu millibili hver frá öðrum norðan undir eiði því, sem er á milli Klifsins og Heimakletts, ónafngreindir.
    y. Þrjú smásker sunnan við Suðurey.

Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til Vestmannaeyja, er mótmælt og þess krafist að viðurkennt verði að innan landamerkja Vestmannaeyja sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.4 Kröfur vegna Kvískerja í Öræfum

Af hálfu eiganda Kvískerja í Öræfum er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og staðfest verði að öll sker og eyjar fyrir landi jarðarinnar samkvæmt eftirfarandi merkjalýsingu, sem liggi næst meginlandi hennar, séu eignarlönd: Að austan um línu til sjávar sem miðast við hæsta nef á Miðaptanstindi í Breiðamerkurfjalli þegar ber í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli. Að vestan milli Hnappavalla- og Kvískerjalands séu landamerki í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíármýrar beint til sjávar.

Sker sem kröfulýsingin nær til er einkum Tvísker.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−33 ásamt undirskjölum, samtals 515 skjöl, auk 21 hliðsjónargagns. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi, vettvangur kannaður og jafnframt teknar skýrslur af fulltrúa málsaðila. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast sem endranær á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd á sínum tíma ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru gerð lögmönnum aðgengileg rafrænt og bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni (skjals nr. 2), inngangs að sögulegum greinargerðum safnsins (skjala nr. 3(1)–3(3)), frumgagnayfirlits og jarðalista (skjala nr. H-3 og H-4) og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum (skjala nr. H-5 og H-6). Um afraksturinn vísast til

skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II, og sögulegra greinargerða og heildarskilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands.

4.3 Vettvangsskoðun, kortasjá og fjörumörk

Ákveðið var að ganga ekki á vettvang á ágreiningssvæðum málsins þar sem lögmenn málsaðila upplýstu óbyggðanefnd um að þeir teldu ekki þörf á vettvangsgöngum, sbr. umfjöllun um fyrstu fyrirtöku málanna í kafla 2.4, auk þess sem nefndin taldi þeirra ekki heldur þörf.

Óbyggðanefnd nýtti sér hins vegar ýmis kortagögn, loftmyndir og aðrar ljósmyndir til að kanna aðstæður á ágreiningssvæðunum. Þá gekkst nefndin fyrir því að sett var upp rafræn kortasjá þar sem kröfur aðila voru birtar. Þar sem afmörkun málsmeðferðarsvæðisins miðast m.a. við stórstraumsfjörumörk meginlandsins voru í kortasjánni einnig birtar upplýsingar um fjörumörk á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga um þau en það voru einkum kortagögn frá Landhelgisgæslu Íslands vegna sjókortagerðar, auk þess sem höfð var hliðsjón af vistgerðakortum Náttúrufræðistofnunar Íslands, nánar tiltekið þeim hlutum sem sýndu fjöruvistgerðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni var hægt að fullyrða að fjara næði a.m.k. að þeim línum sem dregnar voru í kortagögnum þeirrar stofnunar en ekki væri útilokað að stórstraumsfjörumörk væru utar. Á þeim grundvelli gerði íslenska ríkið fyrirvara við afmörkun kröfugerðar sinnar um að til þess gæti komið að afmörkun yrði endurskoðuð ef í ljós kæmi að stórstraumsfjara væri í reynd utar en fjörumörkin í kortasjánni.

Af hálfu Náttúrufræðistofnunar kom fram sá fyrirvari við afmörkun fjöruvistgerða að henni væri fyrst og fremst ætlað að ná utan um náttúrufar svæðanna. Afmörkunin hefði verið gerð eftir loftmyndum teknum á misjafnri flóðastöðu og því gæti verið munur á milli svæða á því hvernig mörkin væru dregin. Enn fremur væri ekki hægt að fullyrða að fjörumörk næðu ávallt a.m.k. að þeim mörkum sem dregin væru á vistgerðakortunum, þótt sú væri líklega raunin fyrir stóran hluta landsins, en möguleiki væri að á einstökum svæðum gæti verið töluverð hliðrun og skekkjan þá umtalsverð, t.d. vegna landriss eða annarra landbreytinga sem hefðu átt sér stað síðan kortlagningin átti sér stað um tíu árum áður.

Í ljósi þess að ekki liggja fyrir mælingar á stórstraumsfjörumörkum við landið voru framangreind gögn lögð til grundvallar afmörkun stórstraumsfjörumarka í þeirri kortasjá um kröfur á svæði 12 sem að framan greinir. Þegar munur var á fjörugögnum var almennt miðað við þau mörk sem voru lengra frá landi, til að láta landeigendur njóta þess vafa sem er um nákvæma legu stórstraumsfjörumarka. Við meðferð og úrlausn málsins hefur nefndin tekið tillit til þeirrar óvissu sem er um nákvæma stöðu fjörumarka og þeirra fyrirvara sem gerðir eru við notkun framangreindra gagna í þessum tilgangi.

4.4 Skýrslutaka

Við aðalmeðferð málsins gaf Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, skýrslu vegna Vestmannaeyja og svaraði spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslu hans er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskrift á henni er meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verða raktar heimildir um sögu jarða og landsvæða sem eru til umfjöllunar í málinu. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum undirkafla. Kaflinn er að mestu byggður á sögulegum greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands þar sem gerð er grein fyrir gögnum sem fundust við kerfisbundna gagnaöflun á grundvelli jarðalista og svonefnds frumgagnayfirlits, sbr. kafla 4.2. Gagnaöflun vegna mála nr. 1–2/2025 á svæði 12 tók til samtals 612 jarða eða landsvæða en hér og í sams konar kafla í máli nr. 2/2025 er einungis birt umfjöllun um þau landsvæði sem enn eru til umfjöllunar eftir breytingar sem íslenska ríkið gerði á kröfugerð sinni meðan á málsmeðferðinni stóð, eftir atvikum auk gagna um nærliggjandi jarðir eða landsvæði. Þá hefur í sumum tilvikum bæst við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Hvað gögn um aðrar jarðir eða landsvæði varðar vísast til sögulegra greinargerða Þjóðskjalasafnsins sem lagðar hafa verið fram sem skjöl nr. 3(1)–3(3) í málinu; heildarskilabréfs safnsins, skjals nr. 2; og minnisblaða um landamerki strandjarða, skjala nr. 2(1)–2(7).[17]

5.1 Reykjanes

5.1.1 Landnám

Í Landnámabók segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar en þar segir eftirfarandi um landnám á utanverðu Reykjanesi:

> Ingólfr for um várit ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem ǫndvegissúlur hans hǫfðu á land komit; hann bjó í Reykjarvík; þar eru enn ǫndugissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam land milli Ǫlfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Øxarár, ok ǫll nes út.[18]

Þá segir í Landnámabók frá Herjólfi Bárðarsyni sem hafi átt land milli Vogs og Reykjaness eða eins og segir:

> Herjólfr hét maðr Bárðarson, Herjólfssonar, frændi Ingólfs landnámamanns. Þeim Herjólfi gaf Ingólfr land á milli Vágs ok Reykjaness.[19]

Enn fremur segir frá Steinunni gömlu, einnig skráð sem Steinuðr hin gamla, sem Ingólfur hafi gefið land. Um hana segir:

---

[17] Í inngangi að greinargerðum Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar, sbr. einnig frumgagnayfirlit og jarðalista, skjöl nr. H-3 og H-4. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, skjölum nr. H-5 og H-6, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram. Tilvísanir til skjalsnúmera vísa til skjalaskrár í fylgiskjali II en nánari upplýsingar en þar eru skráðar um uppruna skjala er að finna í heildarskilabréfi og greinargerðum Þjóðskjalasafnsins.

[18] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 45, skjal nr. 4(49).

[19] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 132, sjá einnig bls. 395, skjal nr. 4(49).

> Steinuðr en gamla, frændkona Ingólfs, fór til Íslands ok var með Ingólfi enn fyrsta vetr. Hann bauð at gefa henni Rosmhvalanes allt fyrir útan Hvassahraun, en hon gaf fyrir heklu flekkótta ok vildi kaup kalla; henni þótti þat óhættara við riptingum.[20]

5.1.2 Nýey við Reykjanes

Í skipun til rentukammers frá 26. júní 1783 segir frá eyju sem hafi þá nýlega komið upp vegna eldsumbrota í hafinu við Ísland eða nokkrum mílum frá suðurströnd landsins. Í skipuninni segir að stiftamtmaður skyldi hið fyrsta setja þar upp danskt flagg og að eyjan kallist Nýey.[21] Konunglegur úrskurður frá 9. febrúar 1784 vísar í áðurnefnda skipun og kveður á um að Thodal stiftamtmaður skuli taka til umráða Nýey og einnig að skip sem færi úr Hafnarfirði það sumar með Levetzow kammerherra og Magnús Stephensen um borð skyldi fara það nærri eynni að mögulegt væri að leggja mat á hana.[22] Í konunglegum úrskurði um skýrslu um eldsumbrot úti fyrir Reykjanesi, dagsettum 10. ágúst 1830, er fjallað um staðsetningu þeirra árið 1783. Í skjalinu segir:

> at Rögen hidrörer fra en Vulkan, som er udbrudt under 68° 29' 54" nordlig Brede og 25° 57' 16" Længde vestlig for Paris, i Nærheden af det saakaldte Blinde-Fugleskjær, omtrent 10 Mile fra Land og muligen paa samme Sted, hvor i Aaret 1783 en Öe, den saakaldte Nyöe, opdagedes, der Aaret efter forsvant. Skjöndt Vulkanen, efter at have brændt i 2 Maaneder, maa antages at være ophört, har Amtmanden dog anseet det af Vigtighed for de Söfarende at kjende Punktet, hvor den fandtes, da det ikke er usandsynligt, at den har efterladt sig blinde Skjær, og da Gunnlaugssons Beregninger muligen kunde være brugbare ved Udgivelsen af Sökortene, har han, tillige efter Sidtsnævntes Önske, andraget om, at hine maatte blive Directeurerne for Sökort-Archivet tilstillede.[23]

5.1.3 Eldey við Reykjanes

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir að Eldey liggi mílu[24] vegar undan Reykjanestá og að skammt frá henni sé hár klettur, Eldeyjardrangur. Fram kemur að á eyjum þessum séu álkur og aðrir sjó- og bjargfuglar en þær séu svo brattar að engum manni sé þar fært nú á dögum. Fyrrum hafi menn haft reipistiga upp á Eldey, og sjáist enn naglar miklir í berginu sem stigarnir hafi verið festir við. Þá segir að enn lengra úti í hafi liggi Geirfuglasker, sem sé allstór eyja en fremur lág og kleif að vestanverðu.[25]

Í lýsingu Útskála- og Kirkjuvogssókna frá 1839 í *Sýslu- og sóknalýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu* segir m.a. að Hafnamenn séu vanir að fara í Eldey á vorin eftir

[20] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 392, skjal nr. 4(49).
[21] *Lovsamling for Island* IV, bls. 745–746, skjal nr. 4(11).
[22] *Lovsamling for Island* V, bls. 4–5, skjal nr. 4(10).
[23] *Lovsamling for Island* IX, bls. 536–537, skjal nr. 4(12).
[24] Hér mun átt við danska mílu, eða u.þ.b. 7,5 km.
[25] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* (Reykjavík 1943), II. bindi, bls. 175, skjal nr. H-19.

fugli og eggjum. Skammt frá Eldey sé klettur kallaður Eyjadrangi sem hvergi verði upp á komist, enda sé hann gæðalaus. Þá segir að í Geirfuglasker hafi menn í fyrri daga farið til geirfugladráps en ekki séu lengur neinir uppi sem geti gefið vissar sögur um arðsemi þess eða lögun, lendingu eða afstöðu.[26]

Hinn 2. júní 1894 skrifaði Sigfús Eymundsson til landshöfðingja um Eldey. Í bréfinu segir að Sigfús hafi ásamt nokkrum mönnum farið í Eldey þann 30. maí sama ár, sett þar upp danskt flagg og nokkurn umbúnað. Þá sagði Sigfús að stofnað hafi verið félag, sem hann væri í forsvari fyrir, er hyggðist nýta eyjuna. Erindi Sigfúsar til landshöfðingja um þetta efni var svohljóðandi:

> Nú hefur félag myndast til þess að gjöra ey þessa arðberandi á einhvern hátt, og er eg sem stendur formaður félags þessa. Fórum vér 30 f.m. til Eldeyjar og heppnaðist þá 3 æfðum bjargmönnum úr Vestmannaeyjum að ná uppgöngu á eyna, og leggja „veg“ upp með þeim hætti að reka gadda á bergið, svo að hægra er og hættuminna að komast upp aftur. Reistum vér þar hið danska flagg, skildum þar eftir kassa, nokkurn trjávið og annan umbúnað.
>
> Þó að það sé miklum erfiðleikum bunduð að komast að eynni sökum brima og hljóti að verða mjög kostnaðarsamt að koma við þeim útbúningi, sem nauðsynlegt er til þess að geta haft not af þeim gnægðum fugls, sem er uppi á eynni og utan í berginu, þá höfum vér þó áformað að byrja á því fyrirtæki, að nota eyna og munum vér í sumar gjöra þar byrgi og annað það, sem nauðsynlegt er til þessa. Til þess er oss nauðsynlegt að fá vernd hinna íslenzku laga og viðurkenningu hinnar íslensku stjórnar fyrir rétti vorum til eyjarinnar sem þeirra, sem fyrstir hafa tekið hana til notkunar, til þess að aðrir geti ekki að ósekju hagnýtt sér fyrirtæki vort og uppskorið ávöxtinn af kostnaði þeim, erfiði og mannhættum, er félagið leggur fram til þess að gjöra eyna arðberandi.
>
> Með því að eyjan liggur utan landhelgi og ekki mun teljast til neins lögsagnarumdæmis landsins, lýsum vér því hér með yfir, að vér höfum numið eyna sem íslenzkir borgarar og danskir þegnar, og leyfum oss virðingarfyllst að beiðast þess, að landstjórnin viðurkenni rétt vorn til veiðiskapar í eynni og gjöri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að eyja þessi verði talin tilheyrandi landinu sem privateign félags vors eða sem þjóðeign, er félag vort hefur arfgengan rétt yfir, eða í öllu falli einkarétt um ákveðinn árafjölda, er sakir þess mikla kostnaðar, er fyrirtækið hefur í för með sér, ekki mætti vera minna en 50 ár.
>
> Jafnframt því að beina þessari málaleitan til yðar, hávelborni herra landshöfðingi, með þeim virðingarfyllstu tilmælum, að þér gjörið nauðsynlegar ráðstafanir til þess að henni verði framgengt, leyfum vér oss að spyrjast fyrir um það, hvort frá yður eða landstjórnarinnar hálfu sé nokkuð því til fyrirstöðu, að vér látum auglýsa í landsyfirréttinum og í blöðunum bann gegn því, að aðrir noti eyna og tilfærur vorar við hana fyrst um sinn.[27]

Hinn 4. júní 1894 skrifaði landshöfðingi til Sigfúsar Eymundssonar um Eldey og kvaðst ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að félag það sem Sigfús hefði nefnt myndi nema Eldey. Landshöfðingi sagðist þó myndu leita álits ráðgjafans yfir Íslandi.[28]

---

[26] *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855* (Reykjavík 2007), bls. 89, skjal nr. H-17.

[27] Skjal nr. 2(190).

[28] Skjal nr. 2(191).

Sigfús Eymundsson birti svohljóðandi auglýsingu í Ísafold 20. júní 1894:

> Með því að vjer, Friðrik Gíslason í Reykjavík, Gísli kaupmaður Stefánsson í Vestmannaeyjum, Hjalti kaupmaður Jónsson í Vestmannaeyjum, Jón sýslumaður Magnússon í Vestmannaeyjum og Sigfús bóksali Eymundsson í Reykjavík, höfum numið eyðieyna **Eldey** fram undan Reykjanesi og kastað eign okkar á hana, bönnum vjer hjer með öllum öðrum öll afnot tjeðrar eyðieyjar og tilfæringa vorra á eynni.
>
> Þess skal getið, að vjer höfum leitað úrskurðar landshöfðingjans yfir Íslandi um eignarrjett vorn til eyjarinnar.
>
> Reykjavík 12. júní 1894.
>
> Í nafni mínu og hinna annara eigenda Eldeyjar
>
> Sigfús Eymundsson.[29]

Samhljóða auglýsing birtist í Þjóðólfi 29. júní 1894.[30]

Landshöfðingi tilkynnti áðurnefnt erindi Sigfúsar til íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn með bréfi dagsettu 2. júlí 1894 og lýsti þar sömu skoðun og áður. Í bréfi landshöfðingja er vikið að eiganda Eldeyjar sem landshöfðingi sagði að væri enginn eða eins og segir í bréfinu:

> og at Øen hidtil ikke har været nogen Ejendomsret undergiven[31]

Stjórnardeildin svaraði landshöfðingja með bréfi dagsettu 6. nóvember 1894. Í bréfinu segir að enginn vafi leiki á um að Eldey sé hluti af Íslandi og tilheyri því dönsku krúnunni eða eins og segir í bréfinu:

> Saaledes foranledigst inleder man ikke til behagelig Efterretning herved tjenstlig at tilbagemelde, at ligesom den her omhandlede Ø ogsaa forud for den fra Andragernes Side foretagne formentlig Benægtigelses akt maatte anses som en under den danske Krone hörende del af Island og som hörende til Gullbringu og Kjós Syssels Jurisdiktion saaledes maa Ministeriet, efter hvad der for Tiden foreligger betragte Øen som Statsejendom, saa at der ikke vil kunne være Spörgsmaal om som Følge af den fra Selskabets Side paaberaabte Besiddelsestagelse at indrömme det nogen Ejendomsret over samme.[32]

Um rétt til nýtingar í Eldey þyrfti hins vegar að afla frekari upplýsinga, einkum frá ábúendum þeirra landa sem næst væru Eldey. Áður en frekari ákvarðanir væru teknar í málinu sagði stjórnardeildin að landshöfðingi þyrfti að leggja fram upplýsingar úr Hafna- og Grindavíkurhreppum og frá sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í lok bréfsins segir að allar spurningar um réttindi til eyjarinnar séu að lokum málefni dómstóla.[33]

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands eru varðveittir minnispunktar embættismanna í stjórnardeildinni frá 8. september og 10. október 1894. Í þeim er erindi Sigfúsar um Eldey lýst sem erindi um nýtingarrétt og að slíkur réttur ætti ekki að vara lengur en í 50 ár. Í minnispunktunum er því lýst að enginn vafi léki á að Eldey tilheyrði

[29] Skjal nr. H-21.
[30] Skjal nr. H-21.
[31] Skjal nr. 2(192).
[32] Skjal nr. 2(193).
[33] Skjal nr. 2(193).

íslensku landsvæði og væri eign ríkisins með vísan í 23. gr. stjórnarskrárinnar eða eins og segir í skjalinu:

> At Eldey saaledes alt forlængst er at betragte som islandsk Territorium, som Staten har Højhedsret over, er form[elt] givet, og efter det form[elt] anerkendte Princip, at Øer, der opstaar eller opdages paa Havet, er Statens og ikke den privates den berettiges til, er den titn. Ø vel nærmest given at betragte som Stats- eller landets Ejendom, som falder ind under Bestemmelsen i Forfatningsloven § 23, for saa vidt der ikke kan paavises nogen privat ejer.[34]

Þá er í skjalinu fjallað um skoðanir manna í Hafnarheppi sem birst hafi í *Þjóðólfi* um að Eldey tilheyrði hreppnum. Í minnispunktunum segir að hafi hreppsmenn í Hafnarhreppi engin frumskjöl sem sönnuðu þeirra málflutning, þá væri hann eflaust byggður á ákvæðum Jónsbókar. Um ákvæði Jónsbókar segir í minnispunktunum:

> Jonsbogens nævnte bestemmelse siger, at naar Øer eller Skær findes udfor en Mands Jord, da tilhører den dem, som ejer Jorden, med mindre de paa lovlig Maade ere overgaaede til ny Ejer. Samme Bestemmelse kan imidlertid vel næppe paaberaabes her, hvor Afstanden fra land er saa stor, idet navnlig Jonsbogen selv ogsaa betegner Havet uden for en vis nærmere bestemt kort Afstand fra Land som alminding, hvortil alle have lige Ret, hvorved og nærmest kun tænkes paa „veidi“, fiskeri eller jagt.[35]

Embættismenn hafa einnig skráð að hreppsmenn í Hafnahreppi hafi þegar fullnýtt hlunnindi eyjarinnar, þ.e. egg og fugl, og vísuðu í skrif fræðimannsins Kristians Kålunds um þá nýtingu. Einnig hafi lýsingar á Eldey og Geirfuglaskeri birst í sóknarlýsingu Útskálasóknar frá 30. ágúst 1839. Gera mætti ráð fyrir að enginn eigandi væri að Eldey. Í framhaldinu hafa embættismenn íhugað möguleika á stofnun eignarréttar, s.s. með vísan í 26. gr. landsleigubálks Jónsbókar. Frekari túlkun embættismanna á Jónsbók er þannig skráð í skjalið:

> Bestemmelsen kan nu vel næppe paaberaabes, da den omh[andlede] Benyttelse ikke har været forbundet med nogen Besiddelse og heller ikke kan siges at have været udøvet paa en saadan Maade, der udelukkede anden jævnsides gaaende Benyttelse, hvad bestemmelsen i Jonsbogen form. forudsætter som betingelse for hævd, erhvervedes; Jonsbogens Regel antager overhovedet nærmest kun at angaa Ejendomshævd (efter udtrykken „har“ og „ejer“), og vilde derefter vel næppe kunne anvendes paa andre Brugs eller Servitutsforhold end saadanne, hvor en Besiddelses tilstand kan siges at have fundet Sted og altsaa ikke for den herom handlede benyttelse der vel maa betegnes som en primitiv occupibar Servitut, som efter dansk Ret kun kan erhverves ved Aldershævd.[36]

Annar möguleiki að mati embættismannanna væri að byggja á ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Í því samhengi er í skjalinu fjallað um almenninga og ákvæði Grágásar, Jónsbókar og ýmissa annarra laga um þá. Loks er skráð að þar sem hreppsmenn í Hafnahreppi myndu líklega krefjast réttinda í Eldey, þá væri ekki æskilegt á sama tímapunkti að veita félagi Sigfúsar Eymundssonar réttindi í eynni. Að því sögðu ætti eyjan að vera hluti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Frekari minnispunktar lýsa því að

[34] Skjal nr. 2(194).
[35] Skjal nr. 2(194).
[36] Skjal nr. 2(194).

Eldey tilheyri ekki Hafnahreppsmönnum heldur ríkinu eða eins og það er orðað í skjalinu:

> Efter hvad der foreligger, maa det fmtl. fremdeles antages, at den ikke tilhörer Havnebönderene, i hvis Besidd[else] den aldrig har været, men derimod Staten, saa at den ikke som [en] res nullius fra Selskabets Side har kunnet erhverves til Ejendom ved Bemægtigelse. Om en egentlig Alminding (med Brugsrett for en enkelt Landsdel) er da vel neppe heller Tale. Haves der Rettigheder fra anden Side, ville [jo for övrigt de vedkomende ikke] fortabe [dem] ved at Rege[ringen] giver Selskabet Koncession, [idet de] ville kunne gaa til Domstolene, men selvfølgelig bør Rege[ringen] [ikke desto mindre] se sig for, inden den gør noget saadant.[37]

Hinn 20. febrúar 1895 skrifaði landshöfðingi til amtmanns í Suður- og Vesturamtinu um erindi Sigfúsar um Eldey. Í bréfi landshöfðingja segir að félag Sigfúsar hafi myndast til að nota fugla- og eggjatöku í Eldey og að eyjan sé um viku sjávar utan landhelginnar. Þá segir að Sigfús hafi óskað eftir rétti félagsins til veiðiskapar í eynni eða til vara að félaginu yrði veittur einkaréttur til að nota Eldey eftir þörfum félagsins. Landshöfðingi óskaði eftir að amtmaður myndi taka saman álit hreppsnefnda í Hafna- og Grindavíkurhreppum, sem og sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þá þyrfti að afla upplýsinga um það hvort einhver annar hefði haft veiðiskap í eynni, hvenær og hvernig hann hefði farið fram.[38]

Þann 19. maí 1895 skrifuðu Halldór Sigurðsson, Ólafur Ketilsson, Ketill Ketilsson og Sigurður Benediktsson til sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um Eldey. Í bréfinu segir frá notkun manna á Eldey á undirlendi eyjarinnar ásamt tveimur pöllum og hinum svonefnda Selatanga sem sé vestan undir eynni. Bréf fjórmenninganna endar á eftirfarandi orðum:

> Af framan rituðum ástæðum álítum við undirritaðir að „Eldey“ hafi af hafnahreppsmönnum fyrst verið numin landnámi og til afnota höfð frá ómunatíð, eins og að ofan er skráð og lýsum ver því hér með yfir að við fyrstir helgum oss landnám á áðurnefndu svæði Eldeyjar.[39]

Dagana 21. og 22. maí 1895 hélt sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu fund um málefni Eldeyjar. Í afriti af gjörðabók sýslunefndarinnar kemur meðal annars fram:

> 19. Nefnd sú er kosin var í „Eldeyjar“-málið kom fram með svohljóðandi álit: Þareð það er engum efa undirorpið að Hafnamenn hafi langa lengi farið um svæði þau af „Eldey“, sem nefnd eru í brjefi fjögra Hafnabúa frá 19. þ.m., og hagnýtt sér þau sem sameign sína óátalið af öllum, þá virðist nefndinni eðlilegast að þessi svæði verði skoðuð og notuð á sama hátt framvegis og undanskilin annara manna eða fjelaga notkun eða eign, en íbúa Hafnahrepps.
>
> Öll þau svæði eyjarinnar aptur á móti, sem ekki hafa áður notuð verið, álítur nefndin rjett að skoða sem nýtt landnám þess félags, er 30. maí 1894 tók sjer fram um að ráðast til uppgöngu á eyjuna, og tókst það með hættu og erfiðismunum – nema sannað verði, að eyjan sje eign ákveðins eiganda – og álítur nefndin útaf ummælum sýslunefndarmanns Hafnahrepps ástæðu til, að rannsakað verði nákvæmlega og gengið úr skugga

[37] Skjal nr. 2(194).
[38] Skjal nr. 2(195).
[39] Skjal nr. 2(196).

> um, hvort eyjan geti ekki verið samkvæmt máldögum eða öðrum fornum skjölum eign Hvalsness- eða Kirkjuvogskirkna.
>
> Álit þetta var samþykkt í einu hljóði.[40]

Hinn 22. júní 1895 skrifaði sýslumaður til amtmanns um öflun upplýsinga um Eldey. Sýslumaður sagði engin afskipti af eyjunni hafa verið úr Grindavíkurhreppi en öðru gegndi um Hafnahrepp.[41]

Hinn 30. júlí 1895 skrifaði Eiríkur Ketilsson í umboði hreppsnefndar Grindavíkurhrepps til sýslumanns. Bréfið var svar við ósk sýslumanns um álit á landnámi Sigfúsar Eymundssonar og annarra á Eldey. Í bréfinu segir að hreppsbúar hafi átt með sér fund en enginn fundarmanna hafi komið í Eldey fyrir utan hreppstjórann Eirík Ketilsson þegar hann bjó í Hafnahreppi. Íbúar í Grindavíkurhreppi myndu því ekki gera tilkall til Eldeyjar og ekki heldur Eiríkur, þar sem aðrir hafi farið til veiða í Eldey löngu á undan honum.[42]

Hreppsnefnd Hafnarhrepps skrifaði sýslumanni þann 16. október 1895 um Eldey. Hreppsnefndarmenn lýstu því að eyjan hefði verið nýtt af Hafnahreppsmönnum frá ómunatíð en ekki væru til skrifleg gögn um hverjir hefðu fyrstir nýtt eyna. Í bréfinu er greint frá nokkrum einstaklingum sem uppi voru á átjándu og nítjándu öld og fluttu þaðan geirfugl, sel og egg.[43]

Hinn 6. nóvember 1895 skrifaði amtmaður í Suður- og Vesturamti til landshöfðingja og sendi álit hreppsnefnda í Grindavíkur- og Hafnahreppum og sýslunefndar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um landnám og notkun á Eldey.[44]

Landshöfðingi skrifaði til Sigfúsar Eymundssonar þann 19. nóvember 1895 og sendi málsskjölin, sex að tölu, um erindi Sigfúsar um landnám í Eldey svo hann gæti kynnt sér efni þeirra.[45]

Hinn 24. janúar 1905 skrifaði Stjórnarráð Íslands til Chr. E. Grams kaupmanns um erindi hans um leigu á Eldeyjardröngum til 10 ára. Í afriti af bréfinu segir að Stjórnarráðið hafi ekki séð sér fært að leigja umrædd sker nema gegn fastri ársleigu auk gjalds fyrir hver 100 pund af gúanó.[46]

Með leigusamningi dagsettum 25. nóvember 1907 leigði Ella Gram Eldey af ráðherra Íslands. Í samningnum segir að ráðherra Íslands hafi verið leigusali fyrir hönd landsins. Eldey var leigð til þess að rannsaka hvort í jarðvegi hennar eða á eynni væri gúanó og ef svo væri, að undirbúa hagnýtingu og flutning. Leigusamningurinn var til 33 ára.[47]

---

40 Skjal nr. 2(197).
41 Skjal nr. 2(198).
42 Skjal nr. 2(199).
43 Skjal nr. 2(200).
44 Skjal nr. 2(201).
45 Skjal nr. 2(202).
46 Skjal nr. 2(203).
47 Skjal nr. 2(204).

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands er varðveitt uppkast að leigusamingi um að ráðherra Íslands leigi fuglaveiði og eggjatöku í ríkissjóðseigninni Eldey til Sigfúsar Eymundssonar, Jóns Magnússonar, Hjalta Jónssonar, Jes A. Gíslasonar, Ágústar Gíslasonar og Stefáns Gíslasonar. Uppkastið er dagsett 25. febrúar 1909 en í því segir að hið leigða myndi vera öll fuglaveiði og eggjataka en ekki önnur afnot eyjarinnar.[48]

Með leigusamningi dagsettum 19. ágúst 1911 leigði ráðherra Íslands Lárusi Fjeldsted og Hannesi H. Hanssyni landssjóðseignina Eldey til gúanótekju. Leigutíminn var 10 ár. Um afnot Eldeyjar segir eftirfarandi í samningnum:

> Þau afnot Eldeyjar sem hjer eru leigð mega eigi að svo miklu leyti sem unnt er koma í bága við notkun hennar til fuglaveiða og eggjatöku og skal því eigi að nauðsynjalausu starfað að Guanotekju á eynni um eggjatímann frá 1. apríl til 1. júlí ár hvert, en um það hvort slíkt sje gert að nauðsynjalausu skal stjr. Ísl. hafa endanlegt úrskurðarvald gagnvart leigutökum ef ágreiningur rís um það efni.[49]

Stjórnarráð Íslands ritaði tvímenningunum og sýslumanni þann 18. október 1915 um lækkun á leigugjaldi.[50]

Hinn 21. mars 1914 leigði ráðherra Íslands Þorsteini Hermannssyni S. Kjarval, skráður Th. H. S. Kjarval, selveiði við landssjóðseignina Eldey til 10 ára. Fram kemur í samningnum að ekki var um afnot eyjarinnar að ræða.[51]

Með lögum nr. 27/1940 var Eldey friðuð. Í lögunum segir að bannað sé að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnar. Þá megi ekki granda fugli né eggjum á Eldey, jarðvegi eða neinu er hafi þýðingu fyrir fuglalíf. Þá megi ekki spilla þar öðrum hlutum eða ræna. Brot á þessum ákvæðum laganna varðaði sektir en bætur skyldu greiðast til þeirra sem hefðu leigurétt á eynni.[52]

Með auglýsingu dagsettri 3. apríl 1974 auglýsti menntamálaráðuneytið samþykki sitt fyrir friðun Náttúruverndarráðs um Eldey. Eyjan var friðuð með vísan í lög nr. 47/1971 um náttúruvernd og um friðlandið giltu þær reglur að bannað væri að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og þá voru skot bönnuð nærri eynni en tveir km.[53]

5.1.4 Geirfuglasker við Reykjanes

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir, eftir að fjallað hefur verið um Eldey, að enn lengra úti í hafi liggi Geirfuglasker, sem sé allstór eyja en fremur lág og kleif að vestanverðu.[54]

---

48 Skjal nr. 2(205).
49 Skjal nr. 2(206).
50 Skjal nr. 2(208).
51 Skjal nr. 2(208).
52 Skjal nr. 4(13). Sjá einnig skjal nr. 4(45).
53 Skjal nr. 4(14).
54 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* (Reykjavík 1943), II. bindi, bls. 175, skjal nr. H-19.

Meðal skjala Landsnefndarinnar fyrri er skýrsla Guðmundar Runólfssonar, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, frá 10. júlí 1770 um ástand sýslunnar og almennt bjargræði. Þar er m.a. fjallað um Geirfuglasker:

> Í sömu þingsókn, út undan Reykjanesi, liggur með fleirum það svokallaða Geirfuglasker, sem að fornu hefur verið til fugla- og eggjatekju aðsókt en fyrir fárlegheita skuld á seinni tímum aflagt. Minn formann, sýslumaðurinn sr. Guðni Sigurðsson, vildi í sinni beténingstíð hafa uppréttað aftur þess aðsókn og reyndi til þess nokkur ár, samt þeir eð hann kunni þar til að yfirtala, en fornam síðan að það vegna vanskelegheita stoppaði öngvan veginn sinn umkostnað þá hann sumtíðis með stæðstu mannhættu varð að snúa þar frá til baka vegna brims og lendingarleysis.[55]

Guðni Sigurðsson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1737–1752 fluttist að Kirkjuvogi í Höfnum eftir sýslumannstíð sína og bjó þar til dánardags árið 1780. Hann mun hafa farið til fugla- og bjargnytja í Geirfuglaskeri og samdi árið 1770 lýsingu á skerinu fyrir Landsnefndina fyrri.[56] Þar er skerinu og erfiðum aðstæðum í því lýst en lending þar er sögð svo hættuleg „að á tvær hættur er að leggja líf og dauða þar upp að fara“. Fram kemur að árið 1732 hafi verið farið í skerið í fyrsta sinn eftir 75 ára hlé, eða frá því um miðja 17. öld, og hafi þá fundist mannabein sem talin voru af erlendum sjómönnum. Skip þeirra hafi sett þá í land í skerinu til að sækja fugl og egg en ekki náð þeim til baka. Í lýsingunni segir að í skerinu sé svo mikil mergð af svartfugli að engin sjáist skil á neinu og fuglar leggist hver ofan á annan. Þó sé mun minna af geirfugli en talið hafi verið og nafn skersins gæti bent til, en Guðna reiknast til að geirfuglinn sé einungis í um sextánda hluta skersins við uppgöngurnar en lengra upp á skerið fari hann ekki sökum flugleysis.[57]

Í lýsingu Útskála- og Kirkjuvogssókna frá 1839 í *Sýslu- og sóknalýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu* segir m.a. að í Geirfuglasker hafi menn í fyrri daga farið til geirfugladráps en ekki séu lengur neinir uppi sem geti gefið vissar sögur um arðsemi þess eða lögun, lendingu eða afstöðu.[58]

5.1.5 Kalmanstjörn í Höfnum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hafnahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Kalmanstjörn:

> **Gálmatiörn.**
>
> Tíundast fjórum fyrir xxx hndr. með Kirkjuhöfn, sem áður er getið, en sjálf jörðin fyrir xx hndr.
>
> Eigandi Gálmatjarnar og Kirkjuhafnar er nú Þorkell Jónsson í Njarðvík.

---

55 *Landsnefndin fyrri 1770–1771. III Bréf frá embættismönnum*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir (Reykjavík, 2016), bls. 103, skjal nr. H-18.

56 Íslenski textinn er í handritinu Lbs. 44 fol. en hann er einnig prentaður sem fylgirit 1 með bók Sigurjóns Páls Ísakssonar: *Úr sögu geirfuglsins á Íslandi* (2021), sjá hliðsjónargagn nr. H-11.

57 Guðni Sigurðsson: „Geirfuglasker 1770.“ Í: Sigurjón Páll Ísaksson: *Úr sögu geirfuglsins á Íslandi* (Reykjavík, 2021), bls. 43–49, skjal nr. H-11.

58 *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855* (Reykjavík 2007), bls. 89, skjal nr. H-17.

> Abúendur, Gunnar Þorsteinsson býr á hálfri, Símon Gunnarsson býr á hálfri.
>
> […]
>
> Eldiviðartak ekkert nema af þángi, og því þó tekið sje með stórerfiði mjög hætt fyrir sandfjúki.
>
> Fjörugrasa og sölvatekja sem jörðunni nægir.
>
> Rekavon í betra lagi.
>
> Skelfisksfjara nokkur.
>
> Murukjarni og söl er brúkað til að styrkja peninga fóður.
>
> Heimræði er árið um kríng og gánga skip ábúenda.
>
> Áður hefur þar góð verstaða verið, og gengu þá til vers mörg inntökuskip, eftir hvör að ábúandi tók undirgift. Nú er ómögulegt að hafa þar verstöðu, þvíað sandur fordjarfar vergögn öll og verður búðum ekki uppi haldið fyrir þakleysi.
>
> Túnið fordjarfast af sandi árlega meir og meir.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Hagar í lakasta máta sumar og vetur, so hjer so sem í allri sveitinni.
>
> Selstöðu hefur jörðin átt sem nú er að mestu eyðilögð fyrir sandi, og verður því valla eður ekki brúkuð, og er augljóst að snart muni hún að öngvu liði verða.
>
> Fyrir stórviðrum er mjög hætt af skaðlegu sandfjúki.
>
> Torfrista og stúnga er engin nema í sendinni jörð og það næstum ónýt.
>
> Vatn ekkert nema flæðivötn.
>
> Hjáleigur eru
>
> **Iungkiæra gerde**, gömul hjáleiga.
>
> Jarðardýrleiki talinn í heimajarðardýrleika.
>
> Ábúandinn Einar Eigilsson.
>
> […]
>
> **Hóls hús,** önnur hjáleiga.
>
> Jarðardýrleiki er áður talinn í heimajörðu.
>
> Abúandinn Valdi Jónsson.
>
> […]
>
> Grasa og sölvatekju hafa hjáleigumenn báðir ásamt heimabónda.
>
> Lestir hinir sömu, sem á heimajörðunni skrifaðir eru, eru báðum hjáleigunum að meini.[59]

Dagana 16. og 17. október 1783 var hjá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu tekið fyrir landamerkjamál um merkin milli Kalmanstjarnar og Merkiness.[60] Dæmt var í málinu 30. júní 1874 og var þá komist að eftirfarandi niðurstöðu:

> þar effter þessum Jördum rimelega tilheÿrande Landsplatse dæmast og kiennest fyrer Rett ad Landamerke sieu rett og eige effterdags ad haldast mille Calmanstiarnar og Merkeness úr Skiftewiik i Markhól og þadan i Nyrdre Enda Sandfells af hveriu þá

[59] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 26–28, skjal nr. H-7.
[60] Skjal nr. 2(87).

> fylger ad so sem effter þessum Mörkum finnst Merkeness Sel ad vera i ~~þess~~ sinne eigenn edur Kyrkiuvogs LandarEign enn ecke Calmanstiarnar hafa Merkeness Abúendur fullkomen Rett til ad láta Seled effterleides vera hvar þad nú er enn med þvi þeir sokolludu Sandar edur Kalmanstiarnar brukanlega Eyngapláts finst ad vera innann þessarar Jardar eigenn Landamerkia kunna eÿ Merkeness Abúendur ad hafa nockurn Rett til ad beita þar sinum peninge hvarfyrer þeir hafa honum þar frá ad halda fyrer efftertiidena under vidliggande Sekter, þo frietakast þeir fra ad betala nockra Mulct fyrer adur þar brúkada Beit, þar þeirra Formenn a Jördunum hafa hana i so mörg undanfarenn Ár ólögsókter brúkad.[61]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Kalmanstjarnar metinn 38 hundruð og 40 álnir en neðar hefur verið skráð að dýrleikinn hafi verið 30 hundruð. Með í matinu var hjáleigan Junkaragerði og eyðihjáleigurnar Kirkjuhöfn og Litla-Höfn. Jörðin tilheyrði Thorkelsens-barnaskólanum.[62]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kalmanstjörn í Höfnum metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[63]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kalmanstjörn:

> Kalmannstjörn. Túnid sumpart umgirdt, allstórt, sendid, hardt, allgrasgefid, undirorpid nokkrum sandágángi. Útrymi fjaska mikid. Hagbeit sumar og vetur hin ágjætasta fyrir allar skepnur. Fjörubeit mikil og gód. Blödkuslægjur utan túns til muna, en lángt frá. trjáreki einhvör hinn besti á Sudurnesjum. Þángfjara næg, en ördug. Svartfugla og eggjatekja talsverd. Útrædi hægt og ágjætt á öllum ársins tímum. Lendíng allbrúkanleg. Vergögn í lakara lagi. Nægileg beitutekja. Torfrista lítilfjörleg og ördug. Vatnsból stopult. Túnid fódrar 2 kyr.[64]

Landamerkjaskrá Kalmanstjarnar er dagsett 12. júní 1888 en hún var þinglesin 14. júní 1888. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkja-brjef.
>
> Landamerki jarðarinnar Kalmannstjarnar í Hafnahreppi eru þannig: Frá sjó að norðan beina stefnu úr miðri Skiptivík, í Grænhól, sem liggur til heiðar í austurátt, og frá Grænhól í Markhol, og úr Markhól í Sandfell, úr Sandfelli í Sílfell; frá Sýlfelli í Valabjargargjá; úr Valabjargargjá í Miðjavalahnúksmöl beint til sjávar.
>
> Kalmannstjörn þ. 12. júní 1888
>
> Ráðhildur Jónsdóttir (handslað) Ingvar Ingvarsson[65]

Landamerkjaskrá Kalmanstjarnar gagnvart Merkinesi er dagsett 4. september 1889 en hún var þinglesin 19. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskjal
>
> Í milli kirkjujarðarinnar Merkiness og bændaeignarinnar Kalmannstjarnar í Hafnahreppi eru þessi landamerki:

61 Skjal nr. 2(88).
62 Skjal nr. 2(24).
63 Skjal nr. 4(1), bls. 85.
64 Skjal nr. 2(50).
65 Skjal nr. 2(21).

> Frá þúfunni í miðri „Skiptivík“ uppí svonefndan „Markhól“, sem stendur á sandinum fyrir ofan Kalmannstjörn, þaðan beina línu í vörðuna, sem stendur við alfaraveginn á Haugsvörðgjáarbarmi.
>
> Þessi landamerki eru samin og samþykkt af undirskrifuðum hlutaðeigendum þann 4. september 1889.
>
> Kirkjuvogi
>
> Guðmundur Guðmundson. Steinunn Vilhjálmsdóttir
>
> Ketill Ketilsson Br. Gunnarsson
>
> Ketill Ketilsson S. Björnsson
>
> Guðmundur Einarsson H. Sigurðsson
>
> Sigurður Ólafsson[66]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kalmanstjörn var metin á 5.400 kr. Eigandi hennar var Ólafur Ketilsson. Um landamerki segir:

> Landamerki að austan, sjá landamerki Staðar í Grindavík. (en um það ber ekki saman), að norðan úr miðri Skiftivík uppi svonefndan Markhól, þaðan sem sjónhending vísar í Haugsvörðugjá, að landamerkjum Staðar í Grindavík.[67]

5.1.6 Nærliggjandi jarðir og kirkjustaðir

5.1.6.1 Kirkjuvogur í Höfnum

Í máldaga um Kirkjuvog sem skráður er í Hítardalsbók frá 1367 segir meðal annars:

> Mariukirkia j woge a þridiung j heimalande. halftt fuglasker. x. kyr. ij hross kugilldi. hun a vidreka onnur huer missere a millum klaufar og osa.[68]

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju að Kirkjuvogi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia j Voghi a þridiung j heimalandi.
>
> halft Geirfuglaskier.
>
> […]
>
> Hun a vidreka aunnur hver misseri millumm Klaufar oc Osa.v.alna trie oc þadann af stærre. oc þridiung j Walagnvpa fiorumm.[69]

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga kirkjunnar sem Magnús biskup Eyjólfsson setti árið 1477, öðrum máldaga frá 1553 og Gíslamáldaga frá 1570.[70]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hafnahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Kirkjuvog:

---

66 Skjal nr. 2(15).
67 Skjal nr. 2(58).
68 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 221, skjal nr. 4(54).
69 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 103, skjal nr. 4(55).
70 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 127, skjal nr. 4(56); *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 664, skjal nr. 4(57); *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 639–640, skjal nr. 4(58).

Kyrkiu Vogur.

Kirkjustaður, annecteruð kirkjan með Hvalsness sóknum.

Jarðardýrleiki sagður lxx hndr., bónda eign. En tíundast þó sem lxxii hndr. Segja menn að kirkjunni sje eignaður þriðjúngur í heimalandi og meina í þann þriðjúng eigi að reiknast Merkines.

Jarðareigendur

að xvi hndr. Gísli Illugason búandi þar,

að xiiii hndr. Ari Þorkelsson sýslumaður,

að xvi hndr. Björn Jónsson á Berjanesi í Ytri Landeyjum,

að vi hndr. Mag. Björn Þorleifsson,

að iɟ hndr. Helgi Jónsson að Búðarhól í Eystri Landeyjum,

að v hndr. og v aurum Jón Ólafsson á Arnarhvoli í Ytri Landeyjum,

að x hndr. Magnús Björnsson á Stóra Hóli í Eyjafirði.

NB. Þetta gjörir til samans lxviii hndr. xv aura, so að uppá þann máta vantar til lxx hundraða i hndr. v aura, sem af afjgaldinu sýnist reiknast kynni til þeirra x hndr., sem Magnúsi Björnssyni tilheyra, jafnvel þó hann sjer ekki eigni nema x hndr., sem sagt er.

Ábúendur eru

Gísli Illugason á sínum parti og Magnúsar Björnssonar pörtum.

Jón Sigurðsson á parti Ara Þorkelssonar.

Jón Guðnason á parti Björns Jónssonar.

Jón Erlendsson á pörtum Mag. Björns, Jóns Ólafssonar og Helga Jónssonar.

[…]

Tún jarðarinnar liggja undir skaða af sandfjúki af öllum áttum.

Engjar öngvar.

Úthagar um sumur nærri jörðunni í lakasta máta.

Selstaða ei allfjarri. Mjög haglítil. En vatnsból í selinu mjög erfitt, so að á hestum þarf til að flytja um hásumar.

Útigángur um vetur næsta því enginn nema af fjörunni.

Vatnsból í lakasta lagi. En þegar það brestur, er ekkert vatn utan fjöruvötn, valla nýtandi fyrir seltu, og fyrir þessa orsök missir kvikfjenaður bæði nytjar og holda.

Torfrista og stúnga ekki nema í sendinni jörðu, mjög lök og lítt nýtandi.

Eldiviðartak ekkert nema af fjöru þángi.

Fjörugrös nægileg fyrir ábúendur.

Selveiði góð ef iðkuð væri.

Sölvafjara að nokkuru gagni.

Hrokkelsafjara nokkuð lítil.

Murukjarni og söl eru um vortíma mikill styrkur til að halda kvikfjenaði við lífið, og er oft í nauðsyn með stóru erfiði til sóktur, því ella liggur við opinber fellir bæði nauta og sauða.

Heimræði er árið um kríng og lendíng góð. Gánga hjer skip heimabænda eftir hentugleikum og stundum um vertíð aðkomandi skip fyrir undirgift.

> Hjáleigur eru af þeim hluta jarðar, sem Gísli Illugason ábýr
>
> **Hols hús.**
>
> Jarðardýrleiki er talinn í heimajörðu.
>
> Ábúandinn Erlendur Jónsson.
>
> […]
>
> **Gardhús,** önnur hjáleiga gömul.
>
> Jarðardýrleiki er talinn í heimajörðu.
>
> Ábúandinn Ólafur Sigurðsson.
>
> […]
>
> **Kotvogs hjáleiga**, gömul, af parti Jóns Guðnasonar.
>
> Jarðardýrleiki er talinn í heimajörðu.
>
> Ábúandinn Jón Jónsson.
>
> […]
>
> Hlunninda jarðarinnar njóta hjáleigumenn ásamt heimabændum, að fráteknum reka, ef hann heppnaðist, sem ei hefur skeð um lángar stundir, og er þó rekavon í betra lagi.
>
> **Haugsendakot**, gömul hjáleiga, nú fyrir löngu af fallin, og kann ómögulegt aftur að byggjast, því túnið er aldeilis yfirfallið af sandi, en vatnsból ekkert.
>
> **Arna gerde,** enn önnur forn hjáleiga af þessari jörðu, kann og ekki heldur að byggjast aftur sökum grass og vatnsleysis.
>
> **Gamle Kyrkiu Vogur.**
>
> Forn eyðijörð. hefur legið í auðn yfir stórt hundrað ár. Eru munnmæli að Kirkjuvogs bær sje þaðan fluttur, þángað sem nú stendur hann, og vill þá þetta bæjarstæði í Kirkjuvogslandi verið hafa. Aðrir halda að þetta bæjarstæði sje í Stafness landi.[71]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Kirkjuvogs metinn 72 hundruð en neðar hefur verið skráð að dýrleikinn hafi verið 70 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð Hákons Vilhelmssonar og deilt með Andrési Egilssyni á Króki ásamt Thorkelsens-barnaskólanum.[72]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kirkjuvogur í Höfnum metin 72 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Thorkilli-barnaskóla að 14 hundruðum og bændaeign að 58 hundruðum.[73]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kirkjuvog:

---

71 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 29–33, skjal nr. H-7. Í upphafi texta um Rosmhvalaneshrepp í jarðabókinni er fjallað um Gamla Kirkjuvog og að þar sé ágreiningur um landamerki milli Stafness og Kirkjuvogs, sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 35, skjal nr. H-7.

72 Skjal nr. 2(25).

73 Skjal nr. 4(1), bls. 85.

> 4. Kirkjuvogur – Austurbær med hjáleigunum Stóru-Gardhúsum og Litlu-Gardhúsum. Túnid umgirdt á tvo vegu, allstórt, vida slett hinsvegar greidfært i gódri rækt, ágángslaust ad kalla. Fodrar 5 kyr.
>
> 5. Kirkjuvogur – Vesturbær med hjáleigunni Hólshúsum. Túnid umgirdt, allstórt, vída slett, hinsvegar greidfært, vel ræktad og ágangslaust. Fodrar 3 kyr.
>
> 6. Kirkjuvogur – Midbær. Túnid ad nokkruleiti umgirdt, alt slett, en undirorpid miklum sandágángi ad austan og nordan, gengur af ser og blæs upp. Fodrar 1½ kú.
>
> […]
>
> Kirkjuvogur og hjáleigurnar. Útrymi fjaska mikid til fjalls. Sumar og vetrarbeit ágjæt fyrir saudfé. Kúahagbeit rír. Fjörubeit gód. Nokkur trjáreki, sem annadhvört ár tilfellur kyrkjunni. Útrædi gott á öllum ársins tímum, en ördugt. Lendíng allgód. Vergögn næg og gód. Nokkur beitu og kjarnatekja. Nægileg þángfjara. Nokkur selaveidi og hrognkelsa. Torfrista all brúkanleg. Vatnsból gott.[74]

Landamerkjaskrá Kirkjuvogs er dagsett 4. september 1889 en hún var þinglesin 19. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskjal.
>
> Í milli Kirkjuvogs í Hafnahreppi og Grindavíkurhrepps eru þessi landamerki:
>
> Frá veginum úr miðri „Haugsvörðugjá“ og þaðan beina stefnu í þúfuna, sem er á innri endanum í Stapafelli. Í milli Kirkjuvogs og Njarðvíkur eru þessi landamerki: Frá áðurnefndri þúfu á innri enda Stapafells, þaðan beina stefnu í svonefndan Stóra-Klofning, úr Stóra Klifning í Steindrang, úr Steindrang í Háaleytisþúfu.
>
> Þessi ofanrituðu landamerki eru samin og samþykkt af undirskrifuðum hlutaðeigendum þann 4. september 1889.
>
> Kirkjuvogi
>
> Guðmundur Guðm.son Steinunn Vilhjálmsdóttir
>
> Ketill Ketilsson Br. Gunnarsson.
>
> Marteinn Ólafsson Sigurður Ólafsson S. Björnsson
>
> Guðmundur Einarsson H. Sigurðsson.[75]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kirkjuvogur var í heildina metin á 9.790 kr. Eigendur hennar voru Vilhjálmur Ketilsson, Ingibergur Þorkelsson, Daníel Guðnason og Magnús Guðmundsson. Um landamerki segir:

> Landamerki allrar Kirkjuvogstorfunnar eru að sunnan, sjá Kalmannstjörn til heiða, en Merkines við sjó, að norðan í fjöru vestur í í Hlaupós fyrir norðan ósa þaðan sem sjónhending vísar í gömlu ~~vörðu~~ búfu á Háaleiti, þaðan í Steindrang í Ketilbrekku, þaðan um Kirkjuvogsklofninga í þúfu á Stapafelli og tekur þar við Járngerðastaðaland og staða. – Þessi mörk eru tekinn upp úr útdrætti úr landamerkjabók Hannesar biskups, eftir H. G. Thordersen biskup, er óstaðfest að öðru leyti.[76]

Í landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu er færður inn samningur um merkin milli Merkiness og Kirkjuvogs. Samningurinn er dagsettur 31. mars 1923 en hann var innfærður í landamerkjabók 29. september 1923. Efni hans er svohljóðandi:

---

74 Skjal nr. 2(50).
75 Skjal nr. 2(22).
76 Skjal nr. 2(59).

> Landamerkjasamningur
>
> [Kirkjuvogur og Merkines]
>
> Við undirritaðir eigendur Kirkjuvogstorfunnar og við undirritaðir eigendur Merkiness gjörum með okkur svofelldan landamerkjasamning.
>
> Landamerki á milli Kirkjuvogstorfunnar og Merkiness skulu vera þannig; lína skal tekin úr skeri því er markasker nefnist og verið hefir fjörumark á milli Kirkjuvogs og Merkiness í vörðu þá er á bakkanum stendur og köllluð er Sandvarða um, Bræður, Torfhól og Arnarbæli, frá Arnarbæli í mitt Lágafell.
>
> Frá línu þessari á Merkines alt land til heiðar og fjöru suður að landi Kalmannstjarnar
>
> Samningi þessum til staðfestu rita allir aðiljar nofn sín undir.
>
> Staðarhóli 31. marts 1923
>
> Eigendur Merkiness:
>
> Jón Jónsson, Guðm. Sigvaldason
>
> Eigendur Kirkjuvogstorfunnar:
>
> Magnús Pálsson, Vilhjálmur Ketilsson, Eiríkur Þorsteinsson, Magnús Guðmundsson, Hildur Jónsdóttir, Friðrik Gunnlaugsson, Magnús Gunnlaugsson
>
> Fyrir hönd eigenda Miðbæjarjarðarinnar:
>
> Ólafur Ormsson, Jón Ólafsson, Guðm. Sigvaldason[77]

Landamerkjaskrá um merkin milli Stafnestorfunnar og Kirkjuvogstorfunnar er dagsett 13. júní 1925 með vísan í dóm Hæstaréttar frá janúarmánuði sama ár. Skráin var þinglesin 16. júní 1925 og er efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing [Stafnes og Kirkjuvogur]
>
> Samkvæmt hæstaréttardómi í janúar þ.á. eru landamerki á milli Stafnestorfunnar í Miðneshreppi og Kirkjuvogstorfunnar í Hafnahreppi þannig:
>
> „Landamerki á milli Stafnesjarða í Miðnesshreppi annarsvegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hinsvegar, skulu vera þau, er hjer greinir:
>
> Úr Gömlu þúfu á Háaleyti í „Beinhól“, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr „Beinhól“ í miðjan Djúpavogsbotn við stórstraums flóðmál; hvar varanlegt merki skal sett, auðkennt L.M. Þaðan bein lína um ósinn í vörðu þá, er stendur á suðurenda Vörðuhólma, er skal auðkend LM með varanlegur millimerki, er sett skal á Illaklif einnig auðkent L.M. – Frá Vörðuhólma sunnan um Selsker og Hestaklett á sjó út.“
>
> Þessum landamerkjum ber að fylgja þar til öðruvísi kynni að semjast um síðar meir og setja hlutaðeigendur þegar á þessu ári merki þau, er dómurinn ákveður á kostnað beggja aðila.
>
> Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 13/6-25
>
> Magnús Jónsson[78]

5.1.6.2 Staður í Grindavík

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju að Stað í Grindavík frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

---

77 Skjal nr. 2(8).
78 Skjal nr. 2(9).

> Kirkia ad Stad j Grindavijk er vijgd med Gudi sælli Mariu oc Jonæ postula. Stephano. Olafi kongi. Blasio biskupi. Þollaki biskupi oc heilagri Katerino meyo fiorum nottum epter allra heilagra messo.
>
> hun a halftt heimaland oc halftt annad mælisland ad Hvsatopttum og mork vadmäla af Jarngierdarstodum. alldri skal minna gialldast þott sa hafi eingi fie er þar byr. giallda skal oc alla kirkiutiund þott hann giori meiri oc aller heimamenn. þadann skal oc eigi giallda legkaup vnder heimamenn. gialldi þo presti legsaungskaup.
>
> Hun a grasnautnar hualreka oc iiij vætter oc settung vr þeim hluta er Hvsatopttvm fylger. enn sa hvalreki er fra Valagnvpum til Biarnargiär. enn ef hvalur er meire enn fiorar vætter þa skal skiptta j helminga oc skal hafa Grindavijk oc Jarngierdarstader oc Hvsatoptter helming.
>
> þar skal vera heimilisprestur. sa er kirkiu vardveiter. ska abyrgiast hana ad aullu og allt kirkiufie.
>
> Kirkia a reka fra Gardzbiargs enda oc til Gardzenda er geingur firir vestann Arfadali.
>
> Hælfur vidreki milli biarnargiær og marcks æa arfadalsnesi.
>
> Halfur vidreki a Oddbiarnarkielldu.
>
> Kirkia ä Skogfell.
>
> […]
>
> Hun a fiordung j Lonalandi. og skal sa hafa leigu af þeim sem kirkiu vardveiter slijka sem settist vid þann er þar bÿr.
>
> […]
>
> Skalhollt a helming j hvalreka ollum vid Stad j Grindavijk ef meire er enn iiij vætter millumm Rangagiogurs oc Valagnvpa, þar eiga fleire j. enn þad verdur attungur skipttingarhvals er hlytst j þessu takmarke j Skalhollti. og þvi eiga Staderner fiordung vr aullum hval.
>
> vmm framm æa kirkiann or Grindavijk settung vr Hvsatoptta hlut.[79]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna á Stað í Grindavík frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ä Stad i Grindavijk. ä alltt heimaland og hälftt annad mælisland. ad Husatoptum og mork vadmäla af Jarngierdarstødum. hun ä grasnautnar hualreka iiij vætter. og siettung vr Husatoptta hlut. hun ä fiordung vr Lona lande.[80]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Grindavíkurhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Stað í Grindavík:

> **Stadur í Grindavík.**
>
> Kirkjustaður og prestssetur.
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.
>
> Leigujörð dómkirkjunnar að Skálholti.
>
> Ábúandi sóknarpresturinn Sr. Sigurður Eyjólfsson.
>
> […]
>
> Túnið fordjarfast af sandi.
>
> Engjar eru öngvar.

[79] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 101–103, skjal nr. 4(64).
[80] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 640, skjal nr. 4(58).

Hagar heima um sig til lands afleitlega lakir.

Selstaða góð til haga, en lángt og erfitt til að sækja, hefur þó hjeðan frá staðnum brúkuð verið lxxx ár á Selsvöllum.

[…]

Skóg til kolgjörðar hefur staðurinn í almenníngum.

Torfrista sendin mjög og lítt nýtandi.

Fjörugrasa og sölvatekja er sem heimamönnum nægir, en líður stóran átroðníng af Húsatófta ábúendum og hjáleigumönnum.

Selveiði hefur verið og legst nú frá.

Rekavon góð og eru þar á slík skifti sem áður greinir um Þorkötlustaði, nema hvað kirkjan á ferkara ítök sem máldagar hennar útvísa.

Heimræði árið um kríng, og gánga skip prestsins og kirkjunnar eftir hentugleikum. Item þau inntökuskip, sem híngað ráðast til fiskiafla fyrir undirgift.

Vatnsból er ekki mannhættulaust, nema fjöruvötn ein, og er það til stórmeina.

Hjáleigur eru

Sjáfarhús, gömul hjáleiga.

Jarðardýrleiki óviss sem á heimajörðu.

Ábúendur

Jón Teitsson, býr á hálfri,

Ólafur Magnússon, býr á hálfri.

[…]

Krókur, önnur hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss sem á heimajörðu.

Ábúandi Vigfús Bjarnason.

[…]

Bein Róa.

Jarðardýrleiki er óviss sem á heimajörðu.

Ábúandi Astríður Jónsdóttir ekkja.

[…].[81]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleika jarðarinnar Staðar ekki getið. Jörðin var konungsjörð.[82]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Staður í Grindavík metin að dýrleika 37 hundruð og 1/3 hluti úr hundraði og skráð sem konungseign.[83] Á öðrum stað í *Jarðatalinu* er fjallað um átta prestaköll í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Eitt þeirra er Staður í Grindavík. Þar segir meðal annars:

[81] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 22–24, skjal nr. H-7.
[82] Skjal nr. 2(26).
[83] Skjal nr. 4(1), bls. 85.

> Meðal hlynninda, sem eignuð eru kirkjunni, er talinn trjáreki, töluverður (á stundum), og hvalreki (sjaldgæfur). Jörðin á selstöðu í Selsvöllum.[84]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stað:

> Stadur með hjáleigunum Móakoti og Stóragerdi. Túnid sumpart umgirdt, stórt, mestmegnis slett, hinsvegar greidfært, alt hardt og snöggt, undirorpid stórkostlegum sjáfarágángi og sandfoki. Útrými mikid. Mikill sjáfarágángur, einnig á útlandid. Sumarbeit heimavid lítil, en selstada til fjalls. Vetrarhagar rírir. Fjörubeit allgód. Mikill trjáreki, en mestmegnis ördugur. Þángfjara ónóg. Kjarni talsverdur. Lítilfjörleg beitutekja. Útrædi gott á öllum ársins tímum. Lendíng gód. Uppsátur óáreidanlegt. Vergögn slæm og lítid. Torfrista leleg. Vatnsbólid af. Nokkur bítur. Fódrar 3½ kú.[85]

Landamerkjaskrá Staðar er dagsett 11. júní 1890 en hún var þinglesin 20. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki
>
> og ítök jarðarinnar Staðar og Staðarkirkju í Grindavík í Gullbringusýslu eptir máldaga Wilchins, biskupa visitatium og landsyfirrjettardómi af 12. sept. 1847.
>
> 1. Landamerki „Staðar“.
>
> 1. að norðvestanverðu (N.V.) er markalína frá austanverðum „Valagnúp“, eptir „Odd-bjarnarkeldu“ á Reykjanesi í „Haugsvörðugjá“ miðja, og eptir henni austanvert eða úr „Sandfelli“ í „Sýrfell“ og í sjó fram, samkvæmt áður þinglesnum landamerkjum milli Gálmatjarnar og Staðar.
>
> 2. Að S.V. og S. takmarkar sjór land allt frá „Valagnúp“ að vestan og að Hvirflum austur, vestanvert við „Arfadali“.
>
> 3. Að N. og N. au. lína í miðjum „Hvirflum“, þar sem sundmerki á „Staðarsundi“ bera saman, frá sjó, og sjónhending beina stefnu upp og norður hraun í línuna 1.
>
> 2. eign og ítök Staðarkirkju
>
> 1. Mensalsjarðir:
>
> a, Stóraborg í Grímsnesi í Árnessýslu
>
> b, Hvoll í Ølvesi í s.s.
>
> 2. Skógfell stóra í Grindavík
>
> 3. Selsvellir að Selstöðu og hagagöngu
>
> 4. Grasnautnar hvalreka 4 vættir og séttung úr þeim hval er Húsatóptum fylgir,
>
> 5. 1/8 (áttung) úr öllum hval, ef meiri er en 4 vættir milli „Rangagjögurs“ og „Valagnúpa“.
>
> 6. 1/6 (séttung) umfram úr Húsatóptahlut.
>
> 3. ítök annara.
>
> 1. Húsatóptir í Grindavík eiga ½ trjáreka – að undanteknum vogrekum – á „Háleyjum“ og „Sölvabásum“ á Reykjanesi.
>
> 2. Skálholtskirkja á 1/8 (áttung) úr öllum hval, ef meiri er en 4 vættir, milli „Rangagjögurs“ og „Valagnúpa“.
>
> Stað 11. júní 1890.

[84] Skjal nr. 4(1), bls. 102.
[85] Skjal nr. 2(51).

> O. V. Gíslason prestur
>
> Fyrir hönd Staðar og Staðarkirkju, gagnvart Húsatóptum, eptir umboði prófasts.
>
> Hermann Jónsson
>
> Framanskrifuðu samþykkur, eigandi Húsatópta
>
> O. V. Gíslason.
>
> Landamerki milli Galmatjarnar og Staðar áður þingleisn
>
> O. V. Gíslason.[86]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Staður var metin á 4.800 kr. Jörðin var skráð sem prestssetur. Um landamerki segir:

> Landmerki að vestan í fjöru um Valahnjúksmöl þannig að ~~að~~ Staður á 2/3 af henni, þaðan um Oddbjarnar Keldu í Sýrfellstopp, eftir miðri Haugsvörðugjá í Stapafellsþúfu, sjá landamerki Járngerðarstaða. – Þetta land er, til heiða, óskift milli Húsatófta og Staðarins.
>
> Fjörumörk og land við sjóinn vísast til landamarka Húsatófta, sjá býli 61.–
>
> Þess má geta, að landamerkjaskrá liggur ekki fyrir, en mörk þessi eru tekin eftir sögnum.[87]

5.1.6.3 Kirkjuból á Miðnesi

Í máldaga um Kirkjuból á Miðnesi sem skráður er í Hítardalsbók frá 1367 segir meðal annars:

> Peturskirkia a kirkiubole a xl^{c} j heimalande fiordung j geirfuglaskere. vidreka allann a Skarda vrd.[88]

Í máldaga Péturskirkju að Kirkjubóli sem Oddgeir biskup Þorsteinsson setti árið 1379 segir meðal annars:

> Kirkia hins heilaga Peturs postula a kirkiubole a xl hvndrada j heima landi.[89]

Í máldaga Vilchins fyrir Péturskirkju að Kirkjubóli frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Pieturskirkia a Kirkiuboli a xlc j heimalandi.
>
> fiordung j geirfuglaskeri.
>
> vidreka allann a Skardavrd.[90]

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga kirkjunnar sem Magnús biskup Eyjólfsson setti árið 1477 og öðrum máldaga frá 1553. Í þeim síðarnefnda segir enn fremur um Kirkjuból að það kallist nú konungseign.[91]

---

86 Skjal nr. 2(23).
87 Skjal nr. 2(60).
88 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 221, skjal nr. 4(54).
89 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 342, skjal nr. 4(59).
90 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 103, skjal nr. 4(60).
91 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 126, skjal nr. 4(61); *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 665, skjal nr. 4(62).

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna á Kirkjubóli frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ä Kirkiuböle. ä xL^{c}. i heimalandi.
>
> fiordung i Gejrfuglaskiere.
>
> vidreka allann ä Skarda vrd.[92]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Rosmhvalaneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Kirkjuból:

> **Kijrkiuból.**
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.
>
> Eigandinn er kóngl. Majestat.
>
> Ábúandinn Vilhjálmur Jónsson lögrjettumaður.
>
> […]
>
> Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin á almenníngum.
>
> Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu lítt nýtandi.
>
> Lýngrif nokkuð
>
> Fjörugrasatekja nokkur, fer þó mjög til þurðar fyrir því að menn frá öðrum jörðum sækja þángað grös.
>
> Sölvatekja hefur verið temmilega góð, fer og til þurðar, því frá öðrum jörðum er til sókt.
>
> Eldiviðar tak af fjöruþángi var bjarglegt alt so lengi að ekki var til sókt frá öðrum jörðum, en nú síðan umboðsmaður forpachtaranna leyfði öðrum fjörunnar nautn á þessum fyrskrifuðum þángtekju hlunnindum, þykist ábúandinn Vilhjálmur Jónsson og hans húsmenn á Kirkjubóli líða skort á eldiviðartaki sínu, og bágindi meir en áður á sölvatekjunni, og segir ábúandinn Vilhjálmur Jónsson fyr ánefnd leyfi umboðsmannsins aldrei samþykt hafa.
>
> Rekavon í betra lagi.
>
> Hrognkelsafjara.
>
> Murukjarnar, bjöllur og ætiþönglar fást þar um vortíma og kemur það peníngi til næringar í heyskorti.
>
> Heimræði er árið um kríng og gánga skip ábúandans eftir hentugleikuk, item gengur þar stundum eitt kóngs skip, oftast áttæringur, skjaldan sexmannafar, og það undirgiftarlaust; fylgir því engin búð, en hjáleigumenn og heimabóndinn hýsa skipshöfnina, en þiggja ekkert fyrir nema soðníngar kaup. Inntökuskip eru þar nú engin um stundir, en hafa þó áður verið, og ábúandinn þegið undirgift fyrir, mætti og enn vera ef menn vildu.
>
> Tún jarðarinnar liggja undir stórum skaða af sandi, sem ábúandinn hefur margoft með stóru erfiði og kostnaði látið moka saman, til að varða við eyðileggíngu jarðarinnar.
>
> Engja röngvar.
>
> Hagar mjög litlir vetur og sumar nema fjaran.
>
> **Sandholakot,** fyrsta hjáleiga.
>
> […]

[92] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 639, skjal nr. 4(63).

Hjáleiga heima við bæinn ónefnd, önnur í tölunni.

[…]

Hjáleiga áföst við bæinn ónefnd, þriðja.

[…]

Nijebær, fjórða hjáleiga.

[…]

Móakot, fimta hjáleiga.

[…]

Busthús, sjötta hjáleiga.

[…]

Fiosakot, sjöunda hjáleiga.

[…]

Gata, áttunda hjáleiga.

[…]

Vallarhús, níunda hjáleiga.

[…]

Kuijaveller, tíunda hjáleiga.

[…].[93]

5.2 Surtsey

Með auglýsingu dagsettri 9. desember 1963 var auglýst í *Stjórnartíðindum* að ný eyja sem myndast hefði við eldgos sem fyrst varð vart 14. nóvember 1963 skyldi heita Surtsey og gígurinn Surtur.[94]

Í *Stjórnartíðindum* 1974 birtist frá Náttúruverndarráði auglýsing nr. 122/1974, dagsett 3. apríl 1974, um friðland í Surtsey.[95]

Samkvæmt 32. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er Surtsey meðal grunnlínupunkta landhelgi Íslands.

Með auglýsingu nr. 50/2006 tilkynnti umhverfisráðuneytið endurnýjun á friðlýsingu Surtseyjar. Friðlýsingin náði einnig til neðansjávargíganna Jólnis, Syrtlings og Surtlu sem og tiltekins hafsvæðis umhverfis eyna. Í auglýsingunni er birt afmörkun friðlandsins með hnitum fjögurra hornpunkta. Umsjón með friðlandinu var í höndum Umhverfisstofnunar.[96]

[93] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 68–73, skjal nr. H-7.
[94] Skjal nr. 4(15).
[95] Skjal nr. 4(16).
[96] Skjal nr. 4(17).

5.3 Vestmannaeyjar

Í *Landnámabók* segir frá hefnd landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar eftir fóstbróður sinn, Hjörleif Hróðmarsson. Þar segir að þrælar Hjörleifs hafi myrt hann og flúið til Vestmannaeyja. Ingólfur elti þrælana uppi og drap þá alla. Í *Landnámabók* segir svo:

> fóru þeir at leita þrælanna ok fundu þá þar sem Eið heitir í eyjunum.
>
> […]
>
> Vestmannaeyjar heita þar síðan, er þrælarnir váru drepnir, því at þeir váru Vestmenn.[97]

Í Hauksbók *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám Vestmannaeyja:

> Herjólfr son Bárðar Bárekssonar, bróðir Hallgríms sviðbálka, byggði fyrst Vestmannaeyjar og bjó í Herjólfsdal fyrir innan Ægisdyrr, þar sem nú er hraun brunnit. Hans son var Ormr auðgi, er bjó á Ormsstǫðum við Hamar niðri, þar sem nú er blásit allt, ok átti einn allar eyjarnar. Þær liggja fyrir Eyjasandi, en áðr var þar veiðistǫð ok engra manna vetrseta.[98]

Í Sturlubók *Landnámu* segir frá öðrum syni Bárðar Bárekssonar sem hafi fyrstur byggt Vestmannaeyjar. Þar segir:

> Ormr ánauðgi, son Bárðar Bárekssonar, bróðir Hallgríms sviðbálka, byggði fyrst Vestmannaeyjar, en áðr var þar veiðistǫð ok lítil vetrseta eða engi.[99]

Í riti Sigfúsar Johnsens, *Saga Vestmannaeyja*, sem kom út árið 1946 og *Sögu Íslands* sem kom út árið 1978 segir að konungur hafi eignast Vestmannaeyjar frá Skálholtsbiskupi snemma á 15. öld.[100] Þá segir í fyrrnefnda verkinu að Vestmannaeyjar hafi haft sérstöðu varðandi fyrirkomulag tíundar og greiðslumáta þeirra. Allar álögur og tíundir hafi hvílt á framleiðslu, afrakstri og afurðum, en ekki fasteignum eða lausafé. Þannig hafi í Vestmannaeyjum verið fylgt norrænum tíundarmáta um að greiða af afla og ávöxtum en ekki af lögleigu eftir íslenskum lögum.[101] Í kirkjusögu Finns biskups Jónssonar frá 1772 er einnig fjallað um eignarhald Skálholtsbiskups á Vestmannaeyjum en þar segir:

> … maxima pars isularum Vestmannicarum. Illic enim monasterium erigere constituterat, sed morte præventus, perficere non potuit.[102]

Í doktorsritgerð Kristjönu Kristinsdóttur í sagnfræði, *Lénið Ísland*, segir að Ísland hafi verið lén í Danmörku og að rekstur þess og stjórnsýsla hafi verið sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Vestmannaeyjar hafi hins vegar ekki verið hluti af léninu Íslandi. Þá segir að konungur hafi rekið verslun í Vestmannaeyjum á árunum 1558–1600 en síðar selt borgurum í Kaupmannahöfn verslunina að léni. Eftir 1620 hafi eyjarnar verið leigðar með öðrum höfnum landsins og gerður hafi verið sérstakur leigusamningur vegna þeirra. Í verkinu er að öðru leyti ekki fjallað um lénið Vestmannaeyjar

97 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 44–45, skjal nr. 4(49).
98 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 345, skjal nr. 4(49).
99 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 356, skjal nr. 4(49).
100 Sigfús Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II (1946), bls. 10; *Saga Íslands* III (1978), bls. 99.
101 Sigfús Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* I (1946), bls. 12.
102 Finnur Jónsson, *Historia ecclesiastica Islandiæ* (1772), bls. 278, skjal nr. 6(11).

en til samanburðar er þess getið að Færeyjar hafi verið sérstakt lén og að í Noregi hafi verið mörg lén.[103]

Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 yfir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi þar sem presta vantaði segir að kirkja hafi verið í Vestmannaeyjum. Í neðanmálsgrein í *Íslenzku fornbréfasafni*, þar sem skráin er birt, er getið Landakirkju.[104]

Í Hungurvöku, sögu fimm fyrstu biskupana í Skálholti sem var rituð í upphafi 13. aldar segir eftirfarandi um Magnús Einarsson sem var biskup á árunum 1134–1148:

> Hann keypti til staðarins í Skálaholti Árnes ok Sandártungu ok nær allar Vestmannaeyjar, áðr en hann andaðisk, ok ætlaði þar at setja munklífi, en honum endisk ekki til þess líf.[105]

Í öðru bindi af *Íslenzku fornbréfasafni* er birt skjal á latínu frá 31. júlí 1280 um Kirkjubæ í Vestmannaeyjum og að þar hafi verið stofnuð kirkja í nafni erkibiskups og heilags Nikulásar. Í inngangsorðum útgefanda um skjalið segir að af því stafi hinar norsku fiskitíundir í Vestmannaeyjum.[106]

Í jarðabók Mikjálsklausturs í Björgvin í Noregi frá 1463 eru tilgreindar tekjur af Vestmannaeyjum.[107]

Í máldaga Þykkvabæjarklausturs sem Jón biskup Indriðason setti árið 1340 kemur fram að meðal ítala hafði klaustrið af Vestmannaeyjum sex tugi skreiðar.[108]

Hinn 13. júlí 1419 veitti Arnfinnur hirðstjóri Þorsteinsson tveimur utanríkis kaupmönnum verslunarleyfi í Vestmannaeyjum og um land allt sem og leyfi til útróðra.[109]

Hinn 11. apríl 1420 lofuðu sex enskir kaupmenn, sem höfðu haft vetursetu í Vestmannaeyjum og verslað þar og reist hús í óleyfi, Hannesi Pálssyni og Helga Styrssyni sýslumanni að koma til næsta Alþingis og svara og hlýða á góðra manna umdæmi. Fram kemur að Hannes og Helgi hafi talað til sexmenninganna kóngsdómsins vegna.[110] Í skýrslu Hannesar, umboðsmanns og kapeláns Danakonungs, um yfirgang, rán, vígaferli, löglausa verslun og fleira af hálfu Englendinga á árunum 1420–1425 er getið um töku þeirra á níu pundum af fiski sem voru í eigu konungs.[111] Í skýrslunni segir að Vestmannaeyjar hafi verið eign Noregskonungs þannig að hann einn hafi haft not af þeim. Skjalið er á latínu og er birt í *Íslenzku fornbréfasafni*. Texti þess tilgreinir Vestmannaey í eintölu með orðunum *una insula*. Þá er í skjalinu greint frá atferli Englendinga, ránum þeirra og gripdeildum. Meðal annars segir að Englendingar hafi tekið fisk þannig að ábúendur hafi ekki haft tök á að greiða afgjald til konungs. Enn fremur hafi

[103] Kristjana Kristinsdóttir, *Lénið Ísland* (2021), bls. 11, 17–18.
[104] *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 6, skjal nr. 4(53).
[105] Skjal nr. 6(10).
[106] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 191–192, skjal nr. 4(67). Í yfirskrift útgefanda segir einnig að með bréfinu hafi Skálholtsbiskup gefið Mikjálsklaustri í Björgvin Vestmannaeyjar til ævinlegrar eignar en það er ekki í samræmi við texta bréfsins.
[107] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 59, skjal nr. 4(77).
[108] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 737–740, skjal nr. 4(71).
[109] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 269–270, skjal nr. 4(72).
[110] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 275–276, skjal nr. 4(73).
[111] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 324–334, skjal nr. 4(75).

Tideke Bekker verið myrtur og miklu magn af fiski verið rænt frá umboðsmanni konungs, Ólafi Nikulássyni. Í skýrslunni er því haldið fram að Englendingar hafi ætlað sér að ræna á sjó og landi, bæði eignum konungs og annarra, og að glæpir þeirra hafi skaðað konung og konungsríkið Noreg. Lýsingin í skýrslunni um þessa þætti er svohljóðandi:

> jtem vna insula circa ijslandiam que vocatur westmannø pertinent ad regem norwegie specialiter omni jure ita quod non habet ibi aliquis nisi solus rex norwegie et in illa insula est melior piscatura tocius ijslandie ad eandem insulam applicuerant anglici omni anno postquam ista dampnifica nauigacio incepit jn illa edificant domos figunt papiliones fodiunt terram piscantur vtuntur ibi omnibus ac si essent propria eorum nec petierunt nec obtinuerunt unquam licenciam ab officialibus regis sed morantur ibi cum violencia nec sinunt deferre pisces regis norwegie nec aliorum de jnsula eadem antequam isti onustauerant naues illorum juxta libitum et multotiens ita receperunt pisces ibidem quod coloni regis ibidem non habuerunt vnde soluerent regi pensionem et quidam illorum qui hco fecerant fuerunt ibi isto anno videlicet jon morys et alij similiter erat ibi nicholaus dalstunn qui interfecit vnum famulum meum tideke bekker et eciam spoliauerat prius de olauo nicholasson famulo regis pisces in magna quantitate. terre et ad nos litteras comminatorias quod sin on sustineremus ipsos habere omnem voluntatem eorum quod ipsi vellent spoliare et depredare tam in mari quam in terra tam bona regis norwegie quam aliorum.[112]

Árið 1420 var sett kaupstefna í Vestmannaeyjum um verslun milli íslenskra og enskra manna.[113]

Hinn 4. apríl 1456 fékk Kristján I konungur Marcellusi Skálholtsbiskupi Vestmannaeyjar að léni með öllum rétti og rentu, tekjum og tíundum.[114]

Nokkrum enskum kaupmönnum voru veitt leyfi til verslunar í Vestmannaeyjum á 15. öld en í *Íslenzku fornbréfasafni* er getið nokkurra leyfisbréfa frá árunum 1462–1466.[115]

Í skrá um skuldir eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 segir frá skuldum hans af Vestmannaeyjum til Hinriks Kepkens hirðstjóra.[116]

Hinn 25. ágúst 1481 skipuðu Gauti erkibiskup í Niðarósi, þrír aðrir biskupar og fimm ríkisráðsmenn í Noregi Þorleif Björnsson yfir Ísland og Vestmannaeyjar í þrjú ár. Í skjalinu segir eftirfarandi um skipunina:

> Thii haffue vii swa eindragtelighe offuereens vordith at velbyrdogh man torleiff biôrnsson skall haffue Islandh ock vesmanna øyer med konunglighe rentthe ock rettigheit vppa kronennæ vegnæ i Norighe j try samfellæ aar ther effter at han ær heim komen j landet. Skall han ock vare Norgis kronæ och hennes forstandere holdh ock trw effter thii som Norigis ock islandz lagh vtwisse.[117]

Í vitnisburði Guðna Jónssonar, Ingimundar Finnssonar, Hafliða Skúlasonar og Björns Helgasonar frá 17. ágúst 1484 segir frá svikum og yfirgangi Diðriks Pínings,

[112] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 331, skjal nr. 4(75).
[113] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 276–277, skjal nr. 4(74).
[114] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 138–139, skjal nr. 4(76).
[115] *Íslenzkt fornbréfasafn* XVI, bls. 408, 414, skjal nr. 4(78).
[116] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 503, skjal nr. 4(79).
[117] *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 397–399, skjal nr. 4(80).

Hinriks mæðings, Péturs skyttu og fleiri Píningsmanna við enska kaupmenn sem hafi leitt til ránskaps þeirra síðarnefndu, meðal annars í Vestmannaeyjum. Í skjalinu segir meðal annars:

> so og var sagt fyrer sannende. ad iiij af Jslendskum bændum af Vestmanna Eyium föru til Pinings med þeim bodskap af Eingelsku. og eige sidur fyrer sina bæn og almugans vegna i Vestmanna Eyium ad Pining skyllde aptur leggia þad minni skipid tömt. sem hann hafde läted taka fyrer þeim ä Bätsendum. so þeir være þá þar epter med frï og mak vid landsfölkid. Enn fyrer þad ad þad fieckst ecke af Pining. þä reyfdu þeir allar Vestmanna Eyiar. og vïdar annarstadar.[118]

Hinn 20. júlí 1491 dæmdu 12 prestar, útnefndir af Stefáni biskupi Jónssyni í Skálholti, um fiskitíund í Vestmannaeyjum. Fram kemur í dómnum að Snorri Helgason hafi kært Jón Jónsson fyrir að hafa ekki goldið rétta preststíund og kirkjutíund af afla um tvö ár. Í dómnum segir frá tveimur bréfum með innsiglum manna um að þar ætti að gjaldast tíundi hver fiskur af allri skreið sem kæmi á land. Dæmt var að tíundi hver fiskur skyldi gjaldast til kirkna í Vestmannaeyjum af öllum þeim fiskum og veiðiskap sem þar kæmi á land, nema heilagfiski eftir því sem dándimannabréf og máldagi í Skálholti útvísi og tækist þá enginn fiskur af fyrr en tíundin væri goldin.[119]

Í máldaga Andrésarkirkju fyrir ofan Leiti í Vestmannaeyjum frá 1491–1518 segir frá eignum kirkjunnar. Ekkert kemur þar fram um eignir eða ítök í eyjum eða skerjum.[120]

Með sýslubréfi frá 25. júní 1504 veitti Kai von Ahlefeldt hirðstjóri, skrifað Kæi fan Ánifell, Torfa Jónssyni sýslu milli Þjórsár og Jökulsár á Sólheimasandi. Þar á meðal voru Vestmannaeyjar.[121]

Í *Íslenzku fornbréfasafni* er birt skrá frá árinu 1507 um landskuldir af Vestmannaeyjum, bæði frá því ári og frá fyrri tíð. Í skránni eru upptaldir eftirfarandi bæir: Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Ofanleiti, Norðurgarður, Dalir, Höfn, Miðhús, Gjábakki, Vilborgarstaðir, Vesturhús, Gerði, Bófastaðir, þ.e. Búastaðir, Oddstaðir, Presthús og Kirkjubær.[122]

Hinn 20. maí 1515 skipaði Kristján II konungur Seffrin Norby lénsmann yfir Íslandi í þrjú ár. Samkvæmt skipuninni átti hann að reisa tvö föst og góð vígvirki, annað á Bessastöðum en hitt í Vestmannaeyjum.[123]

Í virðingargerð á öllum peningum, kvikum og dauðum, sem fallið höfðu til erfða til barna Vigfúsar Erlendssonar hirðstjóra er fjallað um skreið í Vestmannaeyjum. Virðingargerðin er birt í *Íslenzku fornbréfasafni* og dagsett 23. og 24. maí 1521.[124] Hinn 5. júlí 1522 kvittaði Hans Eggertsson hirðstjóri og höfuðsmaður yfir Íslandi fyrir skipatoll í Vestmannaeyjum vegna barna Vigfúsar heitins.[125]

---

[118] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 12–13, skjal nr. 4(81).
[119] *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 757–758, skjal nr. 4(82).
[120] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 41–42, skjal nr. 4(69).
[121] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 696, skjal nr. 4(83).
[122] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 179–180, skjal nr. 4(84).
[123] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 550–551, skjal nr. 4(85).
[124] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 794–811, sjá einkum 798–799, skjal nr. 4(86).
[125] *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 104, skjal nr. 4(87).

Hinn 5. júní 1528 dæmdi Jón sýslumaður Hallsson um húsmenn og kaplatölu í Vestmannaeyjum. Dómurinn er birtur í *Íslenzku fornbréfasafni* undir heitinu Vilborgarstaðadómur. Fram kemur að dómsmenn hafi kynnt sér dóm 12 lögréttumanna frá Alþingi um hústöku til leigu eða láns og einnig heyrt vitnisburði innfæddra í eyjunum um að fjöldi kapla ætti þar að vera 16 að tölu. Dómurinn komst í framhaldi að eftirfarandi niðurstöðu:

> Þvi at svo profudu og fyrer oss komnu dæmdum vier fyrsagdir domsmenn medur fullu doms atkvædi alla þa husmenn burt ur eyiunum. ellegar upptækt fyrer þeim af kongs umbodsmanni allt þat þeir ættu. Enn huer(er) er þa hefdi haft sekir iiij. morkum vid kongenn i domrof. Svo og skylldi upptækt vera fyrer aullum þeim sem reri fyrer Eingelska menn. Enn alla þa kapla þar væri fleiri enn adur var greint. dæmdum vier alla kongs umbodsmanninum. hvort hann villdi eignazt þa eda giora annat rad fyrer þeim. nema hiner hefdi burt flutt innan .xiiij. natta ath færu uedre.[126]

Árið 1536 gaf Ögmundur biskup í Skálholti Jóni bónda Hallssyni umboð til þess að taka toll og sekkjagjöld í Vestmannaeyjum.[127] Ögmundur biskup kvittaði Jón fyrir tollinn af Vestmannaeyjum þann 1. október 1536 og 19. júlí 1537.[128]

Árið 1538 skipaði Ögmundur biskup í Skálholti svo að þriðjungur tíundar í Vestmannaeyjum, sem til kæmi dómkirkjunni, skilaði sér til hennar en tvo þriðjunga tíundarinnar skyldu eyjaprestar skipta með sér.[129]

Í minnisgreinum Gissurar biskups frá um 1541 segir að útvega eigi Rangárvallasýslu eða sýslugjaldið, mannshlut og hest. Þá segir að þar með eigi að fylgja Vestmannaeyjar og konungsjarðir sem lágu fyrir vestan Markarfljót.[130]

Hinn 7. september 1545 dæmdi dómur sex klerka og sex leikmanna, sem útnefndur hafði verið af Gissuri biskupi Einarssyni, um fiskitíundir í Vestmannaeyjum. Þeir dæmdu tíundirnar til rentu presta og prestakaups en konungi ekkert tilkall til þeirra.[131]

Hinn 4. janúar 1547 lét Kristján III konungur Ísland og Vestmannaeyjar um 10 ár til borgarmeistara og ráðs Kaupmannahafnar, þrjú fyrstu árin fyrir árlegt 1.000 Lybikumarka afgjald en þeir skyldu hafa umboðsmann sinn í landinu. Í skjalinu segir meðal annars:

> worder wortt oc Norgis Kronnens Landtt Jslandtt mett Landtz jnkomme told oc ald annden wor oc Kronens rentte oc rettighed som Otte Stissen sist i were haffde Vespenôôe att haffue Nyde bruge oc beholle mett samme Landtz jnkomme told oc ald annden wor oc Kronens rentte oc rettighed.[132]

Hinn 22. október 1552 veitti Kristján III konungur bæjarstjórn Kaupmannahafnar Vestmannaeyjar á leigu gegn 200 Jóakimsdala ársleigu.[133]

---

126 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 477–478, skjal nr. 4(88).
127 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 74, skjal nr. 4(89).
128 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 90–91, skjal nr. 4(90); *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 112–113, skjal nr. 4(91).
129 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 399–401, skjal nr. 4(92).
130 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 689, skjal nr. 4(93).
131 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 436–437, skjal nr. 4(94).
132 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 529–531, skjal nr. 4(95).
133 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 476–477, skjal nr. 4(96).

Í *Íslenzku fornbréfasafni* er birt erindisbréf Knúts hirðstjóra Steinssonar til Íslandsferðar, dagsett 20. mars 1555. Bréfið er hvort tveggja birt á dönsku og íslensku. Í bréfinu er fjallað um tíundir í Vestmannaeyjum en um þær segir eftirfarandi í íslenskri útgáfu bréfsins:

> Suo og hefur konglig maiestet samsinnt ad suo halldast skuli wmm tijundargiaurd af Westmannaeyum. ad þeir sem bua i Vestmannaeyum skuli hier epter tijunda sijnar weniulegar tijunder til kirknnanna. Enn þeir sem wtrodrarskip hafa fyrir kongsinns lanndi þeir skulu giefa kong. maiestet wndergipt af sijnum skipum sem wane er til ad giefa wnnder skip æ Jslandi. Og þa wndergiauft hefur kong. maiestet weitt prestunum til wpphelldis j Westmannaeÿum oc til kirknna bÿggingar j sama stad.[134]

Þá er í Bessastaðasamþykkt frá 1. júlí 1555 enn fremur fjallað um tíundir í Vestmannaeyjum. Í henni segir:

> Enn wmm tijunnd af Westmanna Eÿum hefur oss litist ad suo til skipist ad aller þeir menn sem j Westmannaeÿum bua og þar eru heimilisfaster og suo þeir sem þar Röa æ þeirra skipum skulu giallda weniu tijund huort helldur ad þau skip eigu þar jnnbÿggendur j Eÿunum eda wtlenndsker menn þar adrer wistfaster. Enn þessi weniulig tijund er huer tijunndi fiskur j fiauru oc skal skiptast j fiora parta oc skal sa fatækra manna parturinn af þessari tijund leggiast til þess fatækra manna spitals sem stiktadur werdur j Sunnlendingafiordungi. Enn þann fiordung tijunnda sem tekst af fuglum oc Eggium oc þurfamanninum til heÿrer skulu þeir fatækir sialfer hafa sem þar j eÿunum eiga skÿlldu frammfæri. wirdist oss oc suo ad eigi mætti þar frekari nie aunnur tijund æ kongsins garda leggiast. Enn bændur þeir þar bua þa tijunndi lausafe sitt epter lanndsinns wana. Enn wmm þau skip sem af meiginnlanndi koma oc þanngad eru wtgiaurd til siofar wmm wertijd þa gialldi wnndergiauft epter konglig maiestatis skipan sem wanaligt er ad giallda wnnder skip j Sunnlendingafiordungi þeim prestum til eignar sem þar bua j Eÿunum. þo med þui moti ad greinder prestar skule þar j stadinn skicka þeim maunnum sem æ þessum lanndskipum Roa hus oc wergaugnn epter þeirra þaurfum suo ad huorutueggiu giauri audrum nægiu fyrir sitt.[135]

Í reikningi rentumeistara konungs um afgjöld til konungs frá Íslandi 1556 og útgjöld er getið afgjalda af Vestmannaeyjum upp á 200 hundruð dali af hálfu borgarmeistara og ráðs Kaupmannahafnar.[136] Konungur kvittaði til Knúts Steinssonar fyrir afgjöldum af Íslandi þann 15. nóvember 1557. Þar á meðal er getið Vestmannaeyja.[137]

Hinn 22. apríl 1558 veitti konungur Símoni kaupmanni Surbeck leiðarbréf til Vestmannaeyja. Efni bréfsins þar sem fjallað er um almennar skyldur Surbecks er svohljóðandi:

> Symon Surbeck fick fôlge breff tiill indbygerne paa Wespenôe vt sequitur etc.
>
> Wij Christian then Tredie etc. helsse etther alle vore oc kronens wndersotte. bônder oc thiennere oc menninge almue. som byge oc boe paa wort landt Wespenôe. euindeligenn mett Gudt oc wor naade. Wij bede etther alle oc huer serdelis biude. at y strax her effther rette etther effther att swaare oss elskelige Symon Surbeck. borger her wdj wor kiôpstedt Kiôpnehaffnn. giffuenndis oc giôrendis hanom oc ingen andenn paa wor wegene etthers aarlige landgilde. gaardfestening. sager ôer oc all andenn renthe och rettighedt. som y oss oc Norgis krone pleye oc pligtige ere att giôre oc giffue oc y aff

[134] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 11–17, sjá einkum bls. 15, skjal nr. 4(97).
[135] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 53–59, sjá einkum bls. 56–57, skjal nr. 4(98).
[136] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 160–161, skjal nr. 4(99).
[137] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 245–247, skjal nr. 4(100).

> arrildtz tiidt giordt oc giffuit haffuer. tiill saa lenge wij anderledis ther om tiillsigenndis worder. Hand skall ther for aarligenn giôre oss gode rede oc clart regenskaff och holle etther alle oc huer serdelis wedt Norgis lough. skiell oc rett oc ingenn aff etther tilstede at wforrettis emodt lougenn wdj nogre maade. Thij lader thed ingennlunde.[138]

Í reikningabók rentumeistara konungs frá 1558 er Símonar Surbecks getið vegna gjalda af Vestmannaeyjum.[139]

Hinn 20. febrúar 1560 kvittaði Friðrik II konungur Knút hirðstjóra Steinsson af reikningsskap af Íslandi á tímabilinu 1558–1559, þ.e. Jónsmessa í milli. Símon er í skjalinu kallaður fógeti í Vestmannaeyjum, rétt eins og í stefnu Friðriks II konungs til Páls lögmanns Vigfússonar fyrir ríkisráðið vegna sakargifta Símonar Surbecks, dagsettri 27. mars 1563.[140] Um Vestmannaeyjar segir eftirfarandi í kvittuninni:

> Andtwurdet Simenn Surbeck wor fogit paa Wespennôe och wor Rennthemester Jochim Beck Epter thieris quitanntzis liidelsse. giffuit arbeidtz folck tiill lôônn. vdsaatt paa leie. oc vdi anndre adschillige maade foruanndlit epter Hanns register och regenschabs liidelsse.[141]

Í minnisgreinum Jóakims rentumeistara Becks frá 1560 kemur fram að kvittað var fyrir 616 dölum frá Símoni Surbeck vegna Vestmannaeyja.[142] Einnig er fjallað um Surbeck og Vestmannaeyjar í minnisgreinum Jóakims frá 1561 um greiðslur frá Íslandi og gjöld er vörðuðu Ísland að einhverju leyti.[143]

Hinn 24. febrúar 1561 veitti konungur Jóhanni Schaubo leiðarbréf til Vestmannaeyja. Í skjalinu kemur fram eftirfarandi orðalag um Vestmannaeyjar:

> … til þess að sigla „cum nauj nostra propria VRSI nomine appellata“ til „Insulam nostram Vepsenoe“.[144]

Með skjali dagsettu 15. apríl 1561 bauð konungur íbúum í Vestmannaeyjum að versla við Símon Surbeck og greiða honum allar konungsskyldir.[145]

Í eintaki af bréfi Elísabetar I Englandsdrottningar frá 5. október 1561, sent til Friðriks II konungs, er fjallað um umkvartanir Símonar Surbecks vegna framferðis tiltekinna Englendinga í Vestmannaeyjum. Símon er í bréfinu kallaður kaupmaður Vestmannaeyja eða eins og segir á latínu:

> mercator Insulæ Wespendæ[146]

Í kæru breskra kaupmanna frá 1565–1566 um hömlur á fiskkaupum þeirra og fiskveiði í Vestmannaeyjum og aðfarir Símonar Surbecks í því efni er fjallað um Vestmannaey í eintölu eða eins og segir í skjalinu:

---

138 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 298–299, skjal nr. 4(101).
139 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 362–363, skjal nr. 4(102).
140 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 79, skjal nr. 4(109).
141 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 464–465, skjal nr. 4(103).
142 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 564–565, skjal nr. 4(104).
143 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 677–679, skjal nr. 4(107).
144 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 578, skjal nr. 4(105).
145 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 592–593, skjal nr. 4(106).
146 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 3, skjal nr. 4(108).

> the islande of Westmone
>
> […]
>
> two English shippes were moored in Westmoney harbour[147]

Með erindisbréfi Friðriks II konungs dagsettu 9. apríl 1570 var Símoni Surbeck veitt gæsla skipa, fiskveiða og verslunar í Vestmannaeyjum.[148]

Með erindisbréfi Friðriks II konungs dagsettu 28. apríl 1570 var Símoni Surbeck veitt verslun í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er kveðið á um ýmsar skyldur á herðar Símoni, svo sem um gerð jarðabókar, eða eins og segir í *Íslenzku fornbréfasafni*:

> Hannd schall oc lade giøre enn jordbog paa ald. huis wisse lanndgille eller anndenn indkomst. som wij haffue ther paa lannditt.[149]

Hinn 10. desember 1570 leitaði konungur álits Péturs Oxe um hvort hagkvæmt væri að leigja Jóhanni Foxdal Vestmannaeyjar en við hann hafði konungur skuldaskipti.[150]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Vestmannaeyjar frá 1704 hefst á eftirfarandi orðum:

> Jardabok yfer Vestmanna-eyar sem allar eru kongl. Majestatis eign.[151]

Í afriti af útlensku protocolli Finns Jónssonar biskups frá árinu 1775 er fjallað um Vestmannaeyjar og tíundir af þeim. Afritið er dagsett 21. september 1830 og byggist á öðru afriti frá 3. maí 1816. Í textanum segir að Skálholtsdómkirkja hafi verið eigandi Vestmannaeyja til ársins 1297 þegar Árni Þorlákssson biskup veitti þær til Mikkelsklausturs í Bergen. Enn fremur segir að Ögmundur biskup hafi verið umboðsmaður eyjanna og þegar Skálholtsdómkirkja brann árið 1526 hafi hann tekið ⅓ hluta tíunda þeirra til viðgerðar á dómkirkjunni en látið presta hafa afganginn.[152] Í umfjöllun um reikningsskap og tíundir í Vestmannaeyjum, sem varðveitt er meðal umboðsreikninga Vestmannaeyjajarða og er frá 12. apríl 1834, er vísað til skrifa Finns Jónssonar biskups, hins svokallaða útlenska protocolls, og sagt að a.m.k. ⅓ hluti tíundarinnar hafi tilheyrt konungi.[153]

Í *Lovsamling for Island* er birt reskript til stiftamtmanns um reglur varðandi meðferð sauðfjár í Vestmannaeyjum, dagsettar 13. maí 1783.[154] Reglurnar eru í sjö liðum en þær voru auglýstar við Alþingi árið 1783.[155] Í 6. og 7. tölulið reglnanna segir eftirfarandi:

> 6) Paa det at den sande og rette Nytte kan haves af den liden Faare-Avling paa Hjemme-Öen, skal hver Mand, i Forhold med det Antal Faar, ham efter Jordebogen er forundt

147 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 451, skjal nr. 4(110).
148 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 389–390, skjal nr. 4(111). Sjá einnig *Kancelliets Brevbøger* IV, 1566–1570 (1896), bls. 572.
149 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 395–398, skjal nr. 4(112). Sjá einnig *Kancelliets Brevbøger* IV, 1566–1570 (1896), bls. 578–579.
150 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 452–453, skjal nr. 4(113). Sjá einnig *Kancelliets Brevbøger* IV, 1566–1570 (1896), bls. 649.
151 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 3, skjal nr. H-7.
152 Skjal nr. 2(221).
153 Skjal nr. 2(222).
154 *Lovsamling for Island* IV, bls. 717–721, skjal nr. 4(18).
155 *Alþingisbækur Íslands* XVI, bls. 144–147, skjal nr. 4(50).

> at holde, have Ret til at sætte paa sædvanlig Tid sine Lam og Gjeldfaar paa Udöerne. Og ligesom Ingen maa holde flere Malke-Faar paa Hjemme-Öen, end han efter Jordebogen bör have, saa skal det ikke heller være Nogen tilladt, under hvad Navn og Forevending det end kunde være, at have flere paa Udöerne end ham tilkommer efter Jordebogen, saa at Ingen maa accordere eller forskaffe sig nogen Andens Ret til der at holde Faar eller Lam, hvor mange end for andre maatte mangle i deres fulde Antal […] Endelig 7) skal Græsningen paa Udöerne tillige saaledes jævnes, at Vesterhus kan erholde Leilighed for sine Lam og Gjeldfaar paa den af Öerne, som findes bedst at kunne taale samme, eller og ubehindret at nyde, til Vederlag derimod, den Herlighed paa Hjemme-Öen, som den efter Jordebogen tilkommer.[156]

Með bréfi dagsettu 2. ágúst 1793 ákvað rentukammerið að til nokkurra þeirra jarða sem hefðu hagagöngu í Elliðaey yrði lögð fuglaveiði í úteyjunni Hellisey og að ábúendur Þorlaugargerðis myndu fá hagagöngu í Elliðaey.[157]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 16. maí 1812 var upplesið skjal frá eigendum Elliðaeyjar þar sem þeir heimiluðu óviðkomandi að fara til lundaferða í eyna. Um það segir í dómabók:

> Ellireyar Sameigendur leifa Eyarinnar óvidkomandi Innbyggiendum að fara til lundaferda í Ellirey, med þeim skilmála að þessir gialdi eitt Dagsverk í lunda sem Factor Grímur móti tekur og deilir medal allra Sameigenda, mót betalíng 10 lunda af hvoriu 1 hundraði somu kosti hafa þeir sem liggia á bát, enn landmönnum er med öllu fyrirbodid ad sækia lunda í Ellirey, utan þeir í hvört sinn gjaldi 1/3 part af lunda ablanum til Ellireyar Sameigenda, sem Factor Grímur og so móti tekur og skiftir med sömu Skilmálum –; Sömu Skilmála uppástanda Biarnareyar Sameigendur, enn lunda abli á Heima Eyunni fyrirbídst Almenníngi utan med Snörum og Netum.[158]

Hinn 20. júní 1812 skrifaði rentukammer til amtmanns í Suðuramtinu um jarðasölu í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er fjallað um úteyjar en þar segir meðal annars:

> Foruden hvad dette Kammer under D. D. har tilskrevet Hr. Amtm., angaaende de afholdende Auctioner over Kongens Gods inden Sönder-Amtet, overlade vi til Deres Godtbefindende, om De for Tiden endvidere anseer det passende at foranstalte en Auction forsögt over samme Gods paa Vestmannöe, dog med Undtagelse af Gaardene Ofanleiti med underliggende Udöer: Bjarnarey, Hane og Höne, samt Kirkjubær med Udöerne Geldingasker, Branden og Hraupsey (*rett*. Hraunsey), og endelig Gaarden Oddstader; saa bör og forbeholdes usolgt saa megen Grund fra Gaarden Kornhol, som maatte ansees fornöden til Fiskevirkning ved Handelsstedet Westmannöe, eller nye Byggepladse, ligesom det paa sidstmeldte Gaard gjörende Auctionsbud bör tilbydes Handelsföreren paa Westmannöe inden Tilslag skeer. Conditionerne ved Salget, der i Almindelighed bör fölge den sædvanlige Form, maatte tilföies: at Udöen Yztiklettur opbydes med Kornhol; Heimaklettur og Miðklettur med Vilborgarstadir; Udöen Hellisey med Thorlaugargerdi; at Rettighed til Græsgange m. v. i Ellirei (= Hellisey) forbliver som forhen fölgende med Gaardene Midhus, Gjabakke, Vilborgarstader, Buastader, Vesturhus, Storagerde, Nordurgard, Steinstader, Oddstader og Præsthus, hvilken sidste Jord endvidere forbeholdes Höslæt i bemeldte Ö for een Ko, eller et saakaldet Kofoder. Lignende Rettighed til Græsning forbeholdes Jordene Olafshus, Nyebær, Stakkagerde og Daler i Alfsey, samt Gvöndarnes (= Gvöndarhús) og Brekkahus i den Gaarden Ofanleiti iövrigt tihörende Udö Bjarnarey. I alle foranförte i Fællig værende Udöer tillægges de respective Gaarde, hver en for sig, Græsningsret, i samme

[156] *Lovsamling for Island* IV, bls. 720, skjal nr. 4(18).
[157] Skjal nr. 2(89).
[158] Skjal nr. 2(67).

> Forhold som der avles Kofoder paa hver Gaard, hvilket ligeledes for samtlige Gaarde bör finde Sted paa Hjemmeöen selv. Rettighed, grundende sig paa samme Forhold, forbeholdes endvidere enhver Gaard, især til at samle Æg og fange Vildfugle, enhver særskilt Gaard i sin til Udgang udlagte Udö, og alle samtligen paa Hjemmeöen, Sulnaskjær og de övrige ubenævnte Udöer.[159]

Hinn 17. júlí 1813 skrifaði kansellíið til biskups um betrumbætur á tekjum presta í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er fjallað um jarðir í Vestmannaeyjum og hugsanlega sölu en þar segir meðal annars:

> Efter at Cancelliet havde tilskrevet det kongelige Rentekammer i Anledning af den med Deres Höiærv. Erklæring af 18. August f. A. indsendte Ansögning fra Sognepræsten til Ofanleite paa Vestmannöe, Herr Jon Högnesen, hvori han anholder om, at tvende beboede Hjaleier, Svaðkot og Ofanleite, og tvende ubeboede, nemlig Brekkuhús og Gvendarhús, maatte skjænkes Kaldet: — har Kammeret nu underrettet dette Collegium om: at samme allerede under 20. Junii f. A. har tillagt Stiftamtmanden paa Island Ordre, at forsöge en Auction afholdt over Jordegodset paa Vestmannöe, der i det Hele tilhörer Kongen; — men at blandt samtlige Jorder tvende ere undtagne fra Salget, nemlig Kirkjubær og Ofanleite, hvoraf en vis Deel hidtil afgiftsfri er bleven overladt til hver af de tvende der paa Öen værende Sognepræster, nemlig ⅜ til Præsten paa Kirkjubæ og ⅔ til Præsten paa Ofanleiti […] Slutteligen har Kammeret bemærket, at Samme, saasnart Auctionsforretningen over Jordegodset paa Vestmannöe indkommer, og Salget allern. vorder approberet, vil bevirke Kaldet paa Vestmannöe tillagt Kongens Andeel i foranförte tvende Præstegaarde.[160]

Hinn 14. júlí 1832 skrifaði kansellíið til stiftamtmanns og biskups varðandi ágreining prestsins í Ofanleiti og bænda í Vestmannaeyjum um smáeyjarnar Hana og Hænu. Presturinn taldi prestakallið eitt hafa nýtingarrétt þar en leiguliðar konungs töldu nýtingarréttinn að hálfu vera sín megin. Stiftamtmaður hafði framsent kansellíinu fyrirspurn prestsins í Ofanleiti um það hvort hann ætti að gefa eftir meintan einkanýtingarrétt eða hvort hann ætti að höfða mál. Kansellíið hafið verið í samskiptum við rentukammerið um málið og það síðarnefnda taldi ekki tilefni til að falla frá kröfum leiguliðanna en var jafnframt ekki mótfallið því að presturinn myndi leita úrskurðar dómstóla.[161]

Hinn 11. maí 1833 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns um hugsanlega jarðasölu í Vestmannaeyjum. Stiftamtmaður hafði með bréfi 27. febrúar 1833 lagt til að jarðagóss konungs í Vestmannaeyjum yrði selt. Bréf rentukammers um málið er svohljóðandi:

> Hr. Stiftamtm. har i behagelig Skrivelse af 27. Februar d. A. tilstillet Kammeret en fra Sysselmand Abel paa Vestmannöe til Dem indkommen Skrivelse, hvori han foreslaaer Salget af det kgl. Jordegods sammesteds.
>
> I Anledning heraf og med Hensyn til hvad Hr. Stiftamtm. i ovennævnte Deres Skrivelse har bemærket, angaaende det Fordeelagtige ved at Salget for Tiden finder Sted, maae vi tjenstl. have Dem anmodet om, at foranstalte det kgl. Jordegods paa Vestmannöe, efter foregaaende betimelig Bekjendtgjörelse, opbuden til Bortsælgelse ved offentlig Auction paa de Vilkaar, De maatte finde mest passende, samt paa Hans Maj^{s}. Kongens

[159] *Lovsamling for Island* VII, bls. 426–427, skjal nr. 4(19).
[160] *Lovsamling for Island* VII, bls. 480–482, skjal nr. 4(20).
[161] *Lovsamling for Island* X, bls. 142–143, skjal nr. 4(21).

> allern. Approbation. Naar Auctionen er afholdt, maae vi tjenstl. bede os en Udskrift af Forretningen tilstillet, ledsaget med Hr. Stiftamtm.s nærmere behagelige Betækning.[162]

Hinn 27. september 1834 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns varðandi uppboð á konungseignum í Vestmannaeyjum. Mótteknar voru upplýsingar um að uppboð hefði farið fram 24. júní 1834 en rentukammer var sammála því að tilboðin sem bárust hafi ekki verið tæk til samþykktar. Stiftamtmanni var falið að tilkynna viðkomandi þá niðurstöðu.[163]

Hinn 7. maí 1836 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns um lundaveiðar í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er fjallað um ágreining milli tómthúsmanna og bænda um lundaveiðar í úteyjum en bændurnir höfðu bannað tómthúsmönnum slíkar veiðar. Rentukammerið kvaðst ekki geta skipt sér af málinu og að tómthúsmenn þyrftu að leita til dómstóla varðandi hugsanlegan rétt sinn til veiðanna. Í bréfinu segir meðal annars:

> Grosserer P. C. Knudtzon har i Skrivelse hertil af 7. Marts d. A. andraget, at Lundefangsten paa Vestmannöe i den sidste Deel af afvigte Sommer har lidt nogen Skade derved, at Bönderne have forbudt Tomthusmændene at slaae denne Fugl paa deres (Böndernes) Jordlodder i Udöerne, hvorhos han har indstillet, om dette Forbud maatte hæves.
>
> Efter at Kammeret, i Anledning af dette Andragende, har modtaget Hr. Stiftamtm.s behagelige Betænkning af 16. i f. M., skulde vi ikke undlade tjenstlig at melde […] at Kammeret, efter hvad af Hr. Siftamtm. er oplyst, ikke kan indlade sig paa det Ansögte, men maa overlade til vedkommende Tomthusmænd, forsaavidt de maatte ansee sig berettigede til, uagtet det skete Forbud, at udöve Lundefangsten paa Böndernes Jordlodder, at söge denne Sag afgjort ved Domstolene.[164]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Ystaklett:

> Ytstiklettur. –
>
> Óbygð halfey sem eptir konungs úrskurdi frá 18da Martz 1840 er Sysslumannsins Embættis jörd. Hann gefur af sjer árlega kyrfódur, enn sökum landslags og annara örðugleika kostar að ná því þaðan árlega nálægt 30 Rbd. –
>
> Sumar og vetur gánga þar úti 120 Saudir, og er þar einnig álitleg Lundaveidi og fylunga tekja. Hjeradauki fylgir klettinum eystri parturinn af Fiskigördunum í enum svonefndu Fögruvöllum, og hagbeit á Heimalandi fyrir 1a kú 1 Hest og 12 Saudi. I þeirri löggyldtu jardabók frá 1760 er hann ekki skuldsettur enn eptir því menn komast nærst, er fyrir hjerumbil 40 árum sídan Landskuldin álitin ad vera 1 hundrað 60 fiskar, sem fyrrum mun hafa verid goldin af þeim sem Innitjanna hafa adnotið
>
> Virðingar upphæðin er - - - - 1300 Rbd[165]

Dómsmálaráðuneytið skrifaði stiftamtmanni þann 17. nóvember 1857 varðandi hugsanlega sölu á jörðum í Vestmannaeyjum. Í bréfinu segir meðal annars:

> Hr. Stiftamtm. har med behgl. Skrivelse af 31. Marts d. A. indsendt en allerund. Ansögning fra Fæsterne paa det kgl. Jordegods paa Vestmannö, hvori de anholde om at erholde Selveiendom, eller ialtfald Arvefæste, paa deres Fæstejorder med Tilliggende.

---

162 *Lovsamling for Island* X, bls. 317, skjal nr. 4(22).
163 *Lovsamling for Island* X, bls. 564–565, skjal nr. 4(23). Afrit af uppboðsgerðinni er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands, í Lbs. 44 fol. (sjá handrit.is).
164 *Lovsamling for Island* X, bls. 734–735, skjal nr. 4(24).
165 Skjal nr. 2(52).

> Foranlediget heraf skulde jeg ikke undlade tjenstl. at meddele Hr. Stiftamtm. til behagelig Efterretning og Bekjendtgjörelse for Ansögerne, at Ministeriet efter de Principer, som Regjeringen i de senere Aar har fulgt ved Afgjörelsen af lignende Spörgsmaale, ikke finder sig foranlediget til at indlade sig paa bemeldte Andragende.[166]

Við aukaþing í Vestmannaeyjum 6. nóvember 1861 var tekið fyrir að útnefna virðingarmenn til að framkvæma virðingargjörðir yfir konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Útnefndir voru Árni Einarsson, Árni Diðriksson, Jón Salmonsen og Chr. Magnússon. Þeir áttu að meta allar konungsjarðir í Vestmannaeyjum fyrir utan þeirra eigin ábýlisjarðir.[167]

Við aukaþing í Vestmannaeyjum 10. desember 1861 var tekið fyrir að útnefna tvo virðingarmenn til að skoða og meta jarðir hinna fjögurra skoðunarmanna er hinn 6. nóvember voru útnefndir af sýslumanni til að segja álit sitt um konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Útnefndir voru P. Bjarnesen og Ingimundur Jónsson.[168]

Við aukaþing í Vestmannaeyjum 30. desember 1861 var tekið fyrir að láta virðingarmenn staðfesta virðingargjörðir sínar yfir konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Virðingarmennirnir sex, er útnefndir voru hinn 6. nóvember og 10. desember 1861, komu fyrir réttinn og staðfestu gjörðirnar með eiði.[169]

Hinn 18. júlí 1865 skrifaði dómsmálaráðuneytið til stiftamtmanns um beitarrétt í Vestmannaeyjum. Í bréfinu segir meðal annars:

> I Anledning af en fra Sysselmanden paa Vestmannöerne … at han maatte bemyndiges til at tillade Opsidderne paa det kgl. Jordegods paa bemeldte Öer efter hans Udvisning at opdyrke og indhegne Dele af de deres Hjemmemarker nærmest liggende Udenge eller Udmarker … hvorvidt det efter de stedlige Forhold turde anses hensigtsmæssigt at foranstalte de ommeldte Udmarker udskiftede og paalægge vedkommende Opsiddere at indhegne hver sin Mark samt Oplysning om, naar og med hvilken Hjemmel det af ham omtalte Forbud imod Opdyrkning af Udmarkerne er blevet udstedt.
>
> Efter at man nu med Stiftamtets behgl. Skrivelse af 15. Februar d. A. har modtaget den attraaede Erklæring, skulde man til behgl. Efterretning og videre Bekjendtgjörelse for Vedkommende tjenstl. melde, at Ministeriet efter det Oplyste bifalder Sysselmandens ovennævnte Indstilling, saaledes at Græsningsretten i den fælles Udmark, forsaavidt dertil maatte være Anledning, limiteres i Forhold til de til Opdyrkning indtagne Stykker.[170]

Ráðuneytið skrifaði einnig til stiftamtmanns þann 21. október 1868 um bann við notkun nets við lundaveiði í Vestmannaeyjum. Í því bréfi segir meðal annars:

> Efter hvad der i de hermed tilbagefölgende Akter er oplyst, maa det antages, at det derværende Jordegods er udsat for betydelige Forringelser ved at Söpapegöjefangsten, der er en til Jorden knyttet Herlighed, formindskes eller maaske efterhaanden gaar til Grunde ved den nu brugelige Fremgangsmaade. Da nu samtlige Jorder paa Vestmannöerne ere Statsejendomme, turde der ikke være lidet, der taler for, at Staten i Egenskab af Jorddrot maa være berettiget til at forbyde sine Fæstere Anvendelsen af en Fangstmaade, hvorved Jordernes Værdi væsentlig forringes, i Analogi med hvad der

166 *Lovsamling for Island* XVII, bls. 222–223, skjal nr. 4(25).
167 Skjal nr. 2(81).
168 Skjal nr. 2(79).
169 Skjal nr. 2(80).
170 *Lovsamling for Island* XIX, bls. 295–296, skjal nr. 4(26).

> gjælder om Forbud mod Edderfugledrab, ulovlig Skovhugst m. v., og at opsige dem Fæstet, naar Lovbudet overtrædes.[171]

Sama efni var til umræðu í bréfi ráðuneytisins til stiftamtmanns þann 12. maí 1869. Þar segir meðal annars:

> Efterat Justitsministeriet i Anledning af de fra Vastmannöerne tilvejebragte Oplysninger om de skadelige Følger af at anvende Net ved Fangsten af Söpapegöjer sammesteds, havde begjært Stiftamtets Ytringer om, hvorvidt Staten som Ejer af hele Jordegodset paa Öerne ikke maatte være berettiget til efter Indholdet af de til Opsidderne udstedte Bygselbreve at forbybe disse Anvendelsen af en Fangstmaade, hvorved den til Jorden knyttede Herlighed, Söpapegöjefangsten, udsattes for betydelig Forringelse, samt at opsige dem Fæstet, naar Forbudet overtrædes, har Hr. Stiftamtm. i behgl. Skrivelse af 19. Febr. d. A. ytret den Formening, at der ikke i Bygselbrevenes Bestemmelser indeholdes tilstrækkelig Hjemmel til at indskrænke Opsiddernes Ret til at gjöre sig Fuglefangsten saa indbringende som muligt …[172]

Umboð eða þær jarðeignir konungs á Íslandi sem voru í umboði urðu þjóðjarðir frá árinu 1874.[173] En það ár fékk Ísland stjórnarskrá. Vestmannaeyjar voru ekki umboð heldur heyrðu beint undir konung. Í bænaskrá úr Vestmannaeyjum frá júní 1873 er talað um leiguliða á hinu „konunglega jarðagózi á Vestmannaeyjum.“[174] Í frumvarpi til laga um breytingu á landskuldargjaldinu í Vestmannaeyjum kemur fram: „jarðir og tómthús á Vestmannaeyjum, sem eru eign landssjóðsins“ Þetta frumvarp var fyrst tekið fyrir 9. júlí 1875.[175] Vestmannaeyjar urðu þannig ríkiseign eins og aðrar jarðeignir konungs á Íslandi árið 1874.

Fyrir liggur mikill fjöldi byggingarbréfa vegna jarða eða býla í Vestmannaeyjum frá 19. öld og fram að upphafi 20. aldar. Í hverju þeirra er tiltekið hvaða réttindi og hlunnindi í úteyjum fylgja viðkomandi jörð. Í þeim er m.a. fjallað um beitarrétt og fuglatekju í Elliðaey, Suðurey, Álsey, Bjarnarey, Hrauney, Hana og Hænu; og fuglatekju í Hellisey, Geirfuglaskeri, Brandi, Geldungi, Grasleysu og Súlnaskeri, en síðastnefnda skerið er einnig oft nefnt Almenningssker og svo virðist sem þar hafi ábúendur allra jarðanna haft heimild til fuglatekju. Þá er í sumum þeirra enn fremur fjallað um fuglatekju á Stórhöfða á Heimaey. Um ýmis þessara byggingarbréfa er fjallað hér í kaflanum eða í undirköflum um einstakar jarðir.[176]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. október 1876 byggði umboðsmaður konungs Sigurði Sveinssyni Ystaklett sem var lénsjörð sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Fram kemur að Sigurður mátti ekki nota ínytjar jarðarinnar, sem voru fjárbeit, lunda-, fýlunga- og svartfuglatekja, frekar en brúkendunum hafði hingað til verið leyft af sýslumanninum. Enn fremur átti leiguliðinn ekki reka jarðarinnar né hafði tikall til þeirra ínytja sem

[171] *Lovsamling for Island* XX, bls. 102–103, skjal nr. 4(27).
[172] *Lovsamling for Island* XX, bls. 157–158, skjal nr. 4(28).
[173] Einar Laxness, *Íslandssaga,* III. bindi, s–ö (Alfræði Vöku-Helgafells; Reykjavík 1995), bls. 97.
[174] Skjal nr. 4(51).
[175] Skjal nr. 4(52).
[176] Sjá kafla 5.3.1–5.3.20 og gagnaflokka A.6.e og A.16 í skjalaskrá. Einnig er í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, gerð gein fyrir fleiri byggingarbréfum og gögnum sem varða ábúð í Vestmannaeyjum.

fylgdu jörðinni á heimaeyjunni. Sýslumaðurinn hafði rétt til hagagöngu á jörðinni fyrir greiðslu. Sigurður undirritaði bréfið 1. október 1876 og stiftamtmaður samþykkti 30. júní 1877.[177]

Hinn 30. júní 1889 var undirrituð samþykkt jarðarbænda í Vestmannaeyjum um lundaveiði á heimalandinu. Skjalið er varðveitt í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja og hljómar svo:

> Ár 1889 sunnudaginn hinn 30. júní hjeldu jarðabændur á Vestmannaeyjum fund í þinghúsinu, sem áður hafði verið auglýstur og boðað til af hreppsnefndinni, til þess að ræða um lundaveiðina á heimalandinu, sem brýn nauðsyn þótti til að setja reglur fyrir. Eptirnefndar reglur voru þá samþykktar og undirskrifaðar af meiri hluta fundarmanna.
>
> 1, Enginn eyjabúi má byrja neinskonar lundaveiði fyrr en fullar 10 vikur eru af sumri, og hætta eigi síðar en 14 vikur af sumri. Lundinn skal friðhelgur sóla á milli á virkum dögum svo og alla helga daga.
>
> 2, Lundi skal að eins veiddur með háfi enn alls eigi með greflum eða annars konar veiðiaðferð. Hvorki ~~nje~~ á heimalandi nje í úteyjum má pysju veiða, nema í Almenningsskeri, og fýlabyggð með með samþykki sameignarmanna.
>
> 3, Enginn má veiða, lunda í þeirri fýlabyggð, sem hann sjálfur eigi á hlut í, heldur ekki í eiginni fýlabyggð án samþykkis sameignarmanna.
>
> 4, Ekki má nema einn maður vera til lunda á heimalandi fyrir hverja heila jörð, og enginn, sem eigi hefur jarðarínytjar má fara til lunda á heimalandi, nema í leyfi jarðarbónda, sem eigi sjálfur notar rjett sinn til lundaveiði þann tíma, sem hann veitir leyfið.
>
> Ofanritaðar reglur ályktaði fundurinn einnig að leita staðfestingar á af amtinu eða umboðsmanni, svo að þær hjer eptir hefðu sama gildi á umboðsgóssinu, sem byggingarskilmálarnir fyrir jörðunum, sem tilgreindar eru í byggingarbrjefunum, og brot gegn þeim yrðu látin hafa sömu afleiðingar, sem brot gegn byggingarskilmálunum. Fól fundurinn því umboðsmanninum, sem var viðstaddur að gjöra nauðsynlega ráðstöfun til að framkvæma hjergreinda ályktun.[178]

Amtmaður skrifaði landshöfðingja um samþykktina þann 14. nóvember 1889 og landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 20. nóvember 1889. Það bréf er birt í B-deild *Stjórnartíðinda*. Í því kom fram að ekki væri hægt að breyta gerðum samningum og gildandi byggingarbréfinu, en landshöfðingi lagði til við amtmann að hlutast til um að reglur samþykktarinnar yrðu þaðan í frá teknar upp í byggingarbréfum fyrir umboðsjörðum í Vestmannaeyjum.[179]

Í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja er varðveitt afrit af samþykkt ábúenda í Vestmannaeyjum um veiði á lunda og svartfugli. Samþykktin var undirrituð 30. júní 1893 og tók gildi 1. mars 1893. Hún átti að gilda í fimm ár. Texti skjalsins er svohljóðandi:

> Vjer undirritaðir búendur í Vestmannaeyjum gjörum eptirritaða samþykkt:
>
> 1. Lundi skal friðaður í úteyjum Öllum hjer, nema Smáeyjum, Brandi, og Hellirsey allt árið nema frá því 12. vikur eru af sumri og þangað til 16 vikur fullar eru af sumri. Sje góður fiskiafli um þann tíma, skal hætta veiðinni 15 vikur af sumri. Háfa má nota til veiða en engi önnur veiðarfæri. Hver sameign skal kappkosta að gjöra, þegar eigi er

[177] Skjal nr. 2(90).
[178] Skjal nr. 2(91).
[179] Skjal nr. 4(29).

> veiðiveður, en legið er við til fuglaveiða, nyjar lundaholur 6-8 þumlúnga djúpar og taka gras og arfa úr gömlum holu dyrum –
>
> Lundi skal algjörlega friðaður á Heimalandi um hvern tíma árs, sem er.
>
> 2. Svartfugl má eigi veiða á sjóflánum, sameign hver veiðir fyrir sig svartfugl í bergi, bæði með háfum og snörum þó má eigi gjöreiða fuglinum á neinu bæli; Svartfugl, hvorki ungan nje gamlan má taka í Súlnaskeri.[180]

Hinn 13. apríl 1894 voru sett lög um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, þ.e. lög nr. 13/1894. Í lögunum segir meðal annars:

> Sýslunefndinni í Vestmannaeyjum veitist vald til að gjöra fuglaveiðasamþykkt þar á eyjunum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.[181]

Með lögum nr. 22/1909 var gerð breyting á 2. gr. laganna þess efnis að atkvæðisrétt á fundum sem sýslunefnd myndi boða til að gera fuglaveiðisamþykkt skyldu allir sýslubúar hafa er jörð eða jarðarhluta hefðu til ábúðarnota, í stað samhljóða ákvæðis um sýslubúa er hefðu jarðir og þeirra sem hefðu kosningarrétt til Alþingis.[182] Með lögum nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun voru lögin frá 1894 felld úr gildi.[183] Þau lög voru svo felld úr gildi með lögum nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.[184]

Í *Stjórnartíðindum* frá 1895 er birt samþykkt um ýmisleg atriði er snertu fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, undirrituð af sýslumanni 9. júní 1895 og staðfest af amtmanni 16. júlí 1895. Í samþykktinni segir meðal annars:

> 1. gr.
>
> Lundi skal algjörlega friðaður á Heimalandi um hvern tíma árs sem er, en í úteyjum öllum, — þar með talinn Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, — að undanteknum Smáeyjum, Brandi, Hellisey, Súlnaskeri og Geldungnum, allt árið, nema frá því 11 vikur eru af sumri og þangað til fullar 15 vikur eru af sumri. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.
>
> 2. gr.
>
> Svartfugl má eigi veiða á sjóflánum. Sameign hver veiðir fyrir sig svartfugl í bergi með snörum, en háfar skulu alls ekki notaðir til svartfuglaveiði annarsstaðar en uppi í grasi fyrir ofan brúnir. Fuglanet skulu með öllu aflögð. Eigi má gjöreyða fuglinum á neinu bæli. Svartfugl, hvorki ungan nje gamlan, má taka í Súlnaskeri.
>
> 3. gr.
>
> Þegar eigi er veiðiveiður, en legið er við til fuglaveiða, skulu veiðimenn í hverri útey gjöra nýjar lundaholur, 6–8 þumlunga djúpar, og taka gras og arfa úr gömlum holudyrum.
>
> 4. gr.
>
> Hver sameign — og sjereign einnig — skal í byrjun veiðitímans ár hvert kjósa úr flokki veiðimanna umsjónarmann fyrir hverja útey, er sjái um, að samþykkt þessari sje í öllum

[180] Skjal nr. 2(92).
[181] Skjal nr. 4(30).
[182] Skjal nr. 4(30).
[183] Skjal nr. 4(41).
[184] Skjal nr. 4(42).

> greinum rækilega hlýtt. Að launum skal umsjónarmaður sá, er kosinn er fyrir hverja útey fá 1 fugl af óskiptu af hverjum 200, sem veiðast um veiðitímann í þeirri útey.[185]

Breytingar sem einkum lutu að lundaveiðitímabili voru reglulega gerðar á samþykktinni á árunum 1917–1952.[186] Með samþykkt nr. 70/1937 var undanþága frá friðun lunda í tilteknum úteyjum afnumin.[187] Í samþykkt nr. 138/1952 segir meðal annars:

> 1. gr.
>
> 1. gr. samþykktarinnar orðist svo:
>
> Lundi skal algerlega friðaður á heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst.[188]

Í samþykkt nr. 89/1955 um fuglaveiði í Vestmannaeyjum segir:

> 1. gr.
>
> Í Vestmannaeyjum skal lundi algerlega friðaður, bæði á Heimalandi, þar meðtalinn Heimaklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum, nema á tímabilinu frá og með 11. viku sumars og þar til 17 vikur eru af sumri. Engin önnur veiðitæki má nota við lundaveiðar en lundaháf.
>
> 2. gr.
>
> Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ.e. langvía, stuttnefja og álka, friðaður fyrir öllum öðrum veiðitækjum en háf, og veiði þeirra fugla aðeins leyfileg til jafnlengdar lundaveiðum.
>
> 3. gr.
>
> Öll skot eru bönnuð í Vestmannaeyjum á tímabilinu 1. maí til 1. sept. ár hvert […] Einnig eru öll skot bönnuð í Vestmannaeyjum nær nytjuðum fuglabjörgum en 2 km á nefndu tímabili.
>
> 4. gr.
>
> Þar, sem legið er við til lundaveiða í Vestmannaeyjum, skulu lundaveiðimenn taka grassvörðinn af a. m. k. 10 nýjum lundaholustæðum, hver maður á þeim stað, er fyrirliði hvers viðlegufélags álítur heppilegastan með tilliti til nývarps.
>
> 5. gr.
>
> Hver sameign jarða eða séreign skal í upphafi lundaveiðitímans, í samráði við fuglaveiðimenn og fyrirliðakosningu þeirra innbyrðis, kjósa umsjónarmann, sem sjái um, að veiðisamþykkt þessari og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63 21. apríl 1954, sé framfylgt og hlýtt í hverju veiðimannafélagi.[189]

Hinn 31. mars 1891 skrifaði umboðsmaður Vestmannaeyjajarða til oddvita hreppsnefndarinnar varðandi fyrirspurn hans um það hvort hin svokallaða Lambhilla undir suðurbrúninni á Stórhöfða, sem þá hafði lengi verið notuð til hagbeitar af leiguliðum þeim sem áttu fýlungatekju á Stórhöfða, tilheyrði þeim jörðum eða tilheyrði almenningslóðinni og væri þannig til afnota jafnt fyrir allar jarðirnar. Umboðsmaður taldi Lambhillu ekki geta talist fýlabyggð þar sem á svæðinu væru aðeins í mesta lagi 14 til

185 Skjal nr. 4(31).
186 Skjal nr. 4(31).
187 Skjal nr. 4(31).
188 Skjal nr. 4(31).
189 Skjal nr. 4(32).

16 fýlar og því gætu téðir leiguliðar ekki haft neitt sérstakt tilkall til afnota nefnds svæðis til hagbeitar ef þeir væru ekki með sérstaka heimild fyrir slíku í byggingarbréfum eða á annan hátt. Að öðrum kosti kvaðst umboðsmaður ekki geta séð annað en að allar jarðir hefðu jafnan rétt til afnota af Lambhillu sem hagbeitarplássi.[190] Bændur sem áttu fýlungatekju á Stórhöfða skrifuðu þann 11. júlí 1891 til amtmanns þar sem þeir mótmæltu úrskurði eða álitsgerð umboðsmannsins M. Aagaards varðandi hagbeit á Lambhillu. Bændurnir sögðu Lambhillu hafa átölulaust tilheyrt þeim 14 bændum, bæði til hagbeitar og fýlungatekju, sem hefðu haft Stórhöfða til afnota og slíkt hafi verið lengur en 30 ár. Þá voru bændurnir ósammála ýmsum atriðum í áliti umboðsmanns, s.s. um fjölda fýla og vísuðu einnig í 7. gr. byggingarbréfa um að ekki væri heimilt að taka undan jörðum þeirra tún, beitiland og fuglatekju. Bændurnir óskuðu eftir úrskurði Suðuramts um málið.[191] Þann 10. september 1891 skrifaði amtmaður til sýslumannsins í Vestmannaeyjum um bréf bændanna sem áttu fýlungatekju á Stórhöfða. Amtmaður sagðist í bréfi sínu til sýslumanns vera samþykkur úrskurði umboðsmanns.[192]

Í *Stjórnartíðindum* frá 1891 er birt reglugerð nr. 110/1891 um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyjasýslu.[193] Breyting var gerð á 2. gr. reglugerðarinnar með reglugerð nr. 68/1901.[194] Í *Stjórnartíðindum* frá 1919 er birt önnur reglugerð um sama efni, þ.e. reglugerð nr. 170/1919 um fjársöfn, réttarhöld, fjármörk með fleiru í Vestmannaeyjum.[195] Enn önnur reglugerð um fjallskil og fjármörk í Vestmannaeyjum er nr. 5/1958 og birtist í *Stjórnartíðindum* það ár.[196] Ekki er fjallað um úteyjar í þessum þremur fjallskilareglugerðum. Þá er í *Stjórnartíðindum* frá 1974 birt samþykkt nr. 238/1974 um búfjárhald í Vestmannaeyjum.[197] Lögreglusamþykkt nr. 320/1979 fyrir Vestmannaeyjar felldi meðal annars úr gildi þá samþykkt um búfjárhald.[198] Hvorki er í samþykktinni frá 1974 né lögreglusamþykktinni frá 1979 fjallað um úteyjar. Í *Stjórnartíðindum* sem komið hafa út eftir aldamót hafa verið birtar tvær samþykktir um búfjárhald í Vestmannaeyjum. Sú eldri er nr. 727/2003 en í henni segir meðal annars:

> 8. gr.
>
> Vestmannaeyjabær leigir úteyjafélögum nytjarétt í úteyjum öllum að undanskilinni Surtsey til óákveðins tíma en með eins árs uppsagnarfresti miðað við 15. júní ár hvert. Aðskilja skal beitar- og veiðirétt. Þeim sem nytja úteyjar til beitar ber að hafa samráð við landnytjanefnd og búfjáreftirlitsmann um fjölda fjár og fyrirkomulag að öðru leyti.[199]

[190] Skjal nr. 2(187).
[191] Skjal nr. 2(188).
[192] Skjal nr. 2(189).
[193] Skjal nr. 4(33).
[194] Skjal nr. 4(33).
[195] Skjal nr. 4(34).
[196] Skjal nr. 4(35).
[197] Skjal nr. 4(36).
[198] Skjal nr. 4(37), sjá einkum V. kafla um búfjárhald.
[199] Skjal nr. 4(38). Sjá einnig skjal nr. 4(39).

Með samþykkt þessari var felldur úr gildi V. kafli lögreglusamþykktar nr. 320/1979 fyrir Vestmannaeyjar, þ.e. almenn ákvæði um búfjárhald, sem og 12. gr. reglugerðar nr. 5/1958 um fjallskil, fjármörk o.fl. í Vestmannaeyjum, þ.e. um bann við lausagöngu fjár á Heimaey 20. apríl til 15. október ár hvert.[200] Yngri samþykktin um búfjárhald í Vestmannaeyjum er nr. 245/2015. Í henni segir meðal annars:

> 8. gr.
>
> Nytjaréttur í úteyjum.
>
> Vestmannaeyjabær leigir úteyjafélögum nytjarétt í úteyjum öllum, þ.m.t. Heimakletti, Ystakletti og Miðkletti, að undanskilinni Surtsey, til óákveðins tíma en með eins árs uppsagnarfresti miðað við 15. júní ár hvert. Aðskilja skal beitar- og veiðirétt. Um þá sem hyggjast nýta úteyjar til beitar gilda sömu reglur og á Heimaey nema umhverfis- og skipulagsráð ákveði annað, og skulu þeir, eins og aðrir sækja um leyfi samkvæmt 2. gr.[201]

Hinn 22. febrúar 1897 skrifaði landshöfðingi til amtmanns yfir Suður- og Vesturamti um Einidrang og Geirfuglasker. Fjallað var um stöðu þeirra gagnvart landhelgi landsins eða eins og segir í bréfinu:

> Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 15. janúar 1897 skrifað mjer á þessa leið:
>
> „Í tilefni af fyrirspurn sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um, hvort hinar óbyggðu eyjar eða sker Einidrangur og Geirfuglasker, beri að telja með íslenskri landeign, þannig að landhelgi beri að reikna ¾ mílu frá tjeðum eyjum eða skerjum, sem sjeu í nokkurri fjarlægð, Einidrangur 1 mílu og Geirfuglasker ¾ mílu frá hinum öðrum eyjum tjeðrar sýslu, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. septbr. f. ár., leitað álits ráðuneytisins um ofangreint atriði og látið þess um leið getið samkvæmt skýrslu sýslumannsins, að í Geirfuglaskeri sje fuglatekja, en Einidrangur sje að engu notaður og að fiskimið sýslubúa nái allt að Geirfuglaskeri; ennfremur hafið þjer látið í ljósi, að það væri yðar álit, að báðar hinar umræddu eyjar eða sker, sem standi upp úr sjó, beri að telja í landhelgi og þarafleiðandi verði landhelgi að reiknast frá þeim, sjá Resolution 22. Febrúar 1812 sbr. Kancelii brjef 16. og 22. December 1845.
>
> Útaf þessu undan fellir ráðaneytið eigi, eptir að hafa skrifast á við sjómálaráðaneytið um málið, að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Vestmannaeyjum að hinar umræddu eyjar og sker beri að telja með íslenskri landeign, þannig að vanaleg landhelgisfjarlægð verði að reiknast frá þeim.“
>
> Þetta tilkynnist yður hjermeð herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.[202]

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands eru varðveitt gögn um vitamál á Íslandi. Með bréfaskrifum á árunum 1901–1905 var rætt um byggingu vita í Vestmannaeyjum. Þar voru ræddar ýmsar hugmyndir um staðsetningu vita, meðal annars á Stórhöfða og á Elliðaey og hvort slíkur viti myndi nýtast sem innsiglingarviti.[203]

Hinn 2. desember 1927 skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um tillögur stjórnar Búnaðarfélags Íslands um fyrirkomulag ræktunar og útskiptingar lands í Vestmannaeyjum. Í bréfinu kemur til að mynda

[200] Skjal nr. 4(38).
[201] Skjal nr. 4(39).
[202] Skjal nr. 2(186).
[203] Skjöl nr. 2(209)–2(213).

fram sú tillaga að ekkert sauðfé né geitfé yrði haft í Heimaey nema innan girðingar og í fjalllendi eyjarinnar, þ.e. Stóra-Klifi, Dalsfjalli og Sæfjalli. Önnur tillaga var að þeim jarðarábúendum sem bjuggu á jörðum þar sem tún lágu innan verslunarlóðarinnar yrði úthlutað tveimur hekturum af landi auk túnanna. Þessi ráðstöfun yrði látin haldast meðan viðkomandi aðilar héldu ábúð á jörðunum samkvæmt byggingarbréfi en þegar þeim yrði sleppt myndu gilda sömu leiguskilmálar um þær spildur og um önnur erfðafestulönd í Vestmannaeyjum. Enn fremur kemur fram að tún nefndra jarða yrðu þá leigð sérstaklega til afnota sem tún eða byggingarlóðir og þá sérstaklega leigð hlunnindi þau er jörðunum höfðu fylgt, þ.e. hagaganga í úteyjum, eggja- og fuglatekja.[204]

Hinn 2. september 1929 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um erindi jarðarábúenda um afnot fjalllandsins í Vestmannaeyjum. Í bréfinu kemur fram að bæjarfógetinn áleit réttast að fjöllin á Heimaey yrðu í framtíðinni látin fylgja þeim jörðum sem hefðu meira land og ætlast var til að yrði fremur til frambúðar gegn því að jarðarábúendur girtu þau. Hann lét þess einnig getið að hann mundi ekki eftir því að jarðarábúendurnir hefðu sett fram kröfur um fjöllin sem skilyrði fyrir samþykki sínu á skiptingu landsins.[205]

Hinn 5. desember 1929 skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um að réttast væri að ábúendum hinna eldri býla yrði eftirlátinn rétturinn til fjalllendisins á Heimaey með því skilyrði að svæðið yrði girt.[206]

Hinn 7. janúar 1930 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til ýmissa jarðarábúenda um að atvinnumálaráðuneytið hefði fallist á tillögu hans um afnot bændanna á fjöllunum, þ.e. að þau fylgdu þeim býlum sem hefðu sjálfstætt beitiland gegn því að landið yrði afgirt. Hann bað ábúendurna um tillögur um afnotin og hvenær menn treystu sér til að girða af landið.[207]

Hinn 29. júlí 1930 sendi Auðunn Oddsson umsókn til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem hann óskaði eftir tveimur hekturum af landi til ræktunar vestan á útnorðurhorni á Stórhöfða.[208]

Hinn 3. nóvember 1930 sendi Árni Sigfússon umsókn til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem hann óskaði eftir útmældri lóð til ræktunar á Stórhöfða eða öðrum stað á eyjunni.[209]

Hinn 5. nóvember 1930 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til atvinnumálaráðuneytisins varðandi Stórhöfða. Í bréfinu er vitnað í skýrslu Pálma Einarssonar búfræðings frá 17. janúar 1927 um land og jarðveg í Heimaey. Þar kom fram að Stórhöfði hafi verið 29,06 hektarar af ræktanlegu landi. Af því landi höfðu verið útmældir sex hektarar en annað hafði ekki verið útmælt, enda hefði ekki verið sóst eftir því landi. Það

[204] Skjal nr. 2(94).
[205] Skjal nr. 2(95).
[206] Skjal nr. 2(96).
[207] Skjal nr. 2(97).
[208] Skjal nr. 2(98).
[209] Skjal nr. 2(99).

þótti langt frá kaupstaðnum og aðeins stuttu áður hefði verið lagður vegur þangað. Bæjarfógetinn áleit að vitavörðurinn fengi töluvert land sem myndi fylgja sem hlunnindi starfsins. Áður en nýjar umsóknir um ræktanlegu landi á Stórhöfða yrðu teknr fyrir bað hann ráðuneytið að skera úr um hve mikið land væri hæfilegt fyrir vitavörðinn.[210]

Hinn 17. desember 1930 skrifaði vitamálastjóri til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um útmælingu á landi í Stórhöfða undir vita. Vitamálastjóra þótti mikilvægt að fá útmælda hæfilega stóra lóð þar sem vitavörður gæti haft hana til ræktunar. Hann nefndi að það hefði verið girt svæði í kringum vitann í leyfisleysi og hefði vitavörðurinn unnið að ræktun þess. Ástæðan hefði meðal annars verið sú að komast hjá átroðningi á svæðinu austan við vitann en það svæði var blásið upp og rúður í vitanum teknar að skemmast vegna þess. Vitamálastjóri gerði athugasemdir við tillögur Pálma Einarssonar, ráðunauts Búnaðarfélags Íslands, um hvernig lóðartakmörk ættu að vera og um stærð svæðisins. Enn fremur óskaði hann eftir því að gengið yrði frá útmælingu og girðingu þannig að vitavörðurinn hefði ávallt óhindraðan aðgang að lendingunni.[211]

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands eru varðveitt gögn um ræktunarland á Stórhöfða og leigumála þar fyrir vitavörð. Bréfaskrifin eru frá árunum 1931–1934 og voru milli Búnaðarfélags Íslands, atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, vitavarðar á Stórhöfða, vitamálastjóra og byggingarfulltrúa. Um var að ræða land sem var 23 hektarar að stærð en byggingarfulltrúi hafði mælt upp land, u.þ.b. ⅔ hluta höfðans, til afnota fyrir vitavörð.[212]

Hinn 6. maí 1931 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til bæjarstjórans þar um land Vestmannaeyjakaupstaðar sem bæjarstjórnin hafði óskað eftir að hafa endurgjaldslaust. Bæjarfógeti sagði kaupstaðinn hafa mun meira land eftir ákvörðun frá árinu 1927 og að það væri þegar endurgjaldslaust. Bæjarfógetinn lagði til að gerður yrði samningur um það land sem kaupstaðurinn hefði til umráða meðal annars með ákvæði um að hann yrði endurskoðaður eftir 50 ár en að ríkisstjórnin réði þá hvernig hann yrði.[213]

Hinn 7. júní 1931 byggði umboðsmaðurinn yfir Vestmannaeyjajörðum Vestmannaeyjakaupstað allt óbyggt land frá Skansakletti meðfram fjallinu (Hlíðarbrekkur, Skiphellaflöt) inn að Hásteini og þaðan meðfram fjallinu og veginum inn í Herjólfsdal, þann dal allan og landið þaðan inn að og meðfram Kaplagjótu alla leið til sjávar. Fram kemur að uppdráttur Búnaðarfélags Íslands hafi sýnt hvar takmörkin voru gagnvart ræktunarlóðunum. Enn fremur byggðist bæjarfélaginu Brimhólalaut og Helgafellsdalur og sýndi uppdráttur Búnaðarfélags Íslands takmörkin gagvart aðliggjandi ræktunarlóðum og landi jarðanna. Landið skyldi vera leigulaust en byggðist um óákveðinn tíma þannig að umboðsstjórnin gat svipt bæjarfélagið leiguréttinum að öllu eða einhverju leyti með

[210] Skjal nr. 2(100).
[211] Skjal nr. 2(101).
[212] Skjöl nr. 2(214)–2(219).
[213] Skjal nr. 2(102).

eins árs uppsagnarfresti. Þá var það skilyrði að ekkert af landi þessu yrði leigt eða lánað einstökum mönnum til afnota nema með samþykki umboðsstjórnarinnar heldur væri það ætlað almenningi í Vestmannaeyjum til frjálsra afnota undir umsjón bæjaryfirvalda. Samningurinn var staðfestur 7. september 1931 af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.[214]

Hinn 7. júlí 1931 skrifaði atvinnumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um erindi jarðarbænda um notkun óræktaðs lands í eyjunum frá 27. júní 1931. Í bréfinu kom fram að ráðuneytið hefði samþykkt með bréfi dagsettu 5. desember 1929 að girða ýmis fjöll. Nú væri kominn upp ágreiningur þar sem bændur héldu því fram að undir „Fjöllin“ heyrði meðal annars Stórhöfði. Einnig kemur fram að bæjarfógeti hafði boðið hestaeigendum að láta þá fá beitarland á Stórhöfða ef þeir settu þar upp girðingu. Enn fremur kemur fram í bréfinu að eftir kenningu bænda ættu þeir að hafa rétt yfir Herjólfsdal og öllu landi á Stórhöfða en að öll skjöl sýndu og sönnuðu að það væri rangt.[215]

Hinn 25. ágúst 1931 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til atvinnumálaráðuneytisins um bréf vitamálastjóra varðandi lóð undir vita á Stórhöfða. Í bréfinu er vísað í bréf ráðuneytisins frá 7. júlí 1931 vegna ágreinings við jarðarábúendur vegna útmælinga á Stórhöfða.[216]

Hinn 25. nóvember 1931 skrifaði Búnaðarfélag Íslands til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins bréf um ræktað land í Vestmannaeyjum. Bréfið var svar til umsagnar um bréf bæjarfógetans í Vestmannaeyjum frá 7. júlí 1931. Í bréfinu er talið upp land á Heimaey sem hafi verið óræktanlegt, þ.e. „Fjöllin“ og sagt að annað land utan kaupstaðarlóðanna teldist hæft til ræktunar. Tekið var fram að hluti af „Fjöllunum“ hafi verið Litli-Höfði en ekki er í bréfinu minnst á Stórhöfða.[217]

Hinn 22. desember 1931 skrifaði Guðjón Björnsson til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem hann lýsti því yfir að hann gerði ekki tilkall til annars eða meira lands en þess sem jörð hans, Vestari-Hlaðbæ á Kirkjubæ, var útskipt og uppdráttur Búnaðarfélags Íslands bar með sér. Hann viðurkenndi því rétt umboðsins yfir Stórhöfða og öðru því landi sem ekki var skipt til neins þegar landskipti fóru fram árið 1927.[218]

Hinn 20. janúar 1932 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til atvinnumálaráðuneytisins um að hann féllist á tillögur Búnaðarfélags Íslands frá 25. nóvember 1931 um ræktað land í Vestmannaeyjum. Jafnframt minnti hann ráðuneytið á að það hefði áður fallist á að láta „Fjöllin“ fylgja hinum svonefndu meiri jörðum í Vestmannaeyjum.[219]

Hinn 17. maí 1932 skrifuðu Matthías Finnbogason, Guðjón Þórðarson, Jón Sigurðsson og Steindór Sæmundsson beiðni til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem þeir

[214] Skjal nr. 2(103).
[215] Skjal nr. 2(104).
[216] Skjal nr. 2(105).
[217] Skjal nr. 2(106).
[218] Skjal nr. 2(107).
[219] Skjal nr. 2(108).

óskuðu eftir að fá til beitar fyrir sauðfé Stóra-Klif, þ.e. fjallið að ofanverðu ásamt Mánaðarskoru og með Manna en Brekkur allar, þ.e. Hlíðarbrekkur, yrðu undanskildar.[220] Umboðsmaður fyrir Vestmannaeyjajörðum leigði hinn 15. júní 1932 fjórmenningunum þrjá og hálfan hektara lands á Stóra-Klifi, sem var á fjallinu ofanverðu ásamt Mánaðarskoru og með Manna, með því skilyrði að þeir settu upp fjárheldа girðingu um nefnt land.[221]

Hinn 21. maí 1932 skrifaði vitamálastjóri til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og óskaði eftir staðfestingu á að útmælt hefði verið land undir vita á Stórhöfða.[222]

Hinn 6. október 1932 gáfu Stefán Gíslason og Sigr. Jónsdóttir Jónatan Jónssyni vitaverði umboð til að ráða hvar vegur yrði lagður í gegnum landið Stórhöfða.[223]

Í greinargerð, dagsettri 22. október 1932, um mælingar á Stórhöfða segir frá skiptingu lands í skákir suður á Stórhöfða. Í greinargerðinni er sagt frá uppdrætti yfir mælingarnar en mælingarnar tóku til Höfðavegar, landamerkja vitans, ræktunarvegar og allra skákanna sem hafi verið jafnstórar. Þá segir að vörður hafi verið hlaðnar í öll horn og víða í beinar línur. Einnig hafi þess verið gætt að láta eftir dálítið bil óskipt meðfram sjó til þess að veiðimenn gætu komist þar hindrunarlaust ferða sinna. Um landamerki vitans og ræktunarlönd á Stórhöfða segir eftirfarandi:

> Landamørkum vitans breytt, frá því sem áður hafði verið ákveðið, á þann hátt, að bein lína er dregin frá sjónum að sunnan, þar sem mørkin áður voru, austan við vatnsból vitans, og til sjávar að norðan, og stefnir hún á svonefndan Napa, bergtanga, sem skagar út í sjóinn.
>
> […]
>
> Yfirleitt er Stórhøfði frjór og vel fallinn til ræktunar; að vísu er ekki jafn-auðvelt að koma øllum skákunum í rækt, ber þá sjerstaklega að tilgreina skákir þær, sem á uppdrættinum eru merktar: XV H og XVI H, en í þeim er rof, sem grassvørður há-høfðans endar á. Það er eigi all-lítil vinna að jafna út rofi þessu og þekja það, en svørðurinn brotnar niður og blæs upp, og þørf er á því að komið sje í veg fyrir þau jarðspjøll, sem af því stafa, áður en langt um líður.[224]

Í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja er varðveitt ódagsett skrá yfir leigumála Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Álseyjar, Suðureyjar og Heimakletts. Í skránni kemur fram hvaða jarðir höfðu hlunnindi í þessum úteyjum. Skráin er frá árslokum 1932 eða yngri þar sem í henni er vísað í samning ríkisstjórnar og jarðabændafélags Vestmannaeyja frá 28. nóvember 1932.[225]

Hinn 30. ágúst 1933 fór fram skoðunargjörð á girðingum þeim sem bændur settu um hin svokölluðu „Fjöll“. Kannaðar voru girðingar á hinum svonefndu Suðurfjöllum og einnig Vesturfjallagirðing.[226]

[220] Skjal nr. 2(109).
[221] Skjal nr. 2(110).
[222] Skjal nr. 2(111).
[223] Skjal nr. 2(112).
[224] Skjal nr. 2(113).
[225] Skjal nr. 2(93).
[226] Skjal nr. 2(114).

Hinn 24. ágúst 1933 skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem samningur við Matthías Finnbogason, Guðjón Þórðarson, Jón Sigurðsson og Steindór Sæmundsson um land á Stóra-Klifi var endursendur. Samningurinn var fallinn niður og ekki kom til að hann yrði staðfestur.[227]

Hinn 7. október 1933 skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem ráðuneytið bað um að láta sem fyrst ganga frá útmælingu á lóð fyrir vitamálastjórnina sem fylgja ætti Stórhöfðavitanum.[228]

Hinn 13. október 1933 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til atvinnumálaráðuneytisins þar sem hann sendi ráðuneytinu uppdrátt að Stórhöfða og um leið skýrslu um mælingu sem hann lét framkvæma á því sem vitaverði var ætlað. Um var að ræða 14 hektara af ræktanlegu landi. Uppdráttinn átti vegamálastjóri og var það eftir tilmælum hans að bæjarfógetinn lét gera nákvæma mælingu til grundvallar væntanlegum samningi við hina æðstu umboðsstjórn um þetta.[229]

Hinn 20. október 1941 skrifaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum þar sem ráðuneytið bað hann um að sjá um umsjón og byggingu nýbýlis á ræktunarlöndum ásamt því að búa til byggingarbréf fyrir nýbýli til handa Páli Oddgeirssyni.[230] Bæjarfógeti skrifaði þann 30. október 1941 til ráðuneytisins og sendi til staðfestingar byggingarbréf Oddgeirs Pálssonar fyrir nýbýli á ræktunarlöndum.[231] Ráðuneytið ritaði bæjarfógeta að nýju þann 13. nóvember 1941 um staðfest byggingarbréf Oddgeirs Pálssonar fyrir nýbýlinu Breiðabakka.[232]

Með byggingarbréfi dagsettu 30. október 1941 byggði umboðsmaður þjóðjarða í Vestmannaeyjum Oddgeiri Pálssyni nýbýlið Breiðabakka. Nýbýlið var myndað úr ræktunarlöndum en þar á meðal var ræktunarland nr. 233 sem var á Stórhöfða. Páll undirritaði bréfið 30. október 1941 og dóms- og kirkjumálaráðuneytið samþykkti það 8. nóvember 1941. Um uppdrátt og landamerkjalýsingu segir eftirfarandi:

> a. Ræktunarlandið í Stórhöfða er merkt nr. 233. Stærð 2,45 ha. Landið liggur í norðausturhorni Stórhöfða. Landið takmarkast þannig: Að austan af hamarsbrún Stórhöfða. að vestan af ræktunarlandi túni Kr. Linnets. að norðan og norðvestan af Höfðavegi og að sunnan af Höfðavegi, er liggur í boga uppá höfðann til suðausturs.
>
> b. Ræktunarlandið merkt XI, XII, XIII, XIV og XV G. svonefnt Breiðabakki. Stærð 4,75 ha. Landið liggur að svonefndri Klauf, sem er gamalt uppsátur, (vík), er skerst inn í Heimaey að vestan syðzt. Landið takmarkast þannig: Að ofan og austur af svonefndum Stórhöfðavegi, að vestan liggur landið að hamarsbrún í sjó fram, sem er syðzti hluti Ofanleitishamars, að norðaustan af Þvervegi milli Steinstaðavegar og Stórhöfðavegar, að sunnan takmarkast landið af línu dreginni milli Stórhöfðavegar og svonefndrar Klaufar (fornt útræði) eins og viðfestur uppdráttur sýnir.[233]

[227] Skjal nr. 2(115).
[228] Skjal nr. 2(116).
[229] Skjal nr. 2(117).
[230] Skjal nr. 2(118).
[231] Skjal nr. 2(119).
[232] Skjal nr. 2(120).
[233] Skjal nr. 2(121).

Hinn 12. febrúar 1951 skrifaði Helgi Benónýsson til umboðsmanns Vestmannaeyjajarða með athugasemdir varðandi skiptingu lands í Vestmannaeyjum árin 1926–1927 og tvo samninga sem gerðir höfðu verið um ræktað land. Í bréfinu er fjallað um þá annmarka sem komu upp eftir skiptingu landsins sem voru meðal annars þannig að Höfðinn var óskiptur og vitamálastjórnin vildi fá hluta af honum, allt hraun, sandar og fjöll á heimalandi var óskiptur bithagi og hörgull á garðalöndum til almennings. Samið hafði verið við bændur um afsal ábúðar á Stórhöfða, bithaga í hraunlandi og girðingar um fjöll á Heimaey þann 28. nóvember 1932. Annar samningurinn var við bændur smærri jarða þar sem þeir afsöluðu sér rétti til bithaga á heimalandi fyrir utan tveggja hektara lands og túns en héldu eftir úteyja hlunnindum, reka og fuglatekju á heimalandi. Hinn samningurinn var við bændur stærri jarða þar sem þeir afsöluðu sér öllum rétti til fjárbeitar og umráða á Stórhöfða og hraunlöndum á Heimaey utan þess lands sem þeim var markað með mælingu árið 1927. Í staðinn fengu þessir bændur undir jarðir sínar Ystaklett, girðingu um fjöllin á Heimaey til fjárbeitar og hesthaga í Helgafellsdal og Herjólfsdal auk þess sem hlunnindi smærri jarðanna skyldu falla óskipt undir stærri jarðirnar jafnótt og þær féllu úr ábúð. Helgi taldi að þetta hefði verið réttarskerðing en engin svoleiðis skerðing hefði komið til fyrir bændur á stærri jörðum í samningnum árið 1927.[234]

Á Alþingi árið 1960 var til umfjöllunar frumvarp um sölu lands í Vestmannaeyjum í eigu ríkisins.[235] Eftir meðferð og umfjöllun frumvarpsins í þinginu voru sett lög nr. 22/1960 um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum sem þá var í eigu ríkisins og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.[236]

Í gjörðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja kemur fram að 17. nóvember 1959 samþykkti bæjarstjórnin „að fela bæjarstjóra að láta athuga hvort fjárhagslega hagkvæmt sé og eðlilegt að bæjarstjórn fari fram á við Alþingi að kaupstaðurinn eignist bæjarlandið eða land allt hér á heimaey“.[237] Hinn 22. febrúar 1960 kom fram tillaga Guðlaugs Gíslasonar bæjarstjóra þar sem hann lagði til „að bæjarstjórn samþykki að fara fram á við Alþingi að fá landið keypt“.[238] Hinn 22. júlí 1960 samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja „að kaupa land allt í Vestmannaeyjum af ríkissjóði Íslands“ á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 29. apríl 1960.[239] Lögin voru nr. 22/1960, um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem þá var í eigu ríkisins, en þau fjölluðu einnig um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum og tóku gildi 10. maí 1960.[240] Með afsali dagsettu 23. ágúst 1960 seldi land-

234 Skjal nr. 2(122).
235 73. mál á 80. löggjafarþingi 1959–1960, sjá skjal nr. 4(44).
236 Skjal nr. 4(40). Sjá einnig frumvarp til laganna o.fl. í skjali nr. 4(44).
237 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*. Bæjarstjórn. B-33/6 Fundargerðabók 1954-1962, bls. 289.
238 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*. Bæjarstjórn. B-33/6 Fundargerðabók 1954-1962, bls. 303.
239 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*. Bæjarstjórn. B-33/6 Fundargerðabók 1954-1962, bls. 316.
240 Skjal nr. 4(40).

búnaðarráðherra Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum sem þá var í eigu ríkisins. Undanskilin sölunni voru prestssetursjörðin Ofanleiti, vitajörðin Stórhöfði, lóð undir hús bæjarfógetaembættisins og lóð undir fangahús, þáverandi flugvallarland auk væntanlegrar þverbrautar upp á 20 hektara og námar og námarréttindi. Einnig kemur fram í afsalinu að einstaklingar, félög og stofnanir sem hefðu lóðir eða landspildur á leigu skyldu halda rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum.[241]

5.3.1 Kornhóll í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Kornhól í Vestmannaeyjum:

> **Kornholl.**
>
> Þar stendur Skantzinn, og þar inne kaupmanns budinn og umbodzmannsens hus.
>
> Bærenn hiet til forna Hôfn, og stód i tuninu skamt fyrer austan Skantzenn. Eydilagdizt þá Skantzinn var uppbygdur.
>
> Hôfn var 2 kyrfodur, og so er Kornholl.
>
> Ábuande er Christoffer Jensen, umbodsmadur yfir Vestmanneyum.
>
> […]
>
> Qvikfienadur er þar nu: 2 kyr, 4 hestar. Item i Ytsta klett: 43 ær, 24 sauder veturgamler, 3 hrutar, sidan i haust. Item i Biarnarey (sem þar er med hlutadeigendanna leyfi) 3 gamalær.
>
> A heyskap þar heima (ɔ: tunenu, eingiar eru ôlldungis eingar) kann fodrast í medal áre 1 kyr.
>
> Hier fyrer utan lætur umbodsmadurinn slá í Ytsta klett, verdur þad stundum 1 kyrfodur, stundum minna.
>
> Kornhol fylger allur Ytste klettur, er sôgn ad einn af þeim gômlu umbodsmônnum hafi hann feinged edur teked fra Kirkiubæ, og lagt aptur til Kirkiubæiar, súlnaveidi i Brandi og Gelldingaskieri, sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey. Eru þeir sem heyrt hafa af sier elldri mônnum, ad þetta sie skied þá Sr. Ormur var prestur ad Kirkiubæ. Ytste klettur er og hefur vered halldenn 50 sauda beit. Hier fyrer utan fylger Kornhol 15 sauda beit i Ellerey, (sem er öll 200 sauda beit)[242]

Á manntalsþingi að Hvítingum 12. júní 1801 var þinglesið forboð til allra frá ábúendum á Kornhóli um þang- eða þaraskurð undir Kornhólstúnum.[243]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Kornhóls sagður óviss. Fram kemur að Kornhóll var konungsjörð með Ystaklettí og hafði þar fjaðra- og eggjatöku. Samkvæmt mati frá rentukammeri árið 1798 var talið að Ystiklettur gæti nýst sem beitiland fyrir 100 kindur í grasgöngu. Dýrleiki jarðarinnar var óviss.[244]

Með byggingarbréfi dagsettu 26. júní 1828 byggði A. Petræus, umboðsmaður konungs, jarðirnar Kornhól og Miðhús ásamt hálfeyjunni Ystaklettí. Með voru hlunn-

[241] Skjal nr. 2(220).
[242] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 3, skjal nr. H-7.
[243] Skjal nr. 2(73).
[244] Skjal nr. 2(27).

indi, s.s. hagaganga fyrir 30 sauði í Elliðaey og 24 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri og dráp á fýlunga og lunda í Ystakletti.[245]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. desember 1830 byggði umboðsmaður konungs N. N. Bryde jörðina Kornhól. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Bryde undirritaði bréfið 15. desember 1830.[246]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. september 1846 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs N. N. Bryde kaupmanni jörðina Kornhól. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Bryde undirritaði bréfið 1. júní 1847.[247]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Kornhóls ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein segir að Árni Magnússon hafi sagt jörðina hafa áður heitið Höfn en að hún hafi svo verið flutt í Skansinn og að umboðsmaður hafi þar búið. Þá segir að Ystiklettur hafi verið talinn með og að árið 1805 hafi hann verið nógu stór fyrir 100 fjár. Þar hafi allir Heimaeyjarbændur haft beitarrétt. Nú sé Ystiklettur orðinn lénseyja sýslumanns. Eyjan verði ekki byggð.[248]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Kornhól:

> Kornhóll. –
>
> Bygging þeirrar jardar hefur kaupmaður N. N. Bryde. Túnid er stórt og liggur við Sjóin hvaðan hægt er að flitja nægilegann áburð, með litilli fyrirhöfn edur kostnaði; á heima landi má hafa 2. kyr 2. hesta og 12. Saudkindur og i Ellirey er hagbeitin fyrir 15 Saudi. –
>
> Lundaveidin í tjedri Ey er hin besta og fylunga tekjan í medallagi. I jardabókinni er landskuldin ekki tilgreind, enn eptir Umbodshaldarans Reikningum sidan 1820, hafa Ábuendurnir svarað 1 hundrað 60 fiskum sem nú borgast með peningum, samkvæmt þeirri árlega gyldandi Verdlagsskrá á hördum fiski. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - - - 430 Rbd[249]

Með byggingarbréfi dagsettu 26. nóvember 1910 byggði umboðsmaður konungs Herluf Bryde jarðarpartinn Kornhól. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Herluf undirritaði bréfið 5. desember 1910.[250]

5.3.2 Miðhús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Miðhús í Vestmannaeyjum:

[245] Skjal nr. 2(123).
[246] Skjal nr. 2(124).
[247] Skjal nr. 2(223).
[248] Skjal nr. 4(1), bls. 20.
[249] Skjal nr. 2(52).
[250] Skjal nr. 2(125).

> **Midhus.**
>
> 2 kyrfódur.
>
> Abuendur Steinn Hallvardzson og Þorvalldur Jonsson, sinn á hveriu kyrfodre.
>
> […]
>
> Qvikfenadur er, hia Steini Hallvardzsyne 2 kyr, 1 hestur, item i haust ed var í uteyar selt 9 ær, 2 sauder gamler, 2 þrevetrer, 2 tvævetrer, 2 lömb, hia Þorvallde 1 kyr, 1 kapall, 3 ær á Heimaeyunni og ein gimbur veturgömul. Item i uteyum, 8 ær, 3 sauder tvævetrer (i haust ed var), 1 3vetur, 2 lömb.
>
> A tunenu fódrast ríflega 1 kyr.
>
> […]
>
> Midhúsum fylger 15 sauda beit i Ellerey, item hiallur 1 i Skipasande, og fiskegardar nærri Skilldingafiöru.[251]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Miðhúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð. Beitarrétt hafði jörðin í Elliðaey en einnig fjaðra- og eggjatöku.[252]

Með byggingarbréfi dagsettu 26. júní 1828 byggði A. Petræus, umboðsmaður konungs, jarðirnar Kornhól og Miðhús ásamt hálfeyjunni Ystakletti. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 30 sauði í Elliðaey og 24 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri og dráp á fýlunga og lunda í Ystakletti.[253]

Með byggingarbréfi dagsettu 11. október 1831 byggði umboðsmaður konungs Sigurði Jónssyni jörðina Miðhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Sigurður undirritaði bréfið en undirritunin er ódagsett.[254]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Miðhúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein segir að árið 1806 hafi jörðin verið með beitarrétt í Hellisey.[255]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Miðhús:

> Midhús
>
> Ábuandinn er Medhjálpari Sigurdur Jónsson túnid er stort nokkuð, og áburd má fá fyrirhafnar litið frá Sjónum. Þó fæst ekki af því nema rúmlega 1. Kyrfódur; enn á öllu ödru tilliti hefur jördin sömu innitjar og ítök sem Kornholl. Landskuldin er, eptir þeirri löggyldtu jardabók frá 1760 2 hundruð Fiskar sem svarast arl. med 1ᵘ Skipspundi 10 Lísipundum af hördum Fiski in natura Samt gjeta menn ekki sjed neina skinsamlega astædu fyrir því, ad þessi Jörd skuli vera Landskuldar hærri enn Kornhóll eda Gjábakki sem hjernærst fylgir. – Þessvegna er hún einungis virdt fyrir -- 370 Rbd[256]

Með byggingarbréfi dagsettu 31. maí 1867 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Vigfúsi Einarssyni jarðarpartinn hálf Miðhús. Með voru hlunnindi, s.s. haga-

[251] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 4, skjal nr. H-7.
[252] Skjal nr. 2(28).
[253] Skjal nr. 2(123).
[254] Skjal nr. 2(126).
[255] Skjal nr. 4(1), bls. 20.
[256] Skjal nr. 2(52).

ganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri. Vigfús undirritaði bréfið 2. júní 1867.[257]

Með byggingarbréfi dagsettu 29. desember 1886 byggði umboðsmaður konungs Guðlaugi Vigfússyni jarðarpartinn hálft Miðhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey og Súlnaskeri. Guðlaugur undirritaði bréfið 29. desember 1886 og amtmaður samþykkti það 10. febrúar 1887.[258]

5.3.3 Gjábakki í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Gjábakka í Vestmannaeyjum:

> **Giábacke (tveir bæer).**
>
> 4 kyrfódur.
>
> Abuendur Oddur Svarthöfdason og Hakon Jonsson, sinn i hverium bæ.
>
> […]
>
> Qvikfenadur hiá Odde 3 kyr, 1 kapall, 14 ær heima á eyunne, 4 sauder veturg. I Ellerey 6 ær, 2 sauder 3vetrer, 2 tvævetrer, 3 veturgamler, sidan i haust ed var. Item eitt haustlamb,
>
> hiá Hakoni 2 kyr, 1 kapall, 13 ær heima, 1 saudur tvævetur, og 3 veturgamler og heima. I Ellerey sidan i haust, 1 saudur 4 vetra, 3 tvævetrer, 4 veturgamler.
>
> Fodrast kunna þar á tódunne allre 3 kyr.
>
> Heimilismenn hiá Odde eru 7, hiá Hakoni og 7.
>
> Jórdunni fylger 30 sauda beit i Ellerey, 2 hiallar, annar heima vid bænn, og annar i Skipasande. Item fiskegardar hiá Midhusagördum.[259]

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1792 var tekið fyrir að bjóða upp til ábúðar jörðina Gjábakka en ekkert boð fékkst.[260]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Gjábakka sagður óviss. Jörðin var konungsjörð. Beitarrétt hafði jörðin í Elliðaey og einnig fjaðra- og eggjatöku.[261]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 25. maí 1810 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Jörðin Steinsstaðir var slegin séra Jóni Arasyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni, Dalir Einari Sigurðssyni, Brekkuhús Þórði Sigurðssyni og Gjábakki B. Björnssyni.[262]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 13. maí 1811 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Gjábakki, hálf jörðin Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Brekkuhús og Dalir voru tilslegnar ábúendum.[263]

---

257 Skjal nr. 2(224).
258 Skjal nr. 2(127).
259 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 4, skjal nr. H-7.
260 Skjal nr. 2(71).
261 Skjal nr. 2(29).
262 Skjal nr. 2(69).
263 Skjal nr. 2(66).

Við uppboðsrétt að Kornhóli 3. október 1812 var tekið fyrir að bjóða upp til ábúðar jörðina Gjábakka og var hún slegin hæstbjóðanda, Grími Pálssyni.[264]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Magnúsi Jónssyni jörðina Austur-Gjábakka. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Magnús undirritaði bréfið 29. júní 1824.[265]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Gjábakka ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein segir að árið 1806 hafi jörðin verið með beitarrétt í Hellisey.[266]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Gjábakka:

> Gjábakki. –
>
> a. Vestri-jördin, Ábuandinn er Jón Einarsson túnid er stórt og slett og liggur sumpart í Skjóli og fódrar árlega hartnær 1 ½ kú. –
>
> Jardarinnar innitjar og ítök eru hin sömu sem á Kornhól. Landsuldin 1 hundrað 60 Fiskar borgast með hördum fiski in natura. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - - - 370 Rbd
>
> b. Eystri jördin frá hverri Kammerrád Abel nú flitur. Túnid er ad sönnu stórt, enn þó svo mjög undirorpid þeim h[vassgei]stlegu austanvindum og Sjódrifi, ad það med bestu rækt og umhyrdingu naumlega gefur af sjer kyrfódur. Innitjar ítök og landskuld er hin sama sem tilgreind er við Kornhól N^{r} 2.
>
> Virdingar upphædin er - - - - 300 Rbd[267]

Með byggingarbréfi dagsettu 17. maí 1851 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Eiríki Hanssyni jarðarpartinn Austur-Gjábakka. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Eiríkur undirritaði bréfið 17. maí 1851.[268] Með byggingarbréfi dagsettu 17. júní 1868 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Ingimundi Jónssyni jarðarpartinn Vestri-Gjábakka. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Ingimundur undirritaði bréfið 17. júní 1868.[269]

Með byggingarbréfi dagsettu 8. desember 1894 byggði umboðsmaður konungs Þorkeli Jónssyni jörðina Eystri-Gjábakka. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 um lundaveiðar. Þorkell undirritaði byggingarbréfið 13. desember 1894 og amtamður samþykkti það 5. febrúar 1895.[270]

[264] Skjal nr. 2(72).
[265] Skjal nr. 2(128).
[266] Skjal nr. 4(1), bls. 20.
[267] Skjal nr. 2(52).
[268] Skjal nr. 2(225).
[269] Skjal nr. 2(226).
[270] Skjal nr. 2(129).

5.3.4 Vilborgarstaðir í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Vilborgarstaði í Vestmannaeyjum:

> **Vilborgarstader**, 8 sundur skilder bæer, og 9de Háfegardur.
>
> 16 kyrfódur med Háfagarde, sem stendur i tunenu skamt fra hinum bæiunum.
>
> Abuendur jardarennar
>
> Magnus Erlendsson Jon Palsson Sigvalldi Jonsson Jon Petursson Gudmundur Gislason Herborg Biarnadotter Þorsteinn Valldason; sinn i hverium bæ, og hefur sier hver 2 kyrfodur, sem sier hvers bæ fylgia og fylgt hafa.
>
> Petur Petursson hefur 1 kyrfodur og byr sier i lage.
>
> Hreidar Jonsson byr i Háfagarde, og fylger þvi byle 1 kyrfodur.
>
> […]
>
> Qvikfenadur hiá
>
> Magnuse Erlendzs. 2 kyr, 1 hestur, 1 kalfur. I Heima klett og uteyum, (er þangad var lated i haust) 15 ær, 4 sauder þrevetrer, 5 tvævetr, 6 veturgamler.
>
> Jone Palssyne 1 kyr, 1 hrosskapall, 1 ær og 1 gimbur veturgömul heima, item i eyum 4 ær, 1 saudur tvævetur.
>
> Sigvallda Jonssyni 1 kyr, 1 qviga gelld, 1 hestur, 2 ær, item i uteyum 5 ær, 1 saudur veturgamall, 2 lømb.
>
> Jone Peturssyne 2 kyr, 1 hestur. I eyum 6 ær, 2 sauder 3vetrer, 4 tvævetrer, 3 lømb.
>
> Gudmunde Gislasyne 1 kyr, 1 hross, 3 ær, 2 lömb heima. I eyum 4 ær, 1 saudur þrevetur, 1 lamb.
>
> Hia Herborgu Biarnadottur 2 kyr, 1 hestur, 1 ær heima. I Heimaklett 4 ær og 3 lømb er þangad sett voru i haust.
>
> Þorsteine Valldasyne 2 kyr, 1 hross, 5 ær, 1 saudur 2vetur, 2 lømb heima. Item i eyum 15 ær, 1 saudur 3vetur, 1 saudur 2vetur, 2 veturgamler, 8 haustlømb.
>
> Petri Peturssyne 1 kyr, 1 leiguhross. I Heimaklett i haust 1 ær, 1 lamb.
>
> Hreidare Jonssyne i Háfagarde, 1 kyr, 1 hross, 1 ær heima, önnur i Heimaklett.
>
> Fodrast kunna á tunum iardarennar 10 kyr.
>
> Heyskap eiga Vilborgarstadamenn i Heimaklett, sem árlega svara kann gilldu kyrfodre, enn heyed seigest ad vera æred kostliett, og heyskapurinn ur máta ördugur, sökum hættrar og tæprar kletta gaungu.
>
> Heimilismenn Magnusar Erlendzs. eru 5, Jons Palssonar 5, Sigvallda 5, Jons Peturssonar 4, Gudmundar 3, Herborgar 4, Þorsteins Valldasonar 4, Peturs 4, og Hreidars 5.
>
> Villborgarstaudum fylger Heimaklettur og Midklettur (sem samfaster eru og 40 sauda beit). Item 25 sauda beit i Sudurey, sem skiptast á allt ad iafnade medal ábuendanna. Item fylgia iördunni 9 hiallar i Skipasande, og fiskegardar under Há, i einu takmarke.
>
> A Vilborgarstaudum i tuninu er vatzbol, hvar til sækia aller þeir kringumliggiande bæjer sumar og vetur, mæta Vilborgarstadamenn hier af stórum átrodninge kauplaust, hvad þeim þungt þiker, iafnvel þótt þeir umliggiande bændur sieu skyllder til ad hreinsa vatzboled og hallda þvi vid magt þá oskad er.[271]

[271] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 5–6, skjal nr. H-7.

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1803 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundsyni og Brekkuhús voru slegin Jóni Ásgeirssyni. Þá var Vilborgarstaðapartur Jóns heitins Árnasonar sleginn Jóni Arasyni. Einnig var fjallað um Ofanleiti og Norðurgarð en sökum skemmda á dómabók sjást ekki upplýsingar um hverjir tóku þær jarðir til ábúðar.[272]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Vilborgarstaða sagður óviss. Jörðinni tilheyrðu Heimaklettur og Miðklettur. Jörðin var konungsjörð. Þá segir að jörðin hafi beitarrétti í Elliðaey.[273]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni hálfa jörðina Háagarð. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir þrjá sauði í Suðurey, þrjá sauði í Heimakletti og sex sauði á heimalandi ásamt fuglaveiði í áminnstum stöðum og í Almenningsskeri með sameigendum. Fram kemur að æðarfuglavarp var friðað bæði á heimalandi og í úteyjum. Einnig kemur fram að ábúandi átti ekki að slá fýlunga eða gras á heimalandi eða í úteyjum fyrr en hann hefði ásamt sameignarmönnum verið reglulega kallaður. Í bréfinu er einnig greint frá úttekt á jörðinni frá 29. ágúst 1823. Byggingarbréfið var staðfest 19. júní 1824.[274]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. september 1846 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Christian Abel jarðarpart á Vilborgarstöðum. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Heimakletti, Suðurey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Christian Abel undirritaði bréfið 29. desember 1846.[275]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Vilborgarstaða ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein segir að jarðabók frá 1760 telji þar undir Háfagarð með sjö býlum, en að hann sé hvergi annars staðar nefndur. Þá segir að árið 1806 hafi Heimaklettur og Miðklettur heyrt undir jörðina og að hún hafi átt beitarrétt í Hellisey.[276]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Vilbogarstaði:

> Vilborgarstadir. –
>
> a. Nordurbærinn Abúendurnir eru Jón Magnusson og kaupmaður Ch Abel, sem hvor fyrir sig hefur helming jardarinnar. Landskuldinn er 1 hundrað 30 Fiskar, sem sá fyrrnefndi borgar með 75 Fiskum in natura, enn hinn sidarnefndi með peningum, eptir Verdlagsskranni á hördum Fiski. Hagbeitin á Heimalandinu er fyrir 1. Kú 1. Hest og 12. Saudkindur, sömuleidis í Heimakletti fyrir 8 enn Sudurey 6. Saudi litil slægja í Heimakletti fylgir jördinni og er sá litli heyskapur þar undir orpinn talsverdum annmörkum og fyrirhöfn. Med bestu rækt og pössun fódrar jördin naumlega 1ª Kú. – Lundaveidin þarámóti er rétt gód og fylaungatekjan med þeim bestu leigumálum, enn undireins hin ördugasta og kostnadarsamasta. Þessi jörd er metin fyrir 340 Rbd

[272] Skjal nr. 2(75).
[273] Skjal nr. 2(30).
[274] Skjal nr. 2(130).
[275] Skjal nr. 2(227).
[276] Skjal nr. 4(1), bls. 20.

b. Vestasti hladbærin Ábuandin er Ekkjan Helga Jónsdóttir. Túnid er litid enn þó grasgefid, og yfir höfud fylgja jordinni sömu innitjar eins og Nr 5a. Landskuldin er hin sama edur 1 hundrað 30 Fiskar sem borgast árlega með hördum Fiski. –

Jördin er metin fyrir - - 340 Rbd

c. Miðhladbærinn Ábuendurnir eru Jon Sigurdsson og Brinjulfur Jónsson, sem hvor hefur helming jardarinnar. Túnid liggur sumpart í skjóli og sumpart á háum hól. Jardarinnar hlunnindi og Innitjar, samt Landskuld sem borgast med hördum Fiski, er öldungis samhljóda vid Nr 5a. og virdingar upphædin 350 Rbd

d. Háigardur þar búa bændurnir Sigurdur Jónsson og Magnus Sigurdsson, á sinum helmingnum hvor. Túngardar eru þar aungvir enn í tilliti til Túnstærdar hlunninda og Landskuldar er jördin jöfn þeirri nærstgreindu og er metin fyrir - - - - 340 Rbd

e. Austastihladbærinn Ábuandinn er Magnús Olafsson. Túnid er med þeim minstu enn liggur innani annara túnum, svo aungvum túngördum þarf vid ad halda, ad ödru leyti hvad landskuld og gjaldmáta snertir er jördin jöfn nærst undan gángandi. –

Hún er metin fyrir - - - - 330 Rbd

f. Nyrösti midbærin ábuendur Jon Pálsson og Arni Jónsson hafa halfa jördina hvor. –

Túnid er med þeim stærri í þeim leigumála enn liggur hátt. Slægjan í Heimakletti sem fylgir þessari jörd sem hinum ödrum, er med þeim betri Enn allar innitjar og Landskuld eru samhljóda nærstu jördu

Virdingin er - - - - 340 Rbd

g. Midbærinn Ábúandin er Eyrikur Eyriksson Túnid sem er það minsta i þeim leigumála (~~gefur~~) enn liggur lágt og er grasgefid, gefur af sjer tæplega kyrfódur med slægjunni í Heimakletti sem er í medallagi. Enn í tilliti til als annars gyldir hid sama um þessa jörd sem þær nærst undan gángandi. og er hún því metin fyrir - - - - - 330 Rbd

h. Austastibærinn ábuandinn er Einar Sigurdsson. Túnid er med þeim stærstu á þeim leigumála, enn liggur þó ad mestu leiti opid fyrir þeim hvössu austanvindum. Enn med slægjunni í Heimakletti sem er í meðallagi, framfærir það nú sökum lángvaranda grasræktar og umhyrdingar fódur rúmlega fyrir 1a Kú. Ad öllu ödru gyldir um þessa jörd þad sem um hverja af hinum nærstu er til greint. Jördin er nú metin fyrir – 350 Rbd[277]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. júní 1862 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs hálflendu á Vilborgarstöðum til J. Salmonsens. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Heimakletti, heimalandi og Suðurey og fuglatekja í Súlnaskeri. Salmonsen undirritaði bréfið 15. júní 1862.[278]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. desember 1881 byggði umboðsmaður konungs Ólafi Magnússyni jarðarpartinn Mið-Hlaðbæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Hellisey og Stórhöfða. Ólafur undirritaði bréfið 1. desember 1881 og amtmaður samþykkti það 16. febrúar 1883.[279]

Með byggingarbréfi dagsettu 30. maí 1896 byggði umboðsmaður konungs Gísla Engilbertssyni jarðarpartinn hálfan Austasta-Hlaðbæ á Vilborgarstöðum. Með voru

277 Skjal nr. 2(52).
278 Skjal nr. 2(228).
279 Skjal nr. 2(131).

hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sex sauði í Heimakletti, þrjá sauði í Suðurey og sex sauði á Heimaey og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Klifi og Geirfuglaskeri. Enn fremur er í bréfinu bent á samþykkt um fuglaveiðar frá 16. júlí 1895 og vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 um lundaveiðar. Gísli undirritaði byggingarbréfið 30. maí 1896 og amtmaðurinn samþykkti það 18. júní 1896.[280]

Með byggingarbréfi dagsettu 23. febrúar 1901 byggði umboðsmaður konungs Magnúsi Jónssyni jörðina Mið-Hlaðbæ á Vilborgarstöðum. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 12 sauði í Heimakletti, sex sauði í Suðurey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Klifi og Geirfuglaskeri.[281]

5.3.5 Kirkjubær í Vestmannaeyjum

Í máldaga Nikulásarkirkju í Kirkjubæ er Árni biskup Þorlaksson setti haustið 1269 segir eftirfarandi um eignir og ítök:

> Nicholass kirkia j vestmanna eyivm ä kirkiubæ ä land ä Bilustodum kv oc ær vj […] þangad liggia til prestz kavps: fiska tijvnder halfar: oc suo annars veidiskapar þess sem þar er tyvndad. þangad liggia til kirkiutyvnder allar ad helminge: oc so vaxtollur: enn helmingur til Peturs kirkiv þeirrar: er firi ofan leiti er:[282]

Í öðru bindi af *Íslenzku fornbréfasafni* er birt skjal á latínu frá 31. júlí 1280 um Kirkjubæ í Vestmannaeyjum og að þar hafi verið stofnuð kirkja í nafni erkibiskups og heilags Nikulásar. Í inngangsorðum útgefanda um skjalið segir að af því stafi hinar norsku fiskitíundir í Vestmannaeyjum.[283]

Í máldaga kirkjunnar í Kirkjubæ í Vestmannaeyjum frá 1491–1518 segir meðal annars:

> kirkian a land þar j eyiunum er heiter ad Bilustodum oc þar til uj kŷr. xuj ær. hest oc hross.[284]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir Nikulásarkirkju á Kirkjubæ og Péturskirkju að Ofanleiti frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Nichulas kirkia i Vestmannaeijium ä Kirkiubæ ä land ä Bijlustødum.[285]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Kirkjubæ í Vestmannaeyjum:

> **Kirkiubær,** 6 bæer sundur skilder.
>
> 16 kyrfodur.
>
> Abuendur eru:

[280] Skjal nr. 2(132).
[281] Skjal nr. 2(133).
[282] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 66, skjal nr. 4(66).
[283] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 191–192, skjal nr. 4(67). Í yfirskrift útgefanda segir einnig að með bréfinu hafi Skálholtsbiskup gefið Mikjálsklaustri í Björgvin Vestmannaeyjar til ævinlegrar eignar en það er ekki í samræmi við texta bréfsins.
[284] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 43, skjal nr. 4(68).
[285] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 666, skjal nr. 4(70).

Presturenn Sr. Oddur Eyolfsson, og fylgir hans bæ 6 kyrfodur. Jon Olafsson, hans bæ fylgia 2 kyrfodr. Jon Þorarinsson, hans bæ fylgia 2 kyrfodr. Jon Nikulasson, hans bæ fylgia 1 ½ kyrfodr. Einar Magnusson, hans bæ fylgia 1 ½ kyrf. Þordr Þorleifsson, hans bæ fylgia 3 kyrfodr.

[…]

Qvikfenadur er hiá

Sr. Odde Eyolfss: 3 kyr, hestar 4, 3 ær, 1 saudur tvævetur, 3 veturgamler, heima. I uteyum sidan i haust 22 ær, 3 þrevetrer, 5 tvævetrer, 4 veturgamler, lómb 5.

Jone Olafssyne 2 kyr, 1 hross, 10 ær, 1 saudur tvævetur, 3 veturgamlir heima. Item i eyum 6 ær, 1 saudur þrevetur, 5 veturgamler, haustlómb 4.

Jone Þorarinssyne 1 kyr, 1 kapall, 3 ær, 1 veturgemlingur, heima. I eyum 2 ær, 2 sauder veturgamler, 3 haustlómb.

Hiá Jone Nikulasssyne 1 kyr, 1 hross, 6 ær, 2 gemlingar heima. Item i eyum 2 ær, 1 saudur þrevetur, 1 saudur veturgamall.

Einare Magnusssyne 2 kyr, 1 hestur, 9 ær, 5 gemlingar heima. I eyum 10 ær, 3 saude gamla, 1 saudur þrevetur, 5 sauder veturgamler, 3 lómb sidan i haust.

Þorde Þorleifssyni 2 kyr, 1 hestur, 1 hross. I eyum 1 ær, 1 saudur veturgamall.

Fodrast kunna

á parte Sr. Odds 4 kyr.

á hinum 10 kyrfodrum 7 kyr.

Heimilis menn Sr. Odds eru 9. Jons Olafssonar 6, Jons Þorarinssonar 3, Jons Nikulasssonar 5, Einars Magnussonar 5, Þordar Þorleifssonar 5.

Kirkiubæ fylgia Gelldunga skier (hvar ad er sulnaveide), β item Brandurinn (su ey) hvar og er sulnaveide og 13 saudabeit. Item 25 saudabeit i Sudurey, á mots vid Vilborgarstade β (eyen er öll 50 sauda beit) Er almenn gamallra manna sögn, sem fyrskrifad er, ad einn af þeim gómlu umbodsmönnum hafi þessa sulnaveide i Brandenum og Gelldunga skiere tekid fra sveitinne og feinged Kirkiubæ fyrer Ytsta klett. Eirninn heyrer Kirkiubæ til beit i Hrauney, sem er 4 sauda beit.

Item fylgia Kirkiubæ:

2 iardar hiallar, sem Sr. Oddur hefur, einn í Skipasande og annar austur vid sióenn, á Urdum.

1 hiallur i Skipasande, er Jon Olafsson hefur, og ætlar til ad iardar hiallur verde epter hans dag, iafnvel þott hann erft hafe efter sinn fódur, enn hann keypt af þeim, er lifdi i herleidingartídenne og fyrer hana. Sá rietti jardarhiallur stód annars á Urdum, og hefur i eydi legid sidan bann efter umbodzmannsens Hans Christianssonar skipun nidurbrotinn var.

1 iardarhiallur i Sande, sem Jon Þorarinsson hefur, hver nidurfallinn var, þá hann til iardarinnar kom, og eraf honum uppbygdur.

1 jardarhiallur i Skipasande, sem Einar Magnusson hefur. Item annar iardarhiallur hiá honum heima vid bænn.

Jon Nikulassson hefur eingann iardar hiall, enn brukar einn sem stiupbarn hans á og erft hefur efter fódur sinn, en hann keypt fyrer 15 alner.

Þordur Þorleifsson hefur engann iardar hiall, enn brukar einn, sem hann feinged hefur af Hans Christiansyne Kaun, þá hann umbodsmadur var, enn Hans Christianson tok þann sama hiall i 30 fiska skulld epter einn buanda á Eyunum. Þordur meinar annars, ad sinnar iardar hiallur eige ad vera sá sem Stigur Jonsson i Vestur husum nu brukar,

> og hann (Stigur) keypt hefur fyrer 1 slettan dal af Sal. Andrese Sveinssyni þá umbodsmadur var.
>
> Fiskegarda hafa Kirkiubæiar menn epter þórfum, er liggia nærri Vilborgarstada gördum.
>
> β Hlunnindi þesse bruka presturinn og hialeigumenn ad iardarmagni.[286]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Kirkjubæjar sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og kirkjulén Vestmannaeyjaprestakalls. Jörðinni tilheyrðu Geldingasker, Brandur og Hellisey. Fram kemur að fiskveiðar voru stundaðar þaðan og selveiðar, fuglatekja og eggjatekja í eyjunum.[287]

Hinn 29. júní 1822 fór fram úttekt á prestakalli Kirkjubæjar. Í úttektinni segir eftirfarandi um hlunnindi Kirkjubæjar:

> Hlunninde kyrkju bæar: Skér og utejar Géldingasker og Brandurin, ~~í Brandin 7er~~[a] ~~og~~ [ad] er Sulnaveidi; i Brandin 7 er og 13 Sauda beit sem kirkju bæarmönnum tilheyrir. – Saudabeit á kirkjubær ad helmingi vid Vilborgarstadi i Sudurej sem voru 25 Sauda beitir, því Sudurey öll var ad fornu male 50 Saudabeit; en nu er su [Eÿ] svo betrud ad grasvexte nordanmote ad hun er alitin 96 Saudabeit, hvoraf kirkiubæarmenn hafa 48. og brukar Hlunninde þessi hvor eptir Jardar megni.[288]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Ólafi Guðmundssyni hálfa jörðina Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir þrjá sauði í Suðurey og sex sauði á heimaeyjunni og fuglaveiði á þeim stöðum og í Brandi, Geldungi og Almenningsskeri. Ólafur undirritaði bréfið 19. júní 1824.[289]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. september 1846 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Sveini Sveinssyni hálfa jörð á Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Suðurey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Sveinn Sveinsson undirritaði bréfið 9. nóvember 1846.[290]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Kirkjubæjar ekki getið en fram kemur að hún var lénsjörð prestsins. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður segi prest hafa að auki þrjár jarðir að léni sem þó eru ekki nefndar. Þá segir að árið 1806 heyri undir jörðina Geldingasker, Brandur og Hildisey.[291] Á öðrum stað í *Jarðatali* er fjallað um mat á Vestmannaeyjabrauði, annars vegar Kirkjubæ og Ofanleiti. Þar segir meðal annars frá beitarítölu og veiði í ýmsum eyjum, eða eins og fram kemur*:*

> Í heimalandi er beitar ítala fyrir 40 fjár, og á hálfri Bjarnarey fyrir 64 fjár, en heima má halda 4 hesta. Hve mikið lénsjörðunni ber að tiltölu af fílúngadrápi, verður eigi með vissu sagt, en eptir úttektum bera Ofanleitis prestakalli eyjarnar Hani, Hæna og Hrauney, og eru þar mest og hægust uppgrip af veiði þessari. Nú þar á moti (1839) gjörir umboðsmaður konúngs kröfu um hálfa veiðina á eyjunum. Ofanleiti ber einnig fíladráp að helmíngi í Ofanleitishrauni og Bjarney; sömuleiðis ítak í fíla- og súlnadrápi í Súlnaskeri, móts við 48 eyjarbúa, og hvert áttunda ár fílúnga dráp í Geirfuglaskeri.

[286] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 6–8, skjal nr. H-7.
[287] Skjal nr. 2(31).
[288] Skjal nr. 2(183).
[289] Skjal nr. 2(134).
[290] Skjal nr. 2(229).
[291] Skjal nr. 4(1), bls. 21.

[…]

Eptir að brauðin, með kon. bréf 7. Juni 1837, voru lögð saman, hefir Vestmannaeyja prestur 408 fiska afgjald af þremur einbýlisjörðum Kirkjubæjar; en jörð þessi hefir beitarítölu í heimalandi fyrir 38 og á Suðurey fyrir 18 fjár, fuglveiði talsverða, móts við aðrar jarðir, í Brandi, Geldíngaey og Flugum, svo og ítak í sömu veiði í Súlna- og Geirfuglaskerjum.[292]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Kirkjubæ:

Kyrkjubær. –

a. Norðurbærinn ábuandinn er Olafur Guðmundsson Tún þessarar jardar er álitid ad vera það stærsta í þessum leigumála, og framfærir því med gódri rækt fóður fyrir 1ª Kú. Þaradauki fylgir jördinni hagbeit í Sudurey fyrir 6 enn á Heimalandi 12. Saudi og 1 hest. Fylaungatekjan er hin besta enn lundaveidin sú stopulasta, og yfirhöfud sú lakasta, þegar á alt er litid. Eptir jardabókinni er landskuldin 1 hundrad 16. Fiskar, sem borgast árlega með hörðum Fiski. –

Jörd þessi er metin fyrir - - - - - 300 Rbd

b. Miðhladbærinn ábuendurnir eru Eyrikur Hansson og Sveinn Sveinsson, sem hvor hefur hálfa jördina, og svarar sá fyrrnefndi – landskuldinni hálfri edur 68 Fiskum með hördum Fiski, enn sá sidarnefndi með peningum, eptir Verdlagsskránni. Tun þessarar Jardar er í medallagi ad stærð og gjædum að öllu ödru leyti, fylgja þessari jörd sömu innitjar sem nærstu jördu Nr 6.a.-

Virdingin er - - - - - 280 Rbdr

c. Vestasti hlaðbærinn ábuendur eru Ekkjurnr Gudrun Ormsdóttur og Steinunn Einarsdóttir. Eptir Túnstærðinni framfærir jörðin eitt Kyrfódur. Enn ad öllu ödru leyti bædi hvað innitjar og Landskuld snertir, er jördin jöfn Nr 6.a. og er metin fyrir - - - - - 280 Rbdr

d Austasti hlaðbærinn. Ábuandinn er Magnús Oddsson. Túnid er í medallagi að stærd og gjædum, og framfærir naumlega 1. Kú, hlunnindi og itök eru hin sömu sem á nærstu jördu. Landskuldin 1 hundrað 16 Fiskar borgast með peningum eptir pris á hörðum Fiski í hvers árs Verðlagsskrá

Jörð þessi er virdt fyrir - - - - 280 Rbdr

e. Einbylisjördin Tún svonefnd yfirrádandi þeirrar jarðar er verslunar fulltríu C. Möllers Túnið er það minnsta, af Kyrkjubæar túnum, enn að gjædum í medallagi, því framfærir það tæplega 1ª Kú. Alt annað er jafnt sem á nærstu Jördu og eins Landskuldin 1 hundrað 16 Fiskar, sem borgast með peningum eptir pris á hördum Fiski í Verdlagsskránni árlega. –

Jördin er metin fyrir - - - 260 Rbdr

f. Bænhofid þar byr nú Ekkjan Ingibjörg Erasmusdóttir. Túnid er í medallagi ad stærd, og framfærir naumlega 1ª Kú, ad ödru leyti gyldir um jördina það sama sem sagt er um nærstu jardir hvad hlunnindi og hagbeit snertir. Jardarleigan 1 hundrað 16 F. borgast með hördum Fiski, Virdingin er - - - 280 Rbd

g. Sydstibærinn þar byr Stúdent Olafur Magnusson, þessi jörd er ad öllu sam hljóda nærstu jördu og er því metin eins edur fyrir - - - - 280 Rbd

h. Gördum ábuendur Gisli Andrisson og Jón Beikir Austmann, sem hvör hefur hálfa jörðina. Jörðin er í eitt og alt samhljóda nærstu jördu nema túnid álitst litið eitt lakara.

Hún er virdt fyrir - - - - 270 Rbdr

[292] Skjal nr. 4(1), bls. 22–23.

> Athugagrein. –
>
> Þessar 3 – seinast töldu jarðir (f.g.h.) útgjörðu það fyrrum svonefnda Kyrkjubæar prestakall sem með Konungs Urskurði þann 1837. var sameinað við Ofanleitis, nú Vestmannaeya Prestakall.[293]

Í yfirliti yfir helstu upplýsingar úr byggingarbréfi dagsettu 30. júní 1850 kemur fram að umboðsmaður konungs hafði byggt Möller jörðina Tún á Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sex sauði í Suðurey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í „almennings, eður Súlnaskeri“.[294]

Með byggingarbréfi dagsettu 20. ágúst 1861 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Birni Einarssyni hálfa jörð á Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Suðurey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Björn undirritaði bréfið 20. ágúst 1861.[295] Með byggingarbréfi dagsettu 1. apríl 1865 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Bjarna Magnússyni heila jörð á Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Suðurey og heimalandi og fuglatekja í Brandi, Geldungi og Súlnaskeri. Bjarni undirritaði bréfið 6. maí 1865.[296]

Með byggingarbréfi dagsettu 13. júní 1893 byggði umboðsmaður konungs Ísleifi Guðnasyni jörðina Austasta-Hlaðbæ í Kirkjubæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sex sauði í Suðurey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Brandi, Geldungi og Súlnaskeri. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 varðandi lundaveiðar. Ísleifur undirritaði byggingarbréfið 13. júní 1893 og amtmaður samþykkti það 12. júlí 1893.[297]

Í ódagsettu fasteignamati kemur fram að jörðin Austasti-Hlaðbær á Kirkjubæ var byggð Þorbirni Guðjónssyni og var í eigu ríkissjóðsins. Með voru hlunnindi, s.s. hagbeit fyrir fimm sauði í Suðurey, vetrarbeit fyrir þrjú lömb í Brandi og egg og fugl fyrir 95 krónur. Líklegt er að matið sé frá árinu 1925.[298]

5.3.6 Presthús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Presthús í Vestmannaeyjum:

> **Presthus** (tveir bæier samfaster, med einum anddyrum).
>
> 4 kyrfódur: Reiknast tuned fyrer 3 kyrfodur, hvert ed liggur ei allskamt frá bænum, áfast vid Vesturhusatun, en bærenn stendur á iadre Kirkiubæiar tuns. Þad 4.da kyrfodred er i Ellerey, hvar Presthusamenn meiga ad frialsu heya i óskiptu fyrer eina ku. Og á þesse iórd alleina, og einginn ónnur, sitt veniulegt itólu heytak i uteyum.
>
> Abuendur Þorvalldur Kiartansson og Olafur Gudmundzson.
>
> […]

[293] Skjal nr. 2(52).
[294] Skjal nr. 2(135).
[295] Skjal nr. 2(230).
[296] Skjal nr. 2(231).
[297] Skjal nr. 2(136).
[298] Skjal nr. 2(137).

> Qvikfenadur hia Þorvalldi 1 kyr, 1 hestur ungur, hia Olafe 1 kyr, 1 leigukapall, 1 ær heima.
>
> Fodrast kunna 2 kyr rumlega, þá heyed næst ur Ellerey, annars l ½ kyr.
>
> Heimilismenn hia Þorvalldi 5, hia Olafi 5.
>
> Iǫrdunne fylger (sem aller gamler menn seigia) 26 sauda beit i Ellerey. Item 1 hiallur i Skipasande, sem Þorvalldur seigir iǫdunne frammveiges fylgia meiga, þó hann henne ei til sín fylgt hafe, helldur sier feingenn af Hans Christianssyne, hver hann keypt hafi af Gudmundi nockrum Jonssyne lausamanne, enn hann hiallenn feinged til eignar, af þeim er hann i fyrstu af velle uppbygde (hvar vid nærstadder kunnuger menn og kannast). Annar iardar hallur er og i Skipasande. Item fylgia iǫrdunne gardar nægeleger, nærri næst skrifudum fiskegǫrdum.[299]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Presthúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð. Hún hafði grasgöngurétt í Elliðaey.[300]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Hans Guðmundssyni jörðina Vestur-Presthús. Með voru hlunnindi, s.s. fóður fyrir hálfa kú og hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey, hagabeit fyrir 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri.[301]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Presthúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að jarðabækurnar telji hér fjögur kýrfóður og að Árni Magnússon telji eitt á Hellisey enda segi að árið 1806 sé þar útigangur frá Presthúsum.[302]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Presthús:

> Presthús
>
> a. Eystrijörðin ábuandinn er hreppstjóri Gisli Jónsson. Túnið sem jörðinni fylgir liggur 180 faðma frá bænum, og er hið minsta af öllum túnum, nefnilega fyrir hálfa kú, hversvegna slægja á Ellirey fylgir jörðinni, (á svonefndum Suðurflötum) sem í rauninni gefur af sjer rúml. ½ kýrfóður, enn örðugleikin að ná því þaðan árlega kostar 15 til 20 Rbd. Lundaveiðin í Ellirey er hin besta, hvar jörðin einnig hefur hagbeit fyrir 15 Saudkindur, og á heimalandi fyrir 1ª Kú 1. Hest og 12. Saudi. Fylunga tekjan þaramóti er hin litilfjörlegasta. Landskuldin 100 Fiskar borgast með hördum Fiski – þess ber að gjeta, að þeim litla túnbletti fylgja aungvir túngardar.
>
> Jördin er virdt fyrir - - - - - 250 Rbd[r]
>
> b. Vestari jörðin hvar nú byr Jon Jónsson er að öllu leyti jöfn nærstnytedri jörð og eins hvað landskuld snertir, og er hún því virdt fyrir - - - - - 250 Rbd[r][303]

Með byggingarbréfi dagsettu 20. ágúst 1861 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jarðarpartinn hálft Presthús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Jón Jónsson undirritaði bréfið 20. ágúst 1861.[304] Með byggingarbréfi dagsettu 15. júní 1862 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Birni Einarssyni jörðina Presthús. Með voru

[299] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 8–9, skjal nr. H-7.
[300] Skjal nr. 2(32).
[301] Skjal nr. 2(138).
[302] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[303] Skjal nr. 2(52).
[304] Skjal nr. 2(232).

hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Björn undirritaði bréfið 15. júní 1862.[305]

Með byggingarbréfi dagsettu 18. nóvember 1884 byggði umboðsmaður konungs Þorsteini Jónssyni jarðarpartinn Vestri-Presthús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey og Súlnaskeri. Þorsteinn undirritaði bréfið 18. nóvember 1884 og amtmaður samþykkti það 29. nóvember 1884.[306]

Með byggingarbréfi dagsettu 11. maí 1896 byggði umboðsmaður konungs Magnúsi Vigfússyni jarðarpartinn hálft Vestari-Presthús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey og Súlnaskeri. Enn fremur er í bréfinu bent á samþykkt um fuglaveiðar frá 16. júlí 1895 og vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 um lundaveiðar. Magnús undirritaði byggingarbréfið 11. maí 1896 og amtmaður samþykkti það 29. maí 1896.[307]

5.3.7 Oddstaðir í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Oddstaði í Vestmannaeyjum:

> **Oddstader**, tveir bæer samfaster.
>
> 4 kyrfodur.
>
> Abuendur Sigurdur Sólmundzson og Clemens Jonsson, sinn á hverium tveimur.
>
> […]
>
> Qvikfenadur er hiá Sigurde 1 kyr, 1 tvævett tryppe, 1 leigufærleikur, hiá Clemense 1 kyr, 1 færleikur, 2 ær og 1 saudur tvævetur, I veturgamall heima. Item i eyum 5 ær og 1 saudur veturgamall sidan i haust.
>
> Fodrast kunna 3 kyr.
>
> Heimilismenn hia Sigurde 4, hia Clemense 6.
>
> Jórdunne fylger 30 sauda beit i Ellerey. Item iardarhiallur 1 i Skipasande, og fiske-gardar hiá Presthusa górdum.
>
> Hiall i Skipasande hefur medferdis Sigurdur Sólmundzson, hvern hann feinged hefur af Andrese Sal. Sveinssyni fyrer slettan dal, enn Andres teked i skulld af fatækum manne, er bió i Þorlaugargerdi. Seiger Sigurdur sig gillde eins þott hiallurenn efter sinn dag iórdunne fylge, þar annar sa rietti iardarhiallurenn af einhverium fyrri mönnum burtbrialadur sie.[308]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Oddstaða sagður óviss. Jörðin tilheyrði sýslumannsembættinu. Fjallað er um engjastykki í Elliðaey.[309]

---

[305] Skjal nr. 2(233).
[306] Skjal nr. 2(139).
[307] Skjal nr. 2(140).
[308] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 9–10, skjal nr. H-7.
[309] Skjal nr. 2(33).

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Þorbjörgu Jónsdóttur jörðina Austur-Oddstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri.[310]

Með byggingarbréfi dagsettu 4. september 1847 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Þorgeirssyni jörðina Oddstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Jón Þorgeirsson undirritaði bréfið 6. september 1847.[311]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Oddstaða ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi Oddstaðir verið lagðir til sýslumannsseturs en eigi sé þess nú getið. Einnig segir að árið 1806 fylgi hér engjastykki í Hellisey.[312]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Oddsstaði:

> Oddstadir. –
>
> a. Eystrijörðin ábuandinn er bóndinn Jón Þorgeirsson, tún þessarar jardar er eitt af þeim stærstu, og gjæti því með gódri rækt efalaust framfært 1 ½ Kú. Jörðinni tilheyrir hagbeit í Ellirey fyrir 15 enn á Heimalandi 12 Sauðkindur 1ª Kú og 1. Hest. Lundaveiðin í Ellirey er hin besta, enn fylungatekjan hin minsta Landskuldin er 1 hundrað 60 Fiskar, hverjum ábúandin svarar með peningum, eptir prís á hördum Fiski í hvers árs Verdlagsskrá. –
>
> Jörð þessi er metin fyrir - - - 370Rbd
>
> b. Vestari jörði ábuandin er Ekkjan Madama Boel Jonsdóttur. Jördin sem í tilliti til túnstærdar hagbeitar og landskuldar, sem borgast með hördum Fiski, er jöfn nærstu jördu er því einnig Virdt fyrir - - - - - - 370 Rbd[313]

Með byggingarbréfi dagsettu 16. júní 1866 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Þorsteini Jónssyni jarðarpartinn Oddstaði eystri. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri. Þorsteinn undirritaði bréfið 16. júní 1866.[314]

Með byggingarbréfi dagsettu 8. mars 1891 byggði umboðsmaður konungs Sigfúsi Árnasyni þjóðjörðina Eystri-Oddstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Hellisey og Stórhöfða. Sigfús undirritaði bréfið 8. mars 1891, amtmaður samþykkti það 19. mars 1891 og var gerð breyting á því 28. maí 1904.[315]

Hinn 2. apríl 1928 fór fram sáttafundur í Vestmannaeyjum þar sem leitað var um sættir milli Einars Jónssonar í Norðurgarði og Péturs Guðjónssonar á Oddstöðum. Ágreiningurinn fjallaði um veiði í Súlnaskeri og skaðabætur þar að lútandi. Sáttatilraunin reyndist árangurslaus og var málinu vísað til dómstóla.[316] Með dómi Hæsta-

[310] Skjal nr. 2(141).
[311] Skjal nr. 2(234).
[312] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[313] Skjal nr. 2(52).
[314] Skjal nr. 2(235).
[315] Skjal nr. 2(142).
[316] Skjal nr. 2(143).

réttar 11. desember 1929 í máli nr. 18/1929 var Pétur Guðjónsson sýknaður af kröfu Einars Jónssonar um greiðslu skaðabóta fyrir veiði í Súlnaskeri vorið 1927 á þeim grundvelli að Einar Jónsson hefði ekki verið í hópi þeirra bænda sem áttu veiði í Súlnaskeri 1927.[317]

5.3.8 Búastaðir í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Búastaði í Vestmannaeyjum:

> **Buastader**, tveir bæer sundurlauser.
>
> 4 kyrfodur.
>
> Abuendur Biarne Þorarinsson og Eyolfur Jonsson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur hiá Bjarna 2 kyr, 1 hross, 3 ær, 1 gemlingur heima, 6 ær i eyum, item 1 saudur tvævetur, 1 veturgamall, 1 haustlamb. Hia Eyolfi 2 kyr. 1 hross, 3 sauder veturg. heima. I eyum 1 saudur gamall, I þrevetur, 2 ær.
>
> Fodrast kann á tǫdum
>
> á parte Biarna 1½ kyr naumlega, á parte Eyolfs 1½ kyr rumlega, þvi sá parturinn er betri, og tuned nockud utauked.
>
> Heimilismenn hiá Biarna 5, hiá Eyolfi 6, og vistlaus qvennsvift ad auke.
>
> Iǫrdunne fylger 30 saudabeit i Ellerey, item l iardarhiallur. Annar hiallur hefur fra iǫrdunne fordum brukadur vered, hvern Guttormur Andresson umbodzmadr (epter þvi sem sagt er) tok i skulldarnafne, epter buandann á Buastǫdum daudann. Epter Guttorm eignadizt hiallenn Andres Sveinsson, og feck hann einum sinum þienara. Hefur sidan þesse hiallur sǫlum fared til þess hann nu er i eign Sr. Gissurs Peturssonar, prests i Vestmannaeyum. Abuandinn hefur annars medferdis einn hiall, sem kona hans erft hefur epter fǫdur sinn. Fiskegardar Buastada eru næst Oddstadagǫrdum.[318]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Búastaða sagður óviss. Jörðin var konungsjörð.[319]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Önnu Guðmundsdóttur jörðina Suður-Búastaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri.[320]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Búastaða ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi.[321]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Búastaði:

> Búastadir
>
> a. Nyrðri jörðin þar býr nú bóndinn Páll Jónsson. Túnið sem er með þeim stærstu, gjæti með góðri rækt af sjer gefið 1 ½ kyrfóður; ~~enn~~ Enn öll önnur ítök og hlunnindi eru jöfn

[317] Skjal nr. 4(9).
[318] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 10, skjal nr. H-7.
[319] Skjal nr. 2(34).
[320] Skjal nr. 2(144).
[321] Skjal nr. 4(1), bls. 21.

> sem á nærstu jördu. Jardarleigan er 1 hundrað 20 Fiskar sem borgast með hördum Fiski in natura. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - - - 370 Rbd[r]
>
> b. Syðri jörðin þar býr nú Sigurdur Torfason Tún þessarar jardar er álitid eitt það stærsta hjerverandi jarðartún, og mundi því með gódri rækt gjeta framfært alt að því 2 Kyr. Ad ödru leyti er jördin jöfn nærstu jördu. Landskuldin sem einnig er jöfn sem á nærstu jördu edur 1 hundrað 20 Fiskar borgast með peningum eptir prís á hördum Fiski í Verdlagsskránni.
>
> Virðingar upphædin er - - - - 380 Rbd[r][322]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. maí 1850 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Sigurði Torfasyni jarðarpartinn Syðri-Búastaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Sigurður undirritaði bréfið 15. maí 1850.[323]

Með byggingarbréfi dagsettu 31. maí 1867 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs H. E. Thomsen kaupmanni jarðarpartinn Nyrðri-Búastaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri. Thomsen undirritaði bréfið 2. júní 1867.[324]

Með byggingarbréfi dagsettu 9. júní 1894 byggði umboðsmaður konungs J. N. Thomsen jörðina Nyrðri-Búastaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri og Hellisey. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðinga frá 20. nóvember 1889. Thomsen undirritaði byggingarbréfið 9. júní 1894 og amtmaður samþykkti það 18. júní 1894.[325]

5.3.9 Vesturhús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Vesturhús í Vestmannaeyjum:

> **Vesturhus**, tveir bæer samfaster.
>
> 4 kyrfodur.
>
> Abuendur Stigur Jonsson og Jon Sigurdson sinn á hverium tveimur.
>
> […]
>
> Qvikfenadur hia Stige 2 kyr, 2 hross, 7 ær, 4 sauder veturg. Item i eyum 6 ær, 3 sauder tvævetrer, 3 veturgamler, 4 lømb.
>
> Hiá Jone 2 kyr, 1 hross, 4 ær, 1 saudur tvævetur, 1 veturgamall heima. I eyum 3 ær, 2 sauder veturgamler i haust ed var, 2 lømb.
>
> Fodrast á heyum 2 kyr rumlega.
>
> Heimilismenn hiá Stige 7, hiá Jone 5.

[322] Skjal nr. 2(52).
[323] Skjöl nr. 2(145) og 2(236).
[324] Skjal nr. 2(237).
[325] Skjal nr. 2(146).

> Jórden á einga saudabeit i uteyum, enn almenn sógn gamallra manna er ad hun eige, fyrer utan sína ítólu, beit i heimalande (heimaeyunne), sumer seigia um vetur alleina, sumer sumar og vetur. Enn eingenn þikest víst vita hvad margra sauda beit þetta sie, eda vera eige.
>
> Fiskegardar fylgia iórdunne nærri Oddstada gaurdum.
>
> Hiallar aungver fylgia iórdunne, hvad ábuendum báglegt þyker.
>
> Annars bruka bader ábuendur hialla i Skipasandi, hver sinn, hefur Stigur sinn keypt af Andrese Sal. Sveinssyni, enn Jón sinn feinged med konu sinne, hver hann erft hafde epter barn þad sem erft hafdi fódur sinn, enn sá same madur hafdi hiallenn erft epter þann, sem hann af velli bygt hafde.[326]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki Vesturhúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð.[327]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 16. maí 1812 var tekið fyrir málefni er varðaði viðhald á túngörðum Vesturhúsa er nokkrir menn vildu losna undan. Þar segir eftirfarandi:

> Fram kom Þorsteinn Gudmundsson á Vesturhúsum med Angiefníngu um ad Einar, Magnús og Þorvaldur ej vilie leingur uppihalda parti af Vesturhúsa Tungórdum, enn Einar Sigurdsson, og Magnús Jónsson uppasvarar ad þeir ecki vilje uppihalda Vesturhúsa Túngordum m. m. sökum þess ad sier hafi þad aldrej skickad nie skipad verid hvar uppá Retturinn svarar: ad þar sem þeir ecki géta heimuglega forlíkast herum, þá vísast þeim til Forlíkunar nefndarinnar og umbodshaldarans med þessa Sok, fyrr enn þeir leiti Rettarins Urskurdar herum[328]

Mótmæli komu fram síðar, hinn 20. september 1820 mótmæltu ábúendur Vesturhúsa lögfestu Dala sem hafði verið upplesin við kirkjuna í Vestmannaeyjum 30. júlí 1820, en í mótmælunum sagði eftirfarandi:

> Þad upp ver lesed ved Kirkuna i Sumar, og kallad Logfesta under nofnum Bændanna á Dölum Jons Helgasonar og Gudmundar Biarnasonar, hvar med þeir til Einkudu ser hagbeit i Alsej, hvör Hagbeit í Langa tíð hér til heirt Vesturhusum ouppataled. Ockur Vesturhusa ábuendum er strángt uppalagt, ad Láta Ecke frá ockar abilis Jördum neitt af þeirra Hlunnindum burtusetta, undir utbyggingar Sök. – Jfilgi hér af uppatölum vid, ádur aminstan upplestur, og uppastöndum hann ónitan og kraftlausann, og firibiódum Dala bændum, ad beita edur ser i nit ad færa, þann Deil, er Vesturhúsum hefur i Langa tíd fylgt af Saudbeit i ádur nefndre Eju Alsej, alt þangad til ad yfervaldanna úrskurdur, þar uppa kémur ockur firer Sion og heirn, ad sá umtalade Deill, sé virkelega Dala Eign enn ei Vesturhúsa. – Þessa Lögfestunnar Motsögn oskum vid ad Hreppstórin, vottanlega upplese fyrer Dalabændum og sidan afhendist Syslumanns fullmegtugum H^ra M. Bergmann til ad hann vilde láta Sér þoknast ad innfæra sömu motsögn i Protokollin. – Vesturhusum þann 20^t Septtbr. 1820
>
> Gudridur Einarsdottir Ecka
>
> Þorsteirn Gudmundsson[329]

Hinn 15. ágúst 1821 fór fram sáttafundur í Vestmannaeyjum þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli ábúenda Dala annars vegar og ábúenda Vesturhúsa hins vegar.

---

326 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 10–11, skjal nr. H-7.
327 Skjal nr. 2(35).
328 Skjal nr. 2(67).
329 Skjal nr. 2(70). Lögfestan er í sama skjali en texti hennar er birtur í kafla 5.3.13 um Dali.

Dalamenn höfðu ákært ábúendur Vesturhúsa fyrir að hafa nýtt hlut sem tilheyrt hafi Dölum í Álfsey til hagbeitar og fugls og gegn lögfestu sem birt hafi verið sumarið áður. Engin sátt náðist í málinu og var því vísað til réttargangs aðgjörða.[330]

Með byggingarbréfi dagsettu 12. júlí 1828 byggði umboðsmaður konungs Jónasi Vestmann jörðina Austur-Vesturhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir sex og hálfan sauð í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Fram kemur að ef maður að nafni Jón á Dölum væri annaðhvort burtfluttur eða látinn fengi Jónas einnig beit fyrir 13 sauði til viðbótar í Álsey. Jónas undirritaði bréfið en undirritunin er ódagsett.[331]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Vesturhúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi.[332]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. ágúst 1848 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Sveini Hjaltasyni jarðarpartinn Vestari-Vesturhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Sveinn undirritaði bréfið 1. ágúst 1848.[333]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Vesturhús:

> Vesturhús. –
>
> a. Eystri jördin ábuandinn er bóndinn Eyolfur Erasmusson. Túnid er i stærra medallagi og framfærir vel 1ª Kú. Hagbeitin í Alsey er fyrir 12 ½ enn á Heimalandi 12 Saudi 1ª Kú og 1. Hest. Lundaveidin er samstemma Nr 10. Fylungatekjan þaramóti með þeim litilfjörlegustu. Landskuldin er 1 hundrað 30 Fiskar Sem borgast með hördum Fiski. –
>
> Virdingar upphædin er - - - - - 340 Rbdr
>
> b. Vestarijörðin, þar býr nú lóðsinn Sveinn Hjaltason. Túnid er álika stórt, og alt annað jafnt sem á nærstu jördu. Landskuldina 1 hundrað 30 Fiska borgar leigulidinn med peningum, eptir pris á hördum Fiski í hvers árs Verdlagsskrá
>
> Jördin er metin fyrir - - - - - 340 Rbdr[334]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. september 1870 byggði umboðsmaður konungs Eiríki Eiríkssyni jarðarpartinn Eystri-Vesturhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 12 og hálfan sauð í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Eiríkur undirritaði bréfið 15. september 1870 og stiftamtmaður samþykkti það 20. október 1870.[335]

Með byggingarbréfi dagsettu 14. janúar 1873 byggði umboðsmaður konungs Guðmundi Þórarinssyni jarðarpartinn Vestari-Vesturhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 12 sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í

330 Skjal nr. 2(147).
331 Skjal nr. 2(148).
332 Skjal nr. 4(1), bls. 21.
333 Skjal nr. 2(238).
334 Skjal nr. 2(52).
335 Skjal nr. 2(149).

Súlnaskeri, Höfða, Erni og Grasleysu. Guðmundur undirritaði bréfið 14. janúar 1873 og stiftamtmaður samþykkti það 26. mars 1873.[336]

Með byggingarbréfi dagsettu 14. febrúar 1893 byggði umboðsmaður konungs Eyjólfi Jónssyni jarðarpartinn hálft Eystri-Vesturhús. Með voru hlunnindi, s.s. haga-ganga fyrir sex og einn fjórða af sauði í Álsey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Erni og Grasleysu. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 varðandi lundaveiðar. Eyjólfur undirritaði byggingarbréfið 14. febrúar 1893 og amtmaður samþykkti það 21. mars 1893.[337]

5.3.10 Ólafshús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Ólafshús í Vestmannaeyjum:

> **Olafshus.**
>
> 2 kyrfodur.
>
> Abuandinn Sigurdur Petursson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur 2 kyr, 2 hestar, 3 ær. I eyum 14 ær, 5 sauder gamler, 3 sauder þrevetrer, 4 tvævetrer, 3 veturgamler, 10 lømb.
>
> Fodrast kann á tunenu 1 kyr.
>
> Heimilismenn 6.
>
> Olafshusum fylger saudabeit i Alfsey, fimtán sem gamler menn seigiast heyrt hafa.
>
> Item fylger jørdunne hiallur i Skipasande, og fiskegardar fyrer innan Skilldingafiøru.[338]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Ólafshúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Álfsey.[339]

Með byggingarbréfi dagsettu 24. nóvember 1825 byggði umboðsmaður konungs Guðmundi Þorlákssyni hálfa jörðina Ólafshús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir sjö og hálfan sauð í Álsey og sex sauði á heimaeyjunni og fýlungatekju á þeim stöðum og í Súlnaskeri.[340]

Með byggingarbréfi dagsettu 12. október 1831 byggði umboðsmaður konungs Guð-mundi Eiríkssyni hálfa jörðina Ólafshús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir sjö og hálfan sauð í Álsey og sex sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Al-menningsskeri. Guðmundur undirritaði bréfið en undirritunin er ódagsett.[341]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. september 1846 byggði sýslumaður og umboðs-maður konungs Jóni Jónssyni jörðina Ólafshús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og

[336] Skjal nr. 2(150).
[337] Skjal nr. 2(151).
[338] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 11–12, skjal nr. H-7.
[339] Skjal nr. 2(36).
[340] Skjal nr. 2(152).
[341] Skjal nr. 2(153).

fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Jón Jónsson undirritaði bréfið 28. desember 1846.[342]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Ólafshúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi.[343]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Ólafshús:

> Ólafshús
>
> Abuandinn heitir Jón Jónsson. Tún þessarar jardar er í medallagi ad stærð, enn liggur vel vid, og er grasgefið, það gefur af sjer rúmlega Kýrfódur. Hagbeitin í Alsey er fyrir 15 Sauði, enn á Heimalandi 12 Saudi 1ª Kú og 1. Hest. Lundaveidin í Alsey, er sökum vegalengdar og annara anmarka mjög stopul, enn Fylaungatekjan í lakara meðallagi Landskuldin sem er 1 hundrað 30 Fiskar borgast með peningum, eptir prís á hördum Fiski í Verdlagsskránni. –
>
> Virdingar upphædin er - - - - 370 Rbdr[344]

Með byggingarbréfi dagsettu 13. maí 1872 byggði umboðsmaður konungs Þ. Jónssyni jarðarpartinn Ólafshús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Þ. Jónsson undirritaði bréfið 13. maí 1872 og stiftamtmaður samþykkti það 3. júní 1872.[345]

5.3.11 Nýibær í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Nýjabæ í Vestmannaeyjum:

> **Nyebær.**
>
> 2 kyrfodur, nu. Meinast i fyrstu ei vered hafa nema 1 kyrfodur adur tuned var utaukid fyrer hier um 60 arum.
>
> Abuanda Vilborg Gudmundzdótter.
>
> […]
>
> Qvikfenadur 1 kyr, 1 hross, veturgamall foli. I uteyum 13 ær, 2 sauder 2vetrer, 4 veturgamler, 9 haustlømb.
>
> Fodrast kann þar á heyum 1 kyr rumlega.
>
> Heimilismenn eru 5.
>
> Jørdunni fylger 15 saudabeit i Alfsey.
>
> Item hiallur i Sandenum og fiskegardar fyrir innan Skilldingafiøru.[346]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Nýjabæjar sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Álfsey.[347]

Með byggingarbréfi dagsettu 4. september 1847 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs M. J. Austmann jörðina Nýjabæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga

[342] Skjal nr. 2(239).
[343] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[344] Skjal nr. 2(52).
[345] Skjal nr. 2(154).
[346] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 12, skjal nr. H-7.
[347] Skjal nr. 2(37).

og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. M. J. Austmann undirritaði bréfið 6. september 1847.[348]

Með byggingarbréfi dagsettu 4. september 1847 byggði umboðsmaður konungs M. Austmann jörðina Nýjabæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Bréfið var staðfest 6. september 1847 án undirskriftar en með C. Abel sem vott.[349]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Nýjabæjar ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi útigangur í Álfsey verið talinn til Nýjabæjar.[350]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Nýjabæ:

> Nyibær. –
>
> Ábuandinn þar er nú Stúdent M: Austmann Túnid er með þeim stærstu edur rumir 3 Eyris vellir, enn allur helmingur þess liggur hátt, og vida eru grjótklappir og urð rétt fyrir nedan grassvördin, þó mundi það með gódri rækt gjefa af sjer getid hey, alt að því fyrir 1 ½ Kú Innitjar hagbeit og landskuld, sem ábuandinn einnig svarar með peningum, er hjer hin sama sem á Olafshúsum, ad því undanteknu að þessari jörd fylgja eptir þeirri löggyldtu Jardabók frá 1760 2. Hestar á Heimalandi hvartil þó í rauninni eingin skinsamleg astæða synist liggja. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - 400 Rbd[351]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. júní 1862 byggði umboðsmaður konungs Þorsteini Jónssyni jörðina Nýjabæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri. Þorsteinn undirritaði bréfið 15. júní 1862 og stiftamtmaður samþykkti það 25. júní 1862.[352]

5.3.12 Gerði (Stórageröi) í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Gerði í Vestmannaeyjum:

> **Gierde.** (Stóragierde)
>
> 2 kyrfodur.
>
> Abuandinn Gudmundur Jonsson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur er: 2 kyr, 1 færleikur, 1 foli 2vetur, 1 ær heima. I eyum 11 ær, 1 þrevetur, 1 tvævetur, 7 veturgamler, 1 haustlamb.
>
> Fodrast kann 1½ kyr, rumlega.
>
> Heimilismenn 8.
>
> Iórdunni fylger 15 saudabeit i Ellerey.

[348] Skjal nr. 2(240).
[349] Skjal nr. 2(155).
[350] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[351] Skjal nr. 2(52).
[352] Skjal nr. 2(156).

> Item hiallur i Skipasande og fiskegardar fyrer vestan Landakirkiu.[353]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Stóragerðis sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Elliðaey.[354]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Magnúsi Guðlaugssyni hálfbýlið Stóragerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglaveiði á báðum stöðum og í Almenningsskeri. Magnús undirritaði bréfið 2. janúar 1826.[355]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Stóragerðis ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi.[356]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Gerði (Stóragerði):

> Stóra-gerdi
>
> a. Eystri hálflendan á henni býr Ekkjan Helga Stephansdóttir. Túnid er ad stærðinni til fullkomlega fyrir 1ª Kú, og liggur ekki illa við. Fylungatekjan er með þeim litilfjörlegastu ~~og liggur ekki illa við~~ enn lundaveidin hin besta að tiltölu, i Ellirey, hvar hálflenda þessi hefur hagbeit fyrir 7 ½ Saudi enn á Heimalandi fyrir 6. Saudi og 1. Hest Landskuldin er 110 Fiskar, sem borgast með hördum Fiski. –
>
> Jardarpartur þessi er virdtur fyrir 220. Rbdr
>
> b. Vestari hálflendan, á henni býr nú bóndi Helgi Jónsson. Hún er ad öllu leyti samhljóda nærstu jördu, enn sem stendur betur ræktuð, og er því metin eins edur fyrir - - - - 220 Rbdr[357]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. október 1859 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Chr. Magnússyni faktori jarðarpartinn hálft Stóragerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Chr. Magnússon undirritaði bréfið 2. október 1859.[358] Með byggingarbréfi dagsettu 16. júní 1866 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs J. P. S. Bryde kaupmanni jarðarpartinn Nyrðra-Stóragerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og Heimaey og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri. Bryde undirritaði bréfið 16. júní 1866.[359]

Með byggingarbréfi dagsettu 7. júlí 1883 byggði umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jarðarpartinn hálft Stóragerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Höfða, Hellisey og Súlnaskeri. Jón undirritaði bréfið 7. júlí 1883 og stiftamtmaður samþykkti það 10. ágúst 1883.[360]

Með byggingarbréfi dagsettu 18. nóvember 1884 byggði umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jarðarpartinn hálft Stóragerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir

[353] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 12, skjal nr. H-7.
[354] Skjal nr. 2(38).
[355] Skjal nr. 2(157).
[356] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[357] Skjal nr. 2(52).
[358] Skjal nr. 2(241).
[359] Skjal nr. 2(242).
[360] Skjal nr. 2(158).

sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Höfða, Hellisey og Súlnaskeri. Jón undirritaði bréfið 18. nóvember 1884 og amtmaður samþykkti það 29. nóvember 1884.[361]

5.3.13 Dalir í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Dali í Vestmannaeyjum:

> **Daler** (tveir bæier samfaster).
>
> 4 kyrfódur
>
> Abuande á 3 kyrfodrum er syslumadurenn Olafur Arnason, á þvi fiorda Sigvallde Sverrisson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur hia Olafi Arnasyni kyr í, 1 hestur. I eyum 2 ær, 1 saudur tvævetur, 1 haustlamb, hia Sigvallda 1 kyr, 1 hestur (sem koma á af landi).
>
> Fodrast kunna 3 kyr.
>
> Heimilismenn Ólafs Arnasonar 6, Sigvallda 3.
>
> Jórdunni fylger 50 saudabeit i Alfsey, sem er half eyenn. Item hiallur i Skipasande og gardar i fernu lage, austanunder Brimholum og nærri Vilborgarstadafiskigórdum. Sigvallda vantar nu hiall, þar tvíbyle orded er á iórdunne.[362]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Dala sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Álfsey.[363]

Á manntalsþingi að Vilborgarstöðum 15. maí 1809 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Ekkert boð fékkst eftir þeim skilmálum og fór þá fram almennt uppboð á jörðunum sem voru hálft Þorlaugargerði, Dalir, Brekkuhús og Steinsstaðir. Þar kom fram að Gvendarhús og Brekkuhús ættu rétt til hagbeitar í Bjarnarey. Með betri skilmálum fengust boð og í dómabók segir eftirfarandi:

> Þær uppbjódast med þeim Hlunnindum, sem þeim ad fornu fylgt hafa, ad undanteknri Hesta og Fjárbeit á Heima eyu, og 2, ad þeir beri á Jördina jafnmörg Hloss af Tadi, sem þeir fá marga hesta Hrís af henni 3, betalíngur Lúkist ei seinna en 29da Junii 1810. 4, Jördin tilslæst hædstbjódandi vederheftugum manni, enn ej óvederheftugum, sem standa í stórum Jardaleigu Restönsum. ½ Þorlaugargerdi tilsleigid Sveini Gudmundssyni fyrir 68 f. Breckhús tilsleigid Magnúsi Jónssyni fyirr 85 f. Dalir tilsleignir Þórdi Sigurdssyni fyrir 63 f. med Caution Einars Sigurdssonar, Steinstadir tilslegnir Sra Jóni Arasyni fyrir 40 fa Presturinn Sra Jón Arason begierir Opinberlega og bréflega ad þeir, sem hluttakandi verda Breckhúss og Gvendarhúss Hagbeitar í Biarnarey, vildu unna sier þeirra fremur ödrum, sem helsta Sameigenda, ef sialfir ej med þurfa; Jardaruppblásturs á Heimaeyunni og Horfellirs Saudfénadar fée, í besta næstl. Vetri afseiger Factor Gr. P. S, sem umbodsmadur hverjum þeim, sem ej geldur fulla Landskuld ad setia meira Fie í Hagana enn svari Jardar Afgjaldinu sem þeir lúka t. D. halfa Jardar haga fyrir hálfa Afgift.[364]

361 Skjal nr. 2(159).
362 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 12–13, skjal nr. H-7.
363 Skjal nr. 2(39).
364 Skjal nr. 2(65).

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 25. maí 1810 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Jörðin Steinsstaðir var slegin séra Jóni Arasyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni, Dalir Einari Sigurðssyni, Brekkuhús Þórði Sigurðssyni og Gjábakki B. Björnssyni.[365]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 13. maí 1811 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Gjábakki, hálf jörðin Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Brekkuhús og Dalir voru tilslegnar ábúendum.[366]

Á manntalsþingi að Kornhóli 31. maí 1813 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Þar segir eftirfarandi:

> Var svo ad undangeinginni auglisingu Hans Konunglegu Hátign~~ar~~ tilheyrandi Eydi-Jardir á Vestmannejum þær sem ~~þá~~ ecki voru þegar burtleigdar, mot fullri afgift, opinnberlega, uppbodnar, 1º til uppbyggingar og ábudar med þeim skilmálum ad sá er byggia Vildi Hús og búa á þue, gióri þad á eigin kostnad, enn fái húsa verdid aptur gottgiört i afgiftinne, fyrir utan þaug Frÿheit sem þessum i med haldi af Forordn. af 15da April 1776, mögulega kÿnni verda tilstadinn, og efter umbodshalldara Fullmegtug, Hra G. Paulssonar uppastandi, endelega, þegar þeir ecki alÿtast fullvedja, skaffi Caution fÿrir jafn miklu arl. epter gialda, Vid þad er sömu Jarda Túnagras og önnur fÿlgjandi hlunnindi i medallage útleigjast fÿrir, epter auctions bodum nockur nærstlidinn Ar; en þar einginn frakom her er taka Vildi tiedar Jarder med tilgreindum kiorum, þá Voru þær endaliga Vid opinbera auction uppbodnar til brúkunar ad graslandi og Jnn-nÿtjum, uppa komandi ár, fra dato ad reikna, og urdu Jardirnar þá endalega tilslegnar Hædstbjódendum sem filgir: 1º, ½ Þorlaugargiede Sveine Gudmundssyne, firir 90 fyska svo Breckhús, prestinum Sra Jone Hognasyne, firir Ellefutyu og Eirn fÿsk, svo Dalir, prestinum Hra Jone Hognasÿne fÿrer 1 hundrað 10 fÿska og þar ej meira fÿrer fjell er Réttinum uppsagt.[367]

Í dómabók Vestmannaeyja 1808–1821 eru innfærð tvö skjöl er varða jörðina Dali í Vestmannaeyjum. Hið fyrra er lögfesta fyrir jörðinni og hið síðara er mótmælabréf gegn téðri lögfestu. Lögfestan var upplesin án mótmæla við kirkjuna í Vestmannaeyjum hinn 30. júlí 1820 og er svohljóðandi:

> Hermed Festum vid undirskrifader og Lögfestum under ockar abilis Jörd Dali a Vestmannaejum, Halfa Eina Alsej, med öllum Hennar Hlunnindum og herlegheitum sem aminstre halfre Ej fyldt hefur og filga ber ad Lögum. Nefnelega Hey~~a~~ beit til 50 Fjár Egga teka og fugla veidar, samt alt annad sem tedre Halfu Ej tilheirer ad fornu og nju. Fyrirbiodum vid hédan af hvorium og Einum í ad vin[n]a edur Sér i nyt ad færa nema ad ockar fullkomid, loford og leifi fyrer hafi. Giori nockur her a moti mega þeir vænta, ad Svara fullkomnum Landnams Botum ad Lögum.
>
> Vestmannaej d. 29t Julii 1820
>
> Jon Helgason Gudmundur Biarnason[368]

Mótmæli komu fram síðar, hinn 20. september sama ár, frá ábúendum Vesturhúsa sem sögðu eftirfarandi:

> Þad upp ver lesed ved Kirkuna i Sumar, og kallad Logfesta under nofnum Bændanna á Dölum Jons Helgasonar og Gudmundar Biarnasonar, hvar med þeir til Einkudu ser

[365] Skjal nr. 2(69).
[366] Skjal nr. 2(66).
[367] Skjal nr. 2(68).
[368] Skjal nr. 2(70).

> hagbeit i Alsej, hvör Hagbeit í Langa tíð hér til heirt Vesturhusum ouppataled. Ockur Vesturhusa ábuendum er strángt uppalagt, ad Láta Ecke frá ockar abilis Jördum neitt af þeirra Hlunnindum burtusetta, undir utbyggingar Sök. – Jfilgi hér af uppatölum vid, ádur aminstan upplestur, og uppastöndum hann ónitan og kraftlausann, og firibiódum Dala bændum, ad beita edur ser i nit ad færa, þann Deil, er Vesturhúsum hefur i Langa tíd fylgt af Saudbeit i ádur nefndre Eju Alsej, alt þangad til ad yfervaldanna úrskurdur, þar uppa kémur ockur firer Sion og heirn, ad sá umtalade Deill, sé virkelega Dala Eign enn ei Vesturhúsa. – Þessa Lögfestunnar Motsögn oskum vid ad Hreppstórin, vottanlega upplese fyrer Dalabændum og sidan afhendist Syslumanns fullmegtugum Hra M. Bergmann til ad hann vilde láta Sér þoknast ad innfæra sömu motsögn i Protokollin. – Vesturhusum þann 20t Septtbr. 1820
>
> Gudridur Einarsdottir Ecka
>
> Þorsteirn Gudmundsson[369]

Hinn 15. ágúst 1821 fór fram sáttafundur í Vestmannaeyjum þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli ábúenda Dala annars vegar og ábúenda Vesturhúsa hins vegar. Dalamenn höfðu ákært ábúendur Vesturhúsa fyrir að hafa nýtt hlut sem tilheyrt hafi Dölum í Álfsey til hagbeitar og fugls og gegn lögfestu sem birt hafi verið sumarið áður. Engin sátt náðist í málinu og var því vísað til réttargangs aðgjörða.[370]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Guðmundi Bjarnasyni jörðina Austur-Dali. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 25 sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Guðmundur undirritaði bréfið 19. júní 1824.[371]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. september 1846 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Gíslasyni ⅓ hlut úr jörðinni Dölum. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Jón Gíslason undirritaði bréfið 9. nóvember 1846.[372]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Dala ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi.[373]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Dali:

> Dalir. –
>
> a. Nyrdri jörðin þar býr nú á 2/3 pörtum jarðarinnar bóndinn Einar Jónsson, enn þridja partinn hefur til umráða Ekkjan Hanna Erichsen Bach. Túnid er ad stærð vel í medallagi, og fódrar 1a Kú, hagbeitin í Alsey er fyrir 12 ½ enn á Heimalandi 12 Saudi 1a Kú og 1. Hest, enn öll fuglaveidi er hin sama sem á jördinni Nr 10. – Landskuldin er 1 hundrað Fiskar sem borgast með hördum Fiski. –
>
> Jördin er virdt fyrir - - - - - 350 Rbdr
>
> b. Sydri jörðin á 2/3 pörtum hennar byr nú Olafur Jónsson, enn þridja partinn hefur til umráda Jón Magnússon. –
>
> Þessi jörd er ad öllu leyti í tilliti til túns, hagbeitar og Fuglveidi jöfn nærstu jördu. – Landskuldin er hin sama eda 1 hundrað Fiskar. Hvaraf sá fyrrnefndi borgar 2/3 med

369 Skjal nr. 2(70).
370 Skjal nr. 2(147).
371 Skjal nr. 2(160).
372 Skjal nr. 2(243).
373 Skjal nr. 4(1), bls. 21.

> hördum Fiski, enn sá sídarnefndi 1/3 partin með peningum, eptir pris á hördum Fiski í Verdlagsskranni. –
>
> Þessi jörd er metin eins edur 350 Rbd[r][374]

Með byggingarbréfi dagsettu 3. júlí 1859 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Guðna Guðnasyni ⅔ hluta í jörðinni Dölum. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Guðni undirritaði bréfið 3. júlí 1859.[375] Með byggingarbréfi dagsettu 31. maí 1867 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs C. V. Roed ⅔ hluta í jörðinni Dölum. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri.[376]

Með byggingarbréfi dagsettu 26. apríl 1904 byggði umboðsmaður yfir þjóðjörðum í Vestmannaeyjum Jóni Gunnsteinssyni jarðirnar Nyrðri- og Syðri-Dali. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 25 sauði í Álsey og 24 sauði á heimalandi og fuglatekja á þessum stöðum og í Súlnaskeri. Jón undirritaði bréfið 29. apríl 1904 og amtmaður samþykkti það 9. maí 1904.[377]

5.3.14 Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum:

> **Þorlaugargerde**, tveir bæer sundur skipter.
>
> 4 kyrfodur.
>
> Abuendur Sturle Einarsson og Jon Sigmundzson.
>
> […]
>
> Qvikfienadur er hia Sturla 2 kyr, 1 hestur, 1 ær, 1 saudur tvævetur, 1 saudur veturg. I eyum 2 ær, hia Jone Sigmundzs. kyr 1, 1 hestur.
>
> Fodrast kunna 2 kyr rumlega á allri iördunni.
>
> Heimilismenn hiá Sturla 3, hia Jone 4.
>
> Iördunne hefur fylgt öll beit i Hellersey, sem reiknud var 14 sauda beit. Nu er þesse beit og eyarinnar gras af regne og stormvindum ölldungis eydilagt. Iördunne fylger nu 1 hiallur i Skipasandi, af parte Jóns, enn hiallur sá er Sturla parte skylldi fylgia er burtu, og meinast nu ad brukast frá Þorlaugargerdi. Fiskegarda hefur iördenn nærri Brimholum.[378]

Með bréfi dagsettu 2. ágúst 1793 ákvað rentukammerið að til nokkurra þeirra jarða sem hefðu hagagöngu í Elliðaey yrði lögð fuglaveiði í úteyjunni Hellisey og að ábúendur Þorlaugargerðis myndu fá hagagöngu í Elliðaey.[379]

---

[374] Skjal nr. 2(52).
[375] Skjal nr. 2(244).
[376] Skjal nr. 2(245).
[377] Skjal nr. 2(161).
[378] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 13, skjal nr. H-7.
[379] Skjal nr. 2(89).

Á manntalsþingi að Hvítingum 12. júní 1801 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Túngras og önnur hlunnindi Gvendarhúsa voru slegin séra Bjarnhéðni Guðmundssyni, Brekkuhús var slegið Jóni Ásgeirssyni og gras af hálfri jörðinni Þorlaugargerði auk allra hlunninda utan hestabeitar og fýlatekju var slegið Sveini Guðmundssyni.[380]

Á manntalsþingi að Hvítingum 9. júlí 1802 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir til ábúðar. Jörðin Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni og Norðurgarður séra Bjarnhéðni Guðmundssyni.[381]

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1803 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundsyni og Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni. Þá var Vilborgarstaðapartur Jóns heitins Árnasonar sleginn Jóni Arasyni. Einnig var fjallað um Ofanleiti og Norðurgarð en sökum skemmda á dómabók sjást ekki upplýsingar um hverjir tóku þær jarðir til ábúðar.[382]

Á manntalsþingi að Hvítingum 14. maí 1804 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar sem voru hálf jörðin Þorlaugargerði og Brekkuhús. Jarðirnar voru slegnar hæstbjóðendum.[383]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Þorlaugargerðis með Hellisey sagður óviss. Jörðin var konungsjörð.[384]

Á manntalsþingi að Vilborgarstöðum 15. maí 1809 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Ekkert boð fékkst eftir þeim skilmálum og fór þá fram almennt uppboð á jörðunum sem voru hálft Þorlaugargerði, Dalir, Brekkuhús og Steinsstaðir. Þar kom fram að Gvendarhús og Brekkuhús ættu rétt til hagbeitar í Bjarnarey. Með betri skilmálum fengust boð og í dómabók segir eftirfarandi:

> Þær uppbjódast med þeim Hlunnindum, sem þeim ad fornu fylgt hafa, ad undanteknri Hesta og Fjárbeit á Heima eyu, og 2, ad þeir beri á Jördina jafnmörg Hloss af Tadi, sem þeir fá marga hesta Hrís af henni 3, betalíngur Lúkist ei seinna en 29da Junii 1810. 4, Jördin tilslæst hædstbjódandi vederheftugum manni, enn ej óvederheftugum, sem standa í stórum Jardaleigu Restönsum. ½ Þorlaugargerdi tilsleigid Sveini Gudmundssyni fyrir 68 f. Breckhús tilsleigid Magnúsi Jónssyni fyirr 85 f. Dalir tilsleignir Þórdi Sigurdssyni fyrir 63 f. med Caution Einars Sigurdssonar, Steinstadir tilslegnir Sra Jóni Arasyni fyrir 40 fa Presturinn Sra Jón Arason begierir Opinberlega og bréflega ad þeir, sem hluttakandi verda Breckhúss og Gvendarhúss Hagbeitar í Biarnarey, vildu unna sier þeirra fremur ödrum, sem helsta Sameigenda, ef sialfir ej med þurfa; Jardaruppblásturs á Heimaeyunni og Horfellirs Saudfénadar fée, í besta næstl. Vetri afseiger Factor Gr. P. S, sem umbodsmadur hverjum þeim, sem ej geldur fulla Landskuld ad setia meira Fie í Hagana enn svari Jardar Afgjaldinu sem þeir lúka t. D. halfa Jardar haga fyrir hálfa Afgift.[385]

[380] Skjal nr. 2(64).
[381] Skjal nr. 2(74).
[382] Skjal nr. 2(75).
[383] Skjal nr. 2(77).
[384] Skjal nr. 2(40).
[385] Skjal nr. 2(65).

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 25. maí 1810 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Jörðin Steinsstaðir var slegin séra Jóni Arasyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni, Dalir Einari Sigurðssyni, Brekkuhús Þórði Sigurðssyni og Gjábakki B. Björnssyni.[386]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 13. maí 1811 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Gjábakki, hálf jörðin Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Brekkuhús og Dalir voru tilslegnar ábúendum.[387]

Á manntalsþingi að Kornhóli 31. maí 1813 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Þar segir eftirfarandi:

> Var svo ad undangeinginni auglisingu Hans Konunglegu Hátign~~ar~~ tilheyrandi Eydi-Jardir á Vestmannejum þær sem ~~þá~~ ecki voru þegar burtleigdar, mot fullri afgift, opinnberlega, uppbodnar, 1º til uppbyggingar og ábudar med þeim skilmálum ad sá er byggia Vildi Hús og búa á þue, gióri þad á eigin kostnad, enn fái húsa verdid aptur gottgiört i afgiftinne, fyrir utan þaug Frÿheit sem þessum i med haldi af Forordn. af 15da April 1776, mögulega kÿnni verda tilstadinn, og efter umbodshalldara Fullmegtug, Hra G. Paulssonar uppastandi, endelega, þegar þeir ecki alÿtast fullvedja, skaffi Caution fÿrir jafn miklu arl. epter gialda, Vid þad er sömu Jarda Túnagras og önnur fÿlgjandi hlunnindi i medallage útleigjast fÿrir, epter auctions bodum nockur nærstlidinn Ar; en þar einginn frakom her er taka Vildi tiedar Jarder med tilgreindum kiorum, þá Voru þær endaliga Vid opinbera auction uppbodnar til brúkunar ad graslandi og Jnn-nÿtjum, uppa komandi ár, fra dato ad reikna, og urdu Jardirnar þá endalega tilslegnar Hædstbjódendum sem filgir: 1º, ½ Þorlaugargiede Sveine Gudmundssyne, firir 90 fyska svo Breckhús, prestinum Sra Jone Hognasyne, firir Ellefutyu og Eirn fÿsk, svo Dalir, prestinum Hra Jone Hognasÿne fÿrer 1 hundrað 10 fÿska og þar ej meira fÿrer fjell er Réttinum uppsagt.[388]

Við uppboðsrétt að Kornhóli 3. júní 1814 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni og Brekkuhús var slegin séra Jóni Högnasyni.[389]

Með byggingarbréfi dagsettu 20. maí 1828 byggði umboðsmaður konungs Jóni Oddssyni jörðina Vestur-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. beit fyrir 13 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Hellisey og Almenningsskeri.[390]

Með byggingarbréfi dagsettu 4. september 1847 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Ólafi Ólafssyni jörðina Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Ólafur undirritaði bréfið 6. september 1847.[391]

386 Skjal nr. 2(69).
387 Skjal nr. 2(66).
388 Skjal nr. 2(68).
389 Skjal nr. 2(78).
390 Skjal nr. 2(162).
391 Skjal nr. 2(246).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Þorlaugargerðis ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi Hellisey verið talin með.[392]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Þorlaugargerði:

> Þórlaugar-gerdi.
>
> a. Eystri jördin, á henni byr Ekkjan Sigþrúður Jónsdóttur. Tún þessarar jardar er vel í medallagi að stærð, og gædum og fódrar 1ª Kú. Hagbeitin í Ellirey, er fyrir 13 Saudi enn Lundaveidi, og önnur hagbeit hin sama sem á Presthúsum (sjá Nr 7.a.) Fylungatekjan er í medallagi. – Landskuldin sem er 1 hundrað Fiskar, borgast með peningum, eptir prís a hördum Fiski, i enni árlega sömdu Verðlagsskrá. –
>
> Jörðin er Virdt fyrir - - - - - - 290Rbd
>
> b. Vestari jördin Ábuandinn er Medhjálpari Loptur Jonsson. Túnid er med þeim stærri og fódrar med gódri rækt og umhyrdingu hartnær 1 ½ Kú. Að ödru leyti er Hagbeit, Lundaveiði og Fylungatekja hin sama sem á nærstgreindri jördu. Landskuldin er hin sama edur 1 hundrað Fiskar, sem borgst með hördum Fiski. –
>
> Jördin er virdt fyrir - - - - - - 350 Rbd[393]

Með byggingarbréfi dagsettu 20. júlí 1858 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Austmann jarðarpartinn hálft Vestra-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi, fuglatekja í Almenningsskeri og einn hlutur í Hellisey. Jón undirritaði bréfið 21. júlí 1858.[394] Með byggingarbréfi dagsettu 25. mars 1861 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Árnasyni jarðarpartinn Eystra-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Almenningsskeri. Jón undirritaði bréfið 25. mars 1861.[395]

Með byggingarbréfi dagsettu 13. maí 1872 byggði umboðsmaður konungs Jóni Austmann jarðarpartinn hálft Vestri-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey og Súlnaskeri. Jón undirritaði bréfið 13. maí 1872 og stiftamtmaður samþykkti það 3. júní 1872.[396]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. ágúst 1874 byggði umboðsmaður konungs Guðmundi Erlendssyni jarðarpartinn Eystra-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 14 sauði í Elliðaey og 12 sauði á Heimaey og fuglatekja á þeim stöðum og í Höfða, Hellisey og Súlnaskeri. Guðmundur undirritaði bréfið 15. ágúst 1874 og stiftamtmaður samþykkti það 14. september 1874.[397]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. desember 1881 byggði umboðsmaður konungs Hirti Jónssyni jarðarpartinn hálft Vestri-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum

[392] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[393] Skjal nr. 2(52).
[394] Skjal nr. 2(247).
[395] Skjal nr. 2(248).
[396] Skjal nr. 2(163).
[397] Skjal nr. 2(164).

og í Hellisey, Súlnaskeri og Stórhöfða. Hjörtur undirritaði bréfið 1. desember 1881 og amtmaður samþykkti það 16. febrúar 1883.[398]

Með byggingarbréfi dagsettu 25. mars 1892 byggði umboðsmaður konungs Pétri Benediktssyni jarðarpartinn hálft Eystra-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á Heimaey og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Hellisey og Stórhöfða. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 um lundaveiðar. Pétur undirritaði byggingarbréfið 25. mars 1892 og amtmaður samþykkti það 24. maí 1892.[399]

Með byggingarbréfi dagsettu 13. júní 1893 byggði umboðsmaður konungs Einari Sveinssyni jarðarpartinn hálft Vestara-Þorlaugargerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri og Hellisey. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 varðandi lundaveiðar. Einar undirritaði byggingarbréfið 13. júní 1893 og amtmaður samþykkti það 12. júlí 1893.[400]

5.3.15 Steinsstaðir í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Steinsstaði í Vestmannaeyjum:

> **Steinstader.**
>
> 2 kyrfódur.
>
> Abuandi Sigmundur Magnusson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur 2 kyr, 1 hross, 1 ær.
>
> Fodrast kann 1½ kyr naumlega.
>
> Heimilismenn 4.
>
> Iórdunne fylger 13 saudabeit i Ellerey. Item hiallur i
>
> Skipasande, og fiskegardar, nærri Vilborgarstadagórdum.[401]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Steinsstaða sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Elliðaey.[402]

Á manntalsþingi að Vilborgarstöðum 15. maí 1809 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Ekkert boð fékkst eftir þeim skilmálum og fór þá fram almennt uppboð á jörðunum sem voru hálft Þorlaugargerði, Dalir, Brekkuhús og Steinsstaðir. Þar kom fram að Gvendarhús og Brekkuhús ættu rétt til hagbeitar í Bjarnarey. Með betri skilmálum fengust boð og í dómabók segir eftirfarandi:

---

398 Skjal nr. 2(165).
399 Skjal nr. 2(166).
400 Skjal nr. 2(167).
401 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 13–14, skjal nr. H-7.
402 Skjal nr. 2(41).

> Þær uppbjódast med þeim Hlunnindum, sem þeim ad fornu fylgt hafa, ad undanteknri Hesta og Fjárbeit á Heima eyu, og 2, ad þeir beri á Jördina jafnmörg Hloss af Tadi, sem þeir fá marga hesta Hrís af henni 3, betalíngur Lúkist ei seinna en 29da Junii 1810. 4, Jördin tilslæst hædstbjódandi vederheftugum manni, enn ej óvederheftugum, sem standa í stórum Jardaleigu Restönsum. ½ Þorlaugargerdi tilsleigid Sveini Gudmundssyni fyrir 68 f. Breckhús tilsleigid Magnúsi Jónssyni fyirr 85 f. Dalir tilsleignir Þórdi Sigurdssyni fyrir 63 f. med Caution Einars Sigurdssonar, Steinstadir tilslegnir Sra Jóni Arasyni fyrir 40 fa Presturinn Sra Jón Arason begierir Opinberlega og bréflega ad þeir, sem hluttakandi verda Breckhúss og Gvendarhúss Hagbeitar í Biarnarey, vildu unna sier þeirra fremur ödrum, sem helsta Sameigenda, ef sialfir ej med þurfa; Jardaruppblásturs á Heimaeyunni og Horfellirs Saudfénadar fée, í besta næstl. Vetri afseiger Factor Gr. P. S, sem umbodsmadur hverjum þeim, sem ej geldur fulla Landskuld ad setia meira Fie í Hagana enn svari Jardar Afgjaldinu sem þeir lúka t. D. halfa Jardar haga fyrir hálfa Afgift.[403]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 25. maí 1810 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Jörðin Steinsstaðir var slegin séra Jóni Arasyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni, Dalir Einari Sigurðssyni, Brekkuhús Þórði Sigurðssyni og Gjábakki B. Björnssyni.[404]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 13. maí 1811 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Gjábakki, hálf jörðin Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Brekkuhús og Dalir voru tilslegnar ábúendum.[405]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júlí 1824 byggði umboðsmaður konungs Halldóri Ásmundssyni jörðina Steinsstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 á heimaeyjunni og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Skráð er að Halldór hafi undirritað bréfið 19. júní 1824. Líklegt er að skráning mánaðar fyrir dagsetningu bréfsins sé röng og að mánuður hafi átt að vera júní, sbr. byggingarbréf fyrir öðrum jörðum árið 1824.[406]

Með byggingarbréfi dagsettu 4. september 1847 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Finni Árnasyni hálfa jörðina Steinsstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Finnur undirritaði skjalið 6. september 1847.[407]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Steinsstaða ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að útigangur sé í Hellisey.[408]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Steinsstaði:

> Steinstadir
>
> Þar búa bændurnir Sigurður Vigfússon og Finnur Árnason, á sinum helmingi jarðarinnar hvor. Túnið er í stærra medallagi og fódrar 1a Kú. Öll hagbeit og Fuglatekja er hin sama sem á Presthúsum (sbr Nr 7.a.) Landskuldin er 1 hundrað Fiskar, hvaraf sá

[403] Skjal nr. 2(65).
[404] Skjal nr. 2(69).
[405] Skjal nr. 2(66).
[406] Skjal nr. 2(168).
[407] Skjal nr. 2(249).
[408] Skjal nr. 4(1), bls. 21.

> fyrrnefndi borgar helmingin, með hördum Fiski, enn sá sídarnefndi með peningum, eptir pris á hördum fiski í þeirri árlegu Verdlagsskrá
>
> Öll Jördin er metin fyrir - - - - - 300 Rbd.[409]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. október 1859 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Ingvari Ólafssyni jarðarpartinn hálfa Steinsstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Ingvar undirritaði bréfið 2. október 1859.[410]

Með byggingarbréfi dagsettu 15. mars 1901 byggði umboðsmaður konungs Sveini Pálssyni Scheving jörðina Steinsstaði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey, Stórhöfða og Súlnaskeri. Sveinn undirritaði bréfið 15. mars 1901 og amtmaður samþykkti það 21. mars 1901.[411]

5.3.16 Gvendarhús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Gvendarhús í Vestmannaeyjum:

> **Gvöndarhus.** Hialeiga fra Ofanleite.
>
> 2 kyrfodur.
>
> Abuande Biörn Olafsson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur 2 kyr, 1 hestur. I eyum 11 ær, 1 saudur þrevetur, 3 veturg., 8 haustlömb.
>
> Fodrast kann 1½ kyr.
>
> Heimilismenn 6.
>
> Ofanleite öllu, med Gvöndar husum og Brecku husum fylger Biarnarey öll, sem er 100 saudabeit, item Hane 8 saudabeit. Item Hæna, sem ad mestu er graslaus og gagnslaus orden. Hier af tilheyrer Gvöndarhusum 12½ saudabeit i Biarnarey og eins saudar i Hana.
>
> Fiskegardar, i tvennu lage, fylgia iördunne hia Ofanleites gördum, enn iardarhiallur eingenn. Abuande brukar annars, hiall i Skipasandi, er hann keypt hefur af þeim er á iördunne bió fyrer hann.[412]

Á manntalsþingi að Hvítingum 12. júní 1801 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Túngras og önnur hlunnindi Gvendarhúsa voru slegin séra Bjarnhéðni Guðmundssyni, Brekkuhús var slegið Jóni Ásgeirssyni og gras af hálfri jörðinni Þorlaugargerði auk allra hlunninda utan hestabeitar og fýlatekju var slegið Sveini Guðmundssyni.[413]

---

409 Skjal nr. 2(52).
410 Skjal nr. 2(250).
411 Skjal nr. 2(169).
412 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 14, skjal nr. H-7.
413 Skjal nr. 2(64).

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Gvendarhúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Elliðaey.[414]

Með byggingarbréfi dagsettu 16. maí 1828 byggði umboðsmaður konungs Magnúsi Gíslasyni jörðina Gvendarhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Magnús undirritaði bréfið en undirritunin er ódagsett.[415]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Gvendarhúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi útigangur í Bjarnarey verið talinn með.[416]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Gvendarhús:

> Gvendarhús
>
> Ábuandi þessarar jardar heitir Jón Simonsson Tunid er að sönnu dálítið minna enn tún næstundangángandi jardar, enn fódrar þó vel 1ª Kú, ad öllu ödru, fylgja jördinni sömu ítök og hlunnindi sem Nr 17. Jardarleigan er eins og borgast uppá sama hátt. –
>
> Jordin er virdt fyrir - - - - 390 Rbd[417]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. júní 1866 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jarðarpartinn Gvendarhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Bjarnarey og Heimaey og fuglatekja í Hraunsey, Hana, Hænu og Súlnaskeri. Jón undirritaði bréfið 5. júní 1866.[418]

5.3.17 Brekkuhús í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Brekkuhús í Vestmannaeyjum:

> **Breckuhus** hialeiga fra Ofanleite.
>
> 2 kyrfódur.
>
> Abuande Þordur Jonsson.
>
> […]
>
> Jórdunni fylger 12½ saudabeit i Biarnarey og eins saudar i Hana Item
>
> fiskegardar, sem liggia hia Ofanleitis górdum.
>
> Iardarhiallur er hier eingenn, enn abuande brukar sinn eiginn hiall. hvern hann bygt hefur med leyfi umbodzmannsens Hans Christianssonar.
>
> Hiallur hefur annars fra þessare iórdu brukadur vered fyrer 30 arum, sem lá nærri kastalanum, og nu er i grunn eydilagdur.[419]

Á manntalsþingi að Hvítingum 12. júní 1801 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Túngras og önnur hlunnindi Gvendarhúsa voru slegin

[414] Skjal nr. 2(42).
[415] Skjal nr. 2(170).
[416] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[417] Skjal nr. 2(52).
[418] Skjal nr. 2(251).
[419] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 14–15, skjal nr. H-7.

séra Bjarnhéðni Guðmundssyni, Brekkuhús var slegið Jóni Ásgeirssyni og gras af hálfri jörðinni Þorlaugargerði auk allra hlunninda utan hestabeitar og fýlatekju var slegið Sveini Guðmundssyni.[420]

Á manntalsþingi að Hvítingum 9. júlí 1802 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir til ábúðar. Jörðin Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni og Norðurgarður séra Bjarnhéðni Guðmundssyni.[421]

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1803 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundsyni og Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni. Þá var Vilborgarstaðapartur Jóns heitins Árnasonar sleginn Jóni Arasyni. Einnig var fjallað um Ofanleiti og Norðurgarð en sökum skemmda á dómabók sjást ekki upplýsingar um hverjir tóku þær jarðir til ábúðar.[422]

Á manntalsþingi að Hvítingum 14. maí 1804 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar sem voru hálf jörðin Þorlaugargerði og Brekkuhús. Jarðirnar voru slegnar hæstbjóðendum.[423]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Brekkuhúsa sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Elliðaey.[424]

Á manntalsþingi að Vilborgarstöðum 15. maí 1809 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Ekkert boð fékkst eftir þeim skilmálum og fór þá fram almennt uppboð á jörðunum sem voru hálft Þorlaugargerði, Dalir, Brekkuhús og Steinsstaðir. Þar kom fram að Gvendarhús og Brekkuhús ættu rétt til hagbeitar í Bjarnarey. Með betri skilmálum fengust boð og í dómabók segir eftirfarandi:

> Þær uppbjódast med þeim Hlunnindum, sem þeim ad fornu fylgt hafa, ad undanteknri Hesta og Fjárbeit á Heima eyu, og 2, ad þeir beri á Jördina jafnmörg Hloss af Tadi, sem þeir fá marga hesta Hrís af henni 3, betalíngur Lúkist ei seinna en 29da Junii 1810. 4, Jördin tilslæst hædstbjódandi vederheftugum manni, enn ej óvederheftugum, sem standa í stórum Jardaleigu Restönsum. ½ Þorlaugargerdi tilsleigid Sveini Gudmundssyni fyrir 68 f. Breckhús tilsleigid Magnúsi Jónssyni fyirr 85 f. Dalir tilsleignir Þórdi Sigurdssyni fyrir 63 f. med Caution Einars Sigurdssonar, Steinstadir tilslegnir Sra Jóni Arasyni fyrir 40 fa Presturinn Sra Jón Arason begierir Opinberlega og bréflega ad þeir, sem hluttakandi verda Breckhúss og Gvendarhúss Hagbeitar í Biarnarey, vildu unna sier þeirra fremur ödrum, sem helsta Sameigenda, ef sialfir ej med þurfa; Jardaruppblásturs á Heimaeyunni og Horfellirs Saudfénadar fée, í besta næstl. Vetri afseiger Factor Gr. P. S, sem umbodsmadur hverjum þeim, sem ej geldur fulla Landskuld ad setia meira Fie í Hagana enn svari Jardar Afgjaldinu sem þeir lúka t. D. halfa Jardar haga fyrir hálfa Afgift.[425]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 25. maí 1810 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Jörðin Steinsstaðir var slegin séra Jóni Arasyni,

[420] Skjal nr. 2(64).
[421] Skjal nr. 2(74).
[422] Skjal nr. 2(75).
[423] Skjal nr. 2(77).
[424] Skjal nr. 2(43).
[425] Skjal nr. 2(65).

Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni, Dalir Einari Sigurðssyni, Brekkuhús Þórði Sigurðssyni og Gjábakki B. Björnssyni.[426]

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 13. maí 1811 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Gjábakki, hálf jörðin Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Brekkuhús og Dalir voru tilslegnar ábúendum.[427]

Á manntalsþingi að Kornhóli 31. maí 1813 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota gegn fullri afgift. Þar segir eftirfarandi:

> Var svo ad undangeinginni auglisingu Hans Konunglegu Hátign~~ar~~ tilheyrandi Eydi-Jardir á Vestmannejum þær sem ~~þá~~ ecki voru þegar burtleigdar, mot fullri afgift, opinnberlega, uppbodnar, 1º til uppbyggingar og ábudar med þeim skilmálum ad sá er byggia Vildi Hús og búa á þue, gióri þad á eigin kostnad, enn fái húsa verdid aptur gottgiört i afgiftinne, fyrir utan þaug Frÿheit sem þessum i med haldi af Forordn. af 15da April 1776, mögulega kÿnni verda tilstadinn, og efter umbodshalldara Fullmegtug, Hra G. Paulssonar uppastandi, endelega, þegar þeir ecki alÿtast fullvedja, skaffi Caution fÿrir jafn miklu arl. epter gialda, Vid þad er sömu Jarda Túnagras og önnur fylgjandi hlunnindi i medallage útleigjast fÿrir, epter auctions bodum nockur nærstlidinn Ar; en þar einginn frakom her er taka Vildi tiedar Jarder med tilgreindum kiorum, þá Voru þær endaliga Vid opinbera auction uppbodnar til brúkunar ad graslandi og Jnn-nÿtjum, uppa komandi ár, fra dato ad reikna, og urdu Jardirnar þá endalega tilslegnar Hædst-bjódendum sem filgir: 1º, ½ Þorlaugargiede Sveine Gudmundssyne, firir 90 fyska svo Breckhús, prestinum Sra Jone Hognasyne, firir Ellefutyu og Eirn fÿsk, svo Dalir, prestinum Hra Jone Hognasÿne fÿrer 1 hundrað 10 fÿska og þar ej meira fÿrer fjell er Réttinum uppsagt.[428]

Við uppboðsrétt að Kornhóli 3. júní 1814 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar eða afnota. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni og Brekkuhús var slegin séra Jóni Högnasyni.[429]

Með byggingarbréfi dagsettu 18. maí 1828 byggði umboðsmaður konungs Stígi Jónssyni jörðina Brekkuhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri og ⅛ hlut af hagabeit og fuglaveiði í Hrauney, Hana og Hænu þar til Ofanleitispresturinn hefði með löglegum umgangsmáta fengið útilykjandi rétt til að uppbera arðinn af tveimur síðastnefndu eyjunum.[430]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Brekkuhúsa ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi útigangur í Álfsey verið talinn með.[431]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Brekkuhús:

[426] Skjal nr. 2(69).
[427] Skjal nr. 2(66).
[428] Skjal nr. 2(68).
[429] Skjal nr. 2(78).
[430] Skjal nr. 2(171).
[431] Skjal nr. 4(1), bls. 21.

> Brekkuhús. –
>
> Þar byr nú bóndinn Arni Guðmundsson Túnið sem ad visu er eggsljett, er það minsta á þessum Leigumála, og gjetur því trauðlega framfært 1ª Kú. Öll önnur ítök og hlunnindi eru hin sömu sem í Svadkoti Nr 17. einnig Landskuld og hennar Gjaldmáti. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - - 330Rbd [432]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. desember 1881 byggði umboðsmaður konungs Sigurði Ögmundssyni jarðarpartinn Brekkuhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Smáeyjum og Súlnaskeri. Sigurður undirritaði bréfið 1. desember 1881 og amtmaður samþykkti það 16. febrúar 1883.[433]

Með byggingarbréfi dagsettu 13. desember 1894 byggði umboðsmaður konungs Guðlaugi Sigurðssyni jörðina Brekkuhús. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Smáeyjum og Súlnaskeri. Enn fremur er í bréfinu vitnað í bréf landshöfðingja frá 20. nóvember 1889 varðandi lundaveiðar. Guðlaugur undirritaði byggingarbréfið 5. janúar 1895 og amtmaður samþykkti það 5. febrúar 1895.[434]

Hinn 31. desember 1932 skrifaði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum til Atvinnumálaráðuneytisins um að Sigurður Sveinbjarnarson hefði í hyggju að segja jörð sinni lausri. Um var að ræða eina af hinum „meiri“ jörðum, Brekkuhús. Jörðin var í heildina níu hektarar og fylgdi henni hagaganga í Bjarnarey og fuglatekja móts við aðrar jarðir í Heimaey og Súlnaskeri. Bæjarfógetinn lagði fram tillögu um hvernig leiga á henni ætti að fara fram í framhaldinu.[435]

5.3.18 Ofanleiti í Vestmannaeyjum

Í máldaga Nikulásarkirkju í Kirkjubæ er Árni biskup Þorlákssson setti haustið 1269 er getið um Ofanleiti. Þar segir meðal annars:

> Nicholass kirkia j vestmanna eyivm ä kirkiubæ ä land ä Bilustodum kv oc ær vj […] þangad liggia til prestz kavps: fiska tijvnder halfar: oc suo annars veidiskapar þess sem þar er tyvndad. þangad liggia til kirkiutyvnder allar ad helminge: oc so vaxtollur: enn helmingur til Peturs kirkiv þeirrar: er firi ofan leiti er:[436]

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt afrit af vitnisburðum séra Péturs Gissurssonar og Þorgerðar Ólafsdóttur frá 3. maí 1661 og 19. júní 1661 um Bjarnarey. Í vitnisburði séra Péturs segir meðal annars:

> og heyrdi eg alldri tvimæli á því. ad Ofanleiti ætti ecki grasbeit i allri Biarnarey. og líka þær fiorar hialeigur sem þar eru næstar med sinum nöfnum. Enn líkavel giördu þeir þad med hans leyfi. og allir adrir sem þangad lietu sinar kindur. og þetta bera fleiri.[437]

---

[432] Skjal nr. 2(52).
[433] Skjal nr. 2(172).
[434] Skjal nr. 2(173).
[435] Skjal nr. 2(174).
[436] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 66, skjal nr. 4(66).
[437] Skjal nr. 2(14).

Í vitnisburði Þorgerðar segir:

> Þad öll Biarnarey hefdi allann sagdann tima fylgt Ofanleite. so presturinn hefdi att og haft þar 50 sauda beit arlega. Enn þeir 4 hialeigumenn. sem þar fra bygt var. annarra 50 sauda beit. fra því Danska vallded tok hiáleigurnar til sín . af prestsetrinu sialfu i tid Síra Sveins. svo sem þær hafa sídan bygdar vered. því öll Biarnarey hefur alltid reiknast fyrer tíutíu sauda beit. So hefur og med sama moti prestinum á Ofanleite eignud verid fiogra sauda beit i Hana. en tveggia í Hænu. hvar á mót hialeigumennerner attu slikt. sem er 6 sauda beit i badum þeim eyum.[438]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Ofanleiti í Vestmannaeyjum:

> **Ofanleite**, 3 bæer sundurskilder.
>
> 16 kyrfodur tilsamans, ad medreiknudum Gvòndarhusum og Breckuhusum, sem teliast med Ofanleitis hialeigum, þó þær ecki stande i tunenu.
>
> Abuendur,
>
> Presturenn Sr. Gissur Petursson, og fylgia hans bæ 8 kyrfódur. Emerentiana Asgeirsdotter, og fylgia hennar bæ 2 kyrfódur. Einar Olafsson, og fylgia hans bæ 2 kyrfódur.
>
> Landskulld af bæ Sr. Gissurar Peturssonar er einginn, og er sá bær perpetueradur til ad vera þess eina prestsens residentz.
>
> […]
>
> Qvikfenadur er hia
>
> Sr. Gissure Peturssyne 3 kyr, t hestur, 2 hross. I eyum 36 ær, 3 þrevetrer sidan i haust, 7 veturgamler, 3 hausttòmb.
>
> Emerentianu Asgeirsdottur 1 kyr, I hross, 1 ær heima, 1 saudur veturgamall i eyum.
>
> Einare Olafssyne 1 kyr, 1 hross.
>
> Fodrast kann
>
> á parte Sr. Gissurar 4 kyr.
>
> á parte Emerentianu 1 kyr.
>
> á parte Einars 1 kyr.
>
> Heimilismenn Sr. Gissurar eru 9.
>
> Emerentianu 4.
>
> Einars 4.
>
> Ofanleiti fylgia, sem sagt er, Biarnarey, Hane og Hæna, hefur presturinn þar helming beitar, fiordung Gvòndarhus og Breckuhus, sem fyrrskrifad er, og annann fiordung hinar 2 Ofanleitis hiáleigur.
>
> Prestsens bæ fylger 1 iardar hallur i Skipasande.
>
> Emerentianu bæiar ibuendur brukudu fyrer 30 arum þann eydilagda hiall er vid Breckuhus umtalast, ásamt þeim fra Breckuhusum. Nu fylger þessum bæ einginn iardarhiallur,
>
> Emerentiana brukar annars sinn eiginn hiall, ad hun seiger, hvern madur hennar, med leyfi umbodsmannsens Niels Riegelssonar, uppbygt hefur i Skipasande, upp af velle.

[438] Skjal nr. 2(14).

> Einar Olafsson brukar hiall i Skipasande, sem hann sialfur uppa sinn kostnad ur eydi topt bygt hefur med leifi umbodsmannsens Hans Christianssonar, seiger hann hiallurinn meige frammveigis fylgia iördunne.
>
> Fiskegardar fylgia Ofanleite, i tvennu lage, adrer efst vid hrauned, og adrer nockru nedar.[439]

Hinn 5. júlí 1782 fór fram úttekt á Ofanleiti af hálfu héraðsprófasts. Í úttektinni segir meðal annars:

> Biarnarei filger prestakallinu samt Hane og Hæna umm Hraunej er sagt ad hun brukud hafe Vered fra bádumm prestaköllunumm Kyrkiubæ og Ofanleite Enn nu er hun brukud fra Ofannleite[440]

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1803 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundsyni og Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni. Þá var Vilborgarstaðapartur Jóns heitins Árnasonar sleginn til Jóns Arasonar. Einnig var fjallað um Ofanleiti og Norðurgarð en sökum skemmda á dómabók sjást ekki upplýsingar um hverjir tóku þær jarðir til ábúðar.[441]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Ofanleitis sagður óviss. Jörðin var kirkjulén til Vestmannaeyjaprestakalls. Um Bjarnarey segir eftirfarandi:

> I den Jorde tilhörende Bjarnarej have 2 fore gaaende Gaarde, der tilforne ere blevne anseet som Afbade fra denne Jord, Rettighed til Udegang for Faar men ingen videre Herligheder samme steds.[442]

Í úttekt séra Auðunns Jónssonar frá Krossi í Landeyjum á Ofanleiti, dagsettri 10. júní 1811, segir meðal annars:

> Hálf Biarnareý fylgir Prestakallinu, Líka Smáeyarnar Hani og Hæna, eírn[veí]ginn Hraunseý ad nokkru leite, þar hun eptir Tiltölu hejrir til Ofannleitis Prestakalls og Hiáleígunum.[443]

Við héraðsrétt í Vestmannaeyjum 9. júlí 1814 var tekið fyrir að halda frumpróf í svokallaðri rekatimburssök prestsins Jóns Högnasonar á Ofanleiti. Vitnaleiðslur fóru fram þar sem eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir fjölda vitna:

> Nl: 1º Vited þer til ad Reka platse hafe hér verid skipt mille Innbyggiaranna.? 2º Hver giörde það? – 3º/ Nær var það giört? – 4º/ Hefur Ofanleite þar sem Presturinn Sra Jon Hognason nú býr nockurt af Skift Rekaplats? 5º/ Hvorier hafa hlutdeild med honum í Rekaplatsinu? 6º/ Hefur ecki þad sem þar hefur upprekid ætid geingid til jafnra Skifta mille allra? 7º/ Hefur Presturinn viliad eigna sér Rekaplats nockurs stadar annarsstadar edur utaf fyrir sig edur viliad hlaupa i kapp við adra að vagta Rekann? – 8º/ Hafið þér heyrt leika ord á því ad Presturinn á Ofanleite [efter reikne] Reka plats utaf fyrir sig? 9º/ Vitid þér hann hafe syndt og til sín tekid nockurt Reka timbur med ofbelde frá sameigendum? 10º/ En vitid þér hann hafe giört þad med launung?[444]

[439] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 15–16, skjal nr. H-7.
[440] Skjal nr. 2(184).
[441] Skjal nr. 2(75).
[442] Skjal nr. 2(44).
[443] Skjal nr. 2(185).
[444] Skjal nr. 2(76).

Í svörum vitna kom meðal annars fram við spurningu númer fjögur, þar sem spurt var hvort presturinn á Ofanleiti ætti rekapláss út af fyrir sig, að svo teldu vitni ekki vera. Við spurningu númer fimm, þar sem spurt var um hverjir hefðu hlutdeild með prestinum í rekaplássinu, kom fram að það væru:

> sambyggiararner a Steinsstodum Þorlaugargerde Nordurgarde Vesturhúsum, og fiórum Ofanleitishialeigum[445]

Einnig við spurningu númer sjö, er varðaði það rekapláss sem presturinn taldi sig ráða yfir, kom fram að presturinn hefði viljað eigna sér Brimurð og allt inn að Dalfjalli.[446]

Með byggingarbréfi dagsettu 18. maí 1828 byggði umboðsmaður konungs Þorkeli Jónssyni jörðina Minna-Ofanleiti. Með voru hlunnindi, s.s. beit fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri og ⅛ hluti af hagabeit og fuglaveiði í Hrauney, Hana og Hænu þar til Ofanleitispresturinn hefði með löglegum umgangsmáta fengið útilykjandi rétt til að uppbera arðinn af þeim tveimur síðastnefndu eyjum. Þorkell undirritaði bréfið en undirritunin er ódagsett.[447]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Ofanleitis ekki getið en fram kemur að hún var lénsjörð prestsins. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telji hér þrjú aðskilin býli og að Gvendarhús og Brekkuhús séu leigubýli frá Ofanleiti, þótt þau standi ekki í túninu. Þá segir að árið 1806 hafi Bjarnarey fylgt og eyjarnar Hani og Hæna. Loks segir að presturinn hafi, auk þessarar jarðar, fjórar aðrar til brúkunar afgjaldslaust.[448] Á öðrum stað í *Jarðatalinu* er fjallað um mat á Vestmannaeyjabrauði, Kirkjubæ og Ofanleiti. Þar segir meðal annars frá beitarítölu og veiði í ýmsum eyjum.

> Í heimalandi er beitar ítala fyrir 40 fjár, og á hálfri Bjarnarey fyrir 64 fjár, en heima má halda 4 hesta. Hve mikið lénsjörðunni ber að tiltölu af fílúngadrápi, verður eigi með vissu sagt, en eptir úttektum bera Ofanleitis prestakalli eyjarnar Hani, Hæna og Hrauney, og eru þar mest og hægust uppgrip af veiði þessari. Nú þar á moti (1839) gjörir umboðsmaður konúngs kröfu um hálfa veiðina á eyjunum. Ofanleiti ber einnig fíladráp að helmíngi í Ofanleitishrauni og Bjarney; sömuleiðis ítak í fíla- og súlnadrápi í Súlnaskeri, móts við 48 eyjarbúa, og hvert áttunda ár fílúnga dráp í Geirfuglaskeri.
>
> […]
>
> Eptir að brauðin, með kon. bréf 7. Juni 1837, voru lögð saman, hefir Vestmannaeyja prestur 408 fiska afgjald af þremur einbýlisjörðum Kirkjubæjar; en jörð þessi hefir beitarítölu í heimalandi fyrir 38 og á Suðurey fyrir 18 fjár, fuglveiði talsverða, móts við aðrar jarðir, í Brandi, Geldíngaey og Flugum, svo og ítak í sömu veiði í Súlna- og Geirfuglaskerjum.[449]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Ofanleiti:

[445] Skjal nr. 2(76).
[446] Skjal nr. 2(76).
[447] Skjal nr. 2(175).
[448] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[449] Skjal nr. 4(1), bls. 22–23.

> Ofanleiti prestssetur
>
> Tunid er álitið að vera 4ra Kúavöllur og vist er um þad yrdi gódri rækt vidkomið, gjæti það, að viðáttunni til, gefið af sjer svo mikið hey Jörd þessari fylgir hagbeit í Bjarnarey fyrir 64 Saudi og á Heimalandi fyrir 48. 4ª Kýr og 4ª Hesta. –
>
> Lundaveidin í Bjarnarey er rétt gód, og fylungatekjan nærst Kyrkjubæar Leigumála hin besta og hægasta. Hey má líka sækja í Bjarnarey, enn það er þeim annmörkum bundid ad það þikir valla svara kostnadi, ad sækja það þángað. Jörð þessi samgyldir ad gædum 4um jördum sem nærst verda taldar, og eptir því sem þær eru leigdar, yrdi landskuldin 5 hundruð (1 hundarð 30x4)
>
> Prestssetrid er virdt fyrir - - - - 1450 Rbdj[450]

Með byggingarbréfi dagsettu 5. júlí 1853 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Stephani Austmann jarðarpartinn Draumbæ, sem var hjáleiga frá Ofanleiti. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Bjarnarey og heimalandi og fuglatekja í Hraunsey, Hænu, Hana og Almenningsskeri. Stephan undirritaði bréfið 8. ágúst 1853.[451] Með byggingarbréfi dagsettu 25. mars 1861 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Bjarna Ólafssyni Svaðkot, hjáleigu frá Ofanleiti. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Bjarnarey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri ásamt ⅛ hlut af Hraunsey, Hana og Hænu. Bjarni undirritaði bréfið 25. mars 1861.[452]

Með byggingarbréfi dagsettu 24. maí 1869 byggði umboðsmaður konungs Ingimundi Sigurðssyni jarðarpartinn Draumbæ. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Hrauney, Hana og Hænu. Ingimundur undirritaði bréfið 30. maí 1869 og stiftamtmaður samþykkti það 5. júlí 1869.[453]

Með byggingarbréfi dagsettu 10. mars 1899 byggði umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jörðina Svaðkot. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 16 sauði í Bjarnarey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Súlnaskeri, Hrauney, Hana og Hænu. Jón undirritaði bréfið 11. mars 1899 og amtmaður samþykkti það 25. mars 1899.[454]

5.3.19 Norðurgarður í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Norðurgarð í Vestmannaeyjum:

> **Nordurgardur** (tveir bæer samfaster.)
>
> 4 kyrfodur.
>
> Abuendur Biarne Jonsson, og Marcus Olafsson, sinn á hverjum tveimur.
>
> […]

[450] Skjal nr. 2(52).
[451] Skjal nr. 2(252).
[452] Skjal nr. 2(253).
[453] Skjal nr. 2(176).
[454] Skjal nr. 2(177).

> Qvikfienadur hia Biarna Jonssyne 2 kyr, 1 hross, 2 sauder tvævetrer heima. I eyum 2 ær sidan i haust, 1 saudur þrevetur, 2 haustlǫmb.
>
> Hia Markuse 1 kyr, 1 qviga tvævetur, 1 hross, 1 ær heima. I eyum 5 ær sidan i haust, 3 sauder tvævetrer, 1 þrevetur, 1 veturgamall, 7 lǫmb.
>
> Fodrast kunna á iardarennar tunum 3 kyr.
>
> Heimilismenn hiá Biarna 5, hia Markuse 7.
>
> Nordurgarde fylger 26 saudabeit i Ellerey, sem alls er 200 sauda beit.
>
> Iardarhiallur i Skipasande fylger parte Biarna, item hefur Markus Olafsson medferdis einn hiall i Skipasande, er hann keypt hefur fyrer 1 Rixdl. af umbodzmannenum Petre Vibe, enn hann tok hiallenn i skulld epter ǫreiga, er bió á Nordurgarde. Hafde hiallurinn leinge fylgt þeim er biuggu á Nordurgarde; og seiger nu Markus ad hiallurinn meigi frammveiges iǫrdunni fylgia. Fiskegardar fylgia iǫrdunni á Brimholum.[455]

Á manntalsþingi að Hvítingum 9. júlí 1802 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir til ábúðar. Jörðin Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni, Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundssyni og Norðurgarður séra Bjarnhéðni Guðmundssyni.[456]

Á manntalsþingi að Hvítingum 6. júní 1803 var tekið fyrir að bjóða upp eyðijarðir konungs til ábúðar. Hálf jörðin Þorlaugargerði var slegin Sveini Guðmundsyni og Brekkuhús var slegin Jóni Ásgeirssyni. Þá var Vilborgarstaðapartur Jóns heitins Árnasonar sleginn Jóni Arasyni. Einnig var fjallað um Ofanleiti og Norðurgarð en sökum skemmda á dómabók sjást ekki upplýsingar um hverjir tóku þær jarðir til ábúðar.[457]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Norðurgarðs sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Elliðaey.[458]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Jóni Jónssyni jörðina Austur-Norðurgarð. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Jón undirritaði bréfið 19. júní 1824.[459]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Norðurgarðs ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi útigangur verið í Hellisey.[460]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Norðurgarð:

> Nordur-gardur. –
>
> a. Eystri jörðin ábúandinn er Jón Jonsson túnid er stórt og fódrar vel 1ª Kú; ad ödru leyti er jörd þessi jöfn, hvad hagbeit og fuglveidi snertir Nr 7. – Landskuldin 1 hundrað Fiskar borgast med hördum Fiski. –
>
> Virdingar upphædin er - - - - 350 Rbdr
>
> b. Vestari jördin þar byr Ekkjan Gudrún Jónsdóttir sem sjálf á öll húsin. –

[455] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 16–17, skjal nr. H-7.
[456] Skjal nr. 2(74).
[457] Skjal nr. 2(75).
[458] Skjal nr. 2(45).
[459] Skjal nr. 2(178).
[460] Skjal nr. 4(1), bls. 21.

> I eitt og alt er jörd þessi jöfn, nærst undan gángandi, þó álitst túnid lítid eitt lakara samt fódrar það 1ª Kú. Landskuldin 1 hundrað Fiskar er hjer einnig borgud með hörðum Fiski
>
> Jördin er metin fyrir - - - - 340 Rbdr[461]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. október 1859 byggð umboðsmaður konungs Brynjólfi Halldórssyni jarðarpartinn Vestra-Norðurgarð. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Brynjólfur undirritaði bréfið 2. október 1859.[462] Með byggingarbréfi dagsettu 1. apríl 1865 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Tíla Oddssyni hálfa jörð á Norðurgarði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Elliðaey og heimalandi og fuglatekja í Hellisey og Súlnaskeri. Tíli undirritaði bréfið 20. apríl 1865.[463]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. desember 1881 byggði umboðsmaður konungs Árna Helgasyni jarðarpartinn hálfan Eystri-Norðurgarð. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir sjö og hálfan sauð í Elliðaey og sex sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Stórhöfða, Hellisey og Súlnaskeri. Árni undirritaði bréfið 1. desember 1881 og amtmaður samþykkti það 16. febrúar 1883.[464]

Með byggingarbréfi dagsettu 2. maí 1903 byggði umboðsmaður konungs Sigurði Ísleifssyni jörðina Eystra-Norðurgarð. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir 15 sauði í Elliðaey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þeim stöðum og í Hellisey og Súlnaskeri. Sigurður undirritaði bréfið 3. maí 1903, amtmaður samþykkti það 15. maí 1903 en það féll úr gildi 9. júlí 1903.[465]

Hinn 2. apríl 1928 fór fram sáttafundur í Vestmannaeyjum þar sem leitað var um sættir milli Einars Jónssonar í Norðurgarði og Péturs Guðjónssonar á Oddstöðum. Ágreiningurinn fjallaði um veiði í Súlnaskeri og skaðabætur þar af lútandi. Sáttatilraunin reyndist árangurslaus og var málinu vísað til dómstóla.[466]

5.3.20 Stakkagerði í Vestmannaeyjum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestmannaeyjar frá 1704 segir eftirfarandi um Stakkagerði í Vestmannaeyjum:

> **Stackagerdi.**
>
> 4 kyrfódur.
>
> Abuandinn Ormur Hiörtsson.
>
> […]
>
> Qvikfenadur 1 kyr, tvævetur tarfur, 2 hross. I eyum 1 saudur þrevetur, 2 tvævetrer, 3 veturgamler, 4 ær, 5 Iomb.

[461] Skjal nr. 2(52).
[462] Skjal nr. 2(254).
[463] Skjal nr. 2(255).
[464] Skjal nr. 2(179).
[465] Skjal nr. 2(180).
[466] Skjal nr. 2(143).

> Fodrast kann þar 2½ kyr.
>
> Heimilismenn eru 6.
>
> Stackagerdi á 20 sauda beit i Alfsey (sumer hafa hallded ad Stackagerdi ætti 25 sauda beit i Alfsey, og Olafshus og Nyebær til samans annarra 25 sauda beit þar).
>
> Iòrdunni fylgia 2 iardarhiallar, einn i Skipasande og annar heima vid bæien, item fiskegardar strax vid Nyabæiar garda.
>
> Vatnsból liggur langt frá bænum, og er þangad langtum òrdugra frá þessum bæ, en òllum òdrum á eyunum.[467]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 er dýrleiki jarðarinnar Stakkagerðis sagður óviss. Jörðin var konungsjörð og hafði útigangsrétt í Álfsey.[468]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1824 byggði umboðsmaður konungs Bergi Brynjólfssyni jörðina Stakkagerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagabeit fyrir 20 sauði í Álsey og 24 sauði á heimalandi og fuglaveiði á þeim stöðum og í Almenningsskeri. Bergur undirritaði bréfið 24. júní 1824.[469]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er dýrleika Stakkagerðis ekki getið og ekki er greint frá eignarhaldi. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1806 hafi útigangur í Álfsey verið talinn með.[470]

Með byggingarbréfi dagsettu 16. júní 1849 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Andrési Ásmundssyni jarðarpartinn Austara-Stakkagerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Almenningsskeri. Andrés undirritaði bréfið 16. júní 1849.[471]

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 segir eftirfarandi um Stakkagerði:

> Stakkagerdi. –
>
> a. Eystri jörðin þar byr nú Anders Asmundsson Tunid er í medallagi ad stærð, og framfærir 1ª Kú, því hægt er að flytja þángad slor (fiskinnibli) Hagbeitin á Alsey er fyrir 10 Saudi, enn á Heimalandi fyrir 1ª Kú og 1. Hest og 12 Saudkindur. Lunda og Fylúngaveidin er hin sama sem á Olafshusum Nº 10. –
>
> Landskuldin er 1 hundrað 20 Fiskar, sem ábúandinn svarar með peningum, eptir hvors árs Verdlags-skrá á hördum Fiski. –
>
> Jördin er metin fyrir - - - - - 340 Rbd.
>
> b. Vestari jördin ábuandinn er Jón Gislason þessi jord er ad öllu leyti jöfn hinni jörðinni að því undanteknu að landskuldin borgast hjer enn með hördum Fiski. –
>
> Jördin er því metin eins edur 340 Rbd.[472]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. nóvember 1858 byggði sýslumaður og umboðsmaður konungs Árna Diðrikssyni jarðarpartinn Eystra-Stakkagerði. Með voru hlunn-

[467] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 17, skjal nr. H-7.
[468] Skjal nr. 2(46).
[469] Skjal nr. 2(181)þ
[470] Skjal nr. 4(1), bls. 21.
[471] Skjal nr. 2(256).
[472] Skjal nr. 2(52).

indi, s.s. hagaganga og fuglatekja í Álsey og heimalandi og fuglatekja í Súlnaskeri. Árni undirritaði bréfið 2. nóvember 1858.[473]

Með byggingarbréfi dagsettu 14. febrúar 1893 byggði umboðsmaður yfir þjóðjörðum í Vestmannaeyjum Gísla Lárussyni jarðarpartinn Eystra-Stakkagerði. Með voru hlunnindi, s.s. hagaganga fyrir tíu sauði í Álsey og 12 sauði á heimalandi og fuglatekja á þessum stöðum og í Súlnaskeri. Í bréfinu er vitnað í bréf landshöfðinga frá 20. nóvember 1889 um lundaveiði. Gísli undirritaði byggingarbréfið 14. febrúar 1893 og amtmaður samþykkti það 21. mars 1893.[474]

5.3.21 Nærliggjandi jörð og kirkjustaður

5.3.21.1 Kross í Austur-Landeyjum

Í máldaga Vilchins fyrir Krosskirkju í Landeyjum frá um 1397 koma engar upplýsingar fram um eignir og ítök kirkjunnar.[475]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna að Krossi frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ad Krosse. ä heimaland hälfft.[476]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eystri-Landeyjar segir eftirfarandi um Kross:

> **Kross.**
>
> Þar er alkirkja og embættað að tveim hlutum móts við Voðmúlastaði.
>
> Jarðardýrleiki er óviss og ekki kann hann af tíund að sjást. Því jörðin er ei tíunduð nema fátækum og er það einn eyrir, annars hafa menn heyrt að þessi jörð hefði til forna haldin verið lx hndr.
>
> Eigandi er Skálholts dómkirkja.
>
> Ábúandi presturinn Sr. Vigfús Gíslason.
>
> […]
>
> Reki liggur fyrir landi jarðarinnar, kallast Krossfjara, hefur hálfur lagst kirkjunni til uppbyggíngar, hálfan tekur biskupinn að Skálholti. Item liggur fyrir landinu partur af annarri fjöru, sem heitir Keldnafjara; af þessu hvorutveggju tilheyrir ábúanda á Krossi leigulíða gagn.
>
> Engjar eru mjög votlendar.
>
> Engjavegur blautur og torfær.
>
> Hætt er fjenaði fyrir flóðum og lækjum.
>
> Á landið fýkur sandur af fjörunum og spillir því eftir hendinni.
>
> **Gulár-ás**, er hjáleiga frá Krossi
>
> Enginn veit hans fyrstu bygð.

[473] Skjal nr. 2(257).
[474] Skjal nr. 2(182).
[475] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 88–89, skjal nr. 4(65).
[476] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 666, skjal nr. 4(70).

.

> Ábúandi Sigurður Nikulásson.
>
> […]
>
> **Gulárass hiáleiga.**
>
> Er fyrst bygð fyrir 30 árum eður því nær.
>
> Ábúandi er Guðrún Ólafsdóttir.
>
> […]
>
> **Kross hiáleiga** er heima við bæinn.
>
> Hennar fyrstu bygð vita menn ekki.
>
> Ábúandi Jón Vigfússon.
>
> […]
>
> **Tiarnakot** er hjáleiga frá Krossi.
>
> Er bygt fyrir elstu manna minni.
>
> Ábúandi Jón Ólafsson.
>
> […]
>
> **Fagre-hooll** er og ein hjáleiga frá Krossi, útí landshorni jarðarinnar. Enginn veit að segja nær fyrst bygðist.
>
> Ábúandi Jón Einarsson.
>
> […].[477]

Hinn 22. júlí 1804 seldi Maríus Magnússon jörðina Kross með tilheyrandi hjáleigum til Jóns Björnssonar. Kaupbréfið var þinglesið 4. júní 1833.[478]

Í jarðamati Rangárvallasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Kross metinn 75 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð Jóns Björnssonar í Drangshlíð. Með í matinu voru hjáleigurnar Krosshjáleiga, Vatnskot, Gaularás, Gaularáshjáleiga, sem var hjáleiga frá Gaularási, og Fagrihóll.[479]

Á manntalsþingi að Krossi 13. júní 1818 var þinglesin lögfesta Jóns Björnssonar fyrir jörðinni Krossi. Lögfestan er ódagsett í dómabók. Einnig var upplesin lögfesta fyrir Voðmúlastaðalandi og vildi Jón fá álit sýslumanns um efni þeirrar lögfestu sem snerti reka á Krossi.[480]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kross metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[481] Á öðrum stað í *Jarðatalinu* er fjallað um 12 prestaköll í Skaftafellssýslu. Eitt þeirra er Krossþing. Þar segir meðal annars:

> Kross, sem er ákveðið prestsetur í brauðinu, gefur af sér 120 töðuhesta og 200 útheyshesta. Leir- og vatns-ágángur spillir engjum.[482]

[477] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* I, bls. 122–124, skjal nr. H-7.
[478] Skjal nr. 2(16).
[479] Skjal nr. 2(47).
[480] Skjal nr. 2(82).
[481] Skjal nr. 4(1), bls. 27.
[482] Skjal nr. 4(1), bls. 50.

Í jarðamati Rangárvallasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kross:

> Kross. Tún eru stór og þýfd ad tveim pörtum utslægjur sléttar, grasgéfnar og gódar enn votsamar og ecki miklar. Land til hagbeitar heldur lítid, mýrlendt og létt. Jördunni fylgir fjara og hjáleigunum öllum. – Frammfærir 6 kýr, 60 ær 30 Saudir, 30 lömb, Slm 3½.
>
> Krosshjál.
>
> […]
>
> Tjarnarkot
>
> […]
>
> Fagurhóll hjál.
>
> […]
>
> Gaularás
>
> […]
>
> Gaularás hjáleiga
>
> […]
>
> (Fjara fylgir eigninni allri).[483]

Landamerkjaskrá Kross er ódagsett frá 1887 en hún var þinglesin 2. júní 1888. Efni hennar er svohljóðandi:

> Markalína kringum Kross. landareign í Austur-Landeyjum. –
>
> Mörkin að vestan er Hallgeirseyjarfljót, sem ræður frá sjó og uppað Brattavaði, að Litlu-Hildiseyjarlandi, sem er mið ál þannig; að bæjinn Kross ber í mitt eyðið á Vestmannaeyjum og Selshjáleigu ber í Stóra-Dímon; svo er bein lína austur í svokallað Ásgeirsholt, og eru í því miðaðir Kanastaðir við Breiðabólstað, og Stóra Hildisey við Stóra Dímon að vestan; Svo tekur við Stóru-Hildiseyjarland austur að Krosslandi, beina línu austur á brúnir í nýju vörðu, og miðast hún þannig, að Kúhóll er laus við Holtsnúp, og Snotra ber í Yztaklett á Vestmannaeyjum. Svo er tekin bein lína úr nýju vörðu og suður í þúfuna á Blábrekku svokallaða, sem er syðst á Skíðbakkahjáleigu túninu, og kemur víðar við landamerki. Svo er tekin bein lína suður í Markadælu, sem er kölluð fjögra landamerki, nefnilega skilur slægjur milli Gularáss og Kross, og löndin milli Snotru og Bryggna, og er hún þannig miðuð, að Skíðbakka ber í miðja Stóru Dímon, og fjárhúsið á Litla hól á Bryggjum syðst í Ellirey; og svo er bein lína úr Markadælu í Markaþúfu, sem er í miðjum slægjum milli Bryggna og Krosshjáleigu, og sama lína alveg bein sem [ber] í vestasta melinn á Þjettumelum, því ekki verður taðað um Krossós, sem fyrrum hefir til verið, en nú er eyddur af sandi og finnst því ekki. –
>
> Um framanskrifaða markalínu eru allir viðkomandi búendur og jarðeigendur samþykkir.
>
> Þess skal getið, að fjara fylgir landareigninni, og eru hún talin að vera 1200 faðmar að lengd. Austurmörk hennar eru þar, sem Gularás ber í miðjann bæjinn á Stóru-Hildisey; en vesturmörk hennar eru þar, sem Litla-Hildisey ber í Litla-Þríhyrning.
>
> Líka skal þess getið, að Krosstorfan á skógarítak í Hraunteig á Rangárvöllum, sem er 24 hetar fimmta hvert ár. –
>
> Þannig gjört árið 1887.
>
> Einar Þorsteinsson,

[483] Skjal nr. 2(53).

Oddur Pjetursson,
Sigurður Einarsson
Einar Sigurðsson,
Björn Tyrfingsson,
M. Björnsson
Einar Guðmundsson,
Magnús Jónsson.[484]

Á manntalsþingi að Krossi 2. júní 1888 var þinglesin landamerkjalýsing fyrir jörðina Kross frá árinu 1887.[485]

Í undirmati að fasteignamati Rangárvallasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kross var metin í tveimur hlutum, annars vegar sem vesturjörð og hins vegar austurjörð. Austurjörð var metin með Lundi sem áður hét Krosshjáleiga. Vesturjörðin var metin á 1.800 kr. og austurjörðin á 2.800 kr. Um landamerki er skráð að þau séu innfærð í landamerkjabók undir liðnum I, 46. Eigendur jarðarinnar voru Einar Guðmundsson á vesturjörð og séra Þorsteinn Benediktsson á austurjörð og hálfum Lundi.[486]

5.4 Öræfi og Suðursveit

5.4.1 Landnám

Í Landnámabók segir frá landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar en þar segir eftirfarandi:

> Hrollaugr fór til Íslands með ráði Haralds konungs ok hafði með sér konu sína ok sonu. Hann kom austr at Horni ok skaut þar fyrir borð ǫndvegissúlum sínum, ok bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan ok vestr fyrir land; fekk hann þá útivist harða ok vatnfátt. Þeir tóku land vestr í Leiruvági á Nesjum; var hann þar enn fyrsta vetr. Þá frá hann til ǫndugissúlna sinna ok fór austr þannveg; var hann annan vetr undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austr í Hornafjǫrð ok nam land austan frá Horni til Kvíár ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. Þá hafði <hann> lógat þeim lǫndum, er norðr váru frá Borgarhǫfn, en hann átti til dauðadags þau lǫnd, er suðr váru frá Heggsgerðismúla.[487]

5.4.2 Kvísker í Öræfum

Í tólftu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, fyrir árin 1660–1662, er að finna þrjú kaupbréf vegna kaupa Brynjólfs á jörðinni Kvískerjum frá 3. maí, 7. maí og 6. júní 1661. Í hvert skipti keypti hann tvö hundruð af þeim sex hundruðum sem jörðin var metin á og hafði því eignast hana alla eftir síðustu kaupin. Í því kaupbréfi, þ.e. frá 6. júní 1661, segir m.a. að seljandi hafi lýst því að jörðinni fylgdu átján hundruð faðmar fjöru og „skerið í sjónum sem kallað er Kvíjsker og jörðin tekur nafn af“.[488]

[484] Skjal nr. 2(10).
[485] Skjal nr. 2(83).
[486] Skjal nr. 2(61).
[487] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 316–317, skjal nr. 4(49).
[488] Skjal nr. 29(3).

Í ágripi af jarðabók Ísleifs Einarssonar sýslumanns frá 1709 er fjallað um jörðina Kvísker. Þar segir að jörðin hafi verið bóndaeign og að dýrleiki hennar hafi verið sex hundruð, en að hún hafi verið í eyði í eitt ár. Þá segir að jörðin hafi átt rekafjöru fyrir nokkrum parti lands síns.[489]

Í jarðamati Austur-Skaftafellssýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Kvískerja metinn sex hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð í eigu Þorsteins Sigurðssonar. Hún hafði verið í eyði en nýtt af Vigfúsi Þorsteinssyni á Hnappavöllum.[490]

Hinn 9. apríl 1824 gaf Guðrún Vigfúsdóttir syni sínum, Bjarna Thorsteinsson, eignarjörð sína Kvísker, fjögur hundruð að dýrleika með öllum gögnum og gæðum, en hann lagði á móti Hnappavelli, virta á eitt hundrað og sjö álnir. Skjalið var upplesið á manntalsþingi að Hofi 6. maí 1840.[491]

Við manntalsþingsrétt að Hofi í Öræfum 6. maí 1840 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 9. apríl 1824, hvar með Guðrún Vigfúsdóttir makaskipti hlut úr Kvískerjum á móti hlut í jörðinni Hnappavöllum.[492]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kvísker metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[493]

Í jarðamati Skaftafellssýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kvísker:

> Tvískér bændaeign. Túnið er heldur stórt, en snögt, fóðrar 1 kú, eingiar eru mjög litlar og erviðar, en hagar sérlega góðir að því sem þeir nema, en vetrarhardt og álítst jörðin að géta framfleytt 1 kú og 80 fjár. Fjara fylgir jörðinni töluverdt laung og heldur rekasæl; selveiði er í Breiðamerkur ós og fær jörðin landhlut þaraf; silungsveiði er hér einnig lítil. Hagar allir eru undirorpnir vatna ágangi og jörðin örðug yfirhöfuð, nema fjaran og sérí lagi géta ei hestar orðið hafðir hér á sumrum né vetrum.[494]

Á öðrum stað í sama jarðamati segir um sömu jörð:

> Tvísker, eður Kvísker.
>
> Eggjatekja litilfjörleg er á Breiðamerkursandi, sem þó er lítill arður að eins og að Silungsveiðinni. – Fjallhagar gánga ekki af sér, og hagar á sandfitjunum álítast að vísu að geti spilzt á einum stað, en ekki svo að þeir þó ekki grói jafnframt upp á öðrum stöðum. – Jörð þessi stendur lángt frá allri bygð um king votnum og eyði sandi
>
> F. árs virðing ekki áfríuð; en með sér deilislegu tilliti til bæði þess sem nú var getið, til mikillar og rekasællar fjöru og nokkurrar selveiði í Breiðárosi, álítst að verð hennar eigi að hækka um 50 Rbd: Jón Sigurðsson sem virti f. á, og S. Petursson áttu ekki þátt í úrskurðinum. –
>
> Því urskurðast
>
> Jörðin Tvísker er rétt virt á 200rd[495]

Landamerkjaskrá Kvískerja er dagsett 28. apríl og 5. maí 1890 en hún var þinglesin 5. maí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

---

489 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 434, skjal nr. H-7.
490 Skjal nr. 2(48).
491 Skjal nr. 2(17).
492 Skjal nr. 2(84).
493 Skjal nr. 4(1), bls. 5.
494 Skjal nr. 2(54).
495 Skjal nr. 2(55).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Tvískerja í Hofshreppi:

Að austan milli Fjalslands í Breiðumörk og Fjalsfjöru, og Tvískerjalands og Tvískerjafjöru eru í sömu línu landamerki og fjörumörk, nefnil., að hæsta nef á Miðaptanstindi í Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli.

Að vestan milli Hnappavalla- og Tvískerja-lands eru landamerki í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíármýrar beint til sjávar.

Fjörumörk milli Tvískerjafjöru að vestan og Bakkafjöru eru að lítil varða neðst á öldunni fyrir austan Eystri-Kvíá á að bera í aðra vörðu fyrir sunnan Stóralæk og svo í hvítan blett í Nónhamrahólsklettinum.

Jörðin á fjöru og allan reka fyrir sínu landi nema af Bakkafjöru. Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landinu.

Fagurhólsmýri 28. apríl 1890.

Sigurður Ingimundarson.

Að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Bakkafjöru er ég undirskrifaður þessu samþykkur.

Sandfelli 5. mai 1890

Ólafur Magnússon núverandi umráðam. Sandfells.

Að því er snertir landamerki milli Tvískerja og Hnappavalla, erum vjer undirritaðir ábúendur á Hnappavöllum þessu framanskrifuðu samþykkir.

Hnappavöllum 5. mai 1890.

Páll Bjarnason, Þorsteinn Pálsson, Gísli Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson, Jón Guðmundsson, Bjarni Vigfússon, Þorsteinn Vigfússon.

Að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Fjallsfjöru erum vjer undirritaðir ábúendur Hofs þessu samþykkir.

Hofi 5. maí 1890.

Jón Guðmundsson, Bjarni Jónsson, Karólína Oddsdóttir, Jón Þorláksson, Eyjólfur Daníelsson, Magnús Sigurðsson, Oddur Sigurðsson, Sigurður Vigfússon, Eyjólfur Jónsson.[496]

Á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890 var landamerkjum Kvískerja þinglýst.[497]

Hinn 13. október 1910 afsalaði Páll Sigurðsson 62 álnum úr jörðinni Kvískerjum til Björns Pálssonar bónda þar. Afsalið var þinglesið við manntalsþing Hofshrepps þann 11. maí 1911. Í afsals- og veðmálabók er þess getið að eignarheimild seljanda hafi ekki verið til þinglesin.[498]

Á manntalsþingi að Hofi 11. maí 1911 var þinglesið afsalsbréf dagsett 13. október 1910 fyrir 62 álnum úr Kvískerjum.[499]

[496] Skjal nr. 2(11).
[497] Skjal nr. 2(85).
[498] Skjal nr. 2(18).
[499] Skjal nr. 2(86).

Hinn 28. júlí 1912 seldu Páll Bjarnason, Ari Halfdánarson, Björn Pálsson og Páll Jónsson leigu til 25 ára á öllum námurétti í eignarjörð þeirra Kvískerjum til Jóns Magnússonar í Gaulverjabæ fyrir 2.500 krónur. Skjalið var þinglesið við manntalsþing Hofshrepps þann 30. maí 1914.[500]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kvísker var metin á 600 kr. Eigendur hennar voru Páll Jónsson, Páll Bjarnason, Ari Hálfdánarson, Björn Pálsson og Páll Sigurðsson. Um landamerki jarðarinnar segir:

> Að austan, landa og fjörumörk: Miðaftanstindur, eða toppur hans beri í sýlingu á Eyðnaskarðstindi í Breiðamerkurfjalli. Að vestan: Landamörk eru mitt á milli Kvíásmýrar og Kambsmýrar. En fjörumörk: Varða á Vesturöldum á að bera í hvítan blett í Nónhömrum.[501]

5.4.3 Tvísker (sker)

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir í almennri umfjöllun um eyjar í Múla- og Skaftafellssýslum að undan Breiðamerkursandi séu m.a.:

> *Tvísker* vestast, rétt fyrir austan Öræfi. Það eru tvö graslaus sker. Þar veiðast stundum mjög stórvaxnir selir.[502]

Samkvæmt 24. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er Tvísker meðal grunnlínupunkta landhelgi Íslands.

5.4.4 Hrollaugseyjar

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir í almennri umfjöllun um eyjar í Múla- og Skaftafellssýslum að undan Breiðamerkursandi séu m.a.:

> *Hrollaugseyjar*, þrjár að tölu, liggja mílu frá landi undan ósum Jökulsár, skammt fyrir vestan sveitir Hornafjarðar. Þar fæst útselur, bæði fullorðinn og kópar. Veiðitíminn er rétt fyrir jólaföstuinngang.[503]

Í jarðamati Skaftafellssýslu 1849–1850 um jörðina Fell er fjallað um Hrollaugseyjar. Þar segir eftirfarandi:

> Fell. Bændaeign. Túnid er stórt, en skridufalli undir orpid, fódrar 3 ½ kú, eingiar sárlitlar og hagar sárlitlir. Jördin álíst ad geta framfleyt 2 kúm og 100 fiár. Fiara fylgir jördunni gód og skógarítak í Steinadal og líka í Breidabolstaðalandi. Hrollaugseyar eru eignadar þessari jördu og er þar töluverdur selasláttur. þegar þángad verdur komist.

[500] Skjal nr. 2(19).
[501] Skjal nr. 2(62).
[502] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* (Reykjavík 1943), II. bindi, bls. 97, skjal nr. H-19.
[503] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* (Reykjavík 1943), II. bindi, bls. 97, skjal nr. H-19.

> Lítid smáfuglavarp á Breiðamerkursandi. Jord þessi er heldur ördug og tók bóndinn – Gísli Þorsteinsson sem eigandi ad nokkrum hluta hennar ekki þátt í virdíngu hennar.[504]

Á öðrum stað í sama jarðamati segir enn fremur:

> Fell. f.árs virðíng ekki áfríuð;– en þó rannsóknarmennirnir finni að jörð þessi liggi fyrir miklum áföllum, og geti fyrir jökulhlaup, ef til vill farið þar af bygð, þá álíta þeir með sér deilislegu tilliti til bæði víðlendis, mikillar og rekasællar fjöru og eigu Hrollaugseyja, að f. árs virðíngu megi auka um 70rd. Því úrskurðast. Jörðin Fell er rétt virt á 350rd.[505]

5.4.5 Fell í Suðursveit

Í jarðamati Austur-Skaftafellssýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Fells í Suðursveit metinn 20 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð og henni tilheyrðu eyðihjáleigurnar Bakki og Borgarhóll.[506]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fell í Suðursveit metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að árið 1805 sé selveiði í Hrollaugsey.[507]

Í jarðamati Skaftafellssýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fell:

> Fell. Bændaeign. Túnid er stórt, en skridufalli undir orpid, fódrar 3 ½ kú, eingiar sárlitlar og hagar sárlitlir. Jördin álíst ad geta framfleyt 2 kúm og 100 fiár. Fiara fylgir jördunni gód og skógarítak í Steinadal og líka í Breidabolstaðalandi. Hrollaugseyar eru eignadar þessari jördu og er þar töluverdur selasláttur. þegar þángad verdur komist.
>
> Lítid smáfuglavarp á Breiðamerkursandi. Jord þessi er heldur ördug og tók bóndinn – Gísli Þorsteinsson sem eigandi ad nokkrum hluta hennar ekki þátt í virdíngu hennar.[508]

Á öðrum stað í sama jarðamati segir eftirfarandi um sömu jörð:

> Fell. f.árs virðíng ekki áfríuð;– en þó rannsóknarmennirnir finni að jörð þessi liggi fyrir miklum áföllum, og geti fyrir jökulhlaup, ef til vill farið þar af bygð, þá álíta þeir með sér deilislegu tilliti til bæði víðlendis, mikillar og rekasællar fjöru og eigu Hrollaugseyja, að f. árs virðíngu megi auka um 70rd. Því úrskurðast. Jörðin Fell er rétt virt á 350rd.[509]

Lögfesta fyrir jörðina Fell er dagsett 24. júlí 1851. Í henni er fjallað um Hrollaugseyjar en texti lögfestunnar er svohljóðandi:

> Hérmed gjörum vér heyrum kunnugt eignar og umrádamenn jardarinnar Fells í Fellshverfi Kálfafellsstadarsókn og austur Skaptafells sýslu ad vér lögfestum nú í dag undirnefnda eigar jörð vora allt innan þeirra um merkja og örnefna til lands og sjóar sem neðanskrifad tilgreinir: ad austanverdu eda millum Fells og Reynivalla sjónhending af fjörunni í midt Hrollaugshóla skard og midjan þann fremsta foss í Fellsá, sem ber þar í og blasir ámóti nær ámynnst stefna er tekin af fjörunni, sídan rædur þad austari gljúfur uppfrá nefndum fossi og deilir löndum allt í jökul upp. Ad ofanverdu takmarkar Breidamerkur jökull land jardarinnar allt ad Breidamerkur á og skiptir hún

[504] Skjal nr. 2(56).
[505] Skjal nr. 2(57).
[506] Skjal nr. 2(49).
[507] Skjal nr. 4(1), bls. 5.
[508] Skjal nr. 2(56).
[509] Skjal nr. 2(57).

> löndum milli Fellsins og Øræfa einsog hún beinast rennur og hefur runnid undan jökli og til marka á milli Breidamerkur og Fjalls fjöru. Ad framan takmarkar meigin haf land jardarinnar frá Reynivalla landi og fjöru mörkum allt til marka á millum Breidamerkur og Fjallsfjöru og er er öll sú fjara er ligur á milli nefndra landamerkja einasta Fellinu tilheyrandi ad fráteknri Breidamerkur fjöru, hvor tekin er sem ítak af ödrum enda fjöru jardarinnar Fells og liggur fyrir hennar landi Sömuleidis lögfestum vér Hrollaugseyar, sem liggja í hafi út fyrir jardarinnar landi med þeirri fyriskipun, sem vor hin fyrri lögfesta þar um med sér ber (og sem afskrifud finnst í kopíu bók sýslunnar, líka eirnin lögfestum vér þau ítök sem liggja undir þessa jörð, skóga ítak í Steina landi kallad Fellsmýri fremri, annad skógarítak í Breidabókstadarfjalli, fyrir 5 hundrud í Breidabólstadnum, gjöf sýslumanns herra Isleifs Einarssonar og hid þridja skógar ítak í sama fjalli, kallad Fellsmýri ynnri.
>
> Med þessari lögfestu fyrir bjódum vér einum og sérhvorjum ad hagnota sér hid minnsta af nefndrar jardar ínytjum hvorjum sem eru innan hér tilgreindra ummerkja lands eignar hennar og ad taka án okkar leyfis og samþykkis, en gefum á skadabætur og landnáms sök ef í er ort ad óleyfi, þettad hvad um sig ad ordfullu og lögfullu
>
> Eirnin viljum vér med þessari lögfestu ónýta og hindra (ad okkar vitund) grundvallar lausa lögfestu Hofs ábúenda í Øræfum auglýstri þar á manntalsþingi næstlidid vor, þar hún tekur inní okkar eignarjardar Fellsins landareignir og tileinkar sér ekki alllítin part þaraf, sem enginn nú lifandi madur veit ad í umtal fyrr komid hafi eda adrir yrkt og brúkad um Fells eigendur og ábúendur eptir sem þessi lögfesta vor tiltekur. Vér bjódum okkur þá til andsvara móti nefndra bænda ábeitar frekju í landarlegu vorri á lögmætri tíd stad og réttar haldi. Þessa lögfesta er grundud á öldúngis óátalinni brúkun og yrkíngu Fellsins eigenda og ábúenda svo lengi elstu menn til muna og heyrt hafa. Ofan og framanskrifada lög festu stadfestum vid undirskrifadir[510]

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing 5. maí 1852 þar sem henni var mótmælt af öllum hlutaðeigendum sem þar voru til staðar.[511]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Fell var metin á 1.600 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi fylgt sér á skjali. Eigendur hennar voru Eyjólfur R. Sverresen, Ari Hálfdánarson, Páll Bjarnason, Páll Sigurðsson, Gísli Bjarnason og Jón Bjarnason.[512]

Landamerkjaskrá Fells í Suðursveit er dagsett 1. maí 1922 en hún var þinglesin 13. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Fellslandi.
>
> Að austan milli Fells og Reynivalla er að Fellsárfoss ber í miðt Hrollaugshólaskarð, og er sú beina lína í sjó sem þá verða fjörumörk
>
> Landa og fjörumörk að vestan milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps er varða hlaðin á fjörunni vestan við hornið á nýgræðunum sem á að bera í Hálfdánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabygðum og er það bein lína á milli Fells og Breiðamerkurlanda og fjörumörk.
>
> Þetta eru einnig mörk milli hreppanna Borgarhafnarhrepps og Hofhrepps
>
> Reynivöllum 1. maí 1922
>
> Eyjólfur R. Sverrisson
>
> eigandi og ábúandi.

[510] Skjal nr. 2(20).
[511] Skjal nr. 2(20).
[512] Skjal nr. 2(63).

> Fyrir vora hönd er samþykt ofanrituð landamerkjskrá:
>
> Þorsteinn Arason eigandi og ábúandi Reynivalla 7/12
>
> Sigurður Sigurðsson Reynivöllum
>
> Gísli Bjarnason
>
> Jón Bjarnason[513]

Önnur landamerkjaskrá Fells í Suðursveit er dagsett 13. maí 1922 en hún fjallar um mörkin milli Fells og Breiðumerkur. Landamerkjaskráin var þinglesin 13. og 15. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi.
>
> Landa- og fjörumörkin eru: Varða hlaðin á graskoll á fjörunni, vestanhalt við hornið á Nýgræðunum, á að bera austast í Hálfdánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabygðum, og er það alt bein lína.
>
> Þetta eru einnig mörk milli hreppanna: Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.
>
> Til skýringar skal þess getið – af því mörkin við sjó geta verið óglögg fyrir ókunnuga – að glögg og áreiðanleg fjallamörk eru milli Tvískerja og Fjallslands, sem er Miðaftantindar = toppurinn, beri í sýlingu á Eiðnaskarðstindi og er það bæði landa og fjörumörk, glögg og alþekt örnefni. Fjallsfjara á að vera 9 hundruð faðma tólfræð á lengd, þaðan er 1080 faðma og mun vera átt við, að þrjár íslenskar álnir sjeu í hverjum faðmi.
>
> Við Fjallsfjöru að austan tekur við Breiðamerkurfjara, sem á að vera jafnlöng: 900 faðma tólfræð, þá kemur Fellsfjara í Borgarhafnarhreppi.
>
> Ef síðar kæmi ágreiningur um hreppamörkin, þá þarf ekki annað en lengd fjaranna: Fjalls- og Breiðamerkurfjöru í Hofshreppi, sem eiga til saman að vera tvenna níu hundruð faðma, tólfræð.
>
> Fagurhólsmýri og Kálfafelli 13. maí 1922.
>
> Ari Hálfdánarson (hreppstjóri Hofshrepps)
>
> Stefán Jónsson (hreppstjóri Borgarhafnarhrepps)[514]

5.5 Hvalbakur

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er landhelgi Íslands m.a. afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Hvalbaks.

[513] Skjal nr. 2(12).
[514] Skjal nr. 2(13).

6 SJÓNARMIÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Hér verður gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum íslenska ríkisins. Af hálfu þess er almennt byggt á því að svæðin sem gerðar eru kröfur til séu landsvæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður og önnur atriði sem þýðingu hafa. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að kröfusvæði ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort svæðin hafi verið numin og því verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, að því marki sem þau hafi verið nýtt. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknar jarðir kunni að hafa kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir hafi verið komnar að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli.

Að því er varðar öll kröfusvæðin er af hálfu ríkisins horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands, m.a. í sýslu- og sóknalýsingum og öðrum heimildum. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.

Að því er varðar sérstaklega röksemdir gagnaðila ríkisins sem byggjast á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar er afstaða íslenska ríkisins að umrætt ákvæði geti haft mjög takmarkaða þýðingu við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teljist vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að ákvæðið sé afmarkaður hluti málsliðar sem fjalli um rekarétt og að afar ólíklegt sé, m.a. að virtum almennum lögskýringarsjónarmiðum, svo sem um samræmisskýringu, að almenn grundvallarregla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum væri sett fram með slíkum hætti. Þá hefur af hálfu ríkisins verið teflt fram öðrum skýringarkostum sem byggt er á að séu nærtækari en sá að með reglunni sé fortakslaust mælt fyrir um beinan eignarrétt að nærliggjandi skerkjum. T.d. að

lokamálsliður ákvæðisins feli í sér nánari afmörkun á réttarsambandi landeiganda og rekamanna, í samræmi við önnur ákvæði rekabálks Jónsbókar, eða að ákvæðið feli í sér líkinda- eða sönnunarreglu, en ekki reglu um beinan eignarrétt. Byggt er á því ef um sé að ræða reglu um beinan eignarrétt hljóti hún að sæta takmörkunum, m.a. hvað varðar fjarlægð frá meginlandi.

Að mati ríkisins sé ekki rétt að túlka þá dómaframkvæmd sem fjallað er um í umfjöllun óbyggðanefndar um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja á þann veg að í ákvæðinu felist sjálfstæð regla sem kveði á um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að fæstir dómanna vísi berum orðum til umrædds ákvæðis Jónsbókar, auk þess sem ekki verði séð að deilt hafi verið um tilvist beins eignarréttar heldur einungis hverjum slíkur réttur hafi tilheyrt. Þannig sé umrædd dómaframkvæmd ekki nægilega skýr til þess að unnt sé að slá neinu föstu um þýðingu ákvæðisins eða beitingu þess.

Einnig vísast til umfjöllunar um þróun kröfugerðar ríkisins við meðferð málsins í kafla 3.1.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt er vísað til almennra reglna samninga- og kröfuréttar auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

6.2.1 Kalmanstjörn í Höfnum og Kvísker í Öræfum

Hér verður sameiginlega gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur jarðanna Kalmanstjarnar í Höfnum og Kvískerja í Öræfum, en sami lögmaður gætir hagsmuna þeirra.

Framangreindir gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að land sem kröfulýsingar þeirra taki til séu eignarlönd, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukrafnanna sem sérgreind séu gagnvart jörðunum. Byggt er á því að kröfulýsing íslenska ríkisins hafi verið sett fram án ítarlegrar skoðunar á löggjöf sem gildi um strandsvæði og án tillits til byggðasögu og heimilda um eignarhald jarða á eyjum og skerjum á Íslandi, frá landnámi til vorra tíma.

Landeigendur telja ljóst að land jarðanna, eins og því sé lýst, hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að takmarkaðar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan og fyrir landamerkjum jarðarinnar til hafs verði dregin í efa. Þá hafi í öllu falli með löggjöf Grágásar verið tekin af öll tvímæli um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja fyrir landnámssvæðum, sbr. 56. kap. landabrigðisþáttar Staðarhólsbókar: „Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á

sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé annan veg keypt.“ Eignarréttur að eyjum og skerjum fyrir landi jarðanna hafi því í öllu falli verið afleiddur af eignarrétti á meginlandi.

Byggt er á því að löggjöf Grágásar og Jónsbókar hafi falið í sér heildstæðar reglur um skipulag á strandsvæðum, bæði hvað varði eignarréttarlega stöðu og nýtingarrétt. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar komi fram skýr greinarmunur á ráðstöfun nýtingarréttar og eignarréttar. Þar sé að finna sérstakt ákvæði um réttarstöðu landeiganda og rekamanns, hafi reki verið skilinn frá jörð og ekki samið ítarlega um réttindi aðila. Rekaréttur hafi náð til eyja og skerja, til jafns við netlög og fjöru fyrir öðru landi. Hins vegar sé lokamálsliður kaflans sérstakt ákvæði og varði það hverjum beinn eignarréttur að eyjum og skerjum tilheyri, þ.e. því meginlandi sem sé næst ef ekki liggi fyrir heimildir um annað.

Sérstaklega er byggt á því að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sé sjálfstæð regla sem hafi almenna þýðingu um eignarréttarlega stöðu á eyjum og skerjum. Eðli máls samkvæmt fjari umhverfis eyjar og sker, rétt eins og fyrir öðru landi. Meginregla lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks leiði því til þess að Jónsbók gangi beinlínis út frá því að netlög liggi út frá eyjum og skerjum. Óþarft hafi verið að nefna netlög frá eyjum og skerjum í meginreglu Jónsbókar um veiðar utan netlaga, þegar lokamálsliðurinn var til staðar. Þar að auki taki 2. kapítuli rekabálks fram að netlög fylgi skerjum, hafi rekaréttur verið framseldur. Því sé ekki hægt að taka undir sjónarmið fræðimanna um að vafi hafi verið um að Jónsbók segði sker hafa netlög. Sú niðurstaða samræmist jafnframt tengslum Jónsbókar og Grágásar. Löggjöfin hafi verið heildstæð um stöðu fjöru og netlaga.

Ákvæði reglunnar um að eyjar og sker teljist almennt eign þess meginlands sem er næst, megi skilja þannig að allar eyjar og sker hafi verið taldar háðar eignarrétti eftir landnám. Reglan geti einnig birt þá stöðu að hún hafi falið í sér að eignarréttur stofnaðist yfir eigendalausum eyjum og skerjum, t.d. ef engar heimildir hafi verið til. Orðalag reglunnar og þær aðstæður sem voru til staðar við gildistöku reglunnar á þjóðveldisöld og vaxandi byggð, styðji þá niðurstöðu að löggjöfin hafi útilokað eigendalausar eyjar og sker, sem lægju fyrir landi.

Fyrirliggjandi réttarframkvæmd beri um stöðu reglunnar sem almennrar reglu. Sérstaklega dómar um Einarsnes við Eyrarbakka, og Ketilsker og Djúpsker fyrir landi Syðra-Skógarness, en einnig eldri mál um Djúpasker við Tannstaðabakka, Sundaklakk við Finnbogastaði og Hrófey í Steingrímsfirði. Málin beri þess merki að farið hafi fram sönnunarmat um hvort eyja eða sker væri fyrir landi jarðar og í hluta málanna sé umfjöllun um sönnunarbyrði þess sem hélt fram eignarrétti sínum án þess að eiga næstliggjandi meginland.

Í lokamálslið 2. kapítula rekabálks komi fram það orðalag að eyjar eða sker liggi fyrir landi. Ef það orðalag feli í sér takmörkun á gildi reglunnar verði að meta hvað átt sé við. Það að eyja liggi fyrir landi tengist ekki netlögum frá meginlandi og ekki verði

heldur ályktað að fjarlægð fiskhelgi hafi þar þýðingu. Möguleg takmörk reglunnar geti miðast við það hvort eyja eða sker sjáist frá landi. Rökréttara geti verið að miða takmörk reglunnar við það hvort land, þ.e. það meginland sem eyja eða sker liggur næst, sjáist frá viðkomandi eyju eða skeri.

Með tilliti til þeirrar heildaryfirsýnar sem hafi fengist á eignarréttarlega stöðu eyja og skerja við Ísland, og afstöðu eldri heimilda til eignarhæfni eyja og skerja, er á því byggt að gildissvið ákvæðisins hafi a.m.k. náð til eyja og skerja sem sjáist frá landi, en í raun frekar til allra eyja og skerja sem nýtanleg hafi verið m.t.t. sjósóknarmöguleika fyrri tíma, enda voru Íslendingar sjófarendur og vissu af skerjum og eyjum úti í hafi.

Þannig verði takmörk reglunnar frekar tengd við það hvort unnt hafi verið að nýta sker/eyjar innan dagsins, þ.e. róa í skerið og til baka samdægurs. Í því sambandi er nefnt að vika sjávar hafi sem mælieining verið tengd við það hve langt mætti róa yfir tiltekinn tíma. Jafnframt að vegalengdin hafi verið talin á bilinu 7–12 km. Hafi mátt róa/sigla til skers/eyjar á 9–12 klst hafi það verið talið nýtanlegt og reglan náð yfir slíkt sker.

Byggt er á því að dæmi séu um að sker hafi samkvæmt heimildum verið talin eignarhæf allt að tæpum 30 km frá landi, með vísan til Geirfuglaskers við Reykjanes. Þá séu fjölmörg dæmi um eignarhald jarða á eyjum og skerjum á bilinu 8–12 km frá meginlandi, svo sem Hrollaugseyjar í Öræfum, Mánáreyjar við Tjörnes og Oddbjarnarsker á Breiðafirði.

Þótt orðalag reglunnar vísi til meginlands verði að telja að reglan eigi einnig við gagnvart stöðu eyja og skerja gagnvart ábýliseyjum, sem verið hafi hluti fullgildra jarða. Þannig séu sem dæmi nefnd staða Flateyjar og annarra eyja sem *Landnáma* geti um. Engin rök standi til þess að reglan hafi ekki haft þýðingu við þær aðstæður.

Niðurlag reglunnar geri ráð fyrir þeirri aðstöðu að eyjar og sker geti verið eign annars en þess er meginlandi eigi næst. Kirkjustofnanir hafi víða eignast eyjar og sker fyrir landi jarða en jafnframt geti skipan eyjabyggða fyrir landskipti og aðra samninga verið þannig að sker eða eyjar fylgi ekki því meginlandi sem sé næst. Ákvæði máldaga, landamerkjabréfa og annarra gagna hafi þá þýðingu um hver eigandinn sé. Ef sönnur verði ekki færðar á eignarhald annars en þess sem á land næst, þá sé ekki tómarúm í löggjöfinni um hver sé eigandinn. Þá tilheyri eyja eða sker því landi sem hún liggi fyrir.

Réttarstaðan sem ákvæðið feli í sér fyrir strandjarðir leiði til þess að það hafi aldrei verið nauðsyn eða rík ástæða til þess fyrir eigendur jarða fyrir opnu hafi eða flóum að telja upp allar eyjar eða sker sem liggi fyrir landi. Þeim sem telji til eignarréttar á eyjum og skerjum þannig að víki frá meginreglunni, hafi hins vegar verið mikilvægt að gæta að slíkum heimildum og skráningu þess eignarréttar.

Byggt er á því að ekki sé gert ráð fyrir að eyjar og sker sem lokamálsliður 2. kapítula rekabálks taki til geti verið eigendalaus. Vandséð sé hvernig komist verði að slíkri niðurstöðu þegar gildandi löggjöf segi að eyjar og sker séu eign þess sem eigi næstliggjandi meginland. Engar sambærilegar reglur gildi um annað land, þ.e. land sem teljist ekki vera eyjar og sker, sbr. réttarframkvæmd þjóðlendumála hingað til.

Á því er byggt að regla lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks, sem hafi hvílt á þjóðveldislöggjöfinni, kveði á um eignarrétt að eyjum og skerjum fyrir landi. Staða reglunnar gagnvart meginreglum um stofnun eignarréttar virðist sambærileg áhrifum löggjafarstefnu um netlög sem tekin hafi verið upp um 900 árum síðar, þ.e. löggjöf sem skilgreini netlög sem hluta eignarlands. Lega eyja og skerja fyrir landi hafi þau afleiddu áhrif að þau teljist eignarrétti háð, þ.e. annaðhvort þess er næst eigi meginland eða þess er sannað geti eignarrétt á öðrum grundvelli.

Þá er vísað til 2. og 3. kafla landabrigðisþáttar Grágásar og 6. kafla landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Skylda til að kveða á um eyjar hafi einkum varðað þá stöðu að sérstakt tilefni hafi verið til þess, svo sem þar sem eyjar lágu í fjörðum og ekki augljóst fyrir hvaða landi eyja lá.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919, með lögum nr. 5/1882 og 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Löggjöfin hafi varðað merki á landi og yrði ekki skilin svo að skylt væri að tilgreina réttindi til hafsins sem hafi verið lögbundin og augljós.

Samkvæmt landamerkjalögum hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um sáttmálann. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins, fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda væri gert að sanna eignatöku að fornu fyrir landi eða innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum.

Um lagarök er vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, og almennt til 1. og 2. kapítula rekabálks; þjóðlendulaga, nr. 58/1998; meginreglna eignarréttar og 72. gr. stjórnarskrárinnar; jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar; meginreglna um málsmeð-

ferð og sönnunarmat samkvæmt lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991; landamerkjalaga, nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki; laga um hefð, nr. 4/1905; þinglýsingarlaga, nr. 39/1979, auk eldri löggjafar um þinglýsingar; stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu; og laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1991 og 129.–131. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

6.2.2 Vestmannaeyjar

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Vestmannaeyja er byggt á því að með kröfugerð ríkisins sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti hans sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Í ljósi kröfugerðar ríkisins er byggt á því að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið *eign* í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi verið túlkað á þá leið af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Þá er einnig byggt á sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll.

Vísað er til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni fram á beinan eignarrétt landeiganda í gegnum tíðina. Krafan byggist m.a. á Landnámabók, jarðamati, jarðabókum, afsali og fleiri skjölum er varði Vestmannaeyjar. Byggt er á því að Skálholtskirkja hafi eignast Vestmannaeyjar á 12. öld. og síðan hafi þær orðið konungseign á 14. öld eða í byrjun 15. aldar. Íslenska ríkið hafi síðan eignast eyjarnar árið 1874 og afsalað þeim til Vestmannaeyjabæjar með afsali frá 1960. Eyjarnar séu því háðar beinum eignarétti.

Á því er byggt að allt land í Vestmannaeyjum sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi, þvert á móti sé land eyjanna greinilega allt innan landnáms. Virðist hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og

nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á svæðinu, en samkvæmt fyrirliggjandi skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Með vísan til *Landnámu* sé jafnframt ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt.

Sérstaklega sé vakin athygli á því að úteyjarnar hafi gegnt mikilvægu hlutverki til að viðhalda byggð í Vestmannaeyjum í gegnum aldirnar. Því skjóti skökku við að landnámsmenn þeir sem numið hafi land í Vestmannaeyjum hafi ekki numið allar úteyjarnar líka, sem og Stórhöfða. Þetta komi raunar skýrt fram í *Landnámu*.

Þá er sérstaklega vísað til 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar og 61. kapítula rekabálks Jónsbókar, en í lokamálslið 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar segi: „Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé á annan veg komið.“ Í 61. kapítula Jónsbókar segi: „Ef viðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.“ Ákvæðin séu efnislega samhljóða, enda eigi Jónsbókarákvæðið rætur að rekja til Grágásar. Orðið *þat* vísi ekki til annars en eyja eða skerja skv. eðlilegri orðskýringu og þ.a.l. að *það* sé eign sem fylgir næstliggjandi meginlandi. Uppruni ákvæðisins í Grágás beri þess merki þess að lokasetningin sé sjálfstæð regla. Vísað er til dóms Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 um Ketilsker og Djúpsker undan Syðra-Skógarnesi. Varðandi túlkun á orðasambandinu *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins, bendi óbyggðanefnd á í umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins að af orðalagi ákvæðisins verði ekki ráðið að unnt sé að slá fastri og afdráttarlausri reglu um hversu langt frá landi gildissvið þess geti náð í öllum tilvikum. Þótt dómur Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 hafi tekið mið af skerjum sem voru um 2 km frá landi, og nefndin telji almennt unnt að miða við þessa fjarlægð sem viðmið fyrir eignarland, séu það ekki tæmandi mörk. Þetta þýði að eyjar og sker sem eru lengra en 2 km frá meginlandi geti engu að síður fallið undir gildissvið ákvæðisins.

Ljóst sé að ekkert þinglýst landamerkjabréf hafi fundist fyrir Vestmannaeyjar, enda ljóst að engin þörf hafi verið talin á slíku þar sem landamerki séu skýr, m.a. af náttúrunar hendi. Ljóst sé að Vestmannaeyjar hafi notið sérstöðu þegar komi að þessum efnum, enda hafi Vestmannaeyjar verið um aldir konungseign, fyrst norska og síðar danska konungsins, og verið taldar sérstök eign krúnunnar. Þegar heill eyjaklasi sé í slíkri eign, þ.e. konungsríkis, séu eignarréttarheimildir öðruvísi en hefðbundin landamerkjabréf milli aðliggjandi landa í bændaeign. Eignarrétturinn hafi verið staðfestur með öðrum gerningum, svo sem konunglegum forordningum og jarðabókum, líkt og *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704, sem skýrlega hafi tekið fram að allar Vestmannaeyjar væru „kongl. Majestatis eign“. Eignarréttur konungs hafi svo færst yfir

til íslenska ríkisins árið 1874 og verið framseldur til Vestmannaeyjabæjar með þinglýstu afsali árið 1960. Þá hafi verið gerð sérstök byggingarbréf fyrir býlin í Vestmannaeyjum, þar sem þeim hafi verið byggt tiltekið landsvæði sem að jafnaði hafi haft nánar tiltekin réttindi og hlunnindi í tilteknum úteyjum, svo sem hagagöngu og eggja- og fuglatekju. Allt hafi þetta verið gert með skýru leyfi konungs og umboðsmanns hans.

Lagafrumvarp um heimild til þess að selja Vestmannaeyjar hafi verið lagt fram á 80. löggjafarþingi 1959–60 og verið til umræðu og afgreiðslu í mars og apríl 1960. Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri og alþingismaður hafi verið fyrsti flutningsmaður frumvarpsins og meðflutningsmenn þeir Karl Guðjónsson, alþingismaður úr Eyjum, og Björn Fr. Björnsson, þá sýslumaður Rangæinga, en frumvarpið var lagt fram að beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.“

Málið hafi verið tekið til 1. umræðu í neðri deild í mars og að henni lokinni vísað til landbúnaðarnefndar. Nefndin hafi fjallað rækilega um frumvarpið og í áliti sínu tekið fram að hún teldi að ekki ætti að binda söluna við heimalandið eitt heldur Vestmannaeyjar allar: „Einnig telur nefndin rétt að binda ekki söluheimildina við Heimaey eina, heldur nái hún einnig til úteyja, en svo nefnast einu nafni allar aðrar eyjur Vestmannaeyja en Heimaey.“ Nefndin hafi flutt breytingartillögu við frumvarpið í samræmi við þessi sjónarmið.

Breytingartillagan hafi verið samþykkt samhljóða í neðri deild og frumvarpinu, að lokinni 3. umræðu í deildinni, vísað til efri deildar. Þar hafi frumvarpið verið samþykkt með áorðnum breytingum, einnig samhljóða, og afgreitt þannig frá efri deild hinn 29. apríl 1960 sem „lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum“.

Strax og frumvarpið um söluna hafi verið samþykkt á Alþingi sem lög, en degi áður en þau voru staðfest, þ.e. 9. maí 1960, hafi verið fundur í bæjarráði Vestmannaeyja, þar sem ákveðið var að fela bæjarstjóra að ræða við ríkisstjórnina um væntanleg kaup Vestmannaeyjabæjar á landi í Vestmannaeyjum, heimalandi og úteyjum.

Ákveðnar takmarkanir hafi þó verið á sölunni skv. afsalinu frá 1960. Þannig segi í afsalinu að undanskilið sölunni sé:

> Prestsetursjörðin Ofanleiti […]
>
> Vitajörðin Stórhöfði.
>
> Lóð undir hús bæjarfógetaembættisins (Tindastóll) og lóð undir fangahús.
>
> Núverandi flugvallaland, auk þess land undir væntanlega þverbraut að stærð 20 ha.
>
> Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu lóðir eða landspildur í Vestmannaeyjum, halda rétti sínum samkvæmt þaraðlútandi samningum. Námar og námaréttindi í hinu selda landi eru undanskilin sölu, svo og jarðhitaréttindi, nema til notkunar fyrir bæjarfélagið.

Landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, sem undirritaði afsalið fyrir hönd ríkisins, hafi í framhaldinu lýst „kaupandann réttan og löglegan eiganda að framangreindu landi í Vestmannaeyjum, með þeim takmörkunum, er áður greinir“.

Því er byggt á því að ljóst sé að eignaréttur Vestmannaeyjarbæjar á grundvelli afsalsins nái til allra úteyjanna sem og Stórhöfða. Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, eða sá eignarréttur síðar fallið niður, fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Á því er byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu afsali, sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland og að sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Byggt er á því að nýting og búseta á Vestmannaeyjum og tilheyrandi eyjum, skerjum og hólmum bendi jafnframt til þess að þess að þau hafi verið nytjuð allt frá landnámi. Fráleitt sé að halda því fram að aðeins hafi stofnast til óbeinna eignaréttinda yfir þessum eyjum og skerjum. Þvert á móti hafi þau verið nýtt með öllum mögulegum hætti af eigendum, svo sem til beitar, veiði (fiskveiða og selveiða), fugla, dún-, eggja-, fjaðra-, grasa- og rótatekju. Allar eyjarnar hafi því þjónað einhverjum tilgangi og verið nauðsynlegur þátt í búskaparháttum eigenda á þessu svæði. Úteyjarnar hafi jafnframt þjónað mikilvægum tilgangi við að viðhalda byggð í Vestmannaeyjum í gegnum aldirnar. Þetta komi skýrt fram í eldri heimildum um hvernig eyjarnar voru nýttar, og jafnvel hvernig sú nýting skiptist á milli tiltekinna býla og manna með nánar tilteknum hætti, líkt og lýst sé í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 og jarðamati Vestmannaeyja 1804, auk fleiri heimilda sem vísað sé til í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni og stjórnað nýtingu hennar. Hann hafi einnig haft einkarétt til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.

Byggt er á því að notkun landsvæðanna í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að þau flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þau staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðin falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti: „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að þau voru numin til eignar. Þá er á því byggt að eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði), Hrd. 536/2006 (Hvítmaga) og Hrd. 41/2020 (Þóreyjartungur). Þessir dómar sýni að það eitt að land hafi verið nefnt afréttur eða almenningur eða að það hafi verið nýtt til beitar komi ekki í veg fyrir að það teljist eignarland, sérstaklega þegar önnur gögn og sögulegar heimildir styðji beinan eignarrétt. Í tilfelli Vestmanna-

eyja styðji umfangsmiklar heimildir þá niðurstöðu að allt landið hafi verið háð beinum eignarrétti frá landnámi.

Að teknu tilliti til framangreinds er byggt á því að land allt í Vestmanneyjum, ásamt öllum eyjum, skerjum og hólmum sem þeim tilheyra sé allt eignarland, og að það styðjist við fyrirliggjandi eignarheimildir, en einnig við fullnaða hefð. Á því er byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Í ljósi óslitinnar eignarréttarkeðju frá landnámi (sbr. Landnámu, jarðabækur og afsal ríkisins til Vestmannaeyjabæjar árið 1960) telji landeigandi að hann, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst er í eignarheimildum sé fullkomin eign hans. Sérstaklega hafi Vestmannaeyjabær réttmætar og lögmætar væntingar á grundvelli afsalsins frá 1960, þar sem íslenska ríkið, sem þá hafi verið eigandi allra Vestmannaeyja, hafi selt bænum „land allt í Vestmannaeyjum“. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Kröfugerð ríkisins, dags. 2. febrúar 2024, sem og endurskoðaðri kröfulýsingu, dags. 9. október 2024, vegna Vestmannaeyja og þeim úteyjum sem þeim tilheyri, sem og hluta af Heimaey, þ.e. Stórhöfða, sé mótmælt í heild sinni. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land sem tilheyri Vestmannaeyjabæ og ríkinu, hvað vitajörðina Stórhöfða varði.

Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræði hafi ekki verið numið í öndverðu, eða eignaréttur á því hafi síðar fallið niður. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Af hálfu ríkisins sé byggt á því að hinar umþrættu eyjar og sker hafi verið utan landnáms og að af *Landnámu* sé ekki hægt að ráða að eyjarnar og sker hafi verið numin. Þessi niðurstaða ríkisins sé hins vegar þeim annmörkum háð að ríkið vísi í kröfulýsingu sinni í rangan kafla *Landnámu* vegna landnáms Vestmannaeyja. Landnám Vestmannaeyja, þ.mt. úteyja og skerja, sé skýrt í *Landnámu* að mati gagnaðila ríkisins. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstuddar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Ósannaðar séu röksemdir ríkisins þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Það hafi gilt frá öndverðu.

Um lagarök er vísað til meginreglna eignaréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð, og laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001. Vísað er til venjuréttar og til almennra reglna samninga og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Vísað er til þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um ýmis almenn atriði. Þar verður gerð grein fyrir *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Þá verður fjallað sérstaklega um almenn álitaefni sem varða eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins. Að því búnu koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæða málsins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

7.2 Almenn atriði

7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem hafa fylgt úrskurðum síðan hafa að jafnaði verið uppfærðar með sama hætti, þ.e. með viðaukum sem geymdu umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum í málum á svæði 11 um dómafordæmi í þjóðlendumálum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.3 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 11, þ.e. á Austfjörðum, voru kveðnir upp 5. nóvember 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að tveir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 10. október 2024

munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur).

Dómarnir vörðuðu báðir úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Stóra-Vatnshornsmúli og Jörfaafréttur væru þjóðlendur. Með dómum Landsréttar voru felld úr gildi ákvæði í umræddum úrskurði um að landsvæðin tvö væru þjóðlendur og viðurkennt að þar væri engar þjóðlendur að finna.

Niðurstaða óbyggðanefndar um að landsvæðin tvö væru þjóðlendur byggðist m.a. á því að ekki yrði ráðið af fyrirliggjandi landnámslýsingum hvort svæðin hefðu verið numin. Jafnvel þótt svæðin kynnu að hafa verið numin í öndverðu, þá lægi ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því sambandi var m.a. vísað til þess að í gögnum málsins væri svæðanna fyrst og fremst getið í tengslum við beit eða önnur þrengri og sambærileg not, líkt og ætti við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Ekki lægju fyrir heimildir sem bentu til þess að svæðin hafi verið hlutar af jörðum. Engar haldbærar heimildir væru um byggð á svæðunum og þau væru aðskilin frá óumdeildum eignarlöndum jarðanna Stóra-Vatnshorns og Jörfa, en eigendur jarðanna kröfðust viðurkenningar á beinum eignarrétti að landsvæðunum. Gögn málsins bentu til þess að svæðin hafi lotið sjálfstæðri afmörkun sem afréttir, auk þess sem þau væru skýrlega afmörkuð af náttúrunnar hendi gagnvart aðliggjandi landsvæðum af vatnsföllum og vatnaskilum. Nefndin féllst hins vegar á að Stóra-Vatnshornsmúli væri í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns og Jörfaafréttur í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa.

Í dómum Landsréttar kom fram að þrátt fyrir takmarkaðar lýsingar *Landnámu* á afmörkun landnáms inn til landsins ekki yrði annað ráðið en að landsvæðin hefðu verið innan landnáms, að teknu tilliti til samanburðar við að- og nærliggjandi eignarlönd. Þegar til þess væri litið og jafnframt þess að þegar kæmi að staðháttum, gróðurfari, stærð og nýtingu skildu landsvæðin sig í engu frá aðliggjandi og nálægum landsvæðum sem óbyggðanefnd kvað úr um að væru eignarlönd, væri ekki ástæða til að álykta annað en að hin umdeildu landsvæði hefðu einnig verið eignarlönd. Að mati Landsréttar hefði ekkert komið fram í málinu sem stutt gæti að munur hefði að þessu leyti verið gerður á hinum umdeildu landsvæðum og aðliggjandi svæðum. Þá hefði heldur ekkert fram komið um að sá beini eignarréttur hefði síðar fallið niður. Í því sambandi vísaði Landsréttur til yfirlýsinga hreppstjóra Haukadalshrepps og sýslumanns Dalasýslu frá árinu 1920 um að ekki væru neinir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki tilheyrðu lögbýlum.

Í dómunum virðist Landsréttur leggja mikla áherslu á samanburð aðliggjandi landsvæða, einkum að því er varðar ályktun um umfang og afmörkun landnáms. Munurinn á niðurstöðum Landsréttar og óbyggðanefndar virðist fyrst og fremst grundvallast á ólíku vægi þessa þáttar við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðanna sem voru til

umfjöllunar í þessu tilviki. Óbyggðanefnd hefur talið að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða geti, auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda, haft vægi við mat á eignarréttarlegri stöðu og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), varðandi efstu jarðir í Biskupstungum. Dómar Landsréttar styðja að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða geti haft þýðingu í þessu sambandi.

7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins[515]

7.2.3.1 Inngangur

Af fyrirliggjandi heimildum og kröfulýsingum aðila á svæði 12, bæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess, er ljóst að eyjum og skerjum[516] utan meginlandsins megi að meginstefnu skipta í þrjá flokka m.t.t. heimilda um eignarráð. Í fyrsta lagi er um að ræða eyjajarðir sem eru oft á eyjaklösum eða þyrpingu eyja og skerja, þar sem búseta er eða hefur verið á tiltekinni eyju sem oft er nefnd heimaey, heimaeyja eða bæjarey. Ef aðrar eyjar og sker tengjast henni eru þær gjarnan kallaðar úteyjar. Í öðru lagi er um að ræða eyjar og sker sem tilheyra eða tengjast jörðum á meginlandinu, oft strandjörðum. Í þeim tilvikum hefur almennt ekki verið heilsársbúseta á viðkomandi eyjum en þær verið nýttar af landeigendum eða ábúendum sem búa uppi á landi. Í þriðja lagi eru dæmi um eyjar og sker sem ekki eru heimildir um að hafi tengst jörðum, hvorki eyjajörðum né jörðum á meginlandinu.

Af málatilbúnaði aðila er ljóst að einkum reynir á álitaefni sem tengjast fyrstu tveimur flokkunum. Annars vegar eignarréttarlegri stöðu eyjajarða, og þá einkum úteyja þeirra, en heimaeyjar slíkra jarða eru almennt óumdeild eignarlönd ásamt þeim eyjum og skerjum sem tengjast heimaeyjum á stórstraumsfjöru eða eru innan netlaga þeirra. Eftir endurskoðun ríkisins á kröfugerð sinni við meðferð málsins er mikill meirihluti úteyja slíkra jarða einnig óumdeild eignarlönd. Hins vegar eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja í sjó sem tengjast jörðum á meginlandinu. Stór hluti þeirra er einnig óumdeild eignarlönd eftir endurskoðun á kröfugerð ríkisins.

Í báðum þessum tilvikum er einkum á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þrátt fyrir að gögn málsins bendi í sumum tilvikum til þess að eigendur tiltekinna jarða, ýmist eyjajarða eða jarða á meginlandinu, hafi nýtt viðkomandi eyjar og sker, eða a.m.k. hluta þeirra, og kallað til réttinda á þeim, bendi heimildir ekki til þess að slík nýting eða tilkall geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir

[515] Umfjöllun óbyggðanefndar um þessi almennu álitaefni var upphaflega birt 10. apríl 2025, sjá skjal nr. H-2. Sú gerð sem hér birtist hefur verið uppfærð lítillega.

[516] Hér eru heitin eyjar og sker almennt notuð yfir hvers konar landfræðilegar einingar sem standa upp úr sjó á stórstraumsfjöru. Ýmis önnur heiti eru til yfir slíkt, s.s. hólmar, flögur, klettar, stangir, klakkar, rimar, boðar, flúrur, hnúfur, flákar, flesjur og rif. Umfjöllunin á að sjálfsögðu við um allar slíkar landfræðilegar einingar þrátt fyrir að þessi heiti séu ekki notuð hér.

eða aðilar hafi verið komnir að þeim réttindum. Þá er einnig á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðum ríkisins. Almennt sé um að ræða eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafi ekki verið og séu ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir kunni að benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er hins vegar almennt á því byggt að umræddar eyjar og sker hafi tilheyrt viðkomandi jörðum sem fullkomið eignarland þeirra, rétt eins og aðrir hlutar jarðanna. Landeigendur hafi í gegnum tíðina átt þar mikil hlunnindi og haft af þeim umfangsmikil not eftir því sem búskaparhættir og tækni hafi heimilað á hverjum tíma. Flestir landeigendur byggja á því að eignarréttur þeirra að eyjum og skerjum sé lögákveðinn samkvæmt lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Þá er í sumum tilvikum byggt á því að um sé að ræða landsvæði sem lýst sé innan merkja í landamerkjabréfum jarða eða þess getið þar að um sé að ræða landsvæði sem tilheyri viðkomandi jörðum. Það eigi sér jafnframt stoð í ýmsum öðrum heimildum um jarðirnar.

Ljóst er að á framangreind álitaefni reynir í báðum málunum á svæði 12 og að málsmeðferðarsvæðið er að ýmsu leyti frábrugðið fyrri svæðum sem nefndin hefur haft til umfjöllunar. Í ljósi þess tók nefndin til rannsóknar atriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn mála á svæðinu, einkum með tilliti til nýrra álitaefna sem ekki hafa áður komið til skoðunar og þess hvernig þau sjónarmið sem fram koma í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* horfa við álitaefnum sem uppi eru á svæði 12 að öðru leyti.

Tekið skal fram að í eftirfarandi umfjöllun er ekki tekin efnisleg afstaða til einstakra krafna aðila heldur er um að ræða afstöðu nefndarinnar til almennra álitaefna. Tekin er afstaða til krafna aðila sem varða einstakar jarðir eða kröfusvæði ríkisins í kafla 7.3.

7.2.3.2 Stofnun eignarréttar á eyjum og skerjum

Um þá stofnunarhætti eignarréttinda sem helst koma til skoðunar í þjóðlendumálum, þ.e. nám, hefð og lög, er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Hér verður vikið að almennum álitaefnum um þessa stofnunarhætti eignarréttinda hvað varðar eyjar og sker.

7.2.3.2.1 Landnám

Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi á landnámsöld og *Landnáma* hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi.

Í réttarframkvæmd hefur verið talið að skýrar frásagnir *Landnámu* um tiltekið landsvæði geti haft þýðingu þegar lagt er mat á hvort til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu fyrir nám, en almennt sé ekki unnt að draga afdráttarlausar ályktanir af tak-

mörkuðum lýsingum í *Landnámu*. Þó að þess séu dæmi að í *Landnámu* sé fjallað um eyjar og sker eru landnámslýsingar almennt ekki skýrar að þessu leyti. Í samræmi við framangreint telur nefndin að af því verði almennt ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um stofnun eignarréttinda.

Það er meginregla íslensks eignaréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir tilteknu verðmæti verði að færa fram heimildir fyrir þeim rétti sínum.[517] Í þjóðlendumálum skiptir máli að sýna fram á að stofnast hafi til beins eignarréttar í öndverðu og að sá eignarréttur hafi haldist síðan. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu hefur Hæstiréttur í dómaframkvæmd þjóðlendumála ekki gert kröfu um að sýnt sé nákvæmlega fram á hvernig stofnast hafi til eignarréttar í öndverðu með námi heldur talið að mestu skipti að sýna fram á að eignarréttur hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og haldist í tímans rás. Um þetta má m.a. vísa til eftirfarandi ummæla í fyrsta dómi Hæstaréttar í þjóðlendumáli 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum):

> Meðal þeirra ástæðna, sem [íslenska ríkið] reisir kröfur sínar um mörk þjóðlendu á, er sú að [gagnaðilar ríkisins] geti ekki sannað að þeir hafi öðlast beinan eignarrétt að landi norðan við kröfulínur hans fyrir nám, en frumeignarréttur að landi geti einungis stofnast með þeim hætti eða með löggjöf. Um landnám á þessu svæði nýtur ekki nægilega glöggra heimilda. Önnur atriði eins og staðhættir, nýting eða gróðurfar gefa heldur ekki skýrar vísbendingar um hvort land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda hafi verið numið. Varðandi síðastnefnda atriðið er hins vegar til þess að líta að við meðferð málsins hlutaðist óbyggðanefnd til um að rannsakað yrði hvernig gróðurfari hafi verið háttað fyrr á öldum. Hefur sú rannsókn leitt í ljós að óvíða á landinu hefur gróðri hnignað jafn mikið og á þessu svæði. Gróðurleysi hefur því væntanlega ekki staðið því í vegi að land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda yrði numið. Mikill hluti þessa svæðis, einkum að austanverðu, er einungis í 200 til 300 metra hæð yfir sjávarmáli, en þegar vestar dregur standa þó einstök fjöll upp úr því landi og ná 500 til 700 metra hæð, svo sem Sandfell, Bjarnarfell, Miðfell og Svínafell. Hluti svæðisins að suðvestanverðu, sem liggur að nokkru að fyrrum mörkum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps, nýtur hins vegar nokkurrar sérstöðu að þessu leyti og þar eru tvö fjöll, Kálfstindur og Högnhöfði, sem eru rúmlega 900 og 1000 metra há. Að undanteknu landinu næst þessum hreppamörkum er svæðið norðan kröfulínu aðaláfrýjanda, þegar litið er til þess í heild, ekki svo hálent eða gróðursnautt að það geti talist hafa sett landnámi einhver augljós mörk. Í ljósi þessa verður ekki lagt á stefndu að sýna frekar fram á það en gert hefur verið að land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda hafi almennt verið numið þannig að það hafi verið nýtt með öðrum hætti en til takmarkaðra afnota yfir sumarmánuðina eins og aðaláfrýjandi heldur fram að hafi verið. Geta úrslit málsins ekki ráðist af skorti á sönnun um þetta atriði.

Í tilvikum sem þessu hefur ekki verið gerð krafa um að sýnt sé nákvæmlega fram á með hvaða hætti yfirfærslu eignarréttar hafi verið háttað á fyrri öldum heldur aðeins að

[517] Sjá nánar: Þorgeir Örlygsson: „Om ejendomsret til landområder og naturressourcer.“ *Tidsskrift for Rettsvitenskap*, 111. árg., 4. tbl. 1998, bls. 576; Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík 1998, bls. 107–108; Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 68–69; Valgerður Sólnes: „Sönnunarfærsla í eignarréttarmálum“ í: *Hæstiréttur og Háskóli Íslands. Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*. Reykjavík 2020, bls. 337–339; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 305.

rétturinn hafi haldist í raun, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk), 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Seltjarnarnesafréttur) og 3. júní 2010 í máli nr. 198/2009 (Ölfus- og Selvogsafréttur).[518]

Þar sem landnámslýsingar í *Landnámu* eru almennt óljósar eða takmarkaðar þegar kemur að eyjum og skerjum á svæði 12 telur óbyggðanefnd að framangreint eigi almennt við og því geti skipt meira máli að sýnt sé fram á að eignarréttur að eyjum og skerjum hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og flust áfram í tímans rás, fremur en nákvæmlega hvernig til hans hafi stofnast í öndverðu. Eftir sem áður telur nefndin þó að skýrar frásagnir í *Landnámu* hafi sönnunargildi við mat á stofnun beins eignarréttar. Í þessu sambandi er þess einnig að gæta að landnámsmenn komu sjóleiðina til landsins, sem var auk þess lengst af eina flutningsleiðin til og frá landinu, og eyjar og sker við landið hafa þannig blasað við og löngum verið í alfaraleið. Aðstæður á svæði 12 eru að þessu leyti frábrugðnar flestum öðrum landsvæðum sem hafa verið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, en þau hafa alla jafna verið upp til fjalla og inn til landsins.

7.2.3.2.2 Lög

Þess eru dæmi að stofnað hafi verið til eignarréttinda með lögum, t.d. með stofnun nýbýla á eigendalausu landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776, en með stofnun slíkra býla stofnaðist jafnframt til beins eignarréttar að því landi sem hlutaðeigandi býli var ætlað og áður var eigendalaust.[519] Hugsanlegt er að stofnað hafi verið til nýbýla á eyjum og skerjum en sé um slíkt að ræða þarf að meta hvort skilyrðum tilskipunarinnar fyrir nýbýlisstofnun hafi verið fullnægt með sama hætti og í öðrum slíkum tilvikum sem komið hafa til skoðunar hjá nefndinni og fyrir dómstólum.

Í tengslum við stofnun eignarréttinda á eyjum og skerjum með lögum gefur málatilbúnaður aðila jafnframt tilefni til ítarlegrar umfjöllunar um lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

7.2.3.2.2.1 Lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar

Af hálfu flestra gagnaðila ríkisins er á því byggt að tekin hafi verið bein afstaða til eignarréttarlegrar stöðu eyja og skerja með lagasetningu þegar á þjóðveldisöld, með vísan til 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar. Regla um þetta efni hafi svo verið tekin upp í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar[520] við lögtöku hennar árið 1281. Byggt er á því að af þessu ákvæði Jónsbókar, sem birt er í gildandi lagasafni, leiði að eyjar og sker utan meginlandsins séu almennt eignarlönd og hafi tilheyrt þeim jörðum

[518] Sjá nánar: Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 287–288; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 334.

[519] Sjá nánar kafla 3.3 og 13.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og Sigmar Aron Ómarsson: „Nýbýlatilskipunin frá 1776.“ *Tímarit lögfræðinga* 2023, bls. 677–723.

[520] Í sumum útgáfum er þessi kafli nefndur 61. kapítuli landabrigðabálks Jónsbókar. Hér er tekið mið af þeirri kaflaskiptingu sem notuð er í lagasafninu. Þá er þessi hluti Jónsbókar í sumum handritum nefndur „rekaþáttur“ en hér verður heitið „rekabálkur“ notað líkt og algengast er.

sem næst liggja, nema um annað hafi verið samið, svo sem ef einstakar eyjar eða sker hafi verið seld sérstaklega eða skilin með öðrum hætti frá viðkomandi jörðum.

Um er að ræða atriði sem ekki hefur áður komið til skoðunar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* eða réttarframkvæmd þjóðlendumála. Í ljósi þess óskaði nefndin eftir afstöðu íslenska ríkisins til þess hvort og þá hvaða þýðingu lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hefði við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teldust vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga.

Í bréfi lögmanna íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 25. mars 2025, kemur fram að ríkið telji ákvæðið hafa mjög takmarkaða þýðingu við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teljist vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Í fyrsta lagi þyki tiltekin sjónarmið mæla gegn því að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist svo víðtæk regla sem gagnaðilar ríkisins byggja á, og þau renni fremur stoðum undir að aðrir skýringarkostir kunni að vera nærtækari. Í öðru lagi telur íslenska ríkið að jafnvel þó að ákvæðið yrði talið fela í sér sérstaka reglu um beinan eignarétt sæti slík regla takmörkunum hvað varðar fjarlægð eyja og skerja frá meginlandi. Af þeim sökum og í ljósi endurskoðaðra kröfulýsinga ríkisins geti ákvæðið því litla sem enga þýðingu haft við úrlausn mála á svæði 12 að mati ríkisins.

Hér verður þetta tekið til nánari skoðunar. Fyrst verða tilgreind í heild þau ákvæði úr Grágás og Jónsbók sem um ræðir. Umrætt ákvæði úr Grágás er svohljóðandi:[521]

> EF MAÐUR KAUPIR REKA AF LANDI MANNS. Þar er maður kaupir reka af landi annars manns, og skilja þeir eigi það mál ger en hann kaupi af landinu rekann að réttu lögmáli, þá skal svo fara sem nú mun eg tína. Landeigandi á að hafa af fjöru þeirri álnarlöng kefli öll og smærri. Hann á og þara allan og fugla alla og sela alla og rostunga og háskerðing og hnísu og fiska ef þá rekur fimm senn eða þaðan af færri. En ef fleiri rekur senn en fimm fiska, þá á það rekamaður. Landeigandi á og sela þá þó að þeir sé drepnir.
>
> Þetta allt sem nú var tínt á sá maður er land á fyrir ofan. Hann á og flutningar allar þar, og að varðveita skotmannshlut og hafa þar ágóðahlut og varðveita vogrek allt, og hvala þá alla á hann að þriðjungi er fyrir mönnum hlaupa á land, og veiðar allar á hann í netlögum og svo í fjörunni. Hann á og fyrir utan netlög og fyrir innan almenning hvala og viðu og allt það er þar flýtur, það sem eigi eiga aðrir menn áður. En sá er reka keypti af landinu á þar allan viðreka annan ótelgdan og hvala alla þá er kvikir hlaupa á land upp, nema menn valdi. Og hann á þá hvala alla og er þar rekur upp og svo þann er menn flytja úr almenning hvala og viðu og allt það er þar flýtur í netlögum, hvort sem net er lagt af landi eða af skeri. Hann á og fiska þá er fleiri rekur en fimm senn, nema kaup þeirra sé á annan veg skilt. Þá skulu sem í öðrum stöðum haldast þar öll á kveðin orð.
>
> Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé annan veg keypt. Ef menn veiða rostung á landi manns eða í netlögum, og á hálfan landeigandi en hálfan þeir er veiða.

[521] Hér er vitnað til Grágásarútgáfu Gunnars Karlssonar, Kristjáns Sveinssonar og Marðar Árnasonar (Mál og menning, 1997) þar sem texti Staðarhólsbókar (AM 334 fol.) er lagður til grundvallar en þeir þættir sem Konungsbók (GKS 1157 fol.) hefur umfram hana eru einnig teknir með. Líkt og iðulega í útgáfum miðaldatexta eru greinaskil ákvörðun útgefenda. Í Staðarhólsbók og þeim Jónsbókarhandritum sem skoðuð hafa verið, sbr. næstu neðanmálsgrein, er upphaf kapítula jafnan aðgreint með skreyttum upphafsstaf og eftir atvikum fyrirsögn en að öðru leyti er textinn samfelldur, líkt og almennt gerist í miðaldahandritum.

> En fyrir utan netlög á hver maður veiði sína. Og er það veiður er menn færa á skipi til lands en flutning ella.

Jónsbókarákvæðið er svohljóðandi í þeirri útgáfu sem birt er í gildandi lagasafni:

> Um viðreka ok veiði fyrir útan netlög.
>
> Hverr maðr má flytja ok fénýta sér við þann allan er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá viðr eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti … skaðabót þeim er reka á. Rétt er honum at færa upp á land ór fjöru ok hafa þaðan flutt innan tólf mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju. … Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en fimm, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut … ok hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef viðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.

Í báðum tilvikum hafa þær setningar sem byggt er á verið undirstrikaðar. Ákvæðin eru efnislega samhljóða, enda mun Jónsbókarákvæðið eiga rætur að rekja til Grágásar.

Jónsbók er varðveitt í fjölmörgum handritum og minniháttar orðalagsmunur er á framangreindu ákvæði í þeim. Í útgáfu Jónsbókar frá árinu 2004, sem leggur önnur handrit til grundvallar en sú útgáfa sem lagasafnið styðst við, er lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar svohljóðandi: „Ef sker eður eyjar liggja fyrir landi manns, þá á sá það og reka þann allan er því fylgir er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið.“ Ekki er um merkingarbæran mun að ræða og athugun óbyggðanefndar á helstu handritum Jónsbókar hefur jafnframt leitt í ljós að í þeim er ekki frekari tilbrigði að finna sem máli kunna að skipta.[522]

[522] Einkum voru skoðuð eftirtalin handrit. Annars vegar AM 351 fol. (bls. 45r), GKS 3268 4to (bls. 74v–75r), GKS 3271 4to (bls. 36r), AM 346 fol. (bls. 63v) og AM 169 4to (bls. 53r) sem eru ýmist meðal elstu handrita eða, a.m.k. að einhverju leyti, talin til marks um elstu gerð textans sem tiltæk er, en fyrstnefnda handritið var lagt til grundvallar við útgáfu Ólafs Halldórssonar á Jónsbók 1904. Þá er AM 134 4to meðal helstu handrita í þessum flokki en það er ekki varðveitt í heilu lagi og m.a. vantar þennan hluta rekabálks. Hins vegar voru skoðuð AM 350 fol. (bls. 52r) og AM 343 fol. (bls. 64v) sem útgáfa Más Jónssonar á Jónsbók árið 2004 byggðist á en henni var ætlað að sýna þann texta sem var algengastur frá miðri 14. öld fram í byrjun 18. aldar. Handritin eru aðgengileg mynduð á vefnum handrit.is. Einnig voru skoðuð nokkur önnur handrit, sem og lesbrigði sem tilgreind eru neðanmáls í Jónsbókarútgáfu Ólafs Halldórssonar frá 1904. Helstu tilbrigði önnur en ofangreind reyndust vera að í stað „er (því) fylgir“ er stundum skrifað „er þar fylgir“ eða „er fyrir liggur“. Þá segir í einu handriti sem skoðað var „eru fyrir landi“ en ekki „liggja fyrir landi“. Enn fremur mun þess dæmi að í stað „fyrir landi“ segi „við land“ en þar virðist um afmarkað tilvik að ræða í handritinu AM 158 a 4to sem Ólafur Halldórsson segir í yfirliti um handrit í Jónsbókarútgáfu sinni 1904 vera býsna fullt af villum. — Um handrit Jónsbókar, handritaflokka og fleira sem þeim

Eins og áður segir er Jónsbókarákvæðið birt í gildandi lagasafni.[523] Ljóst er að við útgáfu lagasafns í gegnum tíðina hefur verið leitast við að leggja mat á hvaða hlutar Jónsbókar væru enn í gildi og í lagasafninu eru nú birtir 47 kapítular úr Jónsbók eða hlutar þeirra. Undir lok síðustu aldar var skipuð svonefnd lagahreinsunarnefnd sem hafði það meginverkefni að gera tillögur um lagahreinsun og brottfall úreltra laga. Nefndin vann í þessu skyni frumvarp sem varð að lögum um brottfall laga og lagaákvæða, nr. 118/1990. Í almennum athugasemdum við frumvarpið var tekin afstaða til nokkurra grundvallaratriða og þar á meðal hvort ástæða væri til að fella brott þau ákvæði Jónsbókar sem talin voru í gildi. Um það segir í frumvarpinu:

> Við vinnubrögð að lagahreinsun ber að áliti nefndarinnar að skirrast við að hreyfa við hinum elstu lagaboðum sem í gildi eru og prýða íslensk lagasöfn og hlýtur það sjónarmið þó að þoka fyrir brýnni nauðsyn ef slíku er að skipta. Yfirleitt eru þau lagaákvæði Jónsbókar, sem talin eru í gildi, með þeim hætti að þau ganga ekki í berhögg við nútímalög eða lagaviðhorf, en gæta ber þess, svo sem áður greinir, að samlaga einstök ákvæði þeirra meginreglum laga eða einstökum settum lagaákvæðum þegar þeim er beitt. Veldur það sjaldnast vafa. Athyglisvert er að til nokkurra Jónsbókarákvæða hefur verið vísað í hæstaréttardómum á síðustu árum. Í þessu lagahreinsunarstarfi ber því öðrum þræði að gæta lagaverndarsjónarmiða og þyrma hinum fornu lögum.

Viðhorf nefndarinnar var að þau ákvæði Jónsbókar sem væru birt í lagasafninu væru í gildi og að ekki væri ástæða til að fella þau úr gildi. Löggjafinn fylgdi þeirri stefnu og lög nr. 118/1990 hrófluðu því ekkert við ákvæðum Jónsbókar. Sama viðhorf má sjá í dómum Hæstaréttar þar sem ákvæðum Jónsbókar hefur allnokkuð verið beitt. Sem dæmi má nefna þrjá samhljóða dóma Hæstaréttar frá 19. september 1996 í málum nr. 179–181/1996 (Efri-Langey, bls. 2518, 2525 og 2532 í dómasafni réttarins það ár), sem vörðuðu m.a. ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga þegar kemur að einkarétti eigenda sjávarjarða til veiði sjávarfiska í netlögum.[524] Um það segir í dómunum:

---

tengist, m.a. ákvarðanir útgefenda um val á texta, sjá: Ólafur Halldórsson: „Indledning“ og „Haandskriftfortegnelse“ í: *Jónsbók*. Kaupmannahöfn 1904, bls. I–LVII, einkum XXI–XXII, XXXIII, XXXVI–XXXVIII og L o.áfr.; Már Jónsson: „Inngangur“ í: *Jónsbók*. Reykjavík 2004, bls. 1–34, einkum 19–29. Már Jónsson: „Ný útgáfa íslenska miðaldalaga.“ *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 73. árg. 2023, bls. 775–813, einkum 803–807; Már Jónsson: „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar“ í: *Líndæla*, Reykjavík 2001, bls. 373–387, einkum 375– 378.

523 Textinn sem birtur er í lagasafninu virðist einkum byggjast á útgáfu Ólafs Halldórssonar á Jónsbók árið 1904, sbr. umfjöllun Más Jónssonar í inngangi að Jónsbókarútgáfu sinni hundrað árum síðar. Már segir að markmiðið með útgáfu Ólafs hafi verið tvíþætt, annars vegar að nálgast upprunalegan texta eftir því sem hægt væri en jafnframt að sýna þann texta sem gilt hefði um aldir. Í tilviki lokamálsliðar 2. kapítula hefur upprunalegri textinn verið birtur í meginmáli Jónsbókarútgáfunnar 1904 og að mati Más er umhugsunarefni að sá texti sé birtur í lagasafninu en ekki sá texti sem hefði formlega verið í gildi áður. Sjá: Már Jónsson: „Inngangur“ í: *Jónsbók*. Reykjavík 2004, bls. 15.

524 Sjá einnig t.d.: Pétur Kr. Hafstein: „Jónsbókarákvæði í dómasafni Hæstaréttar 1920–2004.“ *Úlfljótur* 3. tbl. 2009, bls. 253–296; Páll Sigurðsson: „Um Jónsbók á síðari tímum. Ákvæði úr Jónsbók, sem vitnað er til í dómasafni Hæstaréttar 1921–1982.“ *Erindi og greinar 18*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 1985.

> Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávar–dýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það.

Af þessum dómum verður sú ályktun dregin að umræddur hluti 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hafi enn verið í gildi, þrátt fyrir að hafa ekki verið tekinn upp í lagasafninu 1919 og síðar, enda hefði hann ekki verið felldur úr gildi með ákvörðun löggjafans. Þannig háttar til að hér er til umfjöllunar annar hluti sama ákvæðis, þ.e. 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, en þó hluti þess sem sannarlega er birtur í lagasafninu. Með hliðsjón af framgreindu verður að telja að ákvæðið sem hér er til umfjöllunar sé enn í gildi, enda verður ekki séð að það hafi verið fellt úr gildi með ákvörðun löggjafans.

Þegar 56. kapítuli landabrigðisþáttar Grágásar er skoðaður heildstætt er ljóst að hann fjallar að mestu leyti um inntak rekaítaka, þ.e. þegar rekaréttur hefur verið skilinn frá jörð og færður í hendur annars en eiganda viðkomandi jarðar. Í ákvæðinu eru ítarlegar lýsingar á réttindum landeiganda annars vegar og rekamanns, þ.e. handhafa rekaítaks, hins vegar. Í grein um rekalög Jónsbókar rekur prófessor Einar Arnórsson hve mikla þýðingu rekaviður hafði fyrr á öldum, ekki síst vegna þess að íslenskt birki hentaði ekki til húsa- eða skipagerðar, auk þess sem talsverð verðmæti hafi verið falin í hvalreka.[525] Af þessum sökum var þörf á nákvæmri löggjöf um rekarétt og þar sem algengt var að stofnað væri til rekaítaka var þörf á ítarlegum reglum um inntak slíks réttar, eins og framangreint ákvæði Grágásar er til marks um. Jónsbókarákvæðið fjallar einnig að miklu leyti um sama efni en framan við umfjöllun um rekaítök, sem er nokkuð stytt frá Grágásarákvæðinu, eru einnig reglur um rekarétt og veiðar utan netlaga.

Ef þeir hlutar ákvæðanna sem fjalla um eyjar og sker eru túlkaðir í samhengi við aðra málsliði ákvæðanna, sem fjalla um rekaítök og rekarétt, mætti hugsanlega segja að efni þeirra væri fyrst og fremst skilgreining á sambandi landeiganda og rekamanns þegar kemur að eyjum og skerjum. Inntak ákvæðanna mætti þá túlka þannig að þrátt fyrir að stofnað hefði verið til rekaítaks á jörð til handa öðrum en landeiganda héldi landeigandi eftir rekarétti á eyjum og skerjum, nema samið væri um annað. Einnig er hugsanlegt að túlka ákvæðin sem sjálfstæðar reglur sem varði aðeins rekaréttindi en ekki endilega rekaítök, þannig að í þeim felist einungis að rekaréttindi á eyjum og skerjum fyrir landi fylgi þeirri jörð sem næst er. Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. byggt á því að nærtækast sé að túlka ákvæðin með þessum hætti þannig að þau varði einkum eða eingöngu rekaréttindi. Það sem helst mælir með slíkri túlkun er staðsetning ákvæðanna meðal annarra ákvæða í rekabálki sem varða fyrst og fremst rekaréttindi en þó einnig önnur eignarréttindi eins og veiðirétt.

Orðalag ákvæðanna er hins vegar einnig hægt að túlka á þann veg að kveðið sé á um að eyjar og sker fyrir landi manns fylgi því landi sem næst er á meginlandi í þeim skilningi að um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum sé að ræða. Því sé reglan sjálfstæð, þrátt fyrir að vera skipað í kapítula með ákvæðum sem varða einkum rekaréttindi.

[525] Einar Arnórsson: „Rekalög Jónsbókar.“ *Úlfljótur* 2. tbl. 1948, bls. 1–3.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að þannig beri að túlka ákvæðin. Af hálfu ríkisins hefur verið bent á að ætla mætti að ef í ákvæðinu fælist regla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum yrði slíkri grundvallarreglu gert hærra undir höfði í lagatextanum en raun ber vitni. Að mati nefndarinnar kann það að vera rétt en á hinn bóginn er einnig hugsanlegt að á þjóðveldisöld hafi slík regla ekki verið talin grundvallarregla, eða ekki talið að í henni hafi falist breyting á fyrirkomulagi eða inntaki eignarréttar að eyjum og skerjum, heldur hafi í henni birst rótgróið réttarástand sem hafi verið alþekkt þegar tekið var að rita lög þess tíma. Það sýnist einnig í betra samræmi við kenningar fræðimanna um hugmyndir á þjóðveldisöld um lög og lagasetningu. Talið er að litið hafi verið svo á að lög hafi byggst á fornum venjum og verið varanleg í þeim skilningi að almennt væri ekki á færi manna að breyta þeim af ásettu ráði. Hins vegar hafi löggjöf þróast með lagaréttingu og við úrlausn ágreiningsmála þar sem leiða þurfti í ljós hvaða reglur skyldu gilda, á grundvelli hinna fornu laga.[526]

Til stuðnings málatilbúnaði sínum hafa gagnaðilar ríkisins vísað til ýmissa dóma og að mati óbyggðanefndar er ástæða til að kanna nokkra þeirra nánar.

Fyrstan má nefna prestadóm frá 19. nóvember 1503 um eignarhald á Hrófey í Steingrímsfirði ásamt hólmum og skerjum sem liggja út frá henni.[527] Hrófey er skammt frá landi milli jarðanna Tungugrafar (nefnd Gröf í dómnum) og Húsavíkur í Steingrímsfirði. Í dómnum kemur fram að dómendur hafi gengið á vettvang og kannað landamerki milli jarðanna sem samkvæmt vitnisburðum hinna elstu manna sem þar voru í sveit voru talin liggja um Hrólfsmýrarlæk. Að fenginni þeirri niðurstöðu var Hrófey, ásamt nærliggjandi hólmum og skerjum, dæmd eign Tungugrafar „sakir þess ad oss leist fyrrgreind ey. holmar og skier liggja fyrir greindri grof eptir bokarinar ordum“. Niðurstaða málsins er þó með fyrirvara um að eigandi Húsavíkur „leiddi ij loglig vitne fyrir sira Rafni Oddzsyne heima a Stad j Steingrimsfirdi. jnnan tueggja manada ad heyrdum dominum ad þessi þrátt greind ey. holmar og skier hefdi annad huort verid gefnar. golldnar edur selldar af riettum eignarmanne burtt fra optnefndri Gröf eda ödruvijs med logum fra komid“.

Niðurstaða dómsins byggist greinilega á því að Hrófey liggi fyrir landi Tungugrafar, með þeim fyrirvara að eiganda Húsavíkur er gefinn kostur á að sanna innan tiltekins frests að eyjan, hólmarnir og skerin hafi verið skilin frá jörðinni, eða með lögum frá henni komin. Rökstuðningurinn í dómnum er í fullu samræmi við orðalag lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Ekki er vísað berum orðum til ákvæðisins heldur til *bókarinnar orða*. Orðalag á borð við þetta virðist nokkuð algengt í gömlum dómum þegar vísað er til ákvæða lögbókarinnar, þ.e. Jónsbókar. Með hliðsjón af sakarefni máls-

[526] Sjá nánar t.d. Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu.“ *Skírnir*, 1. tbl. 1984, bls. 124–126; og Viðar Pálsson: „Kristinréttur Árna biskups og röksemdir lagasetningar.“ *Tímarit lögfræðinga* 2023, bls. 731–736.

[527] *Íslenzkt fornbréfasafn*, VII. bindi bls. 655–656, skjal nr. 4(2).

ins og rökstuðningi dómsins eru að mati nefndarinnar yfirgnæfandi líkur á að orðalaginu sé ætlað að vísa til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Hér má einnig nefna Alþingisdóm frá 1598 sem varðaði ágreining prestanna á Helgafelli og Breiðabólstað á Skógarströnd um Drangaflögu.[528] Í dómi undirréttar frá 22. maí 1598 kemur fram að um sé að ræða sker „sem liggur vid Helgafells land“ sem hafi áður verið nefnt Þingvallaflaga en síðar Drangaflaga. Í undirréttardómi kemur fram að presturinn á Breiðabólsstað hafi byggt á hefð en presturinn á Helgafelli hafi byggt á því að honum þætti flaga þessi „fyrer Helgafellss landi liggia. og ecki med laugum fra komen“. Niðurstaðan í undirrétti var að vísa málinu til Alþingis, en að presturinn á Helgafelli skyldi halda flögunni þar til niðurstaða fengist í málið. Niðurstaða Alþingisdómsins var að dæma Drangaflögu eign Breiðabólstaðarkirkju „undan Helgafellskirkiu“, gegn því að Helgafell fengi kolviðarskóg í Breiðabólstaðarlandi.

Ekki er vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar í dómunum en forsendur þeirra virðast efnislega í samræmi við orðalag ákvæðisins, þ.e. að Drangaflaga hafi verið talin liggja fyrir Helgafellslandi og því hafi þurft að sýna fram á að hún væri með lögum frá Helgafelli komin. Svo virðist sem fallist hafi verið á það í Alþingisdómnum.

Næstan má nefna dóm Landsyfirréttar í máli nr. 5/1874 um hvali í ísvök við jörðina Eyjar í Strandasýslu.[529] Í málinu var ágreiningur milli umboðsmanns þjóðjarða í Strandasýslu vegna jarðarinnar Eyja og eiganda Þingeyrakirkju um rétt til fimm hvala sem festust í ísvök úti fyrir landi Eyja. Ábúandi Eyja kom járnum í hvalina sem hlupu í kjölfarið upp á grynningar við eyjar úti fyrir landi jarðarinnar. Eigandi Þingeyrakirkju taldi sig eiga rétt til fjórðungs hvalanna á grundvelli rekaítaks kirkjunnar.

Umboðsmaður Eyja byggði m.a. á því að túlka bæri orðalag rekaskrár Þingeyraklausturs, sem Þingeyrakirkja leiddi rétt sinn frá, þannig að kirkjan ætti aðeins rekaítak á eyjunum úti fyrir landi jarðarinnar og þar sem hvalirnir hefðu orðið fastir í ísvök næði ítakið ekki til þeirra. Þessu hafnaði Landsyfirréttur og taldi að túlka bæri orðalag rekaskrárinnar þannig að kirkjan ætti rekaítak fyrir landi jarðarinnar Eyja í heild sinni. Af forsendum dómsins verður ráðið að litið hafi verið svo á að í því fælist að rekaítakið næði bæði til strandlengju jarðarinnar uppi á landi og eyjanna úti fyrir landi hennar. Landsyfirréttur taldi hins vegar sannað að hvalirnir hefðu hlaupið undan mönnum á land og þar með hefði ekki verið um rekahvali að ræða í skilningi 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Þar kemur enda fram að rekamaður eigi hvali þá alla sem kvikir hlaupa á land, nema menn valdi, og að landeigandi eigi hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land.

Af dómnum verður greinilega ráðið að litið hafi verið svo á að rekaítak Þingeyrakirkju á Eyjum hafi verið talið ná til eyjanna úti fyrir landi jarðarinnar og að ef hvalina hefði rekið á land á eyjunum með hefðbundnum hætti, þ.e. ef þeir hefðu ekki hlaupið

[528] *Alþingisbækur Íslands*, 3. bindi 1595–1605, bls. 140–143, skjal nr. 4(3).
[529] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*, XI. bindi, bls. 307–310, skjal nr. 4(5).

undan mönnum á land, hefði kirkjan átt rétt á fjórðungi þeirra á grundvelli ítaksins. Dómurinn mælir þannig gegn því að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sé túlkaður í samhengi við aðrar reglur ákvæðisins um samband landeiganda og rekamanns þegar stofnað hefur verið til rekaítaks á jörð. Slík túlkun myndi enda leiða til þess að rekaítak næði almennt ekki til eyja og skerja úti fyrir landi jarðar heldur héldi landeigandi rekarétti þar, nema sérstaklega væri um annað samið. Ekki var sérstaklega um annað samið í þessu tilviki en rekaítakið var engu að síður talið ná til eyjanna fyrir landi Eyja. Það styður að mati nefndarinnar að líta beri á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sem sjálfstæða reglu.

Hér kemur einnig til skoðunar dómur Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 um Ketilsker og Djúpsker undan Syðra-Skógarnesi í Eyja- og Miklaholtshreppi. Miklaholtskirkja og Arnarstapaumboð, vegna þjóðjarðarinnar Syðra-Skógarness, deildu um eignarrétt að skerjunum tveimur.[530] Í dómi Landsyfirréttar er vísað til þess að skerin tvö séu „fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness“. Ekki er vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar en af forsendum dómsins verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að skerin væru eign Syðra-Skógarness og að sönnunarbyrði um annað hvíldi á Miklaholtskirkju. Niðurstaðan var sú að kirkjan hefði sýnt fram á eignarhald á hálfu Ketilskeri, með vísan til fornra máldaga, en að hún hefði ekki sýnt fram á eignarhald á hálfu Djúpskeri. Um það segir í dómnum:

> Þar eð nú þannig engin skilríki eru fram komin fyrir því frá Miklaholts kirkju hálfu, að hún eigi hið umþrætta Djúpsker, er liggur fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness, nje að henni beri nokkur rjettur til haustkópa og stórsela uppidráps þar, þá verður hvorki henni gefinn eignardómur fyrir skeri þessu, nje áfrýjandanum dæmdar skaðabætur fyrir útseli þá, er þar voru drepnir í nóvember og desember 1869.

Þrátt fyrir að ekki sé vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar virðist afstaða dómsins til eignarréttarlegrar stöðu skerjanna í reynd byggjast á því að þau séu *fyrir landi* Syðra-Skógarness og að ekki sé unnt að fallast á eignarrétt annarra yfir þeim nema sýnt sé fram á að rétturinn hafi flust frá eiganda Syðra-Skógarness. Þannig sýnist eigandi Syðra-Skógarness ekki hafa þurft að færa fram frekari sönnun fyrir tilkalli sínu til skerjanna en að þau væru fyrir landi hans. Það er efnislega í fullu samræmi við orðalag ákvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Af kortasjám verður ráðið að umrædd sker séu um 2 km frá landi og dómurinn er þannig einnig vísbending um að sker í þeirri fjarlægð frá landi geti talist vera *fyrir landi*, en til þess er nokkrum sinnum vísað í dómnum.

Til samanburðar má benda á annan dóm Landsyfirréttar frá svipuðum tíma, í máli nr. 10/1873, þar sem deilt var um eignarhald á eyðibýlinu Vilborgarkoti.[531] Þar var því m.a. hafnað að sú regla norræns réttar að ríkið eigi það sem enginn geti sannað eignar-

[530] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919*, I. bindi, bls. 1–5, skjal nr. 4(6).

[531] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum 1802–1873,* XI. bindi, bls. 229–233, skjal nr. 4(4).

tilkall sitt til, gilti að íslenskum rétti. Af dómnum verður ráðið að niðurstaða um þetta atriði hafi ráðist af þeirri grundvallarreglu íslensks eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum, hvort heldur sem er ríkið eða aðrir.[532] Dómurinn sýnir að þessi grundvallarregla var talin í gildi á þessum tíma og henni beitt í framkvæmd en dómurinn um réttindi á Ketilskeri og Djúpskeri gekk aðeins ári síðar. Í ljósi þessarar grundvallarreglu þykja forsendur dómsins um Ketilsker og Djúpsker styðja enn frekar við ályktun um tilvist lagareglu um eignarrétt að eyjum og skerjum *fyrir landi* jarðar.

Loks kemur til skoðunar dómur Landsyfirréttar í máli nr. 38/1888 um sker fyrir landi jarðarinnar Einarshafnar á Eyrarbakka.[533] Í málinu var ágreiningur milli eiganda Einarshafnar, þ.e. danska kaupmannsins Lefolii, og tveggja íslenskra kaupmanna, sem ráku sína verslunina hvor á Eyrarbakka. Ágreiningurinn snerist um heimild hinna síðarnefndu til að leggja hafnarfestingar fyrir skip sín í Einarshafnarsker fyrir landi Einarshafnar. Slíkar festingar í sker undan Eyrarbakka voru nauðsynlegar skipum sem komu þar að landi vegna landfræðilegra aðstæðna. Íslensku kaupmennirnir höfðu hafist handa við gerð hafnarfestinga á Einarshafnarskeri en fulltrúi Lefoliis fékk lagt fógetabann (lögbann) við því og höfðaði í framhaldi mál til staðfestingar banninu. Lefolii tapaði málinu í héraði og áfrýjaði til Landsyfirréttar.

Í málinu var m.a. deilt um hvort umrætt sker væri háð eignarrétti Lefoliis sem hluti jarðarinnar Einarshafnar. Í greinargerð áfrýjandans Lefoliis fyrir Landsyfirrétti segir um þetta atriði:[534]

> Það er in confesso fyrir undirrjetti, að sækjandinn, stórkaupmaður J.R.B. Lefolii sje eigandi að jörðinni Einarshöfn, og heimildir fyrirrennara hans fyrir jörðinni sýna, að á þeim hafa aldrei neinar kvaðir hvílt. Jeg ætla hjer ekki að eyða orðum að því, að sýna fram á, að eignarrjettinum yfir jörðinni fylgi jafnríkur og jafnútilokandi rjettur yfir þeim hluta sem liggur að flæðarmálinu eins og því sem ofar liggur. Stórstraumsfjörumál er takmarkalína láðs og lagar, auk þess sem eignarrjetturinn nær út svo langt sem nótlög eru talin. Öll skerin liggja fyrir ofan stórstraumsfjörumál, hvað þá innan nóthelgi, því mörg af þeim – einnig ytri skerjunum – koma upp áður en sjór er hálffallinn og því nær öll koma þau upp um hálffallinn sjó. Jeg vísa að öðru leyti um þetta atriði og um afnotkun skerjanna í það, sem jeg hef tekið fram fyrir undirrjetti og í hin framlögðu kort, og samkvæmt því slæ eg því föstu, að stórkaupmaður J.R.B. Lefolii hefur löglegan, kvaðalausan eignarrjett yfir lóð þeirri, er hinir stefndu hafa byrjað að vinna að landfestum á, í forboði hans og án nokkurs leyfis eða tilvísunar hvorki af hálfu einstakra manna eða yfirvalda.

---

[532] Sjá nánar um regluna: Þorgeir Örlygsson: „Om ejendomsret til landområder og naturressourcer.“ *Tidsskrift for Rettsvitenskap*, 111. árg., 4. tbl. 1998, bls. 576; Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík 1998, bls. 107–108; Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 68–69; Valgerður Sólnes: „Sönnunarfærsla í eignarréttarmálum“ í: *Hæstiréttur og Háskóli Íslands. Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*. Reykjavík 2020, bls. 337–339; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 305.

[533] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919*, III. bindi, bls. 447–452, skjal nr. 4(7).

[534] Málsskjöl í dómsmálunum um Einarshafnarsker eru meðal framlagðra skjala málsins, sjá gagnaflokk A.6.c í skjalaskrá (fylgiskjali II).

Hér virðist eignarréttarlegt tilkall til skerjanna fyrir landi Einarshafnar einkum á því byggt að þau séu land þar sem þau standi upp úr sjó á stórstraumsfjöru og séu innan netlaga jarðarinnar. Af hálfu stefndu, íslensku kaupmannanna, er þessu mótmælt í greinargerð fyrir Landsyfirrétti:

> Það verður að festa festi í botninn, og á því atriði, að hinir stefndu ~~vilja~~ þurfa að[535] festa akkeri í sker – hluta af botninum – sem koma upp úr sjó við stórstraums fjöru, ~~vill~~ byggjast allar mótbárur hans. Hann kallar það „rask á lóð“ etc., og telur krenktan eignarrjett sinn yfir þeirri ~~grann~~ jörð, sem liggur að höfninni – sem hann að vísu að öllum gögnum og gæðum hefur byggt og leigt öðrum manni, sem hefur yfirdregið hinum stefndu allan sinn rjett. Jeg hef fyrir undirrjettinum hrakið þessa viðbáru, og með ~~ég~~ rökum, er mjer virðast óyggjandi, sýnt fram á, að eigandi jarðarinnar Einarshafnar getur ekki bannað að nota höfnina, og álit jeg óþarft, að skrifa hjer upp aptur röksemdaleiðslu mína, og læt mjer nægja að skírskota til þess, sem jeg í varnarskjölum mínum fyrir undirrjetti hef tekið fram og sýnt, er mun vera ~~einna~~ glöggast í varnarframhaldi 19. júní. Allar þær röksemdir, sem jeg hef komið fram með fyrir undirrjetti, standa að mínu áliti óhraktar, og held ég fast við allt sem jeg þar hef framfært …

Af hálfu stefndu er þannig byggt á því að skerin fyrir landi Einarshafnar séu hluti af hafsbotninum, þrátt fyrir að þau komi upp úr sjó á stórstraumsfjöru, og teljist því ekki hluti jarðarinnar. Þetta kemur einnig skýrlega fram í tilvitnuðu varnarskjali stefndu fyrir undirrétti frá 19. júní 1888.

Í dómi Landsyfirréttar er þetta atriði tekið til umfjöllunar:

> Aðalsástæða áfrýjanda [Lefolii] til rjettlætingar fógetabanninu er, að aðfarir hinna stefndu komi í bága við eignar- og umráðarjett hans yfir jörðinni Einarshöfn og skerjunum, er liggja undan landi tjeðrar jarðar, en það er in confesso, að hann er eigandi jarðar þessarar og þar með einnig skerjanna eða sjerstaklega Einarshafnarskers, sbr. Jónsb. Rekab. kap. 2 in fine.

Hins vegar taldi dómurinn að skerið væri hluti Eyrarbakkahafnar og með vísan til konungsbréfs frá 23. apríl 1788 væri Lefolii ekki stætt á því að banna kaupmönnunum að nota höfnina, og þar með skerið, með þessum hætti. Þar sem hann hefði bannað þeim að nýta hafnarfestar sínar „verður hann að þola þá kvöð, að hinir stefndu leggi sjálfir út botnfestar og festi þær í sker og klappir, er heyra undir eignarjörð hans“, eins og segir í dómi Landsyfirréttar.

Fram kemur að óumdeilt sé (in confesso) að Lefolii sé eigandi jarðarinnar Einarshafnar og að af því leiði að hann sé einnig eigandi skerjanna fyrir landi jarðarinnar, þ.m.t. Einarshafnarskers, á grundvelli lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af forsendum dómsins er ekki fyllilega ljóst hvort eignarhald á skerjunum hafi verið óumdeilt í málinu eða einungis eignarhald á jörðinni. Af áðurnefndum dómskjölum í málinu, og öðrum gögnum málsins sem óbyggðanefnd hefur kannað,[536] er ljóst að eignarhald á skerjunum var ekki óumdeilt heldur var þvert á móti tekist á um hvort eignarréttur Lefoliis yfir Einarshöfn næði einnig til skerjanna. Því er ljóst að í framangreindum forsendum Landsyfirréttar fólst bein afstaða réttarins til eignarhaldsins á

[535] Orðin „þurfa að“ eru rituð ofan við yfirstrikaða orðið „vilja“.
[536] Sjá gagnaflokk A.6.c í skjalaskrá (fylgiskjali II).

skerjunum og niðurstaða um að skerin væru hluti jarðarinnar grundvallaðist á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af dómnum verður ekki annað ráðið en að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða, enda kemur fram að sem eigandi jarðarinnar hafi Lefolii einnig verið eigandi skerjanna og þau voru talin heyra undir eignarjörð hans. Þá er einnig ljóst að rekaréttindi voru ekki til umfjöllunar í málinu, sem mælir að mati nefndarinnar mjög gegn því að ákvæðið verði túlkað þannig að það varði eingöngu slík réttindi.

Lefolii áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Danmerkur[537] sem sneri við niðurstöðu Landsyfirréttar um heimild íslensku kaupmannanna til að koma sér upp hafnarfestum með svofelldum rökstuðningi:

> Í hinum áfrýjaða dómi er með rjettu gjört ráð fyrir, að stórkaupmaður Lefolii hljóti að skoðast sem eigandi grynninga þeirra og skerja, er ræðir um í málinu. Út úr ákvörðunum þeim, sem teknar eru fram í dóminum, og öðrum íslenzkum lögum, er ekki hægt að leiða neinn rjett fyrir hina stefndu sem fastakaupmenn við hlutaðeigandi höfn að nota tjeðar grynningar og sker til að festa þar hafnarfestar þær, er ræðir um í málinu og miða til þess að útvega þeim stöðugt skipalægi á höfninni, sízt er svo hagar til sem hjer, að það mundi, eptir því sem fram hefur komið í málinu, tálma eigandanum sjálfum að auka hafnarfestar sínar á þann hátt, er hann hafði jafnvel áður ásett sjer, eptir því sem hann heldur fram, enda hefur einnig gjört meðan á málinu stóð.

Í dómi Hæstaréttar er niðurstaða Landsyfirréttar um eignarhald á skerjunum staðfest. Athygli vekur að í dómunum er ekki vikið að netlögum, fjörumörkum eða fjarlægð Einarshafnarskers eða annarra skerja frá landi. Samkvæmt elstu fyrirliggjandi kortagögnum, þ.e. dönsku Herforingjaráðskortunum frá upphafi 20. aldar og gömlum loftmyndum frá miðri 20. öld úr safni Landmælinga Íslands, sem birtar eru í kortasjá Náttúrufræðistofnunar,[538] virðast Einarshafnarsker hafa verið um 350–450 m frá landi á þeim tíma og í dómi Landsyfirréttar er vísað til þess sem hluta útskerja Einarshafnar. Niðurstaða um eignarrétt eiganda Einarshafnar að skerinu virðist einungis á því byggð að það sé fyrir landi jarðarinnar í skilningi 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og hluti jarðarinnar á þeim grundvelli, án tillits til ákveðinnar fjarlægðar eða beinna tengsla við fjörumörk og netlög. Eins og fram kemur í greinargerð Lefoliis fyrir Landsyfirrétti var eignarréttarlegt tilkall m.a. byggt á því að skerin væru innan netlaga en Landsyfirréttur virðist hafna því, eða a.m.k. þýðingu þess í þessu samhengi, með því að byggja niðurstöðuna um eignarrétt að skerjunum á öðrum grundvelli.

Í munnlegum málflutningi fyrir óbyggðanefnd vakti lögmaður íslenska ríkisins athygli á því, í umfjöllun um framangreindan dóm, að Einarshafnarsker væru innan stórstraumsfjöruborðs samkvæmt afmörkun þess í kortasjá um kröfur á svæði 12, sem sett var upp vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Að mati lögmanns íslenska ríkisins væri nærtækara að túlka dóminn þannig að umrædd sker teldust vera fyrir landi Einarshafnar vegna þess að þau væru innan stórstraumsfjöruborðs.

---

[537] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919,* IV. bindi, bls. 104–106.
[538] Sjá kortasjá Náttúrufræðistofnunar hér: https://kort.gis.is.

Þess er að gæta í þessu sambandi að Einarshafnarsker eru úti fyrir núverandi hafnarstæði á Eyrarbakka. Af samanburði nýlegra loftmynda og korta við gamlar loftmyndir og eldri fyrirliggjandi kort af svæðinu, sem áður er vísað til, sést að núverandi hafnarbakki er á talsvert stórri landfyllingu. Þar að auki hefur varnargarður verið reistur utan um höfnina. Hann hvílir m.a. á skerjum úti fyrir höfninni en vestasti hluti hans er skammt frá Einarshafnarskerjum. Upplýsingar um stórstraumsfjöruborð í kortasjá um kröfur á svæði 12 eru háðar nokkurri óvissu þar sem nákvæmar mælingar á því liggja ekki fyrir, auk þess sem þær byggjast á núverandi stöðu lands.[539] Í ljósi þess að umtalsverðar landfyllingar hafa verið gerðar og framkvæmdir átt sér stað í grennd við Einarshafnarsker er ljóst að upplýsingar um stórstraumsfjöruborð á svæðinu í kortasjá um kröfur á svæði 12 eru ekki lýsandi um stöðu fjöruborðsins á seinni hluta 19. aldar. Allar líkur eru á því að það hafi verið talsvert innar á þeim tíma.

Hér hefur verið fjallað um nokkra gamla dóma sem gagnaðilar ríkisins byggja á til stuðnings túlkun sinni á inntaki lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Rannsókn nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós aðra dóma sem varpa ljósi á efni og inntak ákvæðisins.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.[540] Þar kemur fram að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geti haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en feli aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess megi draga þá ályktun af dómafordæmum Hæstaréttar að eldri dómsúrlausn feli aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda. Tilefni þessarar umfjöllunar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* voru einkum dómar Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) þar sem réttaráhrif og sönnunargildi annars vegar dóms Landsyfirréttar um Bleiksmýrardal frá 1855 og hins vegar dóms Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði frá 1996 voru til skoðunar. Í báðum tilvikum var álitaefnið hvort umræddir dómar væru bindandi um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem þar voru til umfjöllunar í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þ.e. hvort þeir hefðu *res judicata* áhrif í viðkomandi málum.

Það álitaefni sem hér er uppi er hins vegar frábrugðið að því leyti að ekki er beinlínis til skoðunar hvort þeir dómar sem fjallað er um hér að framan, og varða eyjar og sker, séu bindandi um eignarréttarlega stöðu viðkomandi eyja og skerja. Álitaefnið er hvert sé inntak lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, hvernig umrætt ákvæði hafi verið túlkað í framkvæmd og hvaða þýðingu það kunni að hafa fyrir þjóðlendumál á svæði 12. Þrátt fyrir að almennt þurfi að meta áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni,

[539] Sbr. kafla 4.3.
[540] Sjá kafla 11.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

sérstaklega að því er varðar hugsanleg *res judicata* áhrif þeirra, er að mati nefndarinnar unnt að líta til framangreindra dóma í því skyni að draga af þeim almennar ályktanir um það álitaefni sem hér er til skoðunar.

Að mati óbyggðanefndar veitir framangreindur dómur Landsyfirréttar í máli nr. 38/1888, sem staðfestur var að því leyti sem hér skiptir máli í Hæstarétti Danmerkur, skýrar leiðbeiningar um túlkun á inntaki lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, sérstaklega þegar forsendur dómsins eru túlkaðar með hliðsjón af málatilbúnaði aðila. Af dómnum verður ráðið að lagt hafi verið til grundvallar að í ákvæðinu fælist lagaregla sem kvæði á um að eyjar og sker sem lægju fyrir landi jarðar væru hluti þeirrar jarðar sem næst lægi, nema þau hefðu verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Að mati nefndarinnar styðja aðrir dómar sem hér hafa verið raktir einnig þá ályktun, enda verður ráðið af forsendum þeirra að slík regla hafi verið talin gilda. Eins og áður segir verður ekki annað séð en að hún sé enn í gildi. Jafnframt er niðurstaða nefndarinnar að framangreindir dómar styðji ekki aðra túlkunarkosti sem nefndir hafa verið, svo sem að ákvæðið varði einungis rekaréttindi.

— — —

Að fenginni þeirri niðurstöðu að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur kemur næst til athugunar hvernig túlka beri orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Orðalag ákvæðisins sjálfs veitir ekki skýrar leiðbeiningar um hversu langt frá landi eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* eða hvort einhver ytri mörk séu yfirhöfuð á því. Af hálfu sumra gagnaðila ríkisins er byggt á því að lítil mörk séu á gildissviði ákvæðisins og að það nái að líkindum allt að 30 km frá landi. Af hálfu ríkisins er hins vegar byggt á því að ef litið verði svo á að í ákvæðinu felist sérstök regla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum verði að leggja til grundvallar að gildissvið hennar sé mjög takmarkað. Að mati ríkisins verði að túlka gildissvið reglunnar í samhengi við önnur fjarlægðarviðmið í rekabálki Jónsbókar, svo sem netlög eða fiskhelgi.

Í flestum dómum sem komið hafa til skoðunar hér að framan var deilt um eyjar og sker sem eru fremur skammt undan landi en í dómi Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 voru hin umdeildu sker, sem eru um 2 km frá meginlandinu, sögð vera fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness. Af framangreindum dómum og þeim málsgögnum sem óbyggðanefnd hefur kannað í tengslum við þessa rannsókn verður ekki séð að fjarlægð frá landi eða tengsl við fjörumörk, netlög eða fiskhelgi hafi komið til skoðunar í þessu sambandi. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins standi ekki í beinu samhengi við þessi viðmið. Það styður enn fremur þá niðurstöðu að ekkert í orðalagi ákvæðisins gefur til kynna að það beri að túlka í samhengi við slík viðmið. Á hinn bóginn telur nefndin að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að allar eyjar og sker utan meginlands Íslands, hversu langt frá landi sem þær kunna að vera, teljist vera fyrir landi einhverrar jarðar í skilningi ákvæðisins.

Þannig telur nefndin að ytri mörk séu á því hvenær eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Vafi um þetta eykst eftir því sem lengra dregur frá landi og matið kann að einhverju leyti að vera atviksbundið.

Skoðun á öðrum ákvæðum Jónsbókar sýnir að sama orðalag kemur fyrir í nokkrum öðrum tilvikum. Í 1. kapítula rekabálks Jónsbókar kemur t.d. fram að hver maður eigi reka allan *fyrir landi sínu*. Ljóst er að einkaréttur landeiganda til reka fyrir landi sínu á sér ytri mörk sem markast af fiskhelgi. Fiskhelgi miðast við að frá landi sjái fisk af borði sem sé „álnar í öxarþærum" flattur. Þrátt fyrir að um óræðan mælikvarða sé að ræða er nokkuð ljóst að fiskhelgi getur ekki hafa náð mjög langt út til hafs.[541] Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar kemur hins vegar einnig fram að hver maður megi flytja og fénýta sér við þann allan er hann finnur fljótandi *fyrir annars landi* út frá rekamarki, þ.e. utan fiskhelginnar. Af samspili þessara tveggja ákvæða virðist ljóst að orðasambandið *fyrir landi* geti a.m.k. náð lengra frá landi en sem nemur fiskhelgi.

Athuganir á öðrum fornum textum benda til þess að orðasambandið hafi almennt verið notað um staðsetningu sem sé ekki mjög langt frá landi. Öll dæmi um orðasambandið *fyrir landi* sem finnast í fornritum í *Íslensku textasafni* Árnastofnunar og varða staðsetningu fela ýmist í sér að staðsetningin sé nálægt viðkomandi landi eða á því.[542] Í langflestum tilvikum er annaðhvort vísað til þess að skip liggi *fyrir landi* eða nefnd eyja eða hólmi *fyrir landi* og ljóst af samhengi að skammt er á milli. Svipuðu máli gegnir um textadæmi sem fornmálsorðabókin *Ordbog over det norrøne prosasprog* grundvallast á og eru úr ýmsum fornum ritum. Þar eru þess reyndar einstaka dæmi að staðsetningin sé ekki ótvíræð eða kunni að vera allnokkuð frá meginlandi en þar er jafnan um að ræða vísanir til stórra landsvæða, t.d. þegar skip er sagt á siglingu fyrir Austfjörðum eða fyrir Noregi. Í langflestum tilvikum þegar forsetningin *fyrir* er notuð í tengslum við landsvæði þykir ljóst að vísað er til staðsetningar á eða nokkuð nálægt viðkomandi landi.[543]

Að framangreindu virtu telur nefndin að nokkur vafi sé um hvernig túlka beri orðasambandið *fyrir landi* í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af orðalagi ákvæðisins verður ekki ráðið að unnt sé, í eitt skipti fyrir öll, að slá fastri afdráttarlausri reglu um hversu langt frá landi gildissvið þess geti náð í öllum tilvikum,

---

[541] Sjá nánari umfjöllun um fiskhelgi í kafla 4.9 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur III*, bls. 264–265; og Einar Arnórsson: „Rekalög Jónsbókar." *Úlfljótur* 2. tbl. 1948, bls. 3. Í grein Arngríms Jónssonar frá 1792, *Um fiskhelgi*, er hins vegar fullyrt án frekari rökstuðnings að fiskhelgi hljóti að vera hálf eða heil vika sjávar en vika sjávar er lengdarmálseining á sjó sem mun á 17. og 18. öld almennt hafa samsvarað danskri mílu, eða um 7,4 km. Sjá Arngrímur Jónsson: „Um fiskhelgi." *Rit þess konunglega íslenzka Lærdómslistafélags*, 12. árg. 1792, bls. 217.

[542] *Íslenskt textasafn:* https://corpus.arnastofnun.is/. Leitin var afmörkuð við fornrit en þar er um að ræða heildartexta ýmissa rita, þar á meðal Landnámu, Íslendingabókar, allra Íslendingasagna- og þátta, Heimskringlu og Sturlungu. Bæði var leitað að orðasamstæðunni *fyrir landi* og einungis að orðmyndinni *landi* og þá kannað hvort *fyrir* væri jafnframt notað í því sambandi.

[543] Sjá færslur um forsetninguna *fyrir* í *Ordbog over det norrøne prosasprog:* https://onp.ku.dk/onp/onp.php?o24978.

sem unnt sé að beita án undantekninga eða nokkurs atviksbundins mats. Texti ákvæðisins ber enda ekki með sér að það hafi fastmótað gildissvið sem miðist við tiltekna fjarlægð frá landi eða sjónrænt viðmið, sérstaklega þegar ákvæðið er borið saman við aðrar reglur Jónsbókar sem hafa slíkt lögákveðið gildissvið, t.d. um netlög og fiskhelgi, eins og áður hefur verið vikið að.

Þeir dómar og lagaákvæði sem fjallað var um hér að framan veita hins vegar ákveðnar vísbendingar um gildissvið ákvæðisins. Að mati nefndarinnar benda þeir til þess að orðasambandið *fyrir landi* verði ekki lagt að jöfnu við netlög eða fiskhelgi heldur geti náð lengra frá landi en sem því nemur. Þá sést af dómi Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 að eðlilegt hafi þótt að ræða um sker sem voru um 2 km frá landi á þann veg að þau væru *fyrir landi*. Ítarleg leit í dómasöfnum hefur ekki leitt í ljós dómafordæmi sem veita skýrari leiðbeiningar um hugsanlegt gildissvið ákvæðisins eða benda afdráttarlaust til þess að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi.

Samkvæmt öllu framangreindu, og með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum, telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og að slíkar eyjar og sker séu hlutar þeirra jarða sem næst liggja, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki sérstaklega í mót. Það gildir þó ekki ef eyjar eða sker hafa verið skilin frá viðkomandi jörð, svo sem með sölu eða öðrum löggerningum, eða ef styttra er á milli jarða en 2 km en þá verður að telja miðlínu gilda nema um annað hafi verið samið.[544] Að mati nefndarinnar er hugsanlegt að landfræðilegt gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en 2 km og að eyjar og sker í meiri fjarlægð frá landi geti samt sem áður talist vera *fyrir landi*. Nefndin telur hins vegar að mat á því sé atviksbundið. Niðurstaða um hversu langt frá landi eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins geti þannig verið mismunandi eftir svæðum. Við matið telur nefndin m.a. rétt að líta til fjarlægðar frá landi, hvort eyja eða sker sjáist frá landi og sé greinilegt kennileiti, hvort eyja eða sker sé hluti af samliggjandi eyja- eða skerjaklasa, eða hvort um staka einingu sé að ræða og langt frá næsta óumdeilda eignarlandi. Að mati nefndarinnar skiptir einnig máli hvort fyrir liggja skriflegar heimildir og skjöl um nýtingu viðkomandi eyju eða skers eða önnur tengsl við tiltekna jörð. Þannig telur nefndin að meta þurfi heildstætt hvort eyja eða sker sem er lengra frá landi en 2 km geti talist vera *fyrir landi*, en að hvert og eitt þeirra sjónarmiða sem talin eru hér að framan nægi ekki ein og sér. Nefndin telur t.d. ekki nægjanlegt eitt og sér að eyja eða sker sjáist frá landi, enda verður ekki ráðið af ákvæðinu sjálfu að miða skuli við slíkt sjónrænt viðmið.

[544] Sjá til hliðsjónar miðlínureglur vatnalaga nr. 15/1923. Skv. 3. gr. skilur miður farvegur ár eða lækjar milli landareigna og í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að ef stöðuvatn sé eigi 230 metrar að breidd, þá skuli miðlína þess ráða merkjum. Í báðum tilvikum er gerður sá fyrirvari að reglurnar gildi nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð. Miðlínureglur vatnalaga eiga m.a. rætur að rekja til Jónsbókar. Sjá nánar Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, bls. 145–149.

Af framangreindu leiðir að nefndin telur almennt hægt að miða við að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi jarðar[545] séu eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, en það fellur utan valdsviðs nefndarinnar að fjalla um mörk milli eignarlanda. Það sama á við um eyjar og sker sem eru lengra frá landi ef heildstætt atviksbundið mat leiðir til þeirrar niðurstöðu að þær teljist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Með hliðsjón af almennri lagalegri skilgreiningu lands og fjöru er að mati nefndarinnar rétt, við afmörkun þess svæðis sem fellur samkvæmt framangreindu undir gildissvið ákvæðisins, að miða við stórstraumsfjöruborð sem grunnlínu á landi með sama hætti og við afmörkun netlaga.[546]

Í ákvæði Jónsbókar kemur fram að ef sker eða eyjar liggi fyrir landi manns, þá eigi sá það er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið. Frumskilyrði ákvæðisins er að eyjar og sker séu *fyrir landi manns* og að mati nefndarinnar verður, með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum, að telja að heimaeyja eyjajarðar teljist vera *land manns* í þessum skilningi, rétt eins og land jarða á meginlandi Íslands. Þrátt fyrir að orðið *meginland* sé í framhaldinu notað í texta Jónsbókar telur nefndin þannig að ákvæðið geti einnig átt við um heimaeyjar eða bæjareyjar eyjajarða, þar sem verið hefur föst búseta, og að túlka megi ákvæðið þannig að átt sé við *heimaland* jarðar. Að mati nefndarinnar verður ákvæðið hins vegar ekki túlkað þannig að *meginland* samkvæmt ákvæðinu geti verið aðrar eyjar eða sker en hið eiginlega meginland Íslands eða heimaeyjar eyjajarða.

Nefndin leggur áherslu á að ekki er unnt að gagnálykta frá framangreindum ályktunum á þann veg að eyjar og sker sem eru fjær landi en 2 km geti ekki talist vera eignarlönd. Eins og áður segir kann að vera að slíkar eyjar og sker falli undir gildissvið ákvæðisins en einnig er mögulegt að beinn eignarréttur að þeim kunni að grundvallast á öðrum atriðum, sbr. t.d. umfjöllun um þýðingu landamerkjabréfa í kafla 7.2.3.4.

7.2.3.2.3 Hefð og áhrif fyrri athafna og lögskipta ríkisins

Hugsanlegt er að stofnað hafi verið til eignarréttinda á einstökum eyjum og skerjum fyrir hefð en engar almennar ályktanir verða dregnar um það. Meta þarf í hverju tilviki hvort skilyrðum fyrir stofnun eignarréttar fyrir hefð sé fullnægt.[547]

Það sama á við um þá aðstöðu að fyrri athafnir og lögskipti íslenska ríkisins kunni að teljast ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins nú, og sjónarmið um réttmætar væntingar. Slík aðstaða hefur í nokkrum tilvikum leitt til þess að þjóðlendukröfum sé hafnað, jafnvel þótt ekki hafi verið sýnt fram á að stofnast hafi til beins eignarréttar að

[545] Eyjar og sker sem kunna að liggja úti fyrir þjóðlendum sem liggja að sjó eru eðli máls samkvæmt ekki eignarlönd á þessum grundvelli.

[546] Sem dæmi má benda á skilgreiningu netlaga í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

[547] Sjá nánar kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

viðkomandi landsvæði í öndverðu. Að mati nefndarinnar eiga sömu sjónarmið um þessi atriði við á svæði 12 og fyrri svæðum en meta þarf hugsanleg áhrif þeirra hverju sinni.[548]

7.2.3.3 Almennt um stöðu jarða

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* kemur fram að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hafi verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður geti verið land innan jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar, enda geti setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hafi ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hafi eigandi farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildi um eignarland almennt.

Þar kemur einnig fram að land hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Því séu líkur á að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.[549] Almennt skiptir því mestu máli við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðis á grundvelli þjóðlendulaga að greina hvort svæðið sem um er deilt sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt fyrirliggjandi heimildum.

Að mati óbyggðanefndar eiga framangreind sjónarmið við um eyjar og sker með sambærilegum hætti, bæði á eyjajörðum og í tilviki eyja og skerja sem tengjast jörðum á meginlandinu.

7.2.3.4 Landamerkjabréf og sönnun um tilvist og afmörkun jarða

Í ljósi þess að almennt skiptir mestu máli við úrlausn þjóðlendumála að greina hvort landsvæði sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar kemur hér næst til skoðunar hvaða kröfur hafa verið gerðar til sönnunar um tilvist og afmörkun jarða og hvernig þær horfa við eyjum og skerjum.

Landamerkjabréf hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.[550] Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. þá stefnu um sönnunargildi landamerkjabréfa sem mörkuð var með áðurnefndum fyrsta þjóðlendudómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr.

[548] Sjá nánar kafla 11.3 og 15.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[549] Sjá nánar kafla 4.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[550] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.11, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig í dómnum: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geta að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Í dómnum kemur einnig fram að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla landamerkjabréfs í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Þeirri stefnu sem mörkuð var með þessum fyrsta dómi Hæstaréttar í þjóðlendumáli hefur verið fylgt í síðari úrskurða- og dómaframkvæmd.

Samkvæmt framangreindu hafa landamerkjabréf jarða almennt mest vægi við sönnun á beinum eignarrétti, að teknu tilliti til eldri heimilda, staðhátta, gróðurfars og upplýsinga um nýtingu landsins. Í eftirfarandi undirköflum verða þessi atriði tekin til nánari skoðunar í samhengi við stöðu eyja og skerja.

7.2.3.4.1 Þýðing eldri heimilda

Við mat á því hvort eldri heimildir veiti lýsingu landamerkjabréfs á merkjum jarðar stoð hefur einkum verið litið til þess hvort fyrir hendi séu slíkar heimildir sem styðji við lýsingar í landamerkjabréfi eða mæli þeim í mót. Ef eldri heimildir um merki jarða mæla afmörkun í landamerkjabréfi í mót dregur það úr sönnunargildi landamerkjabréfs. Eldri heimildir sem styðja við lýsingu landamerkjabréfs styrkja aftur á móti sönnunargildið. Hins vegar verður ráðið af dómaframkvæmd að tilvist eldri heimilda sem stutt geta við lýsingu landamerkjabréfs á merkjum jarðar sé ekki fortakslaust skilyrði þess að landamerkjabréf hafi sönnunargildi. Í ýmsum tilvikum hafa ekki legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarða og við þær aðstæður hefur einkum verið litið til þess hvort landamerkjabréf jarða sem svo háttar til um fái stoð í landamerkjabréfum og heimildum um aðliggjandi jarðir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 7. október 2009 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) og 29. september 2011 í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls) og 56/2011 (Hvannstaðir).

Ekki verður séð að önnur sjónarmið eigi við um eyjar og sker að þessu leyti, hvort heldur er á eyjajörðum eða í tilviki eyja og skerja sem tengjast jörðum á meginlandinu.

7.2.3.4.2 Staðhættir

Staðhættir eru meðal þess sem kemur til skoðunar við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa, þ.e. hvort lýsing landamerkjabréfs á merkjum jarðar stangist á við staðhætti eða fái samræmst þeim.

Meðal þess sem stundum hefur verið talið mæla gegn því að landsvæði teljist hluti jarðar með tilliti til staðhátta er landfræðilegur aðskilnaður frá heimalandi eða óum-

deildu eignarlandi jarðar. Í því sambandi hefur m.a. verið horft til þess hvort og þá hvernig svæði er lýst í landamerkjabréfi, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) og 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur) þar sem Hæstiréttur taldi að landamerkjabréf jarðanna Hoffells annars vegar og Þorbrandsstaða hins vegar bæru með sér að ágreiningssvæði málsins hefðu ekki verið hlutar jarðanna. Í tilviki Hoffells var merkjum jarðarinnar lýst í landamerkjabréfi frá 1912 og í framhaldi af því kom fram að Hoffells-Lambatungur fylgdu Hoffelli án þess að merkja þess svæðis væri getið. Í eldra landamerkjabréfi Þorbrandsstaða frá 1885 var annars vegar lýst landamerkjum jarðarinnar og hins vegar merkjum heiðarlands sem jörðin ætti. Í yngra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 var ekki getið um heiðarlandið. Í báðum tilvikum taldi Hæstiréttur að orðalag og framsetning landamerkjabréfanna mæltu gegn því að hin umdeildu svæði væru hlutar jarðanna.

Einnig hefur verið horft til fjarlægðar landsvæðis frá heimalandi jarðar og þess hvort margar jarðir liggi þar á milli, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) þar sem þess var getið að milli jarðarinnar Arnarstaða og ágreiningssvæðis málsins væru meira en 13 km í beinni loftlínu og að sjö jarðir lægju þar á milli. Hér má einnig nefna dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga) þar sem fram kom að ágreiningssvæðið í Grímólfsártungu væri rúmlega 23 km frá bæjarhúsum á jörðinni Syðra-Lóni sem kallaði til réttinda yfir svæðinu og þar á milli lægi land annarra jarða. Þetta atriði var talið mæla gegn beinum eignarrétti að ágreiningssvæðum málanna. Þá hefur einnig verið horft til þess hvernig aðgengi að svæðinu er háttað og staðhátta að öðru leyti, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) þar sem þess var getið að ágreiningssvæðið væri gilskorið, erfitt yfirferðar og nánast allt yfir 400 m hæð, en hæsti tindur í 1.240 m hæð.

Í dómi Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) var niðurstaða um eignarland hins vegar m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir á heimalandi jarðanna verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland.

Í tilviki eyjajarða sem telja til réttinda yfir eyjum og skerjum í eyjaklösum eru úteyjar, eða sumar þeirra, aðskildar heimaeyju landfræðilega af sjó og það sama á við um eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu.

Almenn könnun á landamerkjabréfum eyjajarða leiðir í ljós að fjarlægð milli heimaeyju og úteyja er almennt ekki veruleg og almennt liggja ekki aðrar jarðir þar á milli. Í þessu sambandi skiptir einnig máli að samgöngur eyja á milli voru iðulega betri og greiðari en víðast hvar uppi á landi, sérstaklega fyrir tilkomu bifreiða og uppbyggingu vegakerfisins. Greiðfærara gat verið að ferðast á bátum á milli eyja en fótgangandi eða ríðandi milli bæja og landsvæða uppi á landi. Þá er ljóst að heimaeyjar eyjajarða eru almennt fremur landlitlar. Landkostir hafa því almennt verið þröngir og nauðsyn borið

til að nýta úteyjar og sker til að afla fanga, svo sem greinilega kemur fram í ýmsum heimildum um búskapar- og atvinnuhætti á eyjum og skerjum sem nánar verður vikið að í umfjöllun um nýtingu lands í kafla 7.2.3.4.4.

Almenn könnun á landamerkjabréfum jarða sem tengjast eyjum og skerjum í sjó leiðir í ljós að mismunandi orðalag og aðferðir eru notaðar þegar tengslum jarða við eyjar og sker er lýst. Í tilviki jarða á meginlandinu eru dæmi um að landamerkjum sé lýst á landi eftir tilteknum línum sem dregnar eru áfram til sjávar umhverfis tiltekið hafsvæði þar sem er að finna eyjar og sker. Algengt er að merkjum eyjajarða sé lýst með sambærilegum hætti, þ.e. með merkjalínum sem afmarka tiltekið hafsvæði. Í slíkum tilvikum er ljóst að litið er svo á að allar eyjar og sker á því svæði sem lýst er í landamerkjabréfi séu innan tiltekinna heildarmerkja hlutaðeigandi jarðar. Í sumum landamerkjabréfum er að finna orðalag á borð við að viðkomandi jörð *tilheyri* eða *fylgi* tilteknar eyjar og sker, þær *liggi undir* viðkomandi jörð eða hún *eigi* tilteknar eyjar og sker. Í tilviki jarða á meginlandinu fylgir slík lýsing gjarnan í kjölfar hefðbundinnar lýsingar á merkjum jarðar á landi og er að því leyti aðskilin hefðbundinni merkjalýsingu heimalands jarðar. Í landamerkjabréfum eyjajarða þar sem merkjum er lýst með þessum hætti er gjarnan að finna upptalningu á eyjum og skerjum sem talin eru hlutar viðkomandi jarðar til viðbótar við heimaeyjuna í stað þess að dregnar séu merkjalínur umhverfis viðkomandi eyjar og sker. Þrátt fyrir að sérstök lýsing í landamerkjabréfi á landsvæði sem er aðskilið heimalandi jarðar hafi í réttarframkvæmd oft verið talin benda til þess að um þjóðlendu sé að ræða, líkt og fjallað var um hér að framan, telur nefndin að þau sjónarmið eigi ekki endilega með sama hætti við um eyjar og sker. Eyjar og sker eru eðli máls samkvæmt alltaf landfræðilega aðskilin heimalöndum jarða og verður því vart lýst öðruvísi í landamerkjabréfi en aðskildum frá heimalandi. Þess er hins vegar að gæta að viðkomandi landsvæði eru ekki landfræðilega tengd neinu öðru landi, ólíkt því sem við á um öll tilvik sem fyrri réttarframkvæmd um landfræðilegan aðskilnað landsvæða á meginlandinu varðar, og í flestum þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar liggur ekki land neinna annarra jarða milli heimalanda jarðanna og hlutaðeigandi eyja og skerja. Þar sem aðskildar lýsingar á eyjum og skerjum í landamerkjabréfum jarða sem kalla til réttinda yfir þeim eiga sér þessa skýringu telur nefndin að slíkar lýsingar, sem nota orðalag á borð við það sem áður getur, mæli almennt ekki einar og sér gegn beinum eignarrétti að viðkomandi eyjum og skerjum.

Þó kunna að vera dæmi um að ljóst sé að aðeins sé lýst takmörkuðum réttindum á tilteknum eyjum og skerjum, sem kann að mæla gegn beinum eignarrétti. Það á þó almennt ekki við þegar lýst er takmörkuðum réttindum, t.d. ítökum, á eyjum og skerjum sem samkvæmt heimildum tilheyra öðrum jörðum. Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* telur nefndin að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæðið þar sem ítakið er sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[551]

[551] Sjá nánar kafla 4.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Eins og fjallað er um í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan telur nefndin að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, sem enn er í gildi, kunni að styrkja tilkall landeigenda til eyja og skerja sem tengjast jörðum þeirra samkvæmt heimildum, þrátt fyrir að vera lengra frá landi en nemur því almenna 2 km viðmiði sem þar var fjallað um.

Að teknu tilliti til framangreinds telur óbyggðanefnd að staðhættir á eyjum og skerjum sem lýst er í landamerkjabréfum jarða, þar á meðal landfræðilegur aðskilnaður frá heimalandi eða heimaeyju, mæli almennt ekki einir og sér gegn beinum eignarrétti að viðkomandi eyjum og skerjum.

7.2.3.4.3 Gróðurfar

Upplýsingar um gróðurfar hafa almennt ekki haft úrslitaþýðingu við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa og eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Sem dæmi má nefna að Hæstiréttur hefur staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.[552] Hér má einnig nefna að þess eru dæmi að jöklar hafi verið taldir eignarlönd, sbr. umfjöllun um Eiríksjökul í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 4/2014 (Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull) og dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 22. nóvember 2019 í máli nr. E-65/2017 (Arnarvatnsheiði og sameignarland Kalmanstungu I og II), sem íslenska ríkið ákvað að una. Um þetta atriði má einnig vísa til úrskurðar óbyggðanefndar 5. nóvember 2024 í máli nr. 4/2022 (Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði), að því er varðar Þrándarjökul.[553]

Ljóst er að gróðurfar á eyjum og skerjum er mjög fjölbreytt og spannar bilið allt frá vel grónum eyjum til gróðurlausra blindskerja og boða sem ekki standa upp úr sjó nema á stórstraumsfjöru. Víða er þar einnig að finna fjörugróður sem ekki hefur verið mikið til umfjöllunar í þjóðlendumálum hingað til en hann mun m.a. hafa verið nýttur til beitar og annnarra nota. Að teknu tilliti til framangreindrar réttarframkvæmdar verður ekki talið að þetta atriði ráði úrslitum við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa þegar kemur að eyjum og skerjum. Í þessu sambandi er þess einnig að gæta að nýting eyja og skerja er ekki að öllu leyti tengd gróðurfari, t.d. að því er varðar fugla- og eggjatekju og selveiðar.

7.2.3.4.4 Upplýsingar um nýtingu lands

Líkt og áður segir eru upplýsingar um nýtingu lands meðal þess sem kemur til skoðunar við mat á sönnunargildi landamerkjabréfs. Almennt má segja að umfangsmeiri nýting

[552] Sjá einnig kafla 14.2.3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[553] Sjá einnig umfjöllun um stöðu jökla í kafla 4.6 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

styðji fremur að land teljist eignarland en takmörkuð eða engin nýting geri það ekki. Þá skiptir einnig máli hvort landsvæði sem lýst er innan merkja jarðar hafi einungis verið nýtt af eigendum viðkomandi jarðar, með leyfi þeirra, eða á grundvelli ítaksréttar eða hvort öllum eða mörgum hafi verið heimil nýting svæðisins, líkt og á við um samnotaafrétti.

Í áðurnefndum dómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) taldi rétturinn m.a. að upplýsingar um nýtingu nyrsta hluta þess lands sem lýst var innan merkja Úthlíðartorfu í landamerkjabréfi frá 1885 mæltu ekki gegn beinum eignarrétti, enda hefði ekki verið sýnt fram á að landið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í dómum Hæstaréttar 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) var m.a. fjallað um það að hin umþrættu landsvæði, sem voru innan merkja samliggjandi jarðanna Hvamms og Laxárdals samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, næðu 35 til 40 km til suðurs frá sjó. Þrátt fyrir það hafi mátt ætla að búskapur á jörðunum hafi löngum verið háður því að halda mætti búfénaði til beitar suður til heiða og nýta þar land til annarra þarfa eins og aðstæður leyfðu, enda væri landrými takmarkað nyrst við bæjarstæði jarðanna þar sem landið væri lægst. Þá þótti ljóst að vatnsföll sem afmörkuðu svæðin hefðu sett því veruleg mörk að búfénaður gengi af þessum landsvæðum eða kæmi inn á þau frá öðrum jörðum og því væri engin ástæða til að líta svo á að þau hefðu staðið öðrum til afnota svo að máli skipti. Þessar upplýsingar um nýtingu landsins þóttu, ásamt öðru, mæla með því að um eignarlönd væri að ræða.

Hér má einnig benda á áðurnefndan dóm Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) þar sem niðurstaða um eignarland var m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland. Upplýsingar um nýtingu landsins, bæði heimalands jarðarinnar og hins umþrætta landsvæðis, þóttu því mæla með því að um eignarland væri að ræða.

Takmarkaðar upplýsingar um nýtingu landsvæða eða upplýsingar um takmarkaða nýtingu hafa á hinn bóginn stundum verið taldar mæla gegn því að um eignarlönd sé að ræða, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga). Auk þess hafa samnotaafréttir og önnur landsvæði sem allir eða margir á tilteknu svæði höfðu rétt til að nýta, án þess að það hafi verið í skjóli eða með leyfi tiltekins eiganda, almennt verið talin þjóðlendur, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 að því er varðar Framafrétt Biskupstungna.[554] Hér má einnig nefna úrskurð óbyggðanefndar 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021 (Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurhreppur) þar sem m.a. var komist að þeirri niðurstöðu að Hornbjarg og Hælavíkurbjarg

[554] Sjá einnig nánari umfjöllun um samnotaafrétti í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

á Hornströndum væru þjóðlendur, enda bentu gögn málsins til þess að björgin hefðu verið almenningar þar sem öllum hefði verið heimil nýting sem einkum fólst í eggja- og fuglatekju.[555]

Eins og áður segir má gera ráð fyrir því að tilgangurinn með stofnun jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring og að nýting landsins hafi ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Af framangreindri dómaframkvæmd má ráða að við mat á áhrifum upplýsinga um nýtingu lands verði að hafa hliðsjón af búskaparháttum á hverjum tíma og einnig að þær þurfi að meta í samhengi við landfræðilegar aðstæður og staðhætti á þeim svæðum sem til umfjöllunar eru.

Talsvert hefur verið ritað um búskaparhætti á eyjajörðum eða svokallaðan eyjabúskap. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 1989 um Breiðafjarðareyjar er t.a.m. að finna eftirfarandi almenna umfjöllun og samantekt um eyjabúskap á Breiðafirði:

> Eyjabændur nutu gagnsamra hlunninda af fiski, sel og fugli en nýting hlunninda var mannfrek og stritsöm. Framá þessa öld voru flestir eyjabændur leiguliðar og guldu afgjöld ábýlisjarða sinna í fiski, smjöri og hreinsuðum dún eftir því sem við átti til Skarðverja eða umboðsmanna konungs á Arnarstapa eða annarra landeigenda við Breiðafjörð. Menn í fjarlægð hugðu Breiðafjarðareyjar uppsprettu allsnægta en í raun var þeim skipt í mörg smábýli og öll landgæði voru nytjuð til hins ítrasta landeigendum til auðs en eyjafólki til nauðþurfta. Í mörgum eyjum var vatnsskortur mannvist til baga og eldsneyti varð að sækja upp á land utan sauðatað og klíning sem unninn var í eyjunum úr kúamykju en einnig var safnað þangi úr fjöru til þess að leggja í eld.
>
> Á eyjabýlum voru hlutfallslega fleiri kýr en sauðkindur, búskaparhættir héldust að þessu leyti í hendur við bátalagið; hvorttveggja var með líkum hætti og á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Eyjarnar voru óhægar til sauðfjárbúskapar sökum landþrengsla og flæðihættu. Slægjur í heimalöndum voru takmarkaðar, mestan heyskap tóku bændur í úteyjum, þar sem aðalslægjurnar voru á þangorpnum grundum, sendnum tjarnarbökkum og holgröfnum lundabölum en á þessum stöðum vex kafagras undan driti fugla. Hestar voru lengstum örfáir í eyjum og víða engir; báturinn var farkostur fólks og farms á sjó en þar sem honum var ekki við komið bar fólk á sjálfu sér. Um og eftir síðustu aldamót eignuðust eyjabændur þónokkur hross er þeir létu draga kerrur og herfi en dráttarvélar tóku fljótt við. Tún voru víðast sléttuð með handverkfærum og votlendi ræst fram; landslag breytti um svip.
>
> Fiskur var aðalfæða eyjamanna, þeir sóttu sjó af kappi, reru á heimamið og frá verstöðvum í eyjum eða fóru í ver í fjarlægar sveitir þegar fiskur skreið af grunnmiðum. […]
>
> Breiðafjarðareyjar eru æðarfugli öruggur varpstaður og um langan aldur hafa bændur þar hirt dún og jafnvel egg úr æðarhreiðrum á vorin. Selbein eru víða í öskuhaugum í Breiðafjarðareyjum, en selveiði er líklega jafngömul byggð þar og óbrigðulust hlunninda við Breiðafjörð; því skrifaði fátækur leiguliði úr Vestureyjum á 19. öld að enginn bjargræðisvegur væri eins áreiðanlegur og selveiði. Menn veiddu kópa landselsins í net á vorin en á haustin og framyfir veturnætur var uppidráp eða selafar, en það var kallað þegar kópur útselsins var veiddur; rotaður með þungum eikarkepp. Selkópar voru veiddir á skerjum í þann mund er urtan vandi þá af móðurmjólkinni og þeir fóru í sjóinn að sjá fyrir sér. Eyjafólki var mikil matbjörg í eggja- og fuglatekju, einkum lundaveiði. Fullorðinn lundi var stundum veiddur á vorin en kofan, ungi hans ófleygur, var tekin í

[555] Þess skal getið að eigendur jarðarinnar Horns skutu þeim hluta úrskurðarins sem varðar Hornbjarg til dómstóla, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga, í því skyni að fá honum hnekkt en niðurstaða dómstóla liggur ekki fyrir.

> ágúst, hét það kofnafar. Aldalöng reynsla margra kynslóða kenndi fólki að nýta sér til bjargar það líf sem kvikar kringum eyjar og utar á Breiðafirði.[556]

Þrátt fyrir að þessi umfjöllun varði eyjabúskap á Breiðafirði, sem mest hefur verið ritað um og þar sem eyjajarðir eru flestar, verður að telja líklegt að lýsingin geti einnig að miklu leyti átt við um eyjabúskap í öðrum landshlutum. Af lýsingunni verður sú ályktun dregin að eyjabændur hafi almennt nytjað eyjar og sker með fjölbreyttum hætti. Það eigi ekki síður við um úteyjar en heimaeyjar, enda landkostir almennt þröngir á eyjajörðum og því þörf á að nýta allt það land sem hægt var. Af umfjöllun um eyjabúskap og byggðaþróun á eyjajörðum verður ráðið að nýting hlunninda í úteyjum hafi í mörgum tilvikum verið forsenda búsetu.[557] Rannsóknir sýna jafnframt að nýting hlunninda í eyjum og skerjum á Breiðafirði hefur líklega verið mikil allt frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, og yfirráð yfir eyjum og skerjum, og þar með hlunnindum í þeim, voru mikilvæg efnahagsleg stoð undir veldi höfðingja miðalda á svæðinu.[558] Nýting hlunnindanna hefur hins vegar verið talsvert mannfrek. Landrými í eyjum er almennt lítið og því takmörkuð færi á túnrækt eða notkun vélknúinna tækja. Eyjabúskapur treysti víða fyrst og fremst á handaflið, t.d. við heyöflun, dúntekju, eggja- og fuglatekju og selveiði, og þegar búskaparhættir hér á landi tóku að breytast á 20. öld með aukinni vélvæðingu og almennri fólksfækkun í sveitum landsins lögðust t.d. eyjajarðir á Breiðafirði hratt í eyði.[559] Í þessu sambandi má einnig nefna að í ýmsum ritum um Vestmannaeyjar er ítarlega lýst umfangsmikilli nýtingu hlunninda í úteyjum Vestmannaeyjaklasans og fyrirkomulagi hennar.[560]

Af framangreindu verður ráðið að búskapur á eyjajörðum hafi almennt löngum verið háður því að nýta mætti úteyjar með þeim margvíslega hætti sem heimildir geta um, eins og aðstæður leyfðu, enda landrými á heimaeyjum við bæjarstæði jarðanna alla jafna mjög takmarkað. Aðstæður á eyjajörðum hafa að þessu leyti verið sambærilegar þeim sem voru til umfjöllunar í áðurnefndum dómum Hæstaréttar 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) og 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Að því gættu telur nefndin að almennar upplýsingar um búskaparhætti og nýtingu lands á eyjajörðum styðji almennt að land innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum slíkra jarða geti talist vera eignarlönd.

Að mati nefndarinnar geta sömu sjónarmið að mörgu leyti átt við um eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu. Ljóst er að slíkar eyjar og sker hafa verið nýttar

---

556 *Árbók* Ferðafélags Íslands 1989 um Breiðafjarðareyjar, bls. 11–12.

557 Sjá t.d:. Bergsveinn Skúlason: *Áratog. Þættir úr atvinnusögu Breiðfirðinga*. Reykjavík, 1970; Bergsveinn Skúlason: *Um eyjar og annes I*. Reykjavík 1964; Bergsveinn Skúlason: *Um eyjar og annes II*. Reykjavík 1967; „Hrörnun eyjabúskapar Íslendinga." *Breiðfirðingur* 1956, bls. 19–27.

558 Sverrir Jakobsson: *Saga Breiðfirðinga I*. Reykjavík 2015, bls. 78–82 og 155–163.

559 Sjá t.d. Andrés Straumland: „Hvað bíður ykkur, Breiðafjarðareyjar?" *Breiðfirðingur* 1943, bls. 74–80; og Eysteinn G. Gíslason: „Hvað beið ykkar, Breiðajarðareyjar?" *Breiðfirðingur* 1983, bls. 7–18.

560 Sjá t.d. *Árbækur* Ferðafélags Íslands 1948 og 2009 um Vestmannaeyjar; Sigfús M. Johnsen: *Saga Vestmanneyja I–II*. Reykjavík 1989; og *Eyjar og úteyjalíf*. Ritn. Erpur Snær Hansen, Kári Bjarnason, Marinó Sigursteinsson og Sigurgeir Jónsson. Vestmanneyjar 2012.

með fjölbreyttum hætti í gegnum tíðina og að eyjabúskapur í framangreindum skilningi hafi einnig að töluverðu leyti verið stundaður frá jörðum á meginlandinu sem höfðu yfir að ráða eyjum og skerjum. Það hefur enda löngum verið þörf á að nýta öll landsgæði og hlunnindi sem mögulegt var miðað við búskaparhætti á hverjum tíma. Almenn könnun á umfjöllun um jarðir sem töldu til réttinda yfir eyjum og skerjum í jarðabókum og jarðamötum frá 18. og 19. öld sýna til dæmis að töluverð verðmæti hafa verið talin felast í hlunnindum á eyjum og skerjum, svo sem eggja- og dúntekju, selveiði og slægjum. Fyrirliggjandi gögn benda þannig til þess að eyjar og sker sem fylgdu jörðum á meginlandinu hafi verið nýtt með sambærilegum hætti og úteyjar eyjajarða. Að teknu tilliti til þess, og að öðru leyti með vísan til fyrri umfjöllunar um búskaparhætti á eyjum og skerjum, telur nefndin að upplýsingar um nýtingu lands styðji almennt að eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða á meginlandinu geti talist vera eignarlönd.

7.2.3.4.5 Landamerkjabréf liggur ekki fyrir eða merkjalýsing er óljós

Óbyggðanefnd hefur fjallað með almennum hætti um áhrif þess að landamerkjabréf skorti fyrir jörð eða merkjalýsing sé óljós, sbr. kafla 14.2.3.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Þar segir m.a.:

> Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.
>
> Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.
>
> Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf. Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.
>
> Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð

> óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum strand- og eyjajarða á svæði 12 hefur leitt í ljós dæmi um að ekki liggi fyrir landamerkjabréf vegna tiltekinna eyjajarða sem aðrar heimildir, s.s. jarðabréf, jarðabækur, jarðatöl og fasteigna- og jarðamöt, gefa til kynna að séu jarðir. Þá eru þess einnig dæmi að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir jarðir á meginlandinu sem aðrar heimildir geta um að tilteknar eyjar og sker tengist.

Eins og segir í framangreindum texta úr *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* var gerð landamerkjabréfs ekki forsenda þess að eignarréttindi héldust við, og því ekki skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti. Við slíkar aðstæður þarf að ákvarða merki jarðar út frá öðrum fyrirliggjandi upplýsingum og heimildum. Í framangreindum texta er nefnt dæmi um að merki hafi verið ákvörðuð út frá staðháttum en hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar 30. ágúst 2023 í máli nr. 7/2021 (Drangajökull og landsvæði umhverfis hann) þar sem landamerki jarðanna Laugalands og Skjaldfannar á Langadalsströnd, og Þaralátursfjarðar og Kirkjubóls á Ströndum, þar sem ekki lágu fyrir landamerkjabréf, voru m.a. ákvörðuð út frá staðháttum. Slíkt kann hugsanlega einnig að eiga við í tilviki sumra eyja og skerja, t.d. kunna staðhættir að styðja að tilteknar eyjar og sker séu hluti af jörð sem liggur nærri.

Þá geta einnig legið fyrir aðrar heimildir sem hafa að geyma merkjalýsingar sem hægt er að líta til. Í þessu sambandi má m.a. nefna að upplýsingar um merki aðliggjandi jarða, einkum landamerkjabréf, geta varpað ljósi á afmörkun jarðar þar sem ekki liggur fyrir landamerkjabréf. Landamerkjabréf hafa enda gjarnan að geyma lýsingar á því hvaða jarðir eru aðliggjandi tilteknum hlutum merkjanna, þ.e. gagnvart hvaða jörðum merkjum er lýst. Í samræmi við ríkt sönnunargildi landamerkjabréfa telur nefndin að slíkar lýsingar geti haft mikla þýðingu við afmörkun jarða þar sem ekki liggja fyrir landamerkjabréf. Þá getur einnig komið til skoðunar hvernig áritunum eigenda aðliggjandi jarða á landamerkjabréf er háttað. Sé landamerkjabréf jarðar áritað um samþykki af hálfu eiganda annarrar jarðar er það skýr vísbending um að litið hafi verið svo á að umræddar jarðir lægju saman, sbr. áskilnað 3. gr. laga nr. 5/1882 og 2. gr. laga nr. 41/1919 um áritun eigenda aðliggjandi jarða á landamerkjabréf. Hins vegar er ekki endilega unnt að gagnálykta frá þessu á þann veg að ef ekki er að finna áritun af þessu tagi vegna tiltekinnar jarðar sé hún ekki aðliggjandi. Sem dæmi má t.d. nefna að almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæðum 10C, Barðastrandarsýslum, og 10B, Ísafjarðarsýslum, leiddi í ljós að landamerkjabréf jarða þar væru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem væru aðliggjandi á láglendi, t.d. í sama firði.[561] Staðbundnar aðstæður, t.d. landfræðilegar, eða venjur geta því skipt máli í þessu

[561] Sjá nánar umfjöllun í kafla 14.2.3.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

samhengi. Hafi verið ágreiningur um merki við gerð landamerkjabréfa kann slíkt einnig að skýra skort á áritun vegna aðliggjandi jarðar.

Að mati nefndarinnar eiga þau sjónarmið sem reifuð hafa verið í köflum 7.2.3.4.1–7.2.3.4.4 hér að framan að öðru leyti við um jarðir sem ekki hafa verið gerð landamerkjabréf fyrir og líta verður til þeirra við ákvörðun merkja slíkra jarða þegar kemur að eyjum og skerjum.

Í sumum tilvikum eru merkjalýsingar í landamerkjabréfum óljósar og þess eru dæmi að ljóst sé, jafnvel óumdeilt, að þau hafi ekki að geyma lýsingu á heildarmerkjum jarða. Við þær aðstæður hefur óbyggðanefnd litið til sambærilegra sjónarmiða við afmörkun viðkomandi jarða og þegar landamerkjabréf skortir. Í slíkum tilvikum hefur einkum verið litið til annarra heimilda sem hafa að geyma lýsingar á merkjum viðkomandi jarða, staðhátta og gróðurfars, og heimilda um merki aðliggjandi jarða. Í þessu sambandi má benda á umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020 í máli nr. 3/2020 (Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar) um merki jarðanna Skálmardals og Skálmarnesmúla í Skálmarfirði þar sem staðhættir, aðrar heimildir um merki jarðanna og heimildir um merki annarra jarða voru taldar mæla með afmörkun gagnaðila ríkisins á umræddum jörðum. Hér má einnig benda á umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar 17. október 2024 í máli nr. 4/2023 (Strandir) um merki jarðarinnar Drangavíkur á Ströndum þar sem staðhættir voru taldir mæla með afmörkun hluta gagnaðila ríkisins á jörðinni. Á hinn bóginn má benda á úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) þar sem staðhættir og heimildir um merki annarra jarða voru taldar mæla gegn afmörkun gagnaðila ríkisins á jörðunum Miðvöllum, Hellnum, Stóru-Hnausum og Hamraendum sunnan og austan Snæfellsjökuls.[562] Landamerkjabréf allra framangreindra jarða voru t.d. óljós um merki þeirra til fjalla að því leyti að þar kom ekki fram hvernig draga ætti merkin milli efstu merkjapunkta í landamerkjalýsingum.

Þrátt fyrir að ljóst sé að ekki reyni á afmörkun jarða til fjalla með sambærilegum hætti á eyjum og skerjum á svæði 12 eru tilvik þar sem lýsingar í landamerkjabréfum jarða sem koma við sögu eru óljósar eða ljóst er að landamerkjabréf hafi ekki að geyma lýsingu á heildarmerkjum jarða. Við slíkar aðstæður telur nefndin að líta verði til atriða af því tagi sem hér hefur verið fjallað um, einkum annarra skjala sem hafa að geyma lýsingar á merkjum viðkomandi jarða, staðhátta og heimilda um merki aðliggjandi jarða.

Í tilviki jarða sem telja til réttinda yfir eyjum og skerjum telur nefndin að ekki sé endilega hægt að draga þá ályktun að þögn um réttindi yfir eyjum og skerjum í landamerkjabréfi þýði að viðkomandi landeigandi hafi ekki talið hlutaðeigandi eyjar og sker

[562] Niðurstöður óbyggðanefndar í málinu voru staðfestar með dómum Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Með ákvörðunum Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, -97, -98 og -99 var beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna þessara dóma Landsréttar hafnað.

tilheyra landi sínu. Þrátt fyrir að það kunni að vera ástæða þess að ekki er fjallað um eyjar og sker í landamerkjabréfi getur einnig verið að talið hafi verið svo augljóst að eyjar og sker tilheyrðu jörð, t.d. með hliðsjón af lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar eða þar sem merki væru skýr af náttúrunnar hendi, að ekki hafi þótt þörf á að hafa sérstaklega orð á því. Þess er einnig að gæta að í lögum um landamerki, bæði nr. 5/1882 og nr. 41/1919, var megináhersla lögð á gerð og skráningu landamerkja milli jarða. Skylda til að setja merki var t.a.m. takmörkuð við merki gagnvart öðrum jörðum, og eftir atvikum afréttum eða öðrum óbyggðum lendum. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi til landamerkjalaganna frá 1919 kemur fram að þar sem land liggi að sjó þurfi engra merkja í sjó fram, nema vík eða vogur skilji lönd og mjórra sé en 120 faðmar milli landa. Hugsanlegt er að landeigendur hafi í einhverjum tilvikum litið svo á að ekki væri heldur þörf á að lýsa merkjum til sjávar sérstaklega í landamerkjabréfi. Í mörgum tilvikum liggur sá hluti merkja jarða enda ekki að öðrum jörðum, eða nokkuð langt er til næstu jarða. Ef stök eyja var sjálfstæð jörð sem ekki fylgdu neinar úteyjar eða sker kann einnig að vera að ekki hafi verið talin þörf á gerð landamerkjabréfs yfirhöfuð.

7.2.3.5 Netlög

Þrátt fyrir að ekki séu bein ákvæði í íslenskum lögum um merki sjávarjarða til hafsins hefur verið talið að fjara fram af landareign, þ.e. svæðið milli stórstraumsfjörumáls og stórstraumsflóðmáls, fylgi henni eins og landið þar fyrir ofan.[563] Í samræmi við það eru mörk svæðis 12 miðuð við stórstraumsfjörumál meginlandsins.[564] Þar fyrir utan taka við netlög.

Í nútímalöggjöf eru netlög skilgreind sem svæði sem nær 115 metra frá stórstraumsfjöruborði landareignar, sbr. t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er hugtakið *eignarland* jafnframt skilgreint þannig að það taki til netlaga í sjó. Í lögunum er þannig tekið af skarið um að netlög, eins og þau eru skilgreind í lögunum, séu eignarland og þannig háð beinum eignarrétti eiganda sjávarjarðar, rétt eins og landið fyrir ofan. Sömu skilgreiningu á hugtakinu *eignarland* er að finna í annarri löggjöf eftir gildistöku laga nr. 57/1998, t.d. lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði; lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun; lögum nr. 90/2011, um skeldýrarækt; og vatnalögum, nr. 15/1923, eftir breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 132/2011. Í öllum þessum lagabálkum eru netlög jafnframt skilgreind sem 115 m svæði út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Þrátt fyrir að áður hafi verið ágreiningur milli fræðimanna um inntak eignarréttar eigenda sjávarjarða innan netlaga jarða sinna[565] má segja að eftir gildistöku laga nr.

[563] Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, Reykjavík 2020, bls. 70.

[564] Sjá lýsingu á afmörkun málsmeðferðarsvæðisins í kafla 2.2 og umfjöllun um fjörumörk í kafla 4.3.

[565] Umfjöllun um þann fræðilega ágreining má m.a. finna hér: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 369–370.

57/1998, og síðari löggjafar sem vísað er til hér að framan, hafi slíkum vafa verið eytt. Að mati óbyggðanefndar er skýrt að netlög sem ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar fylgi viðkomandi landareign sem fullkomin eign, rétt eins og landið fyrir ofan. Af því leiðir að land innan þeirra marka úti fyrir eignarlandi er einnig háð beinum eignarrétti sem eignarland. Það á bæði við um meginland Íslands og eyjar og sker þar fyrir utan.

Íslenska ríkið lagði framangreint einnig til grundvallar við endurskoðun kröfugerðar sinnar við meðferð málsins en hún miðaðist við að beinn eignarréttur sjávarjarða næði til netlaga, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þar á meðal til landsvæða innan netlaga. Ætti það bæði við um netlög frá meginlandinu og frá eyjum sem teldust til eignarlanda. Hið sama var lagt til grundvallar varðandi landsvæði innan netlagakeðju, t.d. þegar netlög eyju sem var innan netlaga frá meginlandinu teygðu sig til annarrar eyju og áfram koll af kolli.

Til eru fleiri skilgreiningar á afmörkun netlaga í íslenskum lögum. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar eru netlög skilgreind samkvæmt dýptarviðmiði sem miðast við 20 möskva selnet en í ákvæðinu segir að öllum mönnum sé heimilt að veiða fyrir utan netlög að ósekju. Hæstiréttur hefur slegið því föstu að þetta ákvæði Jónsbókar um netlög sé enn í gildi, enda þótt sá hluti ákvæðisins sem hefur að geyma afmörkun netlaga hafi ekki verið tekinn upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það, sbr. þrjá samhljóða dóma Hæstaréttar frá 19. september 1996 í málum nr. 179–181/1996 (Efri-Langey, bls. 2518, 2525 og 2532 í dómasafni réttarins það ár). Dómarnir þrír vörðuðu sakamál þar sem menn voru ákærðir fyrir að leggja grásleppunet innan 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli Efri-Langeyjar og þar með í netlögum eyjunnar samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Í dómunum segir:

> Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja. Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það. Vafi um rétt fasteignareiganda að þessu leyti verður skýrður ákærða í hag. Alls er óvíst um, hvert sjávardýpi er á þeim stað, er ákæruði lagði net sín. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, sbr. 11. gr. sömu tilskipunar.

Af þessu hefur verið dregin sú ályktun að við ákvörðun netlaga þegar kemur að *fiskveiðirétti* landeiganda skuli miða við dýptarreglu Jónsbókar.[566] Á hinn bóginn hefur sú

[566] Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson, Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, Reykjavík 2020, bls. 70–71; Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, Reykjavík 2008, bls.

ályktun einnig verið dregin af dómunum að dýptarreglu Jónsbókar verði ekki beitt við afmörkun netlaga í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða veiði sjávarfiska, þ.e. að í rétti landeiganda innan netlaga samkvæmt skilgreiningu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist ekki víðtækari réttur.[567] Þannig verður t.d. beinn eignarréttur landeiganda í netlögum ekki miðaður við dýptarreglu Jónsbókar.

Þá eru netlög einnig í sumum tilvikum skilgreind þannig að þau nái 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, sbr. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi, nr. 20/1849, og 2. gr. laga um beititekju, nr. 39/1914. Þegar um er að ræða þau réttindi sem fengin eru landeigendum í netlögum samkvæmt þeim lögum miðast netlög því við 60 faðma.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að eignarlöndum sem liggja að sjó, bæði á meginlandinu og á eyjum og skerjum, fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins. Þegar netlög eru skilgreind með öðrum hætti í lögum varða þau aðeins tiltekin óbein eignarréttindi sem þar er kveðið á um. Hafsbotninn utan 115 m netlaga er ekki til umfjöllunar fyrir óbyggðanefnd en um hann er fjallað í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra laga er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær.

7.2.3.6 Samantekt um mat á eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja

Að mati óbyggðanefndar eiga þau almennu sjónarmið sem lögð hafa verið til grundvallar niðurstöðum í þjóðlendumálum, og mótast hafa í réttarframkvæmd, í öllum aðalatriðum við um eyjar og sker með svipuðum hætti og landsvæði á meginlandinu.

Í ljósi þess að landnámslýsingar í *Landnámu* eru almennt óljósar eða takmarkaðar þegar kemur að eyjum og skerjum á svæði 12 telur nefndin, með vísan til dómaframkvæmdar, að skipt geti meira máli að sýnt sé fram á að eignarréttur að eyjum og skerjum hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og flust áfram í tímans rás, fremur en hvernig til hans hafi stofnast í öndverðu. Eftir sem áður telur nefndin þó að skýrar frásagnir í *Landnámu* hafi þýðingu við mat á stofnun eignarréttar.

Með hliðsjón af ítarlegri greiningu á fyrirliggjandi dómaframkvæmd telur nefndin að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Þrátt fyrir nokkurn vafa um hvernig beri að túlka orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og falli því undir gildissvið ákvæðisins, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki

110–111; Skúli Magnússon: *Um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða. Álit unnið að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í september 2001*, Reykjavík 2001.

[567] Sjá Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367

sérstaklega í mót. Af því leiðir að nefndin telur almennt hægt að miða við að eyjar og sker sem svo háttar til um séu eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Hugsanlegt er að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en fara þarf fram heildstætt mat á því í hverju tilviki þar sem m.a. er litið til fjarlægðar frá meginlandi eða heimaeyju, sýnileika, afstöðu til annarra eyja og skerja, og upplýsinga um nýtingu eða önnur tengsl við jörð.

Að öðru leyti telur nefndin, líkt og í fyrri þjóðlendumálum, að við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðis skipti mestu máli að greina hvort svæðið sem um er deilt sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Líkur eru á að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið hluti jarðar sé eignarland.

Við sönnun á því hvort eyjar eða sker teljist vera eða hafa verið hlutar jarða hafa landamerkjabréf almennt ríkara vægi en aðrar heimildir. Þannig má telja líkur á því að eyjajörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð, enda stangist lýsing á merkjum ekki á við atriði á borð við staðhætti og upplýsingar um nýtingu lands, eða fyrir liggi eldri heimildir sem mæli því í mót. Það sama á við um eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða á meginlandinu.

Að teknu tilliti til réttarframkvæmdar og á grundvelli almennrar rannsóknar óbyggðanefndar er mat nefndarinnar að staðhættir, þar á meðal landfræðilegur aðskilnaður eyjar eða skers frá heimalandi eða heimaeyju, mæli almennt ekki einir og sér gegn því að lýsingar í landamerkjabréfum jarða séu lagðar til grundvallar afmörkun þeirra. Þrátt fyrir að sérstök lýsing í landamerkjabréfi á landsvæði sem er aðskilið heimalandi jarðar hafi í réttarframkvæmd oft verið talin benda til þess að um þjóðlendu sé að ræða, þá telur nefndin að þau sjónarmið eigi ekki endilega við með sama hætti um eyjar og sker, sem eðli máls samkvæmt eru alltaf landfræðilega aðskildar heimalöndum. Það á bæði við um úteyjar eyjajarða og eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu.

Nefndin telur að upplýsingar um gróðurfar á eyjum og skerjum ráði almennt ekki úrslitum við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða sem telja til réttinda á eyjum og skerjum. Þá telur nefndin að almennar upplýsingar um búskaparhætti og nýtingu lands á eyjum og skerjum styðji almennt að eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða séu eignarlönd.

Í tilvikum þar sem ekki liggja fyrir landamerkjabréf vegna jarða sem aðrar heimildir gefa til kynna að séu jarðir þarf að ákvarða merki þeirra út frá öðrum fyrirliggjandi upplýsingum og heimildum. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar staðhættir, heimildir um merki aðliggjandi jarða og önnur fyrirliggjandi gögn. Sambærileg sjónarmið eiga við um afmörkun jarða þegar merkjalýsingar í landamerkjabréfum eru óljósar eða lýsa ekki heildarmerkjum jarða.

Loks skal tekið fram að eignarlöndum sem liggja að sjó, bæði á meginlandinu og á eyjum og skerjum, fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.

7.3 Eyjar og sker sunnan og austan lands

Í þeim undirköflum sem hér fara á eftir verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Kröfugerð ríkisins í fyrri málum hefur almennt verið háttað þannig að gerðar hafa verið kröfur til tiltekinna landsvæða á meginlandinu sem lúta ákveðinni afmörkun með kröfulínum. Vegna sérstaks eðlis svæðis 12, sem tekur til lands utan meginlandsins, á eyjum og skerjum og öðrum landfræðilegum einingum sem eru umluktar hafi, er kröfugerð ríkisins með breyttu sniði. Í stað þess að kröfur ríkisins taki til landsvæða sem afmörkuð eru með kröfulínum eru eyjar og sker sem ríkið gerir kröfur til auðkenndar í rafrænni kortasjá og á kröfulínukortum, sbr. skjöl nr. 33(1)–33(12). Auk þess eru gerðar kröfur til ónafngreindra eyja og skerja utan svæða sem ríkið hefur undanskilið kröfugerð sinni eða þar sem ríkið hefur fallið frá kröfum til við meðferð málsins, sbr. nánari umfjöllun um kröfur ríkisins í kafla 3.1. Í ljósi þessa verður hér á eftir fjallað sameiginlega um eyjar og sker sem gerðar eru kröfur til vegna sömu jarðar af hálfu gagnaðila ríkisins. Í tilvikum þar sem ekki eru gerðar gagnkröfur verður ýmist sérstök umfjöllun um stakar eyjar eða sker eða sameiginleg umfjöllun eftir því sem gögn málsins og staðhættir gefa tilefni til.

Fyrst verður fjallað um staðhætti einstakra þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um kröfusvæðin og þær jarðir sem um ræðir.[568] Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um landamerki á svæðunum sem málið varðar, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra taka til.

Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á eyjum og skerjum byggjast að mestu leyti á því að um sé að ræða land sem ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að. Þrátt fyrir að gögn málsins bendi í sumum tilvikum til þess að eigendur tiltekinna jarða, ýmist eyjajarða eða jarða á meginlandinu, hafi nýtt sumar eyjar og sker og kallað til réttinda á þeim, bendi heimildir ekki til þess að slík nýting eða tilkall geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar hafi verið komnir að þeim réttindum. Þá er einnig byggt á því að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðum ríkisins. Almennt sé um að ræða eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafi ekki verið og séu ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar.

---

[568] Umfjöllun um staðhætti er m.a. byggð á ýmsum loft- og gervitunglamyndum, kortum og landupplýsingum, þar á meðal fjölbreyttum upplýsingum sem er að finna í kortasjám Náttúrufræðistofnunar Íslands (áður ýmist hjá Landmælingum Íslands eða Náttúrufræðistofnun), örnefnaskrám frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

Kröfur gagnaðila ríkisins byggjast almennt á því að stofnast hafi til beins eignarréttar að þeim eyjum og skerjum sem kröfur þeirra taka til, sem séu hlutar jarða þeirra og nýting hafi verið í samræmi við það. Því sé um að ræða eignarlönd en ekki þjóðlendur. Þá byggja flestir gagnaðilar ríkisins einnig á því að eignarréttarleg staða eyja og skerja sé bundin í lög með lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

7.3.1 Eldey og sker og drangar við Reykjanes

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Eldeyjar og skerja og dranga við Reykjanes, þ.e. Eldeyjardrangs, Geirfuglaskers og Geirfugladrangs, auk skersins Karls sem er skammt frá meginlandinu. Gerð er krafa til þeirra allra af hálfu eigenda jarðarinnar Kalmanstjarnar í Höfnum. Eldey rís yfir 70 metra úr sjó, þverhnípt og illkleif á alla vegu. Hún er rúma 13 km frá landi. Eldeyjardrangur er tæpa 16 km frá landi, Geirfuglasker tæpa 27 km og Geirfugladrangur um 31 km. Skerið Karl er hins vegar aðeins um 300 m frá landi.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að Eldey og skerjum og dröngum á svæðinu. Gögn málsins bendi ekki til tengsla eyjarinnar, skerja eða dranga við jörðina Kalmanstjörn eða aðrar jarðir á svæðinu. Af hálfu eigenda Kalmanstjarnar er einkum á því byggt að Eldey og áðurnefnd sker og drangar séu fyrir landi Kalmanstjarnar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og séu eignarlönd á þeim grundvelli.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir um Kalmanstjörn og kröfusvæði ríkisins.

Í *Landnámu* segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar milli Ölfusár og Hvalfjarðar og öll nes út. Þá segir frá Herjólfi Bárðarsyni, frænda Ingólfs, sem hafi fengið land úr landnámi Ingólfs milli Vogs og Reykjaness. Einnig segir frá Steinunni gömlu sem Ingólfur hafi gefið land á Rosmhvalanesi öllu fyrir utan Hvassahraun.

Fyrir liggja máldagar fyrir Kirkjuvogskirkju í Höfnum frá seinni hluta 14. aldar og fram á miðja 16. öld. Þar segir m.a. að kirkjan eigi hálft Geirfuglasker. Í máldögum fyrir Kirkjubólskirkju á Miðnesi frá sama tímabili segir að kirkjan eigi fjórðung í Geirfuglaskeri en svo virðist sem kirkja á Kirkjubóli hafi lagst niður á seinni hluta 16. aldar. Í biskups- og prófastsvísitasíum um Kirkjuvogskirkju eftir þann tíma er ekki fjallað um réttindi í Geirfuglaskeri og ekki heldur í öðrum fyrirliggjandi gögnum um jarðirnar Kirkjuvog eða Kirkjuból.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 er fjallað um Kalmanstjörn. Þar er m.a. fjallað um hlunnindi jarðarinnar en meðal þeirra eru talin fjörugrasa- og sölvatekja og skelfisksfjara, auk þess sem rekavon er sögð í betra lagi og heimræði árið um kring. Ekkert kemur þar fram um Eldey eða sker og dranga sem hér er deilt um.

Það sama er að segja um jarðamat Gullbringusýslu 1804, *Jarðatal* Johnsens frá 1847, jarðamat Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 og fasteignamat Gullbringusýslu 1916–1918, þar sem ekkert kemur fram um eyjar og sker í umfjöllun um Kalmanstjörn.

Dagana 16. og 17. október 1783 var hjá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu tekið fyrir landamerkjamál um merkin milli Kalmanstjarnar og Merkiness, þ.e. norðurmörk Kalmanstjarnar. Dæmt var í málinu 30. júní 1874 en í dómnum er ekki fjallað um eyjar eða sker.

Í landamerkjabréfi Kalmanstjarnar frá 12. júní 1888 er ekki fjallað um eyjar og sker, né heldur í landamerkjaskrá um merki Kalmanstjarnar og Merkiness frá 4. september 1889.

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir m.a. að Karl og Kerling heiti háir klettadrangar við Reykjanestá. Þar segir að Eldey liggi mílu[569] vegar undan Reykjanestá og að skammt frá henni sé hár klettur, Eldeyjardrangur. Fram kemur að á eyjum þessum séu álkur og aðrir sjó- og bjargfuglar en þær séu svo brattar að engum manni sé þar fært nú á dögum. Fyrrum hafi menn haft reipistiga upp á Eldey, og sjáist enn naglar miklir í berginu sem stigarnir hafi verið festir við. Þá segir að enn lengra úti í hafi liggi Geirfuglasker, sem sé allstór eyja en fremur lág og kleif að vestanverðu.

Meðal skjala Landsnefndarinnar fyrri er skýrsla Guðmundar Runólfssonar, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, frá 10. júlí 1770 um ástand sýslunnar og almennt bjargræði. Þar er m.a. fjallað um Geirfuglasker:

> Í sömu þingsókn, út undan Reykjanesi, liggur með fleirum það svokallaða Geirfuglasker, sem að fornu hefur verið til fugla- og eggjatekju aðsókt en fyrir fárlegheita skuld á seinni tímum aflagt. Minn formann, sýslumaðurinn sr. Guðni Sigurðsson, vildi í sinni beténingstíð hafa uppréttað aftur þess aðsókn og reyndi til þess nokkur ár, samt þeir eð hann kunni þar til að yfirtala, en fornam síðan að það vegna vanskelegheita stoppaði öngvan veginn sinn umkostnað þá hann sumtíðis með stæðstu mannhættu varð að snúa þar frá til baka vegna brims og lendingarleysis.[570]

Guðni Sigurðsson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1737–1752 fluttist að Kirkjuvogi í Höfnum eftir sýslumannstíð sína og bjó þar til dánardags árið 1780. Hann mun hafa farið til fugla- og bjargnytja í Geirfuglaskeri og samdi árið 1770 lýsingu á skerinu fyrir Landsnefndina fyrri.[571] Þar er skerinu og erfiðum aðstæðum í því lýst en lending þar er sögð svo hættuleg „að á tvær hættur er að leggja líf og dauða þar upp að fara“. Fram kemur að árið 1732 hafi verið farið í skerið í fyrsta sinn eftir 75 ára hlé, eða frá því um miðja 17. öld, og hafi þá fundist mannabein sem talin voru af erlendum sjómönnum. Skip þeirra hafi sett þá í land í skerinu til að sækja fugl og egg en ekki náð þeim til baka. Í lýsingunni segir að í skerinu sé svo mikil mergð af svartfugli að engin sjáist skil á neinu og fuglar leggist hver ofan á annan. Þó sé mun minna af geirfugli en talið hafi verið og nafn skersins gæti bent til, en Guðna reiknast til að geirfuglinn sé

[569] Hér mun átt við danska mílu, eða u.þ.b. 7,5 km.

[570] *Landsnefndin fyrri 1770–1771. III Bréf frá embættismönnum*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir (Reykjavík, 2016), bls. 103, skjal nr. H-18.

[571] Íslenski textinn er í handritinu Lbs. 44 fol. en hann er einnig prentaður sem fylgirit 1 með bók Sigurjóns Páls Ísakssonar: *Úr sögu geirfuglsins á Íslandi* (2021), sjá skjal nr. H-11.

einungis í um sextánda hluta skersins við uppgöngurnar en lengra upp á skerið fari hann ekki sökum flugleysis.

Í lýsingu Útskála- og Kirkjuvogssókna frá 1839 í *Sýslu- og sóknalýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu* segir m.a. að Hafnamenn séu vanir að fara í Eldey á vorin eftir fugli og eggjum. Skammt frá Eldey sé klettur kallaður Eyjadrangi sem hvergi verði upp á komist, enda sé hann gæðalaus. Þá segir að í Geirfuglasker hafi menn í fyrri daga farið til geirfugladráps en ekki séu lengur neinir uppi sem geti gefið vissar sögur um arðsemi þess eða lögun, lendingu eða afstöðu.

Þann 30. maí 1894 fór hópur manna í Eldey. Meðal þeirra voru Sigfús Eymundsson bóksali í Reykjavík og Hjalti Jónsson skipstjóri, sem fékk viðurnefnið Eldeyjar-Hjalti. Eftir ferðina skrifaði Sigfús bréf til landshöfðingja 2. júní 1894. Þar segir frá ferðinni og m.a. að þremur æfðum bjargmönnum úr Vestmannaeyjum hafi tekist að ná uppgöngu á eyjuna. Einnig segir að stofnað hafi verið félag, sem Sigfús væri í forsvari fyrir, sem hefði í hyggju að nýta eyjuna. Óskað er eftir viðurkenningu yfirvalda á eignarrétti félagsins að eyjunni eða a.m.k. einkarétti til að nýta hana:

> Nú hefur félag myndast til þess að gjöra ey þessa arðberandi á einhvern hátt, og er eg sem stendur formaður félags þessa. Fórum vér 30 f.m. til Eldeyjar og heppnaðist þá 3 æfðum bjargmönnum úr Vestmannaeyjum að ná uppgöngu á eyna, og leggja „veg“ upp með þeim hætti að reka gadda á bergið, svo að hægra er og hættuminna að komast upp aftur. Reistum vér þar hið danska flagg, skildum þar eftir kassa, nokkurn trjávið og annan umbúnað.
>
> Þó að það sé miklum erfiðleikum bunduð að komast að eynni sökum brima og hljóti að verða mjög kostnaðarsamt að koma við þeim útbúningi, sem nauðsynlegt er til þess að geta haft not af þeim gnægðum fugls, sem er uppi á eynni og utan í berginu, þá höfum vér þó áformað að byrja á því fyrirtæki, að nota eyna og munum vér í sumar gjöra þar byrgi og annað það, sem nauðsynlegt er til þessa. Til þess er oss nauðsynlegt að fá vernd hinna íslenzku laga og viðurkenningu hinnar íslensku stjórnar fyrir rétti vorum til eyjarinnar sem þeirra, sem fyrstir hafa tekið hana til notkunar, til þess að aðrir geti ekki að ósekju hagnýtt sér fyrirtæki vort og uppskorið ávöxtinn af kostnaði þeim, erfið og mannhættum, er félagið leggur fram til þess að gjöra eyna arðberandi.
>
> Með því að eyjan liggur utan landhelgi og ekki mun teljast til neins lögsagnarumdæmis landsins, lýsum vér því hér með yfir, að vér höfum numið eyna sem íslenzkir borgarar og danskir þegnar, og leyfum oss virðingarfyllst að beiðast þess, að landstjórnin viðurkenni rétt vorn til veiðiskapar í eynni og gjöri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að eyja þessi verði talin tilheyrandi landinu sem privateign félags vors eða sem þjóðeign, er félag vort hefur arfgengan rétt yfir, eða í öllu falli einkarétt um ákveðinn árafjölda, er sakir þess mikla kostnaðar, er fyrirtækið hefur í för með sér, ekki mætti vera minna en 50 ár.
>
> Jafnframt því að beina þessari málaleitan til yðar, hávelborni herra landshöfðingi, með þeim virðingarfyllstu tilmælum, að þér gjörið nauðsynlegar ráðstafanir til þess að henni verði framgengt, leyfum vér oss að spyrjast fyrir um það, hvort frá yður eða landstjórnarinnar hálfu sé nokkuð því til fyrirstöðu, að vér látum auglýsa í landsyfirréttinum og í blöðunum bann gegn því, að aðrir noti eyna og tilfærur vorar við hana fyrst um sinn.

Hinn 4. júní 1894 skrifaði landshöfðingi til Sigfúsar Eymundssonar um Eldey og kvaðst ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að félag það sem Sigfús hefði nefnt myndi nema

Eldey. Landshöfðingi sagðist þó myndu leita álits ráðgjafans yfir Íslandi. Landshöfðingi tilkynnti erindi Sigfúsar til íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn með bréfi dagsettu 2. júlí 1894 og lýsti þar sömu skoðun og áður. Í bréfi landshöfðingja kemur m.a. fram að eyjan hafi fram að þessu ekki verið háð neinum eignarrétti.

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands eru varðveittir minnispunktar embættismanna í stjórnardeildinni frá 8. september og 10. október 1894. Í minnispunktunum er því m.a. lýst að enginn vafi leiki á að Eldey tilheyri íslensku landsvæði og sé eign ríkisins, nema einhver geti sannað eignarrétt sinn að henni. Þá er í skjalinu fjallað um skoðanir manna í Hafnahreppi sem birst hafi í *Þjóðólfi* um að Eldey tilheyrði hreppnum. Í minnispunktunum segir að hafi hreppsmenn í Hafnahreppi engin frumskjöl sem sönnuðu málflutning þeirra, þá væri hann hugsanlega byggður á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Hins vegar kemur það mat fram í skjalinu að ákvæðið geti varla átt við um Eldey þar sem hún sé svo langt frá landi. Komist er að þeirri niðurstöðu að Eldey tilheyri ekki Hafnahreppsmönnum heldur ríkinu.

Stjórnardeildin svaraði landshöfðingja með bréfi dagsettu 6. nóvember 1894. Í bréfinu sagði að ljóst væri að Eldey væri hluti af Íslandi og að samkvæmt því sem lægi fyrir um eyjuna yrði að líta á hana sem ríkiseign. Um rétt til nýtingar í Eldey þyrfti hins vegar að afla frekari upplýsinga, einkum frá ábúendum þeirra jarða sem næst væru Eldey. Áður en frekari ákvarðanir væru teknar í málinu sagði stjórnardeildin að landshöfðingi þyrfti að leggja fram upplýsingar úr Hafna- og Grindavíkurhreppum og frá sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í lok bréfsins segir að allar spurningar um réttindi til eyjarinnar væru að lokum málefni dómstóla.

Hinn 20. febrúar 1895 skrifaði landshöfðingi til amtmanns í Suður- og Vesturamtinu um erindi Sigfúsar um Eldey. Í bréfi landshöfðingja segir að félag Sigfúsar hafi myndast til að nota fugla- og eggjatöku í Eldey en eyjan væri um viku sjávar utan landhelginnar. Þá segir að Sigfús hafi óskað eftir rétti félagsins til veiðiskapar í eynni eða til vara að félaginu yrði veittur einkaréttur til að nota Eldey eftir þörfum félagsins. Landshöfðingi óskaði eftir að amtmaður myndi taka saman álit hreppsnefnda í Hafna- og Grindavíkurhreppum, sem og sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þá þyrfti að afla upplýsinga um það hvort einhver annar hefði haft veiðiskap í eynni, hvenær og hvernig hann hefði farið fram.

Þann 19. maí 1895 skrifuðu Halldór Sigurðsson, Ólafur Ketilsson, Ketill Ketilsson og Sigurður Benediktsson til sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um Eldey. Í bréfinu segir að Hafnahreppsmenn hafi nýtt Eldey frá ómunatíð, þ.e.a.s. allt undirlendi eyjarinnar ásamt tveimur pöllum og svonefndum Selatanga vestan undir eynni. Þar segja þeir einnig frá ferðum núlifandi manna í eyjuna. Bréf fjórmenninganna endar á eftirfarandi orðum:

> Af framan rituðum ástæðum álítum við undirritaðir að „Eldey“ hafi af hafnahreppsmönnum fyrst verið numin landnámi og til afnota höfð frá ómunatíð, eins og að ofan er skráð og lýsum ver því hér með yfir að við fyrstir helgum oss landnám á áðurnefndu svæði Eldeyjar.

Dagana 21. og 22. maí 1895 hélt sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu fund um málefni Eldeyjar. Í afriti af gjörðabók sýslunefndarinnar kemur meðal annars fram:

> Nefnd sú er kosin var í „Eldeyjar“-málið kom fram með svohljóðandi álit: Þareð það er engum efa undirorpið að Hafnamenn hafi langa lengi farið um svæði þau af „Eldey“, sem nefnd eru í brjefi fjögra Hafnabúa frá 19. þ.m., og hagnýtt sér þau sem sameign sína óátalið af öllum, þá virðist nefndinni eðlilegast að þessi svæði verði skoðuð og notuð á sama hátt framvegis og undanskilin annara manna eða fjelaga notkun eða eign, en íbúa Hafnahrepps.
>
> Öll þau svæði eyjarinnar aptur á móti, sem ekki hafa áður notuð verið, álítur nefndin rjett að skoða sem nýtt landnám þess félags, er 30. maí 1894 tók sjer fram um að ráðast til uppgöngu á eyjuna, og tókst það með hættu og erfiðismunum – nema sannað verði, að eyjan sje eign ákveðins eiganda – og álítur nefndin útaf ummælum sýslunefndarmanns Hafnahrepps ástæðu til, að rannsakað verði nákvæmlega og gengið úr skugga um, hvort eyjan geti ekki verið samkvæmt máldögum eða öðrum fornum skjölum eign Hvalsness- eða Kirkjuvogskirkna.

Hinn 22. júní 1895 skrifaði sýslumaður til amtmanns um öflun upplýsinga um Eldey. Sýslumaður sagði engin afskipti af eyjunni hafa verið úr Grindavíkurhreppi en öðru gegndi um Hafnahrepp.

Hinn 30. júlí 1895 skrifaði Eiríkur Ketilsson í umboði hreppsnefndar Grindavíkurhrepps til sýslumanns. Bréfið var svar við ósk sýslumanns um álit á landnámi Sigfúsar Eymundssonar og annarra á Eldey. Í bréfinu segir að hreppsbúar hafi átt með sér fund en enginn hafi komið í Eldey fyrir utan hreppstjórann Eirík Ketilsson þegar hann bjó í Hafnahreppi. Íbúar í Grindavíkurhreppi myndu því ekki gera tilkall til Eldeyjar og ekki heldur Eiríkur, þar sem aðrir hafi farið til veiða í Eldey löngu á undan honum.

Hreppsnefnd Hafnahrepps skrifaði sýslumanni þann 16. október 1895 um Eldey. Hreppsnefndarmenn lýstu því að eyjan hefði verið nýtt af Hafnahreppsmönnum frá ómunatíð en ekki væru til skrifleg gögn um hverjir hefðu fyrstir nýtt eyna. Í bréfinu er greint frá nokkrum einstaklingum sem uppi voru á átjándu og nítjándu öld og fluttu þaðan geirfugl, sel og egg. Sá elsti sem þar er getið var fæddur 1752 og lést 1821.

Hinn 6. nóvember 1895 skrifaði amtmaður í Suður- og Vesturamti til landshöfðingja og sendi honum álit hreppsnefnda í Grindavíkur- og Hafnahreppum og sýslunefndar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um landnám og notkun á Eldey.

Landshöfðingi skrifaði til Sigfúsar Eymundssonar þann 19. nóvember 1895 og sendi honum málsskjölin, sex að tölu, um erindi Sigfúsar um landnám í Eldey svo hann gæti kynnt sér efni þeirra.

Hinn 24. janúar 1905 skrifaði Stjórnarráð Íslands til Chr. E. Grams kaupmanns um erindi hans um leigu á Eldeyjardröngum til 10 ára. Í afriti af bréfinu segir að Stjórnarráðið hafi ekki séð sér fært að leigja umrædd sker nema gegn fastri ársleigu, auk gjalds fyrir hver 100 pund af gúanó. Með leigusamningi dagsettum 25. nóvember 1907 leigði Ella Gram Eldey af ráðherra Íslands. Í samningnum segir að ráðherra hafi verið leigusali fyrir hönd landsins. Eldey var leigð til þess að rannsaka hvort í jarðvegi hennar eða á eynni væri gúanó og ef svo væri, að undirbúa hagnýtingu og flutning. Leigusamningurinn var til 33 ára.

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands er varðveitt uppkast að leigusamingi um að ráðherra Íslands leigi fuglaveiði og eggjatöku í ríkissjóðseigninni Eldey til Sigfúsar Eymundssonar, Jóns Magnússonar, Hjalta Jónssonar, Jes A. Gíslasonar, Ágústar Gíslasonar og Stefáns Gíslasonar. Uppkastið er dagsett 25. febrúar 1909 en í því segir að hið leigða myndi vera öll fuglaveiði og eggjataka en ekki önnur afnot eyjarinnar.

Með leigusamningi dagsettum 19. ágúst 1911 leigði ráðherra Íslands Lárusi Fjeldsted og Hannesi H. Hanssyni landssjóðseignina Eldey til gúanótekju. Leigutíminn var 10 ár. Um afnot Eldeyjar segir eftirfarandi í samningnum:

> Þau afnot Eldeyjar sem hjer eru leigð mega eigi að svo miklu leyti sem unnt er koma í bága við notkun hennar til fuglaveiða og eggjatöku og skal því eigi að nauðsynjalausu starfað að Guanotekju á eynni um eggjatímann frá 1. apríl til 1. júlí ár hvert, en um það hvort slíkt sje gert að nauðsynjalausu skal stjr. Ísl. hafa endanlegt úrskurðarvald gagnvart leigutökum ef ágreiningur rís um það efni.

Stjórnarráð Íslands ritaði tvímenningunum og sýslumanni þann 18. október 1915 um lækkun á leigugjaldi.

Hinn 21. mars 1914 leigði ráðherra Íslands Þorsteini Hermannssyni S. Kjarval selveiði við landssjóðseignina Eldey til 10 ára. Fram kemur í samningnum að ekki var um afnot eyjarinnar að ræða.

Stjórnvöld munu hafa gert fleiri samninga um nýtingu í Eldey á fyrri hluta 20. aldar.[572]

Með lögum nr. 27/1940 var Eldey friðuð. Með lögunum var bannað að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar og bannað var að granda fuglum og eggjum, jarðvegi og öðru sem þýðingu hefði fyrir fuglalíf. Þá var kveðið á um að greiða skyldi þeim sem hefði leigurétt á eynni bætur svo hann yrði skaðlaus af. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur m.a. fram að Eldey sé ríkiseign og almenningur en þó muni engir eiga þar lögmætt tilkall til veiði.

Eldey var svo friðlýst árið 1974 samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 119/1974. Í friðlýsingarskilmálum kemur m.a. fram að bannað sé að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar og að skot séu bönnuð nær eynni en 2 km.

— — —

Hér hafa verið raktar fyrirliggjandi heimildir um Kalmanstjörn og ágreiningssvæðin sem hér eru til umfjöllunar. Lýsingar *Landnámu* um landnám á svæðinu fjalla ekki um eyjar eða sker og af þeim verður því ekki ráðið hvort ágreiningssvæðin hafi verið numin. Þrátt fyrir að ekki sé getið eyja og skerja er þó að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðin, eða hluti þeirra, kunni að hafa verið numin. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem lengra dregur frá landi.

[572] Sjá m.a. umfjöllun um Eldey og nýtingu hennar í 1. tbl. 83. árg. tímaritsins Faxa 2023, bls. 36–41, sem má finna hér: https://timarit.is/page/7988569. Sjá hliðsjónargagn nr. H-15.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið liggja ekki fyrir heimildir sem tengja ágreiningssvæðin við tilteknar jarðir, að því undanskildu að máldagar kirkna í Kirkjuvogi í Höfnum og Kirkjubóli á Miðnesi frá 14. öld og fram á 16. öld eigna kirkjunum hluti í Geirfuglaskeri. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem bendir til þess að eigendur Kalmanstjarnar hafi í gegnum tíðina kallað til eignarréttinda yfir ágreiningssvæðunum. Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að tilkall kirknanna til Geirfuglaskers hljóti að hafa verið til komið í skjóli eignarhalds eigenda Kalmanstjarnar á því í öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir í málinu sem rennt getur stoðum undir það.

Um eðli og inntak réttinda kirknanna í Geirfuglaskeri er þess að gæta að orðalag á borð við það sem er að finna í fyrrnefndum máldögum, um að kirkjurnar eigi hluti í Geirfuglaskeri, getur í sumum tilfellum bent til eignarlands en þess er að gæta í því sambandi að ekki er afdráttarlaust í framangreindum skjölum hvers eðlis réttindi kirknanna hafi verið. Hæstiréttur hefur í dómum sínum tekið afstöðu til þess að ummæli í máldögum og vísitasíum af þessu tagi geti ekki ráðið úrslitum um hvort átt hafi verið við beinan eignarrétt eða réttindi af öðrum toga, sbr. dóma Hæstaréttar frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 og frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 sem fjölluðu um orðalag á borð við þetta í máldögum og vísitasíum varðandi landsvæðin Mælifell og Steinvarartungu í Vopnafjarðarhreppi. Í báðum tilvikum var niðurstaða óbyggðanefndar um þjóðlendu staðfest. Hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar frá 22. desember 2020 í máli nr. 4/2020 (Hvannahlíð). Að því gættu telur nefndin að framangreindir máldagar nægi ekki einir og sér til sönnunar beins eignarréttar að Geirfuglaskeri. Þá er þess einnig að gæta að réttinda í Geirfuglaskeri er ekki getið í heimildum eftir miðja 16. öld og því hugsanlegt að réttindi þar, hafi þau verið fyrir hendi, hafi fallið niður. Í öllu falli liggja ekki fyrir aðrar heimildir sem styðja að farið hafi verið með Geirfuglasker sem eignarland.

Í *Ferðabók* Eggerts og Bjarna frá 1772 og skýrslu Guðmundar Runólfssonar, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, frá 1770 kemur fram að áður fyrr hafi farið fram fugla- og eggjatekja í Eldey, en vegna erfiðra aðstæðna þar hafi hún lagst af.

Svo virðist sem áhugi á Eldey hafi endurvakist í kjölfar ferðar Sigfúsar Eymundssonar og fleiri í eyjuna árið 1894. Í framhaldi af þeirri ferð, og beiðni Sigfúsar fyrir hönd félags sem hann var í forsvari fyrir um opinbera viðurkenningu eignarréttar eða einkaréttar á nýtingu Eldeyjar, virðast yfirvöld á Íslandi og í Danmörku hafa farið að líta á Eldey sem ríkiseign. Það virðist fyrst og fremst byggjast á þeirri afstöðu landshöfðingja að Eldey væri eigendalaus, sem kemur m.a. fram í bréfi hans til íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn í júlí 1894. Í bréfaskiptum embættismanna við hreppsnefnd Hafnahrepps og sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu á þeim tíma kom hins vegar fram að íbúar í Hafnahreppi hefðu nýtt Eldey í áranna rás og litu svo á að réttur til hennar tilheyrði þeim. Þrátt fyrir það virðast íslensk stjórnvöld hafa farið að

ráðstafa réttindum í Eldey með leigusamningum í upphafi 20. aldar, þar til eyjan var friðuð með lögum árið 1940, og litið á hana sem eign ríkisins.

Af þeim heimildum sem fjalla um nýtingu Eldeyjar verður ekki séð að hún hafi farið fram í skjóli eignarhalds tiltekinnar jarðar á eyjunni og ekki eru vísbendingar um að einstakir landeigendur hafi talið þar til réttinda umfram aðra. Þvert á móti eru upplýsingar um að menn af nokkrum bæjum í Hafnahreppi hafi sótt þangað, a.m.k. á 19. öld. Þannig virðast þær lýsingar sem fyrir liggja fremur styðja að litið hafi verið á Eldey sem einhvers konar almenning sem öllum, eða a.m.k. íbúum Hafnahrepps, hafi verið heimilt að sækja í, fremur en að um hafi verið að ræða nýtingu sem færi fram í skjóli einkaeignarréttar á Eldey. Eftir ferð Sigfúsar Eymundssonar og samferðamanna hans í Eldey 1894 var m.a. leitað eftir umsögnum úr Hafnahreppi um það hvort einhver þar teldi til réttinda og ætla má að ef litið hefði verið svo á að Eldey tilheyrði Kalmanstjörn, eða einhverri annarri jörð í hreppnum, hefðu upplýsingar um það komið fram.

Að þessu gættu telur nefndin að gögn málsins, þegar þau eru metin heildstætt, veiti því ekki stoð að ágreiningssvæðin hafi verið talin tilheyra Kalmanstjörn eða öðrum jörðum. Líkt og áður segir telur nefndin að máldagar Kirkjuvogskirkju og Kirkjubæjarkirkju nægi ekki til sönnunar á beinum eignarrétti að Geirfuglaskeri og ekki eru heimildir um að eigendur einstakra jarða hafi kallað til eignarréttar að Eldey eða skerjum og dröngum sem hér eru til umfjöllunar. Í því sambandi er einnig rétt að taka fram að ekkert liggur fyrir um eignartilkall ríkisins til Eldeyjar, annað en bréfaskipti yfirvalda á Íslandi og í Danmörku undir lok 19. aldar, þar sem því er lýst að rétt sé að líta á eyjuna sem eign ríkisins en að mati nefndarinnar getur ekki hafa stofnast til beins eignarréttar á þeim grundvelli.

Eins og áður segir byggir gagnaðili ríkisins tilkall sitt til ágreiningssvæðanna einkum á því að þau séu *fyrir landi* Kalmanstjarnar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og eignarlönd á þeim grundvelli.

Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um gildi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og komist að þeirri niðurstöðu að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist almennt *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins en hugsanlegt sé að gildissvið ákvæðisins geti náð lengra frá landi ef staðhættir eða önnur atriði mæla sérstaklega með því. Það þarfnist nánari skoðunar í hverju tilviki.

Eins og áður segir er skerið Karl aðeins um 300 m frá landi og að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og aðrar aðstæður þar ekki gegn því að það verði talið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins.

Hins vegar er Eldey rúma 13 km frá landi, Eldeyjardrangur tæpa 16 km, Geirfuglasker tæpa 27 km og Geirfugladrangur um 31 km. Eldey sést vel frá landi vegna þess hve hátt hún rís úr sjó, en engar eyjar eða sker liggja milli hennar og meginlandsins, að

undanskildum Karli sem er stutt frá landi. Eldey er þannig ekki hluti samhangandi eyja- eða skerjaklasa sem teygir sig frá landi eða framhald af slíkum. Enn fremur liggja ekki fyrir skýrar upplýsingar um nýtingu Eldeyjar frá Kalmanstjörn eða önnur atriði sem mæla með því að hún hafi talist standa í skýru sambandi við næstliggjandi land. Að teknu tilliti til þess, og einkum hinnar miklu fjarlægðar frá landi, telur nefndin að staðhættir og önnur atriði mæli ekki með því að Eldey geti talist vera *fyrir landi* Kalmanstjarnar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Það sama á að breyttu breytanda við um Eldeyjardrang, Geirfuglasker og Geirfugladrang sem eru bæði minni en Eldey og enn lengra frá landi.

Þannig liggur ekkert fyrir um að stofnast hafi til eignarlands á Eldey, Eldeyjardrangi, Geirfuglaskeri og Geirfugladrangi með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Hafi einhver hluti þeirra verið numinn í öndverðu liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og svæðin í kjölfarið verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi vísast t.d. til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsmörk í máli nr. 5/2003, dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði og dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 um Fjall og Breiðármörk.

Líkt og fram hefur komið eru ýmsar heimildir um að þessi svæði hafi verið nýtt á öldum áður, aðallega Eldey, og einkum af íbúum í Hafnahreppi. Hins vegar er ekki ljóst hvort þeim einum hafi verið það heimilt af einhverjum sökum eða hvort einfaldlega hafi ekki verið mögulegt að nýta Eldey úr öðrum sveitum vegna fjarlægðar, enda er hún talsvert langt frá landi. Þá liggur fyrir að Eldey hefur verið friðuð frá árinu 1940, eftir setningu laga nr. 27/1940, en í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur m.a. fram að enginn eigi lögmætt tilkall til veiði í Eldey. Að mati nefndarinnar eru því ekki forsendur til að telja að einhverjir eigi þar takmörkuð eignarréttindi umfram aðra í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Eldey, Eldeyjardrangur, Geirfuglasker og Geirfugladrangur séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

Á hinn bóginn er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að skerið Karl sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði

nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[573]

7.3.2 Vestmannaeyjar

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til annarra eyja í Vestmannaeyjum en Surtseyjar en fjallað verður sérstaklega um Surtsey í kafla 7.3.3. Krafa ríkisins tekur til allra úteyja og skerja umhverfis Heimaey, en einnig til Stórhöfða á Heimaey. Helstu úteyjar og sker eru Elliðaey, Bjarnarey og Faxasker norðan og norðaustan Heimaeyjar; Litli- og Stóri-Stakkur í Stakkabót við suðaustanverða Heimaey; Smáeyjar, þar á meðal Grasleysa, Hrauney, Hani og Hæna, vestan Heimaeyjar; og Þrídrangar og Einidrangur töluvert vestar. Sunnan Heimaeyjar liggja svo Álsey, Brandur, Suðurey, Hellisey, Geldungur, Súlnasker og Geirfuglasker. Þessi talning er ekki tæmandi og umhverfis stærri eyjarnar eru gjarnan minni drangar og sker. Gerð er krafa til allra úteyja Vestmannaeyja, að Surtsey undanskilinni, af hálfu Vestmannaeyjabæjar sem byggir einkum á því að hafa keypt þær allar af íslenska ríkinu árið 1960. Þá gerir Vestmannaeyjabær einnig kröfu til þess hluta Stórhöfða á Heimaey sem ekki var undanskilinn sölunni árið 1960, en í afsali til bæjarins frá 23. ágúst 1960 er „vitajörðin Stórhöfði“ undanskilin. Í kröfugerð bæjarins kemur fram að nokkur óvissa sé um nákvæma afmörkun þess landsvæðis.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna annars hluta Stórhöfða á Heimaey, þ.e. annars lands en þess sem er innan vitajarðarinnar, og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til hans. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til hluta Stórhöfða er eignarréttarleg staða þess hluta hans til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að vafi sé á því hvort stofnast hafi til beins eignarréttar að úteyjum Vestmannaeyja og Stórhöfða, auk þess sem ekki sé fyllilega ljóst hvert inntak þeirra réttinda yfir Vestmannaeyjum hafi verið sem íslenska ríkið seldi Vestmannaeyjabæ árið 1960. Þrátt fyrir að heimildir beri með sér að þessi svæði hafi verið nýtt sé ekki ljóst hvort sú nýting hafi grundvallast á beinum eignarrétti eða hugsanlega takmörkuðum afnotaréttindum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist aðallega á því að stofnast hafi til beins eignarréttar að öllum Vestmannaeyjum,

[573] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

þ.m.t. úteyjum, við landnám og að sá eignarréttur hafi haldist síðan, en einnig er byggt á því að með sölu á öllu landi í Vestmannaeyjum til Vestmannaeyjabæjar árið 1960, að undanskildum nokkrum hlutum Heimaeyjar, hafi ríkið skapað bænum réttmætar væntingar um beinan eignarrétt að öllum Vestmannaeyjum, þ.m.t. úteyjunum. Þá er einnig á því byggt að úteyjar Vestmannaeyja séu *fyrir landi* Heimaeyjar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og séu eignarlönd á þeim grundvelli.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir um Vestmannaeyjar og kröfusvæði ríkisins.

Í *Landnámu* segir frá hefnd landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar eftir fóstbróður sinn, Hjörleif Hróðmarsson. Þar segir að þrælar Hjörleifs hafi myrt hann og flúið til Vestmannaeyja. Ingólfur elti þrælana uppi og drap þá alla og segir að þar heiti síðan Vestmannaeyjar því að þeir hafi verið Vestmenn.

Um landnám í Vestmannaeyjum segir Hauksbók *Landnámu* að Herjólfur, sonur Bárðar Bárekssonar, hafi fyrstur byggt Vestmannaeyjar og búið í Herjólfsdal. Þar segir að sonur hans hafi verið Ormur auðgi er bjó á Ormsstöðum „ok átti einn allar eyjarnar“. Í Sturlubók *Landnámu* segir að Ormur ánauðgi, sonur Bárðar Bárekssonar, hafi fyrstur byggt Vestmannaeyjar. Í báðum gerðum segir að áður hafi þar verið veiðistöð og lítil veturseta eða engin. Athygli vekur að í báðum þessum gerðum er vísað til Vestmannaeyja í fleirtölu og í Hauksbók segir að Ormur auðgi, sonur Herjólfs landnámsmanns, hafi átt allar eyjarnar einn.

Í biskupasögunni Hungurvöku, sem fjallar um fimm fyrstu biskupana í Skálholti og var rituð í upphafi 13. aldar, segir að Magnús biskup Einarsson hafi keypt til staðarins í Skálholti nær allar Vestmannaeyjar áður en hann andaðist og hafi ætlað að setja þar munklífi en ekki enst til þess líf. Magnús var biskup á árunum 1134–1148.

Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 yfir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi segir að kirkja hafi verið í Vestmannaeyjum og í neðanmálsgrein í *Íslenzku fornbréfasafni*, þar sem skráin er birt, er getið Landakirkju í Eyjum.

Í *Íslenzku fornbréfasafni* er einnig birt skjal frá 31. júlí 1280 um Kirkjubæ í Vestmannaeyjum og að þar hafi verið stofnuð kirkja í nafni erkibiskups og heilags Nikulásar. Í inngangsorðum útgefanda um skjalið segir að af því stafi hinar norsku fiskitíundir í Vestmannaeyjum. Í jarðabók Mikjálsklausturs í Noregi frá 1463 eru tilgreindar tekjur af Vestmannaeyjum.

Í riti Sigfúsar Johnsens, *Saga Vestmannaeyja*, sem kom út árið 1946 og *Sögu Íslands* sem kom út árið 1978 segir að konungur hafi eignast Vestmannaeyjar frá Skálholtsbiskup snemma á 15. öld. Þá segir í fyrrnefnda verkinu að Vestmannaeyjar hafi haft sérstöðu varðandi fyrirkomulag tíundar og greiðslumáta þeirra. Allar álögur og tíundir hafi hvílt á framleiðslu, afrakstri og afurðum, en ekki fasteignum eða lausafé. Þannig hafi í Vestmannaeyjum verið fylgt norrænum tíundarmáta um að greiða af afla og ávöxtum en ekki af lögleigu eftir íslenskum lögum.

Hinn 13. júlí 1419 veitti Arnfinnur Þorsteinsson, hirðstjóri konungs, tveimur utanríkis kaupmönnum verslunarleyfi í Vestmannaeyjum og um land allt sem og leyfi til útróðra.

Í skýrslu Hannesar Pálssonar, umboðsmanns og kapeláns konungs, um yfirgang, rán, vígaferli, löglausa verslun og fleira af hálfu Englendinga á árunum 1420–1425 er getið um töku þeirra á níu pundum af fiski sem voru í eigu konungs. Í skýrslunni segir að Vestmannaeyjar hafi verið sérstök eign Noregskonungs þannig að hann einn hafi haft not af þeim. Skjalið er ritað á latínu og er birt í *Íslenzku fornbréfasafni*. Texti þess tilgreinir Vestmannaey í eintölu með orðunum *una insula* og þar er sögð besta fiskveiði á öllu Íslandi. Þá er í skjalinu greint frá atferli Englendinga, ránum þeirra og gripdeildum. Meðal annars segir að Englendingar hafi tekið fisk þannig að ábúendur hafi ekki haft tök á að greiða afgjald til konungs. Enn fremur hafi maður verið myrtur og miklu magni af fiski verið rænt frá umboðsmanni konungs. Í skýrslunni er því haldið fram að Englendingar hafi ætlað sér að ræna á sjó og landi, bæði eignum konungs og annarra, og að glæpir þeirra hafi skaðað konung og konungsríkið Noreg.

Hinn 4. apríl 1456 fékk Kristján I konungur Marcellusi Skálholtsbiskupi Vestmannaeyjar að léni með öllum rétti og rentu, tekjum og tíundum. Hinn 25. ágúst 1481 skipuðu Gauti erkibiskup í Niðarósi, þrír aðrir biskupar og fimm ríkisráðsmenn í Noregi Þorleif Björnsson yfir Ísland og Vestmannaeyjar í þrjú ár.

Nokkrum enskum kaupmönnum voru veitt leyfi til verslunar í Vestmannaeyjum á 15. öld en í *Íslenzku fornbréfasafni* er getið nokkurra leyfisbréfa frá árunum 1462–1466. Í vitnisburði fjögurra manna frá 17. ágúst 1484 segir frá svikum og yfirgangi Diðriks Pínings, Hinriks mæðings, Péturs skyttu og fleiri Píningsmanna við enska kaupmenn sem hafi leitt til ránskaps þeirra síðarnefndu, m.a. í Vestmannaeyjum.

Hinn 20. júlí 1491 dæmdu 12 prestar, útnefndir af Stefáni biskup Jónssyni í Skálholti, um fiskitíund í Vestmannaeyjum. Fram kemur í dómnum að presturinn í Vestmannaeyjum hafi kært mann fyrir að hafa ekki goldið rétta preststíund og kirkjutíund af afla um tvö ár. Í dómnum segir frá tveimur bréfum með innsiglum manna um að þar ætti að gjaldast tíundi hver fiskur af allri skreið sem kæmi á land. Dæmt var að tíundi hver fiskur skyldi gjaldast til kirkna í Vestmannaeyjum af öllum þeim fiskum og veiðiskap sem þar kæmi á land, nema heilagfiski eftir því sem dándimannabréf og máldagi í Skálholti útvísi og tækist þá enginn fiskur af fyrr en tíundin væri goldin.

Í *Íslenzku fornbréfasafni* er birt skrá frá árinu 1507 um landskuldir af Vestmannaeyjum, bæði frá því ári og frá fyrri tíð. Í skránni eru upptaldir eftirfarandi bæir: Þorlaugargerði, Steinsstaðir, Ofanleiti, Norðurgarður, Dalir, Höfn, Miðhús, Gjábakki, Vilborgarstaðir, Vesturhús, Gerði, Bófastaðir, þ.e. Búastaðir, Oddstaðir, Presthús og Kirkjubær.

Hinn 20. maí 1515 skipaði Kristján II konungur Seffrin Norby lénsmann yfir Íslandi í þrjú ár. Samkvæmt skipuninni átti hann að reisa tvö föst og góð vígvirki, annað á Bessastöðum en hitt í Vestmannaeyjum.

Árið 1536 gaf Ögmundur biskup í Skálholti Jóni bónda Hallssyni umboð til þess að taka toll og sekkjagjöld í Vestmannaeyjum. Ögmundur biskup kvittaði Jón af tollinum af Vestmannaeyjum þann 1. október 1536 og 19. júlí 1537. Árið 1538 skipaði Ögmundur biskup í Skálholti svo að þriðjungur tíundar í Vestmannaeyjum, sem til kæmi dómkirkjunni, skilaði sér til hennar en tveimur þriðjungum tíundarinnar skyldu eyjaprestar skipta með sér.

Hinn 7. september 1545 dæmdi dómur sex klerka og sex leikmanna, sem útnefndur hafði verið af Gissuri biskupi Einarssyni, um fiskitíundir í Vestmannaeyjum. Þeir dæmdu tíundirnar til presta rentu og prestakaups en konungi ekkert tilkall til þeirra.

Hinn 4. janúar 1547 lét Kristján III konungur Ísland og Vestmannaeyjar um 10 ár til borgarmeistara og ráðs Kaupmannahafnar, þrjú fyrstu árin fyrir árlegt 1.000 Lybikumarka afgjald en þeir skyldu hafa umboðsmann sinn í landinu. Hinn 22. október 1552 veitti Kristján III konungur bæjarstjórn Kaupmannahafnar Vestmannaeyjar á leigu gegn 200 Jóakimsdala ársleigu.

Í reikningi rentumeistara konungs um afgjöld til konungs frá Íslandi 1556 og útgjöld er getið afgjalda af Vestmannaeyjum upp á 200 hundruð dali af hálfu borgarmeistara og ráðs Kaupmannahafnar.

Hinn 22. apríl 1558 veitti konungur Símoni kaupmanni Surbeck leiðarbréf til Vestmannaeyja. Í bréfinu, þar sem konungur ávarpar íbúa Vestmannaeyja, kemur m.a. fram að þeir skuli greiða árlega landskuld vegna býla sinna í Vestmannaeyjum til hans. Fyrir liggja ýmis skjöl frá árunum 1558–1570 sem varða Símon Surbeck og Vestmannaeyjar, svo sem sköl sem varða greiðslur frá honum til konungs vegna Vestmannaeyja frá 1558–1561 og ýmis skjöl sem varða verslun í Vestmannaeyjum og samskipti við Englendinga.

Í doktorsritgerð Kristjönu Kristinsdóttur í sagnfræði, *Lénið Ísland*, segir að Ísland hafi verið lén í Danmörku og að rekstur þess og stjórnsýsla hafi verið sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Vestmannaeyjar hafi hins vegar ekki verið hluti af léninu Íslandi. Þá segir að konungur hafi rekið verslun í Vestmannaeyjum á árunum 1558–1600 en síðar selt borgurum í Kaupmannahöfn verslunina að léni. Eftir 1620 hafi eyjarnar verið leigðar með öðrum höfnum landsins og gerður hafi verið sérstakur leigusamningur vegna þeirra.

Jarðabók Árna og Páls yfir Vestmannaeyjar frá 1704 hefst á eftirfarandi orðum: „Jardabok yfer Vestmanna-eyar sem allar eru kongl. Majestatis eign“. Síðan er fjallað um einstök býli eða jarðir í Vestmannaeyjum og hlunnindi þeirra, m.a. réttindi í úteyjum. Þar er m.a. fjallað um súlnaveiði í Geldingaskeri og Brandi og sauðfjárbeit í Elliðaey, Suðurey, Hrauney, Álfsey, Hellisey, Bjarnarey, Hana og Hænu. Af umfjöllun *Jarðabókarinnar* um réttindi í úteyjum er ljóst að þeim hefur verið skipt nákvæmlega milli jarða í Vestmannaeyjum en þar er m.a. skilgreint hversu mörgum sauðum hver jörð má beita í hverri úteyjanna.

Í afriti af útlensku protocolli Finns Jónssonar biskups frá árinu 1775 er fjallað um Vestmannaeyjar og tíundir af þeim. Afritið er dagsett 21. september 1830 og byggist á öðru afriti frá 3. maí 1816. Þar segir m.a. að Ögmundur biskup hafi verið umboðsmaður eyjanna og þegar Skálholtsdómkirkja brann árið 1526 hafi hann tekið ⅓ hluta tíunda þeirra til viðgerðar á dómkirkjunni en látið presta hafa afganginn. Í umfjöllun um reikningsskap og tíundir í Vestmannaeyjum, sem varðveitt er meðal umboðsreikninga Vestmannaeyjajarða og er frá 12. apríl 1834, er vísað til skrifa Finns Jónssonar biskups, hins svokallaða útlenska protocolls, og sagt að a.m.k. ⅓ hluti tíundarinnar hafi tilheyrt konungi.

Í *Lovsamling for Island* er birt reskript til stiftamtmanns um reglur varðandi meðferð sauðfjár í Vestmannaeyjum, dagsettar 13. maí 1783. Reglurnar eru í sjö liðum en þær voru auglýstar við Alþingi árið 1783. Þar kemur m.a. fram að enginn ábúandi megi nýta úteyjar til beitar umfram þann rétt sem þeim er ætlaður samkvæmt jarðabókinni.

Með bréfi dagsettu 2. ágúst 1793 ákvað rentukammerið að til nokkurra þeirra jarða sem hefðu hagagöngu í Elliðaey yrði lögð fuglaveiði í úteyjunni Hellisey og að ábúendur Þorlaugargerðis myndu fá hagagöngu í Elliðaey.

Í jarðamati Vestmannaeyja 1804 eru jarðir eða býli í Vestmannaeyjum metin og þar er m.a. fjallað um réttindi í úteyjum. Þar er fjallað um beitarrétt og fjaðra- og eggjatöku í Elliðaey; selveiði, fuglatekju og eggjatekju í Geldingaskeri, Brandi og Hellisey; beitarrétt í Álfsey og beitarrétt í Bjarnarey. Þessum réttindum er skipt á milli jarða í Vestmannaeyjum.

Á manntalsþingi í Vestmannaeyjum 16. maí 1812 var upplesið skjal frá sameigendum Elliðaeyjar þar sem þeir heimiluðu óviðkomandi að fara til lundaferða í eyna gegn tiltekinni greiðslu.

Hinn 20. júní 1812 skrifaði rentukammer til amtmanns í Suðuramtinu um jarðasölu í Vestmannaeyjum. Þar er amtmanni eftirlátið að meta hvort hann telji rétt að bjóða til sölu jarðeignir konungs í Vestmannaeyjum, að undanskildum jörðunum Ofanleiti, Kirkjubæ og Oddstöðum ásamt meðfylgjandi úteyjum. Þær eru taldar upp í bréfinu en í tilviki Ofanleitis eru tilteknar Bjarnarey, Hani og Hæna og í tilviki Kirkjubæjar eru tilgreind Geldingasker, Brandur og Hraunsey. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um hvaða réttindi í úteyjum skuli fylgja hverri jörð af þeim sem hugsanlegt væri að bjóða til sölu. Hellisey skyldi fylgja Þorlaugargerði, beitarréttur í Elliðaey skyldi fylgja Miðhúsum, Gjábakka, Vilborgarstöðum, Búastöðum, Vesturhúsum, Stóragerði, Norðurgarði, Steinstöðum, Oddstöðum og Presthúsum; beitarréttur í Álfsey skyldi fylgja Ólafshúsum, Nýjabæ, Stakkagerði og Dölum; og beit í Bjarnarey, sem annars tilheyrði Ofanleiti, skyldi fylgja Gvendarhúsum og Brekkuhúsum. Þá er tiltekið að sömu jörðum fylgdi réttur til eggjatekju og fuglaveiði í hlutaðeigandi úteyjum, auk þess sem sá réttur væri þeim öllum sameiginlegur á Heimaey, í Súlnaskeri og á öðrum úteyjum sem ekki höfðu verið taldar upp.

Hinn 17. júlí 1813 skrifaði kansellíið til biskups um betrumbætur á tekjum presta í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er fjallað um jarðir í Vestmannaeyjum og hugsanlega sölu þeirra en þar er því m.a. lýst að konungur sé eigandi þeirra allra, eða „Jordegodset paa Vestmannöe, der i det Hele tilhörer Kongen“, eins og það er orðað.

Hinn 14. júlí 1832 skrifaði kansellíið til stiftamtmanns og biskups varðandi ágreining prestsins í Ofanleiti og bænda í Vestmannaeyjum um smáeyjarnar Hana og Hænu. Presturinn taldi prestakallið eitt hafa nýtingarrétt þar en leiguliðar konungs töldu nýtingarréttinn að hálfu vera sín megin. Stiftamtmaður hafði framsent kansellíinu fyrirspurn prestsins í Ofanleiti um það hvort hann ætti að gefa eftir meintan einkanýtingarrétt eða hvort hann ætti að höfða mál. Kansellíið hafði verið í samskiptum við rentukammerið um málið og það síðarnefnda taldi ekki tilefni til að falla frá kröfum leiguliðanna en var jafnframt ekki mótfallið því að presturinn myndi leita úrskurðar dómstóla.

Hinn 11. maí 1833 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns um hugsanlega jarðasölu í Vestmannaeyjum. Stiftamtmaður hafði með bréfi 27. febrúar 1833 lagt til að jarðagóss konungs í Vestmannaeyjum yrði selt. Í bréfi rentukammers er fallist á að konunglegt jarðagóss í Vestmannaeyjum verði selt á uppboði, með því skilyrði að konungur samþykki niðurstöður uppboðsins þegar það hefur farið fram. Hinn 27. september 1834 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns varðandi uppboð á konungseignum í Vestmannaeyjum. Mótteknar voru upplýsingar um að uppboð hafi farið fram 24. júní 1834 en rentukammer var sammála því að tilboðin sem bárust hafi ekki verið tæk til samþykktar. Stiftamtmanni var falið að tilkynna viðkomandi þá niðurstöðu.

Hinn 7. maí 1836 skrifaði rentukammer til stiftamtmanns um lundaveiðar í Vestmannaeyjum. Í bréfinu er fjallað um ágreining milli tómthúsmanna og bænda um lundaveiðar í úteyjum en bændurnir höfðu bannað tómthúsmönnum slíkar veiðar á úteyjum sem tilheyrðu þeim, eða „paa deres (Böndernes) Jordlodder i Udöerne“ eins og það er orðað í bréfinu. Rentukammerið kvaðst ekki geta skipt sér af málinu og að tómthúsmenn þyrftu að leita til dómstóla varðandi hugsanlegan rétt sinn til veiðanna.

Í *Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar* eftir séra Jón Austmann frá 17. júlí 1843 er að finna ítarlega lýsingu á Vestmannaeyjum.[574] Þar er m.a. lýsing á úteyjum og skerjum í Vestmannaeyjum þar sem helstu staðháttum og nýtingu eru gerð skil. Þar er umfjöllun um Suðurey, Hellisey, Súlnasker, Geldung eða Geldungasker, Geirfuglasker, Brand, Álfsey, Smáeyjar, þ.e. Hænu, Hana, Hrauney og Grasleysu; Elliðaey og Bjarnarey. Í framhaldi af umfjöllun um þessar eyjar og sker er kafli sem ber heitið „Sker þau, er ekki eiginlega liggja undir Vestmannaeyjar“. Þar er fjallað um Dranga, sem eru stundum sagðir nefndir Þrídrangar, og Einidrang. Um Þrídranga segir að Eyjamenn fari þangað aldrei sökum vegalengdar en Landeyingar fari þangað oft á vorin og veiði þar

[574] Hún er varðveitt í tveimur handritum en útgefin í bók Þorkels Jóhannessonar: *Örnefni í Vestmannaeyjum* (1938) og endurprentuð sem fylgirit með *Eyjaskinnu*, riti Sögufélags Vestmannaeyja 1988, sbr. skjal nr. H-9.

helst löngur og lúður. Um Einidrang segir að hann liggi fjarska langt frá Eyjum og að þangað hafi aldrei svo menn viti komið íslenskt skip.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er fjallað um jarðir eða býli í Vestmannaeyjum. Um hlunnindi þeirra er yfirleitt vísað til jarðamatsins 1804 og þeirra upplýsinga sem þar koma fram, þ.m.t. um úteyjar, en getið er um réttindi í Elliðaey, Geldingaskeri, Brandi, Hellisey, Álfsey, Bjarnarey, Hana og Hænu.

Í jarðatalinu er einnig fjallað sérstaklega um mat á Vestmannaeyjabrauði. Þar kemur m.a. fram að Ofanleitisprestakalli tilheyri eyjarnar Hani, Hæna og Hrauney en að umboðsmaður konungs geri kröfu um hálfa veiðina á eyjunum. Þá tilheyri Ofanleiti einnig Bjarnarey, fýla- og súlnadráp í Súlnaskeri „móts við 48 eyjarbúa“ og hvert áttunda ár fýlungadráp í Geirfuglaskeri. Kirkjubæ eru hins vegar eignuð réttindi í Suðurey, Brandi og Geldingaey, auk sömu réttinda í Súlna- og Geirfuglaskerjum.

Í jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850 eru jarðir eða býli í Vestmannaeyjum metin og þar er m.a. gerð grein fyrir réttindum í úteyjum. Þar er fjallað um beitarrétt, slægjur og fuglatekju í Elliðaey, beitarrétt og fuglatekju í Suðurey, beitarrétt og fuglatekju í Álsey, og beitarrétt, slægjur og fuglatekju í Bjarnarey.

Dómsmálaráðuneytið skrifaði stiftamtmanni þann 17. nóvember 1857 varðandi hugsanlega sölu á jörðum í Vestmannaeyjum. Í bréfinu kemur fram að stiftamtmaður hafi komið á framfæri beiðni ábúenda á jarðeignum konungs í Vestmannaeyjum um að fá jarðir sínar keyptar eða leigðar með erfðafestu. Í svarinu kemur fram að ráðuneytið hafi ekki fallist á að það yrði gert.

Við aukaþing í Vestmannaeyjum 6. nóvember 1861 var tekið fyrir að útnefna fjóra virðingarmenn til að framkvæma virðingargjörðir yfir konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Þeir áttu að meta allar konungsjarðir í Vestmannaeyjum fyrir utan þeirra eigin ábýlisjarðir. Við aukaþing í Vestmannaeyjum 10. desember 1861 var tekið fyrir að útnefna tvo virðingarmenn til að skoða og meta jarðir skoðunarmannanna fjögurra er hinn 6. nóvember voru útnefndir af sýslumanni til að segja álit sitt um konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Við aukaþing í Vestmannaeyjum 30. desember 1861 var svo tekið fyrir að láta virðingarmenn staðfesta virðingargjörðir sínar yfir konungsjarðir í Vestmannaeyjum. Virðingarmennirnir sex, er útnefndir voru hinn 6. nóvember og 10. desember 1861, komu fyrir réttinn og staðfestu gjörðirnar með eiði.

Dómsmálaráðuneytið skrifaði til stiftamtmanns þann 21. október 1868 um bann við notkun nets við lundaveiði í Vestmannaeyjum. Í bréfinu kemur m.a. fram að lundaveiði, sem séu hlunnindi tilheyrandi jörðum í Vestmannaeyjum, dragist saman og skaðist vegna veiða með net. Þar sem allar jarðir í Vestmannaeyjum séu í eigu ríkisins, eða „Statsejendomme“, hafi ríkið í krafti eignarhalds síns ákveðið að banna ábúendum að veiða lunda í net í Vestmannaeyjum. Sama efni var til umræðu í bréfi ráðuneytisins til stiftamtmanns þann 12. maí 1869.

Fyrir liggur mikill fjöldi byggingarbréfa vegna jarða eða býla í Vestmannaeyjum frá 19. öld og fram að upphafi 20. aldar. Í hverju þeirra er tiltekið hvaða réttindi og hlunn-

indi í úteyjum fylgja viðkomandi jörð. Í þeim er m.a. fjallað um beitarrétt og fuglatekju í Elliðaey, Suðurey, Álsey, Bjarnarey, Hrauney, Hana og Hænu; og fuglatekju í Hellisey, Geirfuglaskeri, Brandi, Geldungi, Grasleysu og Súlnaskeri, en síðastnefnda skerið er einnig oft nefnt Almenningssker og svo virðist sem þar hafi ábúendur allra jarðanna haft heimild til fuglatekju. Þá er í sumum þeirra enn fremur fjallað um fuglatekju á Stórhöfða á Heimaey.

Lýsing Vestmannaeyjasóknar eftir séra Brynjólf Jónsson frá árinu 1873 hefur að geyma nokkuð ítarlega lýsingu á Vestmanneyjum, þ.m.t. úteyjum og skerjum, og nýtingu þeirra.[575] Þar er fjallað um Elliðaey, Bjarnarey, Suðurey, Brand, Álfsey, Hellisey, Geldung eða Geldingasker, Súlnasker, Geirfuglasker og Smáeyjar, þ.e. Hænu, Hana, Hrauney og Grasleysu. Um Súlnasker segir að það sé stundum kallað Almenningssker af því að allir jarðarbændur í Vestmannaeyjum eigi þar ár hvert tiltölu til fuglaveiði, sem og í eggjatekju.

Umboð eða þær jarðeignir konungs á Íslandi sem voru í umboði urðu þjóðjarðir frá árinu 1874 þegar Ísland fékk stjórnarskrá. Vestmannaeyjar voru ekki umboð heldur heyrðu beint undir konung. Engu að síður sýna gögn frá þessum tíma að Vestmannaeyjar urðu ríkiseign, líkt og aðrar jarðeignir konungs á Íslandi, árið 1874. Þetta sést m.a. á því að í bænaskrá úr Vestmannaeyjum frá júní 1873 er talað um hið konunglega jarðagóss á Vestmannaeyjum en í frumvarpi til laga um breytingu á landskuldargjaldinu í Vestmannaeyjum, sem var fyrst tekið fyrir á Alþingi 9. júlí 1875, kemur fram að jarðir og tómthús í Vestmannaeyjum séu eign landssjóðsins.

Hinn 30. júní 1889 var undirrituð samþykkt jarðarbænda í Vestmannaeyjum um lundaveiði á heimalandinu. Þar kemur m.a. fram að hvorki á heimalandi né í úteyjum megi pysju veiða, nema í Almenningsskeri og fýlabyggð, með samþykki sameignarmanna.

Í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja er varðveitt afrit af samþykkt ábúenda í Vestmannaeyjum um veiði á lunda og svartfugli. Samþykktin var undirrituð 30. júní 1893 og tók gildi 1. mars sama ár. Hún átti að gilda í fimm ár. Þar segir m.a. að lundi skuli friðaður í úteyjum öllum nema Smáeyjum, Brandi og Hellisey allt árið nema frá því 12 vikur eru af sumri og þangað til 16 vikur fullar eru af sumri. Hins vegar væri lundi algjörlega friðaður á heimalandi um hvern tíma árs sem er. Einnig var kveðið á um að ekki mætti taka svartfugl í Súlnaskeri, hvorki ungan né gamlan.

Hinn 13. apríl 1894 voru sett lög um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, nr. 13/1894. Með lögunum var sýslunefndinni í Vestmannaeyjum m.a. veitt vald til að gera fuglaveiðisamþykkt þar á eyjunum. Með lögum nr. 22/1909 var gerð breyting, þess efnis að atkvæðisrétt á fundum sem sýslunefnd myndi boða til að gera fuglaveiðisamþykkt skyldu allir sýslubúar hafa er jörð eða jarðarhluta hefðu til ábúðarnota. Í

[575] Hún er útgefin í bók Þorkels Jóhannessonar: *Örnefni í Vestmannaeyjum* (1938) og endurprentuð sem fylgirit með *Eyjaskinnu*, riti Sögufélags Vestmannaeyja 1988, sbr. hliðsjónargagn nr. H-10

málinu liggja fyrir samþykktir um fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, sem varða m.a. úteyjarnar og fyrirkomulag fuglaveiða þar, frá lokum 19. aldar og fram eftir 20. öld.

Hinn 22. febrúar 1897 skrifaði landshöfðingi til amtmanns yfir Suður- og Vesturamti um Einidrang og Geirfuglasker. Fjallað er um stöðu þeirra gagnvart landhelgi landsins eða eins og segir í bréfinu:

> Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 15. janúar 1897 skrifað mjer á þessa leið:
>
> „Í tilefni af fyrirspurn sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um, hvort hinar óbyggðu eyjar eða sker Einidrangur og Geirfuglasker, beri að telja með íslenskri landeign, þannig að landhelgi beri að reikna ¾ mílu frá tjeðum eyjum eða skerjum, sem sjeu í nokkurri fjarlægð, Einidrangur 1 mílu og Geirfuglasker ¾ mílu frá hinum öðrum eyjum tjeðrar sýslu, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. septbr. f. ár., leitað álits ráðuneytisins um ofangreint atriði og látið þess um leið getið samkvæmt skýrslu sýslumannsins, að í Geirfuglaskeri sje fuglatekja, en Einidrangur sje að engu notaður og að fiskimið sýslubúa nái allt að Geirfuglaskeri; ennfremur hafið þjer látið í ljósi, að það væri yðar álit, að báðar hinar umræddu eyjar eða sker, sem standi upp úr sjó, beri að telja í landhelgi og þarafleiðandi verði landhelgi að reiknast frá þeim, sjá Resolution 22. Febrúar 1812 sbr. Kancelii brjef 16. og 22. December 1845.
>
> Útaf þessu undan fellir ráðaneytið eigi, eptir að hafa skrifast á við sjómálaráðaneytið um málið, að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Vestmannaeyjum að hinar umræddu eyjar og sker beri að telja með íslenskri landeign, þannig að vanaleg landhelgisfjarlægð verði að reiknast frá þeim.“
>
> Þetta tilkynnist yður hjermeð herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Í skjalasafni II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands eru varðveitt gögn um vitamál á Íslandi. Í bréfaskrifum á árunum 1901–1905 var rætt um byggingu vita í Vestmannaeyjum, þar á meðal ýmsar hugmyndir um staðsetningu vita, meðal annars á Stórhöfða og á Elliðaey, og hvort slíkur viti myndi nýtast sem innsiglingarviti.

Hinn 2. desember 1927 skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um tillögur stjórnar Búnaðarfélags Íslands um fyrirkomulag ræktunar og útskiptingar lands í Vestmannaeyjum. Í bréfinu kemur til að mynda fram sú tillaga að ekkert sauðfé né geitfé verði haft í Heimaey nema innan girðingar og í fjalllendi eyjarinnar, þ.e. Stóra-Klifi, Dalsfjalli og Sæfjalli. Önnur tillaga var að þeim jarðarábúendum sem bjuggu á jörðum þar sem tún lágu innan verslunarlóðarinnar yrði úthlutað tveimur hekturum af landi auk túnanna. Þessi ráðstöfun yrði látin haldast meðan viðkomandi aðilar héldu ábúð á jörðunum samkvæmt byggingarbréfi en þegar þeim yrði sleppt myndu gilda sömu leiguskilmálar um þær spildur og um önnur erfðafestulönd í Vestmannaeyjum. Enn fremur kemur fram að tún nefndra jarða yrðu þá leigð sérstaklega til afnota sem tún eða byggingarlóðir og þá sérstaklega leigð hlunnindi þau er jörðunum höfðu fylgt, þ.e. hagaganga í úteyjum, eggja- og fuglatekja. Fyrir liggja fleiri bréf um þetta málefni frá desember 1929 og janúar 1930.

Í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja er varðveitt ódagsett skrá yfir leigumála Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Álseyjar, Suðureyjar og Heimakletts. Í skránni kemur fram hvaða jarðir höfðu hlunnindi í þessum úteyjum. Skráin er frá árslokum 1932 eða yngri þar sem

í henni er vísað í samning ríkisstjórnar og jarðabændafélags Vestmannaeyja frá 28. nóvember 1932.

Fyrir liggja ýmis bréf sem varða Stórhöfða frá árunum 1930–1951, en þau fjalla m.a. um beitarland á Stórhöfða og útmælingar á ræktanlegu landi þar fyrir vitavörð og aðra sem eftir því sóttust.

Árið 1939 var hafist handa við að reisa vita á Stóradrangi í Þrídröngum á vegum Vita- og hafnamálastofnunar en hann var einn af fyrstu vitunum sem byggður var í útskerjum við landið. Aðstæður voru erfiðar, bæði vegna rysjóttrar veðráttu og staðhátta þar sem vitastæðið er um 32 m yfir sjó en fengnir voru bjargmenn úr Vestmannaeyjum til að leggja keðju þangað meðfram tæpum stíg upp frá lendingunni. Vegna heimsstyrjaldarinnar síðari urðu tafir á því að ljósbúnaður fengist en hann var settur upp árið 1942 og þá var vitinn tekinn í notkun. Árið 1956 var reistur viti í Geirfuglaskeri.[576]

Í gjörðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja kemur fram að 17. nóvember 1959 samþykkti bæjarstjórnin „að fela bæjarstjóra að láta athuga hvort fjárhagslega hagkvæmt sé og eðlilegt að bæjarstjórn fari fram á við Alþingi að kaupstaðurinn eignist bæjarlandið eða land allt hér á heimaey.“ Hinn 22. febrúar 1960 kom fram tillaga Guðlaugs Gíslasonar bæjarstjóra þar sem hann lagði til „að bæjarstjórn samþykki að fara fram á við Alþingi að fá landið keypt.“

Þann 29. febrúar 1960 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum sem þá var í eigu ríkisins. Fyrrnefndur Guðlaugur Gíslason, sem einnig var alþingismaður, var meðal flutningsmanna frumvarpsins. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að ríkisstjórninni sé heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins. Þessu ákvæði var breytt samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar með því að orðin „á Heimaey“ voru felld brott. Eftir breytingu hljóðaði ákvæðið svo: „Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins“. Í ræðu framsögumanns landbúnaðarnefndar við 2. umræðu málsins í neðri deild eru færð eftirfarandi rök fyrir þessari breytingu:

> En svo hagar til, að þetta er ekki nein efnisbreyting. Frv. er byggt á þeirri hugsun, að Heimaey, sem er eina byggða eyjan af Vestmannaeyjum, hefur innan sinna vébanda allmargar jarðir, en þær jarðir eiga ítök í úteyjum. En svo sem mönnum sjálfsagt er kunnugt, eru Vestmannaeyjar taldar 14 alls fyrir utan dranga og sker, og er ekki vissa fyrir því, að öllum eignum í úteyjum eða ítökum sé skipt upp á milli jarða, eða a.m.k. var það svo að fornu, að þar var nokkur almenningur svokallaður, sem var ekki takmarkaður undir eignarheimildir einstakra jarða. Þess vegna þykir fortakslausara og betur í samræmi við efni frv. að segja: land allt í Vestmannaeyjum en Heimaey í Vestmannaeyjum, og hefur n. gert brtt. um þetta.

Af þessu verður ráðið að breytingunni hafi verið ætlað að taka af vafa um að heimildin til að selja Vestmannaeyjakaupstað allt land í Vestmannaeyjum tæki einnig

[576] Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878–2002* (Kópavogi 2002), bls. 97–99, 110, 241 og 367–368.

til úteyjanna, en ekki aðeins Heimaeyjar. Upphafleg hugsun hafi verið sú að réttur til úteyjanna fylgdi einstökum jörðum á Heimaey, en þar sem ekki væri öruggt að svo háttaði til um allar úteyjarnar þætti öruggara að ákvæðið væri skýrara að þessu leyti. Frumvarpið, svo breytt, var samþykkt á Alþingi sem lög nr. 22/1960 og þau tóku gildi 10. maí 1960.

Hinn 22. júlí 1960 samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja „að kaupa land allt í Vestmannaeyjum af ríkissjóði Íslands“ á grundvelli laganna og í skrá yfir þinglýsingar er afsalið nr. 569, gert 23. ágúst 1960 milli ríkissjóðs Íslands og Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir Vestmannaeyjum. Afsalið var fært inn í afsals- og veðmálabók 17. nóvember 1960.

Eftir að Vestmannaeyjakaupstaður eignaðist Vestmannaeyjar hefur sveitarfélagið ráðstafað réttindum í úteyjum með gerð leigusamninga til fimm ára í senn, en dæmi um slíka samninga sem gerðir voru árið 1991 liggja fyrir í málinu. Í samþykktum um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 727/2003 og 245/2015 kemur m.a. fram að Vestmannaeyjabær leigi úteyjafélögum nytjarétt í úteyjum öllum, að undanskilinni Surtsey.

— — —

Hér hafa verið raktar fyrirliggjandi heimildir um Vestmannaeyjar og ágreiningssvæði málsins þar. Líkt og áður segir er fjallað um landnám í Vestmannaeyjum í Hauksbók og Sturlubók *Landnámu*. Í Hauksbók segir að Herjólfur Bárðarson hafi fyrstur byggt Vestmannaeyjar og búið í Herjólfsdal. Sonur hans hafi verið Ormur auðgi og þar segir að hann hafi átt „einn allar eyjarnar“. Sturlubók segir Orm ánauðga Bárðarson fyrstan hafa byggt Vestmannaeyjar. Í báðum gerðum er vísað til Vestmannaeyja í fleirtölu. Að mati nefndarinnar bendir þetta ótvírætt til þess að fleiri eyjar en Heimaey hafi verið numdar. Eyjarnar eru hins vegar ekki taldar upp, að öðru leyti en að í Hauksbók segir að Ormur auðgi, sonur Herjólfs landnámsmanns, hafi einn átt allar eyjarnar. Þrátt fyrir að ekki sé heldur fyllilega ljóst af texta *Landnámu* hvað átt sé við með öllum eyjunum er nærtækast að túlka textann þannig að átt sé við allar Vestmannaeyjar, þ.e. allar eyjar og sker sem tilheyra Vestmannaeyjaklasanum og voru til við landnám. Mestur vafi er um þá dranga sem fjærstir eru Heimaey, þ.e. Þrídranga og Einidrang, enda standa þeir nokkuð til hliðar við megineyjaklasann sem myndar Vestmannaeyjar og teygir sig frá Elliðaey í norðri suður að Geirfuglaskeri, auk Surtseyjar nú á dögum. Þá bendir ekkert til þess að tilteknir hlutar Heimaeyjar, eins og Stórhöfði, hafi verið undanskildir námi og staðhættir mæla mjög gegn því að svo hafi verið.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafa landamerkjabréf almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti

háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og kafla 7.2.3.4.

Ljóst er að Vestmannaeyjar hafa ekki verið ein jörð heldur nokkurs konar jarðatorfa eða þyrping býla þar sem hlunnindum á Heimaey og í úteyjum og skerjum hefur í aldanna rás verið skipt á milli jarðanna eða býlanna. Þannig hafa ekki fundist nein landamerkjabréf fyrir Vestmannaeyjar eða jarðir þar og svo virðist sem ekki hafi verið talið nauðsynlegt að gera slík bréf, eða það a.m.k. ekki gert.

Í því sambandi kann að skipta máli að sami eigandi hefur í gegnum tíðina verið að öllum Vestmannaeyjum á hverjum tíma. Gögn málsins sýna að Vestmannaeyjar voru keyptar til Skálholtsstóls á 12. öld og þær virðast hafa komist í eigu Noregskonungs snemma á 15. öld. Elstu fyrirliggjandi heimildir sem fjalla um Vestmannaeyjar sem eign konungs eru verslunar- og útróðraleyfi frá 1419 og skýrsla umboðsmanns konungs frá 1420–1425. Vestmannaeyjar voru í eigu konungs, fyrst Noregskonungs og síðar Danakonungs, til ársins 1874 þegar Ísland fékk stjórnarskrá og jarðeignir konungs á Íslandi, þ.m.t. Vestmannaeyjar, urðu þjóðjarðir í eigu íslenska ríkisins. Vestmannaeyjar voru svo í eigu ríkisins til ársins 1960 þegar þær voru seldar Vestmannakaupstað, eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið gerð landamerkjabréf fyrir jarðir í Vestmannaeyjum liggja fyrir nokkuð ítarlegar heimildir um jarðir þar og réttindi þeirra, þ.m.t. í úteyjum. Einkum liggur mikið magn heimilda fyrir frá 18. og 19. öld, þegar Vestmannaeyjar voru konungseign. Um réttindi í úteyjum er m.a. fjallað í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1704, jarðamati Vestmannaeyja 1804, bréfi rentukammers til amtmanns í Suðuramtinu 20. júní 1812 í tilefni af fyrirhugaðri jarðasölu í Vestmannaeyjum, *Jarðatali* Johnsens frá 1847, jarðamati Vestmannaeyja 1849–1850, og byggingarbréfum fyrir einstakar jarðir eða býli í Vestmannaeyjum frá 19. öld og fram á 20. öld. Af þessum heimildum er ljóst að býsna umfangsmikil nýting hefur verið í úteyjum og skerjum, m.a. sauðfjárbeit og fugla- og eggjatekja. Þá liggja fyrir ýmis skjöl sem sýna að eigandi Vestmannaeyja gat ráðstafað réttindum í úteyjum, t.d. með því að flytja réttindi milli jarða. Þess er að gæta að ýmsum réttindum á óumdeildu eignarlandi á Heimaey, svo sem beitarréttindum og rétti til fugla- og eggjatekju, var einnig skipt á milli jarða samkvæmt framangreindum heimildum, með sambærilegum hætti og í úteyjum, þ.m.t. á Stórhöfða. Þessu til viðbótar má einnig nefna að í ýmsum útgefnum ritum um Vestmannaeyjar er ítarlega lýst umfangsmikilli nýtingu hlunninda í úteyjum Vestmannaeyjaklasans og fyrirkomulagi hennar.[577]

Eftir að Vestmannaeyjakaupstaður, nú Vestmannaeyjabær, eignaðist Vestmannaeyjar árið 1960 hefur sveitarfélagið ráðstafað réttindum í úteyjum, einkum fuglaveiði og eggjatöku, með leigusamningum til fimm ára í senn en dæmi um slíka samninga eru

[577] Sjá t.d. *Árbækur* Ferðafélags Íslands 1948 og 2009 um Vestmannaeyjar; Sigfús M. Johnsen: *Saga Vestmanneyja I–II*. Reykjavík 1989; og *Eyjar og úteyjalíf*. Ritn. Erpur Snær Hansen, Kári Bjarnason, Marinó Sigursteinsson og Sigurgeir Jónsson. Vestmanneyjar 2012.

meðal gagna málsins. Í skýrslu Páls Magnússonar, forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, við aðalmeðferð málsins kom enn fremur fram að í úteyjum væru mannvirki og um mannvirkjagerð þar færi eins og um mannvirkjagerð á eignarlandi í Heimaey, þar hefðu verið stofnaðar lóðir undir mannvirki og leyfisveitingarferli væri að öllu leyti það sama.

Eins og áður segir grundvallaðist sala ríkisins á Vestmannaeyjum til Vestmannaeyjakaupstaðar árið 1960 á lögum nr. 22/1960. Við meðferð málsins á Alþingi voru gerðar breytingar á frumvarpi til laganna til þess að taka af vafa um að heimildin til að selja allt land í Vestmannaeyjum tæki ekki aðeins til Heimaeyjar heldur einnig úteyjanna. Samkvæmt lögunum var ríkisstjórninni heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað „land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins“, sbr. 1. gr. þeirra. Af texta laganna og lögskýringargögnum verður ótvírætt ráðið að ríkið hafi talið sig eiga allt land í Vestmannaeyjum, þ.m.t. úteyjar, og að ætlunin með lögunum hafi verið að selja Vestmannaeyjakaupstað allt það land. Í samræmi við það kemur fram í afsali ríkisins til Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 23. ágúst 1960, að með því sé afsalað „öllu landi í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins,“ með þeim undantekningum sem þar eru taldar upp. Meðal þess sem var sérstaklega undanskilið er „Vitajörðin Stórhöfði“, en úteyjar eru ekki tilgreindar í því sambandi.

Líkt og fram hefur komið eru lýsingar í *Landnámu* skýrar um að Vestmannaeyjar hafi verið numdar í öndverðu, og að mati nefndarinnar er nærtækast að túlka texta *Landnámu* þannig að allar eyjar og sker í Vestmannaeyjaklasanum hafi verið numdar. Íslenska ríkið hefur enda ekki sýnt fram á að munur hafi að þessu leyti verið á einstökum eyjum eða skerjum. Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur verið talið í réttarframkvæmd að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi þýðingu þegar lagt er mat á hvort til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu fyrir nám, sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2.1 hér að framan. Að því gættu telur nefndin unnt að leggja til grundvallar að stofnast hafi til beins eignarréttar að öllum eyjum og skerjum í Vestmannaeyjum með námi í öndverðu, þ.e. öllum sem til voru við landnám. Þá liggja fyrir umfangsmiklar heimildir um að sá eignarréttur sem stofnaðist til í öndverðu hafi haldist síðan, m.a. með umtalsverðri nýtingu, og að hann hafi skipt um hendur í gegnum tíðina, síðast með sölu íslenska ríkisins til Vestmannaeyjakaupstaðar árið 1960.

Þrátt fyrir að heimildir um nýtingu úteyja og skerja séu misítarlegar um mismunandi eyjar og sker, þar sem ítarlegar upplýsingar eru um nýtingu stærri eyja en takmarkaðri upplýsingar um nýtingu minni dranga og skerja, telur nefndin ekki forsendur til að gera greinarmun þar á. Er þá m.a. höfð hliðsjón af orðalagi *Landnámu* og fyrirliggjandi skjala sem lýsa eignarhaldi konungs á öllum Vestmannaeyjum. Þá er einnig horft til afdráttarlausra yfirlýsinga íslenska ríkisins í lögum nr. 22/1960 og í víðtæku afsali ríkisins til Vestmannaeyjakaupstaðar árið 1960. Að mati óbyggðanefndar verður ríkið að bera hallann af hinu víðtæka orðalagi afsalsins frá 1960, enda hefur ríkið ekki lagt fram gögn um nánari afmörkun eða inntak eigna sinna í Vestmannaeyjum fyrir söluna til

Vestmannaeyjakaupstaðar, auk þess sem ríkið hefur ekki sýnt fram á að munur sé á eignarréttarlegri stöðu einstakra úteyja eða skerja í Vestmannaeyjum.

Að fenginni þeirri niðurstöðu koma aðrar málsástæður gagnaðila íslenska ríkisins ekki til frekari skoðunar, svo sem um að allar úteyjar, drangar og sker í Vestmannaeyjum falli undir gildissvið lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, eða að íslenska ríkið hafi skapað gagnaðila ríkisins réttmætar væntingar um beinan eignarrétt að þeim með sölunni árið 1960.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðin sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. allar eyjar, drangar og sker í Vestmannaeyjum að Surtsey undanskilinni, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[578]

7.3.3 Surtsey

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Surtseyjar. Eyjan myndaðist í neðansjávareldgosi sem fyrst varð vart á yfirborði sjávar 14. nóvember 1963 og stóð með hléum í tæp fjögur ár þar til því lauk 5. júní 1967. Þegar eldgosum í Surtsey lauk var hún orðin 2,7 km^2 að flatarmáli. Auk Surtseyjar mynduðust tvær smærri eyjar, Syrtlingur og Jólnir, sem eyddust fljótlega af völdum sjávargangs. Surtsey er syðst í Vestmannaeyjaklasanum, um 18 km suðvestan Heimaeyjar í Vestmannaeyjum og um 32 km frá meginlandi Íslands. Hún er jafnframt syðsti hluti landsins.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna Surtseyjar og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til hennar. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til eyjunnar er eignarréttarleg staða hennar til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

[578] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

Með auglýsingu 9. desember 1963 var auglýst í *Stjórnartíðindum* að ný eyja sem myndast hefði við eldgos sem fyrst varð vart 14. nóvember 1963 skyldi heita Surtsey og gígurinn Surtur.

Surtsey var friðlýst árið 1965 á meðan enn var gosvirkni á eyjunni. Friðlýsingin var endurnýjuð árið 1974 og aftur árið 2006 með gildandi auglýsingu nr. 50/2006 um friðland í Surtsey. Skv. 2. gr. auglýsingarinnar er markmið friðlýsingarinnar að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfrar og að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti og truflun af völdum manna sem minnst. Skv. 5. gr. auglýsingarinnar, sbr. einnig 4. gr. auglýsingar nr. 468/2011, er óheimilt að fara í land í Surtsey eða kafa við eyna nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Árið 2007 tilnefndu íslensk stjórnvöld Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO og á fundi heimsminjanefndar UNESCO 7. júlí 2008 var samþykkt að setja Surtsey á heimsminjalistann sem einstakan stað náttúruminja á grundvelli mikilvægis rannsókna og vöktunar á landnámi dýra og plantna ásamt þróun eyjunnar og framvindu lífríkis Surtseyjar.[579]

Samkvæmt 32. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er Surtsey meðal grunnlínupunkta landhelgi Íslands.

Í nóvember 2014 birti Umhverfisstofnun verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Surtsey sem gilti til ársins 2023 á grundvelli þágildandi laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í kafla 2.2.2 í áætluninni segir að friðlandið í Surtsey sé í eigu íslenska ríkisins. Þar kemur enn fremur fram að Umhverfisstofnun (nú Náttúruverndarstofnun) fari með umsjón svæðisins fyrir hönd ríkisins en sveitarfélagið Vestmannaeyjabær fari með skipulagsmál í friðlandinu. Í áætluninni er ekki skýrt nánar hvað átt sé við með því að Surtsey sé í eigu íslenska ríkisins eða á hverju eignarhaldið grundvallist.

Líkt og áður segir var Surtsey friðlýst árið 1965, þegar eldvirkni var enn í gangi og eyjan því enn í mótun, og hún hefur verið friðlýst alla tíð síðan. Verulegar hömlur hafa því verið á mannaferðum til eyjunnar allt frá upphafi. Þær hafa verið háðar opinberum leyfum og einkum verið farnar í vísinda- og rannsóknarskyni. Því er ekki um það að ræða að nokkur maður hafi getað stofnað til beins eignarréttar sér til handa á eyjunni fyrir nám. Þar að auki hefur verið talið að nám hafi líklega þegar í fornlögum verið afnumið sem sjálfstæður stofnunarháttur eignarréttinda, en í öllu falli hafi verið ljóst við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 15. apríl 1776 að menn gætu ekki kastað eign sinni á land með námi.[580] Að mati nefndarinnar á það einnig við um íslenska ríkið, þ.e. að íslenska ríkið hafi ekki getað stofnað til beins eignarréttar að Surtsey með námi.

---

[579] Nánari upplýsingar um Surtsey má t.d. sjá á vef Náttúruverndarstofnunar: https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/surtsey/.

[580] Sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur I*, Reykjavík 1950, bls. 82–83; Gaukur Jörundsson: *Eignaréttur II*, Reykjavík 1982–1983, bls. 133–134; Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*, Reykjavík 1998, bls. 81; og Valgerður Sólnes: *Clarifying land title: Land reform to eliminate terra nullius in Iceland*, Reykjavík og Kaupmannahöfn 2018, bls. 85.

Ekki verður séð að núgildandi lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, eða eldri lög um náttúruvernd, nr. 48/1956 og nr. 44/1999, sem friðlýsing eyjunnar hefur sótt stoð í, hafi getað stofnað til beins eignarréttar á eyjunni. Ekki hafa verið sett sérlög um eignarrétt að Surtsey og ekki verður heldur séð að beinn eignarréttur ríkisins eða annarra hafi getað grundvallast á öðrum lögum fyrir gildistöku þjóðlendulaga árið 1998. Þá telur nefndin ljóst að ekki hafi stofnast til eignarréttinda í Surtsey fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi stofnast til eignarlands í Surtsey með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Surtsey sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.4 Tvísker

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Tvískers[581] úti fyrir Breiðamerkursandi í Öræfum í Austur-Skaftafellssýslu. Gerð er krafa til þess af hálfu eiganda jarðarinnar Kvískerja í Öræfum, en Tvísker er rúma 8 km frá landi Kvískerja á meginlandinu.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að Tvískeri og það sé utan merkja jarðarinnar Kvískerja eins og þeim er lýst í heimildum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist aðallega á því að Tvísker sé innan merkja Kvískerja, einkum með vísan til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, og eignarland á þeim grundvelli. Ekki er ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir um Kvísker og ágreiningssvæðið.

Í *Landnámu* segir frá landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar austan frá Horni til Kvíár. Þar segir að hann hafi fyrst búið undir Skarðsbrekku í Hornafirði en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi.

Í tólftu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, fyrir árin 1660–1662, er að finna þrjú kaupbréf vegna kaupa Brynjólfs á jörðinni Kvískerjum frá 3. maí, 7. maí og 6. júní 1661. Í hvert skipti keypti hann tvö hundruð af þeim sex hundruðum sem jörðin var metin á og hafði því eignast hana alla eftir síðustu kaupin. Í því kaupbréfi, þ.e. frá 6. júní 1661, segir m.a. að seljandi hafi lýst því að jörðinni fylgdu átján hundruð faðmar fjöru og „skerið í sjónum sem kallað er Kvíjsker og jörðin tekur nafn af“.

Í ágripi af jarðabók Ísleifs Einarssonar sýslumanns frá 1709 segir um Kvísker að jörðin hafi verið bændaeign og að hún hafi átt rekafjöru fyrir nokkrum parti lands síns.

Í sýslulýsingu Austur-Skaftafellssýslu frá 1746 segir að Tvísker séu lág, óbyggð, graslaus og allsendis ábatalaus.

[581] Í heimildum er heiti skersins ýmist í eintölu eða fleirtölu en hér verður almennt notuð eintala, nema þegar vitnað er til heimilda sem nota fleirtöluna.

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir að Tvísker séu tvö graslaus sker þar sem stundum veiðist mjög stórir selir.

Ekki er fjallað um skerið Tvísker í færslu um Kvísker í jarðamati Austur-Skaftafellssýslu 1804 eða *Jarðatali* Johnsens frá 1847. Í jarðamati Skaftafellssýslu 1849–1850 er m.a. fjallað um hlunnindi jarðarinnar Kvískerja, sem einnig er sögð nefnd Tvísker. Þar kemur m.a. fram að fjara fylgi jörðinni, töluvert löng og heldur rekasæl, selveiði sé í Breiðamerkurósi og fái jörðin landhlut þar af og einnig lítil silungsveiði. Þá er eggjatekja sögð lítilfjörleg á Breiðamerkursandi. Ekki er fjallað um skerið Tvísker.

Landamerkjabréf jarðarinnar Kvískerja, sem þar er nefnd Tvísker, er dagsett 28. apríl og 5. maí 1890 og því var þinglýst síðarnefnda daginn. Þar er lýst merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum, auk þess sem mörkum Kvískerjafjöru er lýst. Í niðurlagi landamerkjabréfsins segir að jörðin eigi fjöru og allan reka fyrir sínu landi nema Bakkafjöru. Ekki er fjallað um skerið Tvísker.

Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Kvískerja. Líkt og í landamerkjabréfinu er merkjum þar lýst gagnvart aðliggjandi jörðum, auk þess sem fjörumörkum er lýst, en ekki fjallað um Tvísker.

Fyrir liggja tvær örnefnaskrár fyrir Kvísker, önnur þeirra eftir Sigurð Björnsson frá Kvískerjum en hin er sögð byggjast á skrá ungmennafélagsins sem Sigurður Björnsson hafi farið yfir. Sigurður, sem var fæddur árið 1917 og alinn upp á Kvískerjum, var kunnur fræðimaður sem skráði m.a. sögu Öræfasveitar og ýmsan annan fróðleik um svæðið. Í örnefnaskránum, sem eru býsna ítarlegar, er ekki minnst á skerið Tvísker.

Sigurður Björnsson frá Kvískerjum skrifaði einnig *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1979 um Öræfasveit og fjallar þar m.a. um heiti jarðarinnar Kvískerja:

> Fyrsta heimild um bæinn er frá 14. öld en mannvirkjaleifar eru þar miklu eldri, og mun víst að þar hafi verið byggt þegar á landnámsöld. Óvíst er hvernig bæjarnafnið er til komið. Ef til vill er þó sennilegast, að fjöllin austan við hina stórkostlegu kví, sem Kambarnir kringum Kvíárjökul mynduðu, hafi verið nefnd Kvísker í öndverðu, en verið leyst upp í einstök örnefni eftir að bærinn var byggður, og upphaflega nafnið setið eftir á bænum. Við sjóndeildarhringinn sjást sker í sjónum með lægð í miðju. Er því líkast eins og þarna séu tvö samvaxin sker. Þetta er Tvísker og varla er vafi á að nafnið sé komið af því, hvernig það lítur út frá bænum. Á seinni öldum hafa sumir ruglað saman nafni bæjarins og skersins og kallað hvort tveggja Tvísker.

Samkvæmt 24. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er Tvísker meðal grunnlínupunkta landhelgi Íslands.

Hér hafa verið raktar fyrirliggjandi heimildir um Kvísker og Tvísker. Lýsing *Landnámu* um landnám á svæðinu fjallar ekki um eyjar eða sker og af henni verður því ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið. Þrátt fyrir að ekki sé getið eyja og skerja er þó að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið er eina fyrirliggjandi heimildin sem tengir Tvísker við jörðina Kvísker kaupbréf frá 6. júní 1661 sem varðveitt er í bréfabók Brynjólfs

biskups Sveinssonar, en þar er haft eftir seljanda hluta jarðarinnar að Tvísker, sem er nefnt Kvísker, fylgi jörðinni og að jörðin taki nafn sitt af því. Engar skýrar heimildir liggja fyrir um nýtingu skersins frá Kvískerjum en í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* frá 1772 kemur fram að í Tvískeri veiðist stundum stórir selir. Ekki er þó ljóst hverjir hafi gert það og hvort það hafi verið í skjóli eignarhalds á skerinu eða á öðrum grundvelli.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafa landamerkjabréf almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og kafla 7.2.3.4.

Landamerkjabréf Kvískerja frá 1890 fjallar ekki um Tvísker heldur lýsir merkjum jarðarinnar gagnvart aðliggjandi jörðum, auk fjörumarka. Það sama er að segja um fasteignamatið 1916–1918 þar sem einnig er að finna sambærilega lýsingu landamerkja jarðarinnar sem ætla má að byggist á landamerkjabréfinu. Að mati nefndarinnar mælir það gegn því að Tvísker hafi talist hluti jarðarinnar, ekki síst vegna fjarlægðar en Tvísker liggur rúma 8 km frá landi og því má ætla að ástæða hefði þótt til að nefna það í landamerkjabréfinu ef litið hefði verið á það sem hluta jarðarinnar eða eign hennar. Þrátt fyrir það telur nefndin að ekki sé endilega alltaf hægt að gagnálykta frá landamerkjabréfum sem eru þögul um eyjar og sker á þann veg að eyjar og sker geti ekki talist innan merkja viðkomandi jarða. Hér háttar hins vegar svo til að ekki liggja fyrir önnur gögn sem stutt geta að skerið teljist innan merkja jarðarinnar, að undanskildu áðurnefndu kaupbréfi frá 1661. Til dæmis er ekki minnst á Tvísker í fasteignamatinu 1849–1850, þrátt fyrir að þar sé talsverð umfjöllun um hlunnindi jarðarinnar, og ekki er fjallað um Tvísker í ítarlegum örnefnaskrám fyrir Kvísker. Auk þess liggja ekki fyrir heimildir sem gefa sérstaklega til kynna að skerið hafi verið nýtt frá Kvískerjum.

Af hálfu gagnaðila ríkisins hefur verið bent á að nafn skersins, Tvísker, bendi til tengsla við jörðina Kvísker, sem í sumum eldri heimildum er einnig nefnd Tvísker. Í áðurnefndu kaupbréfi frá 1661 segir að skerið heiti Kvísker og að jörðin dragi nafn sitt af því. Ljóst er að mismunandi kenningar eru um uppruna bæjarnafnsins en í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1979 telur Sigurður Björnsson frá Kvískerjum að hugmyndir um að tengsl séu milli heitis bæjarins og skersins byggist á misskilningi og að sennilegra sé að bærinn dragi nafn sitt af jökulskerjum ofan bæjarins við Kvíárjökul. Að mati nefndarinnar er hugsanlegt að nafn jarðarinnar og skersins tengist en hins vegar verða engar afdráttarlausar ályktanir um eignarréttarlega stöðu skersins dregnar af nafninu einu.

Að þessu gættu telur nefndin að gögn málsins, þegar þau eru metin heildstætt, veiti því ekki nægilega stoð að Tvísker sé innan merkja jarðarinnar Kvískerja og sé eignar-

land á þeim grundvelli. Kaupbréfið frá 1661 nægir að mati nefndarinnar ekki eitt og sér til sönnunar á því.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að íslenska ríkið hafi ekki gætt jafnræðis við endurskoðun krafna sinna við meðferð málsins og fallið frá kröfum til eyja og skerja sem séu í sambærilegri fjarlægð frá landi og Tvísker, eða jafnvel lengra frá landi. Í því sambandi hefur gagnaðili ríkisins m.a. vísað til Hrollaugseyja í Suðursveit og Mánáreyja við Tjörnes. Byggt er á því að jafnræðissjónarmið eigi að leiða til niðurstöðu um eignarland á Tvískeri. Að mati nefndarinnar er staða þessara eyja hins vegar ekki að öllu leyti sambærileg, einkum þegar litið er til umfjöllunar um þær í heimildum og upplýsinga um nýtingu þeirra frá tilteknum jörðum. Þar að auki verður ekki séð að jafnræðisrök geti í þessu tilviki ein og sér leitt til niðurstöðu um eignarland.

Gagnaðili ríkisins byggir einnig á því að beinn eignarréttur að Tvískeri byggist á lögum með því að skerið sé *fyrir landi* Kvískerja í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. M.a. er byggt á því að gildissvið ákvæðisins hafi að lágmarki náð til eyja og skerja sem sjáist frá landi, en einnig eyja og skerja sem voru nýtanleg innan dagsins þannig að unnt hafi verið að róa í viðkomandi eyju eða sker og til baka samdægurs.

Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um gildi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og komist að þeirri niðurstöðu að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist almennt *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins en hugsanlegt sé að gildissvið ákvæðisins geti náð lengra frá landi ef staðhættir eða önnur atriði mæla sérstaklega með því. Það þarfnist nánari skoðunar í hverju tilviki.

Eins og áður segir er Tvísker rúma 8 km frá landi. Skerið er sæmilega stórt en ekki sérlega áberandi í landslaginu, þrátt fyrir að það sjáist frá landi í góðu skyggni. Þá eru engar eyjar eða sker milli meginlandsins og Tvískers og það er því ekki hluti af samhangandi skerjaklasa eða framhald af slíkum. Enn fremur liggja ekki fyrir heimildir sem gefa sérstaklega til kynna að skerið hafi verið nýtt frá Kvískerjum eða önnur atriði sem mæla með því að það hafi staðið í skýru sambandi við næstliggjandi land. Að teknu tilliti til þess telur nefndin að staðhættir og önnur atriði mæli ekki með því að Tvísker geti talist vera *fyrir landi* Kvískerja í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Eins og áður segir liggja ekki fyrir heimildir sem gefa sérstaklega til kynna að Tvísker hafi verið nýtt frá Kvískerjum og því er ekki fallist á að skilyrðum fyrir hefð sé fullnægt.

Þannig liggur ekkert fyrir um að þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi,

lögum eða hefð. Jafnvel þótt Tvísker kunni að hafa verið numið í öndverðu liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og skerið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi vísast t.d. til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsmörk í máli nr. 5/2003, dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði og dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 um Fjall og Breiðármörk.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Tvísker sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.5 Hvalbakur

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Hvalbaks. Hvalbakur er lítil eyja sem liggur um 35 km frá meginlandi Íslands austan Berufjarðar og er jafnframt austasti hluti landsins.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna Hvalbaks og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til hans. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til eyjunnar er eignarréttarleg staða hennar til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er landhelgi Íslands m.a. afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Hvalbaks.

Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós nein gögn eða upplýsingar sem benda til þess að nokkur hafi kallað til réttinda yfir Hvalbak og engar upplýsingar hafa komið fram um að neinn hafi haft not af eyjunni. Þannig liggur ekkert fyrir um að þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Hvalbakur sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.6 Aðrar eyjar og sker

Auk þeirra eyja og skerja sem fjallað hefur verið um í köflum 7.3.1–7.3.5 hér að framan taka kröfur ríkisins, samkvæmt kortasjá um kröfur á svæði 12 og kröfulínukortum, skjölum nr. 33(1)–33(12), til nokkurs fjölda minni eyja og skerja sem ekki hafa verið gerðar gagnkröfur til. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til annarra eyja og skerja er eignarréttarleg staða þeirra til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þær eyjar og sker sem hér eru til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að vera innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlands Íslands. Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um þýðingu lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Eins og þar kemur fram er niðurstaða nefndarinnar að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Þrátt fyrir nokkurn vafa um hvernig beri að túlka orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins, og þar með landfræðilegt gildissvið þess frá landi, telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og falli því undir gildissvið ákvæðisins, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki sérstaklega í mót.

Af því leiðir að nefndin telur almennt að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi jarðar séu eignarlönd. Með hliðsjón af almennri lagalegri skilgreiningu lands og fjöru er telur nefndin rétt, við afmörkun þess svæðis sem fellur samkvæmt framangreindu undir gildissvið ákvæðisins, að miða við stórstraumsfjöruborð sem grunnlínu á landi með sama hætti og við afmörkun netlaga. Hugsanlegt er að landfræðilegt gildissvið ákvæðisins nái skemmra frá landi en 2 km ef staðhættir eða annað mælir sérstaklega gegn því að eyja eða sker teljist vera fyrir landi. Þá kann einnig að vera að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en 2 km en að mat á því sé atviksbundið og háð staðháttum.

Að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að staðhættir eða aðrar aðstæður á þeim kröfusvæðum ríkisins sem hér eru til umfjöllunar mæli gegn því að eyjar og sker allt að 2 km frá landi teljist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Rannsókn óbyggðanefndar hefur í þessu sambandi m.a. beinst að heimildum um allar strandjarðir, kortagögnum og loftmyndum.

Því er niðurstaða nefndarinnar, að teknu tilliti til staðhátta og annarra aðstæðna á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar, að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá stórstraumsfjöruboði meginlandsins, séu eignarlönd á grundvelli lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar en ekki þjóðlendur í skilningi laga nr. 58/1998. Með vísan til 7. gr. laga nr. 58/1998 ber að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[582]

Framangreind niðurstaða tekur til eyja og skerja sem ríkið gerir kröfur til og ekki hafa verið gerðar gagnkröfur til, sem eru innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Meðal skerja sem svo háttar til um má nefna Hestaklett við Ósa í Höfnum; ónefnd sker undan Loftsstaðasandi í Flóahreppi; Styrmissker, Hestgerðissker, Hálsasker og Hafnargarð í Suðursveit; ónefnd sker undir Þvottárskriðum; Axarsker og ónefnd sker í Berufirði, Gvendarnessfles við Gvendarnes milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar; ónefnd sker í Fáskrúðsfirði; Rifsker í Reyðarfirði; Gerpisfles við Gerpi milli Vöðlavíkur og Sandvíkur; Mónessker austan Barðsness; ónefnd sker norðan Skálanesbjargs sunnan Seyðisfjarðar; ónefnd sker milli Breiðavíkur og Kjólsvíkur í Víkum; Svertlinga á Héraðsflóa og Fúlasker við Viðvíkurbjörg. Þessi upptalning byggist á fyrirliggjandi kortagögnum og er hugsanlega ekki tæmandi. Ekki er hægt að útiloka að á því svæði sem þessi niðurstaða tekur til séu fleiri eyjar og sker sem ekki sjást í fyrirliggjandi kortagögnum. Af þeim sökum er rétt að taka fram að niðurstaðan á einnig við um aðrar eyjar eða sker sem kunna að vera innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þá eru eðli máls samkvæmt ekki taldar upp eyjar og sker sem íslenska ríkið hefur fallið frá kröfum til og viðurkennt sem eignarlönd, enda eru þær ekki lengur til umfjöllunar í málinu.

Af kortasjá um kröfur á svæði 12 verður ekki ráðið að kröfur ríkisins í máli þessu taki til eyja og skerja sem eru fjær landi en 2 km, annarra en þeirra sem fjallað hefur verið um í köflum 7.3.1–7.3.5 hér að framan. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að til staðar séu eyjar eða sker fjær landi en 2 km sem ekki sjást í kortasjá um kröfur á svæði 12, þrátt fyrir að rannsókn óbyggðanefndar hafi ekki leitt í ljós dæmi þess en hún beindist m.a. að heimildum um allar strandjarðir, kortagögnum og loftmyndum. Samkvæmt kröfugerð ríkisins tekur hún einnig til slíkra eyja og skerja, sé um einhverjar að ræða. Eðli máls samkvæmt liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um tengsl slíkra hugsanlegra eyja og skerja við jarðir eða aðrar upplýsingar sem bent geta til þess að um hugsanleg eignarlönd sé að ræða, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um slíkar upplýsingar við rannsókn óbyggðanefndar. Ekki eru heldur forsendur til að telja að þær geti fallið undir gildissvið lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Því er niðurstaða

[582] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

óbyggðanefndar að slíkar eyjar og sker, sé um þær að ræða, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.4 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til. Þá er jafnframt höfð hliðsjón af leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2025.

Í samræmi við framangreint er gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður, líkt og greinir í úrskurðarorðum. Á fundi 22. desember 2025 úrskurðaði óbyggðanefnd jafnframt um málskostnað þeirra sem voru einnig gagnaðilar ríkisins á fyrri stigum málsmeðferðarinnar, þ.e. í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur við ríkið eftir breytingar á kröfugerð þess við meðferð málsins. Sá úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.

8 ÚRSKURÐARORÐ

Mörk milli svæða þar sem eru þjóðlendur og eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna, utan meginlands Íslands á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu,[583] þ.e. á eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru sunnan og austan lands, eru eftirfarandi, með undantekningum sem tilgreindar eru:

> *Upphafspunktur er við stórstraumsfjöruborð nyrsta hluta Garðskaga á Miðnesi (merkt A á úrskurðarkorti). Þaðan er línan dregin 2 km í vestur. Línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins er svo fylgt suður fyrir Reykjanes og áfram austur með suðurströnd landsins þar til komið er á móts við vesturmörk þjóðlendna vestan Jökulsárlóns. Þar er línan dregin að stórstraumsfjöruborði meginlandsins og því svo fylgt til austurs þar til komið er að austurmörkum áðurnefndra þjóðlendna. Þaðan er línan aftur dregin 2 km frá stórstraumsfjöruborðinu. Línan er svo áfram dregin 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins austur fyrir Hornafjörð, norður með öllum Austfjörðum, norðvestur um Héraðsflóa, Vopnafjörð og Bakkaflóa og norður að þeim stað sem er 2 km norðaustur af Fonti á Langanesi en þaðan er línan dregin suðvestur að stórstraumsfjöruborði við Font (merkt B á úrskurðarkorti).*
>
> *Auk þess er lína dregin umhverfis Papey, í 2 km fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði hennar.*
>
> *Eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan framangreindra lína, þ.e. nær landi, og eru til umfjöllunar í máli þessu, eru eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.*
>
> *Eftirfarandi eyjar og sker sem eru utan framangreindra lína, þ.e. fjær landi, eru einnig eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna: Allar eyjar og sker í Vestmannaeyjum að Surtsey undanskilinni, þ.m.t. öll Heimaey, Elliðaey, Faxasker, Bjarnarey, Litli-Stakkur og Stóri-Stakkur, Suðurey, Álsey, Brandur, Hellisey, Geldungur, Súlnasker, Geirfuglasker, Smáeyjar, Þrídrangar og Einidrangur auk nærliggjandi skerja og dranga. Sama máli gegnir um eyjar og sker á þessu svæði sem eru óumdeild eignarlönd í máli þessu, þ.e. Hrollaugseyjar, Vigur í Lónsvík, Papey, Skrúð og Seley, í öllum tilvikum ásamt tilheyrandi skerjum.*

[583] Sjá lýsingu á afmörkun málsmeðferðarsvæðisins í kafla 2.2 og umfjöllun um fjörumörk í kafla 4.3.

Aðrar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru utan framangreindra lína, þ.e. fjær landi og allt að ytri mörkum landhelginnar, sem eru til umfjöllunar í máli þessu, eru þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna, þ.m.t. eftirfarandi eyjar og sker: Eldey, Eldeyjardrangur, Geirfuglasker og Geirfugladrangur við Reykjanes; Surtsey í Vestmannaeyjum; Tvísker í Öræfum; og Hvalbakur.

Um framangreinda afmörkun vísast einnig til úrskurðarkorta málsins, en þar má jafnframt sjá eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru óumdeild eignarlönd, bæði innan og utan við framangreindar línur, þ.m.t. eyjar og sker sem íslenska ríkið féll frá kröfum til við meðferð málsins. Tekið skal fram að niðurstaða málsins varðar ekki slík óumdeild eignarlönd, þrátt fyrir að hluti þeirra sé talinn upp til skýringar hér að framan, enda eru þau ekki til umfjöllunar í máli þessu.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

— Helgi Vilhjálmsson, Vífill Oddsson, Guðríður Steinunn Oddsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Þóra Arnheiður Sigmundsdóttir, Auður Ketilsdóttir, Þengill Oddsson, Ketill Árni Ketilsson, Ólafur Hergill Oddsson, Ólafur Ketilsson og Steinunn Ketilsdóttir vegna Kalmanstjarnar í Höfnum: 1.625.000 kr.

— Kvísker ehf. vegna Kvískerja í Öræfum: 1.625.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

— Vestmannaeyjabær vegna Vestmannaeyja: 2.250.000 kr.

Vegna Jóhanns Péturssonar lögmanns:

— Vestmannaeyjabær vegna Vestmannaeyja: 1.850.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar málflytjenda, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Úrskurður um málskostnað þeirra sem voru einnig gagnaðilar ríkisins á fyrri stigum málsmeðferðarinnar er birtur í viðauka II.

Hulda Árnadóttir

Þorsteinn Magnússon

Víðir Smári Petersen

A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R
Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

— með viðaukum —

ÓBYGGÐANEFND

Svæði 1–11 o.fl.

Sérprentun 21. desember 2025

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á einstökum svæðum hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Þegar tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi hefur gefist fer sá texti lítillega styttur hér á eftir í 7.–16. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR ..... **IV**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR ..... **V**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA ..... **VI**

3.1. Landnám VI
3.2. Hefð VIII
3.3. Lög XII

4. FLOKKUN LANDS ..... **XIV**

4.1. Almennt XIV
4.2. Jörð XV
4.3. Almenningar XX
4.4. Afréttir XXII
4.5. Jörð eða afréttur? XXIX
4.6. Jöklar XXX
4.7. Fjallskil XXXV
4.8. Ítök XXXIX
4.9. Fjörur og rekaeign XLII

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD ..... **XLVII**

5.1. Almennt XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur XLVII
5.3. Máldagar og vísitasíur XLIX
5.4. Lögfestur LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur LVI
5.7. Aðrar heimildir LVIII

6. NIÐURSTAÐA ..... **LIX**

7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ..... **LXIV**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi LXVII

8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 ..... **LXIX**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana LXIX

9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A ..... **LXXIII**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII

10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B ..... **LXXIII**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna LXXVI

11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A ..... **LXXVIII**

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna LXXXIV

12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B ..... **LXXXVIII**

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur LXXXVIII
12.2. Almenningar stöðuvatna LXXXIX

13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C ..... **XCI**

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCI
13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 XCI

14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B ..... **XCVII**

14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCVII
14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla C

15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023 ..... **CXIII**

15.1. Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 CXIII
15.2. Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 CXVI
15.3. Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins CXVIII

16. VIÐAUKI 10: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 11 ..... **CXXV**

16.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum CXXV

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

---

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

---

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagn-

---

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

fræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

---

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

11 *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

12 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

13 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

14 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

15 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstur „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

---

18 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

19 *Tíðindi frá Alþingi … 1845,* s. 466.

20 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

21 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 …[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt

---

22 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.
23 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
24 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um

langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt. [27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

---

27 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

28 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

29 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg tǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar …“[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

---

30 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.
31 *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).
32 *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).
33 *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svo-kölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunn-vatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Reka-bálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

---

34 Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

35 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

36 Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

37 Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

38 Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

39 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

40 Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

41 Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan

42 *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).
43 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.
44 Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.
45 *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
46 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).
47 Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.
48 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.
49 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landamerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist heimaland stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar.

---

50 Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.

51 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskj*öl. Reykjavík. S. 24.

52 *Jónsbók* 1904, s. 292.

53 *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
> a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
> b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

54 Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

55 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

56 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

57 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undan-

58 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

59 Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

60 Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

skildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni …[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað

---

61 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.
62 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
63 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
64 *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
65 *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
66 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
67 Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar

---

68 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

69 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

70 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

71 Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

72 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

73 Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

74 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist

---

75 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.

76 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

77 *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).

78 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

79 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstur á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði …“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

> Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.
> Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. áðurnefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirliggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk

> þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álitaefni reyndi einnig í úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár), að því er varðar Sauðafellsselland. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Einnig má nefna úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Þar lá m.a. fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu hafði, fyrir hönd ráðherra, undirritað tvær yfirlýsingar 1964 um landamerki tiltekinna jarða sunnan Baulárvallavatns. Þá lá einnig fyrir afsal frá 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra, vegna einnar jarðarinnar, þar sem vísað var um landamerki jarðarinnar til annarrar af landamerkjayfirlýsingunum frá 1964. Um þetta segir í úrskurði óbyggðanefndar:

> Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofsstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalýsingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfirlýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Hér hefur verið rakin réttarframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál fyrir óbyggðanefnd og dómstólum. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur haft áhrif á niðurstöður þjóðlendumála hafa tilteknar *athafnir* ríkisins verið taldar hafa skapað væntingar hjá landeigendum og verið ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, en kröfunum hefur verið hafnað á þeim grundvelli. Allar þær athafnir ríkisins sem í áðurnefndum dómum voru taldar ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins eiga það sam-

eiginlegt að hafa varðað tiltekin afmörkuð landsvæði og beinst að eigendum tiltekinna jarða. Umræddar athafnir ríkisins fólu þannig í sér viðurkenningu á því að afmörkuð landsvæði væru hlutar tiltekinna jarða og eignarlönd viðkomandi landeigenda á þeim grundvelli. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var til umfjöllunar land á Skeiðarársandi sem menntamálaráðherra hafði afsalað fyrir hönd ríkisins árið 1966 þar sem um landamerki var vísað til landamerkjabréfs Skaftafells II, sem tók til ágreiningssvæðis málsins, auk þess sem fyrir lá yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987 um að ágreiningssvæðið væri í eigu lögbýlisins. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var um það að ræða að íslenska ríkið hafði verið meðal seljenda hluta ágreiningssvæðis málsins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999 þar sem gengið var út frá því að svæðið væri innan merkja tiltekinna jarða. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) var til umfjöllunar land þar sem landbúnaðarráðherra hafði samþykkt landskipti og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land tiltekinnar jarðar væri að ræða. Það sama á við um úrskurði óbyggðanefndar sem hér hafa verið nefndir.

Aðgerðaleysi ríkisins hefur á hinn bóginn almennt ekki verið talið nægja til að skapa slíkar væntingar. Sem dæmi má nefna að aðgerðaleysi eða tómlæti ríkisins — t.d. þegar látið hefur verið hjá líða að gera athugasemdir eða aðhafast vegna skráningar á eignarhaldi lands á grundvelli eignarheimilda eins og landamerkjabréfa eða þinglýsingabóka — hefur ekki haft sérstaka þýðingu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Slíkt aðgerðaleysi ríkisins hefur ekki verið talið nægja til þess að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um eignarhaldið. Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs eða annarrar eignarheimildar hefur þannig ekki verið talin leiða til réttmætra væntinga eigenda jarðar um að beinn eignarréttur hafi með því unnist að landi sem ekki átti undir jörðina áður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Af framangreindri dómaframkvæmd verður ráðið að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Í slíkum tilvikum virðast réttmætar væntingar geta haft sjálfstæða þýðingu að lögum og umfram þá vernd sem meintur rétthafi gæti reist á hefðbundnum heimildum að landsrétti. Í ljósi þeirrar þýðingarmiklu meginreglu eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum ber að varast að túlka áðurnefnda dóma um sjálfstæða þýðingu réttmætra væntinga rúmt, enda verður beiting slíkra sjónarmiða að teljast undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.

Þá hefur einnig þýðingu í þessu sambandi að þegar íslenska ríkið lýsti kröfum í öndverðu á hverju svæði, innan lögbundins kröfulýsingarfrests, lágu ekki öll gögn um svæðið fyrir. Undir rekstri hvers máls komu fram ýmsar heimildir og upplýsingar sem

ekki voru fyrir hendi þegar ríkið lýsti kröfum á svæðunum. Íslenska ríkinu var hins vegar ekki, fyrir gildistöku laga nr. 34/2020, heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð ríkisins. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020 segir um þetta atriði:

> Samkvæmt dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum, einkum dómi frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur), er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og getur því ekki úrskurðað um þjóðlendur á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins ná til. Kröfum ríkisins er lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis er einungis lokið að hluta, enda er leit í sumum heimildaflokkum það seinleg að ógerlegt væri að koma henni við án þess að takmarka hana við þau svæði sem þjóðlendukröfur varða nema ætla mun lengri tíma til verksins en hingað til hefur tíðkast. Við gagnaöflun sem á sér stað eftir að kröfum ríkisins er lýst geta komið fram skjöl sem breyta forsendum kröfugerðar og benda í sumum tilvikum til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Að óbreyttum lögum eru verulegar skorður reistar við aukningu krafna ríkisins eftir að upphaflegar kröfur hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna, sbr. t.d. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) og dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 11. október 2013 í máli nr. 71/2010 (Vaskárdalur), frá 14. sama mánaðar í máli nr. 75/2010 (Almenningur í Öxnadal) og frá 15. sama mánaðar í máli nr. 74/2010 (syðri hluti Bakkasels). Þar var því hafnað að kröfur ríkisins sem komu fram eftir tiltekið tímamark yrðu teknar til meðferðar og dómarnir standa allir óraskaðir af Hæstarétti. Þessi réttarstaða getur leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendur vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað.

Að mati nefndarinnar þarf að hafa þessa réttarstöðu í huga við mat á því hvort réttmætar væntingar kunni eftir atvikum að hafa skapast á grundvelli upphaflegrar kröfugerðar ríkisins sem tók til landsvæða aðliggjandi þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Samkvæmt öllu framansögðu er ekki unnt að fallast á að almennar athafnir ríkisins, eins og þær að lýsa ekki kröfum til landsvæða í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, geti verið til þess fallnar að skapa landeigendum réttmætar væntingar um að slík landsvæði séu eignarlönd þeirra. Hafa verður hugfast að í kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd felst almennt ekki afstaða til þess að afmörkuð landsvæði utan þjóðlendukröfusvæða ríkisins séu eignarlönd tiltekinna jarða. Það er enda ekki hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um mörk milli eignarlanda og slíkt er því ekki til umfjöllunar í málum fyrir nefndinni eða eftirfarandi dómsmálum í þjóðlendumálum.

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir

því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrr en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kærenda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignarréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.[254] Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.[255]

---

[254] Sjá 49. mgr. í dómnum: „There was a difference […] between a mere hope of restitution, however understandable that hope may be, and a "legitimate expectation", which must be of a nature more concrete than a mere hope and be based on a legal provision or a legal act such as a judicial decision."

[255] Sjá 50. mgr. í dómnum: „Similarly, no legitimate expectation can be said to arise where there is a dispute as to the correct interpretation and application of domestic law and the applicant's submissions are subsequently rejected by the national courts."

Af framangreindu, og annarri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,[256] verður ráðið að við mat á því hvort um réttmætar væntingar í framangreindum skilningi sé að ræða skipti einkum máli hvort nægilegur grundvöllur sé fyrir þeim í landslögum, t.d. samkvæmt fyrirliggjandi dómaframkvæmd. Væntingar sem ekki eiga sér nægilega traustan grundvöll í landslögum eða dómaframkvæmd njóta þannig ekki verndar eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu vernda ekki rétt manna til að öðlast eignir.[257]

Hér að framan hefur innlend dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál verið tekin til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Telja verður að það sé fyrst og fremst í slíkum tilvikum sem landeigendur geta talist hafa réttmætar væntingar til beins eignarréttar að tilteknum landsvæðum í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, enda eiga slíkar væntingar sér stoð í fyrirliggjandi dómaframkvæmd.

[256] Sjá t.d. dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Gratzinger og Gratzingerova gegn Tékklandi, nr. 39794/98, Anheuser-Busch Inc. gegn Portúgal, nr. 73049/01, og Béláné Nagy gegn Ungverjalandi, nr. 53080/13.

[257] Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Stummer gegn Austurríki, nr. 37452/02.

16. VIÐAUKI 10: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 11

16.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[258]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga voru kveðnir upp 17. október 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að fjórir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir, sbr. ákvarðanir Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, 2024-97, 2024-98 og 2024-99 þar sem beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar var í öllum tilvikum hafnað. Um er að ræða dóma Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Hins vegar liggur enn ekki fyrir hvort dómar Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), komi til kasta Hæstaréttar og því verður ekki fjallað nánar um þá hér að sinni.

Framangreindir dómar Landsréttar í málum nr. 430–433/2022, sem fyrir liggur að eru endanlegir, vörðuðu allir úrskurð óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls væri þjóðlenda. Í öllum málunum, sem höfðuð voru af eigendum fjögurra jarða sem töldu til réttinda á umræddu svæði, staðfesti Landsréttur niðurstöður óbyggðanefndar.

Meginágreiningsefnið í öllum málunum laut að túlkun á lýsingum í landamerkjabréfum viðkomandi jarða á merkjum þeirra til fjalla. Eigendur jarðanna byggðu á því að merki þeirra næðu upp á vatnaskil milli norðurs og suðurs á Snæfellsnesi, á Snæfellsjökli og austan hans, en íslenska ríkið byggði á því að draga ætti beinar línur á milli efstu merkjapunkta samkvæmt landamerkjabréfunum. Í úrskurði óbyggðanefndar var við túlkun landamerkjabréfanna m.a. litið til staðhátta og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum jarða vestan og austan við ágreiningssvæði málsins. Efstu merkjapunktar til fjalla samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um voru tiltekin örnefni sem eru talsvert langt frá jöklinum og vatnaskilunum sem landeigendur byggðu á að miða bæri við. Mat nefndarinnar var að gögn málsins styddu ekki að merki jarðanna næðu lengra til fjalls en að umræddum örnefnum og þar sem merkjum milli efstu merkjapunkta væri ekki lýst væri eðlilegast, að teknu tilliti til staðhátta, að draga beinar

[258] Kafli 7.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2022 (svæði 11), dags. 5. nóvember 2024.

línur þar á milli, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot). Í því sambandi var m.a. horft til þess að rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða vestan ágreiningssvæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í Snæfellsjökul eða örnefni við jökulrönd og í landamerkjabréfum austan svæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í vatnaskil. Það var ekki gert í landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um og því var orðalag þeirra talið mæla gegn því að merki jarðanna næðu að jöklinum eða vatnaskilum. Þá var jafnframt litið til þess að línur sem dregnar væru beint á milli efstu merkjapunkta í landamerkjabréfum jarðanna væru á eða nærri frambrún fjallanna sem risu nokkuð skarpt upp frá láglendi þeirra, en þar fyrir ofan tæki við aflíðandi land upp að vatnaskilum og jöklinum. Staðhættir voru því taldir mæla með afmörkun íslenska ríkisins á landi jarðanna.

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar var, að virtum gögnum málanna, fallist á framangreindar röksemdir og niðurstöður óbyggðanefndar um túlkun á afmörkun jarðanna sem deilt var um.

Gagnaðilar ríkisins í öllum málunum byggðu einnig á því að íslenska ríkið hefði með fyrri athöfnum sínum í tengslum við ríkisjörðina Arnarstapa, sem liggur að ágreiningssvæði málanna, skapað öðrum landeigendum á svæðinu réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í úrskurði óbyggðanefndar var því hafnað með vísan til þess að þær athafnir sem vísað væri til, m.a. útleiga lóðar innan ágreiningssvæðisins til námurekstrar árið 1936, beindust ekki að öðrum landeigendum og væru því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 430/2022 var fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar með svofelldum rökstuðningi:

> Þá hafa áfrýjendur vísað til þess að stefndi hafi um árabil farið með ríkisjörðina Arnarstapa eins og væri hún undirorpin eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum á því svæði sem það telji nú þjóðlendu. Þannig hafi umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði leigt út lóð til námurekstrar á Arnarstapa árið 1936 en leigusamningurinn var staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Vikurnámur voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul en námuvinnsla mun hafa lagst þar af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig liggur fyrir minnisblað Ríkiseigna 25. febrúar 2019 þar sem kemur fram að Arnarstapaland hafi verið í eigu stjórnvalda frá árinu 1556. Landamerkjalýsingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmerkjum nái frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan. Segir í minnisblaðinu að litið sé svo á að landamerkjalínur jarðarinnar nái upp í jökulrætur. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að tilteknar athafnir ríkisins geti skapað ákveðnar væntingar hjá aðilum og haft þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi lands, sbr. dóma réttarins 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005, 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 og 28. september 2017 í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Hér háttar á hinn bóginn svo til að þessar athafnir og yfirlýsingar íslenska ríkisins, sem eru tiltölulega nýtilkomnar, samrýmast ekki eldri heimildum og lutu auk þess einvörðungu að jörðinni Arnarstapa en beindust ekki að aðliggjandi jörðum. Verður því ekki fallist á það með áfrýjendum að þær hafi verið til þess fallnar að skapa öðrum landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Sama eða sambærilegan rökstuðning um þetta atriði er að finna í hinum dómum Landsréttar sem hér eru til umfjöllunar. Í dómunum var staðfest túlkun óbyggðanefndar á dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á eignarréttarlega stöðu lands sem deilt er um á grundvelli þjóðlendulaga. Af þeim verður ráðið að svo til álita geti komi hvort tilteknar athafnir ríkisins hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu lands, þannig að þýðingu hafi við úrlausn þjóðlendumála, þá verði þær að hafa beinst að öðrum en ríkinu sjálfu eða jörðum í eigu þess. Af þeim verður einnig ráðið að athafnir eða yfirlýsingar ríkisins sem beinast að tiltekinni jörð geti almennt ekki skapað eigendum annarra nærliggjandi jarða réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu þeirra. Athafnir og yfirlýsingar ríkisins verði að hafa beinst að tiltekinni jörð og eigendum hennar svo að til álita komi hvort þær hafi skapað viðkomandi eigendum síkar væntingar.

VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundi óbyggðanefndar 22. desember 2025 úrskurðuðu nefndarmennirnir Þorsteinn Magnússon og Víðir Smári Petersen málskostnað, sem hér segir, þeim sem voru gagnaðilar ríkisins fyrir breytingar á kröfugerð ríkisins á svæðinu sem til umfjöllunar er í máli nr. 1/2025, sem og þeim sem höfðu unnið að undirbúningi kröfulýsinga fyrir leiðréttingar og breytingar á kröfugerð ríkisins, sbr. kafla 7.4 í úrskurði málsins.[584] Málskostnaður var úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til. Málskostnaður þeirra sem enn voru aðilar að málunum við uppkvaðningu efnislegra úrskurða er birtur í úrskurðarorðum.

Vegna Daníels Isebarn Ágústssonar lögmanns:

— Vopnafjarðarhreppur vegna Austur-Skálaness í Vopnafirði: 525.000 kr.

Vegna Eiríks Guðlaugssonar lögmanns:

— Þjóðkirkjan vegna Heydala í Breiðdal: 375.000 kr.

— Þjóðkirkjan vegna Kolfreyjustaðar í Fáskrúðsfirði: 300.000 kr.

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

— Örn Hrafnsson, Margeir Hrafnsson, Elfar Þór Tryggvason og Þorsteinn Ragnarsson vegna Húsavíkur í Víkum: 725.000 kr.

Vegna Guðjóns Ármannssonar lögmanns:

— Matthildur Ólafsdóttir Valfells, Jón Valfells, Vigfús Ásgeirsson og Mýrdalshreppur vegna Austurhúsa í Mýrdal: 300.000 kr.

— Akurnesbúið ehf. vegna Akurness í Hornafirði: 50.000 kr.

— Akurnesbúið ehf. vegna Árnaness í Hornafirði: 50.000 kr.

— Karl Skírnisson, Hákon Skírnisson, Hjördís Skírnisdóttir, Ingiríður Skírnisdóttir og Sigurgeir Skírnisson vegna Borga í Hornafirði: 50.000 kr.

— Kristín Einarsdóttir vegna Brekkubæjar í Hornafirði: 50.000 kr.

— Bjarni Sigurjónsson vegna Fornustekka í Hornafirði: 50.000 kr.

— Bjarni Sigurjónsson vegna Grundar í Hornafirði: 50.000 kr.

— Meðalfell ehf. vegna Meðalfells í Hornafirði: 50.000 kr.

Vegna Gunnars Atla Gunnarssonar lögmanns:

— Fiskiðjan ehf. og Garður ehf. vegna Sandgerðis á Miðnesi: 150.000 kr.

Vegna Hauks Arnar Birgissonar lögmanns:

— Suðurnesjabær vegna Sandgerðis á Miðnesi: 650.000 kr.

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

— Sveitarfélagið Hornafjörður vegna Suðurfjörutanga í Hornafirði: 375.000 kr.

— Ómar Antonsson vegna Horns I í Hornafirði: 275.000 kr.

— Sveitarfélagið Hornafjörður vegna Horns II í Hornafirði: 275.000 kr.

— Nucleus ehf. vegna Syðri-Fjarðar í Lóni: 275.000 kr.

[584] Hulda Árnadóttir formaður tók ekki þátt í þessum ákvörðunum um málskostnað, sbr. fundargerð nefndarfundarins.

— Guðrún Snorradóttir og Sigrún Snorradóttir vegna Starmýrar I; Haukur Elísson vegna Starmýrar 2; Guðmundur Gunnar Eiríksson og Sigrún Snorradóttir vegna Starmýrar 3 í Álftafirði: 225.000 kr.
— Múlaþing vegna Búlandsness við Berufjörð: 325.000 kr.
— Múlaþing vegna Háls í Hamarsfirði: 275.000 kr.
— Svandís Ingibjörg Sverrisdóttir, Þórlaug Inga Þorvarðardóttir og Már Þorvarðarson vegna Papeyjar: 425.000 kr.
— Steinar Resort ehf. vegna Kross í Berufirði: 275.000 kr.
— Óðinn Logi Þórisson og Ásta Kr. Guðmundsdóttir Michelsen vegna Vattarness við Reyðarfjörð: 325.000 kr.
— Fjarðabyggð vegna Hólma í Reyðarfirði: 425.000 kr.
— Gunnhildur Gunnarsdóttur og Einar Baldursson vegna Ness, og Þórhallur Eyjólfsson vegna Neshjáleigu í Loðmundarfirði: 325.000 kr.
— Múlaþing og Baldur Grétarsson vegna Brúnavíkur í Víkum: 375.000 kr.
— Fuglaverndarfélag Íslands vegna Njarðvíkur I; Jakob Sigurðsson og Margrét I Benediktsdóttir vegna Borgar (Njarðvíkur II); Múlaþing vegna Njarðvíkur III við Borgarfjörð: 275.000 kr.
— Árni Hlynur Magnússon, Kristján Magnússon, Bjarney G. Jónsdóttir, Kristmann Jónsson, Oddný Magnúsdóttir, Sigtryggur Sigtryggsson, Þórdís Ósk Sigtryggsdóttir, Þórhallur Sigtryggsson, Sveinn Arason, Halldór Arason, Nanna Huld Aradóttir, Þórhallur Arason, Atli Arason, Arnþór Arason, Anna Björg Aradóttir, Ari Kristinn Jónsson, Silvía J. Garðarsdóttir, Garðar Þ. Garðarsson, Anna S. Garðarsdóttir, db. Erlu K. Garðarsdóttur, Hulda J. Jónasdóttir, Hörður Jónsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Garðar Jónsson og Erna Björg Baldursdóttir vegna Bjarnareyjar á Héraðsflóa: 475.000 kr.
— Árni Hlynur Magnússon, Kristján Magnússon, Þórdís Ósk Sigtryggsdóttir, Þórhallur Sigtryggsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Sveinn Arason, Halldór Arason, Nanna Huld Aradóttir, Þórhallur Arason, Atli Arason, Arnþór Arason, Anna Björg Aradóttir, Ari Kristinn Jónsson, Silvía J. Garðarsdóttir, Garðar Þ. Garðarsson, Anna S. Garðarsdóttir, db. Erlu K. Garðarsdóttur, Hulda J. Jónasdóttir, Hörður Jónsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Garðar Jónsson og Erna Björg Baldursdóttir vegna Fagradals í Vopnafirði: 325.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

— Þiðrandi ehf. vegna Hofs í Álftafirði: 500.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ

Þjóðlendur:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Kalmanstjörn í Höfnum:	Helgi Vilhjálmsson, Vífill Oddsson, Guðríður Steinunn Oddsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Þóra Arnheiður Sigmundsdóttir, Auður Ketilsdóttir, Þengill Oddsson, Ketill Árni Ketilsson, Ólafur Hergill Oddsson, Ólafur Ketilsson og Steinunn Ketilsdóttir
Kvísker í Öræfum:	Kvísker ehf.
Vestmannaeyjar:	Vestmannaeyjabær

Einnig voru aðilar að málinu fyrir breytingar á kröfugerð ríkisins:[1]

Akurnes í Hornafirði:	Akurnesbúið ehf.
Austurhús í Mýrdal:	Matthildur Ólafsdóttir Valfells, Jón Valfells, Vigfús Ásgeirsson og Mýrdalshreppur
Austur-Skálanes í Vopnafirði:	Vopnafjarðarhreppur
Árnanes í Hornafirði:	Akurnesbúið ehf.

[1] Við meðferð málsins var lýst kröfum vegna fleiri jarða eða landsvæða en þeirra sem á endanum komu til efnislegrar úrlausnar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu viðkomandi aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Auk þess voru gerðar málskostnaðarkröfur í nokkrum tilvikum þegar unnið hafði verið að undirbúningi kröfulýsinga fyrir leiðréttingar og breytingar á kröfugerð ríkisins og viðkomandi aðilar eru einnig tilgreindir hér.

Bjarnarey á Héraðsflóa:	Árni Hlynur Magnússon, Kristján Magnússon, Bjarney G. Jónsdóttir, Kristmann Jónsson, Oddný Magnúsdóttir, Sigtryggur Sigtryggsson, Þórdís Ósk Sigtryggsdóttir, Þórhallur Sigtryggsson, Sveinn Arason, Halldór Arason, Nanna Huld Aradóttir, Þórhallur Arason, Atli Arason, Arnþór Arason, Anna Björg Aradóttir, Ari Kristinn Jónsson, Silvía J. Garðarsdóttir, Garðar Þ. Garðarsson, Anna S. Garðarsdóttir, db. Erlu K. Garðarsdóttur, Hulda J. Jónasdóttir, Hörður Jónsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Garðar Jónsson og Erna Björg Baldursdóttir
Borgir í Hornafirði:	Karl Skírnisson, Hákon Skírnisson, Hjördís Skírnisdóttir, Ingiríður Skírnisdóttir og Sigurgeir Skírnisson
Brekkubær í Hornafirði:	Kristín Einarsdóttir
Brúnavík í Víkum:	Múlaþing og Baldur Grétarsson
Búlandsnes við Berufjörð:	Múlaþing
Fagridalur í Vopnafirði:	Árni Hlynur Magnússon, Kristján Magnússon, Þórdís Ósk Sigtryggsdóttir, Þórhallur Sigtryggsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Sveinn Arason, Halldór Arason, Nanna Huld Aradóttir, Þórhallur Arason, Atli Arason, Arnþór Arason, Anna Björg Aradóttir, Ari Kristinn Jónsson, Silvía J. Garðarsdóttir, Garðar Þ. Garðarsson, Anna S. Garðarsdóttir, db. Erlu K. Garðarsdóttur, Hulda J. Jónasdóttir, Hörður Jónsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Garðar Jónsson og Erna Björg Baldursdóttir
Fornustekkar í Hornafirði:	Bjarni Sigurjónsson
Grund í Hornafirði:	Bjarni Sigurjónsson
Háls í Hamarsfirði:	Múlaþing

Heydalir í Breiðdal:	Þjóðkirkjan
Hof í Álftafirði:	Þiðrandi ehf.
Horn I í Hornafirði:	Ómar Antonsson
Horn II í Hornafirði:	Sveitarfélagið Hornafjörður
Hólmar í Reyðarfirði:	Fjarðabyggð
Húsavík í Víkum:	Örn Hrafnsson, Margeir Hrafnsson, Elfar Þór Tryggvason og Þorsteinn Ragnarsson
Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði:	Þjóðkirkjan
Kross í Berufirði:	Steinar Resort ehf.
Meðalfell í Hornafirði:	Meðalfell ehf.
Nes í Loðmundarfirði:	Gunnhildur Gunnarsdóttur og Einar Baldursson
Neshjáleiga í Loðmundarfirði:	Þórhallur Eyjólfsson
Njarðvík við Borgarfjörð:	Fuglaverndarfélag Íslands vegna Njarðvíkur I, Jakob Sigurðsson og Margrét I Benediktsdóttir vegna Borgar (Njarðvíkur II) og Múlaþing vegna Njarðvíkur III
Papey:	Svandís Ingibjörg Sverrisdóttir, Þórlaug Inga Þorvarðardóttir og Már Þorvarðarson
Sandgerði á Miðnesi:	Fiskiðjan ehf. og Garður ehf.
Sandgerði á Miðnesi:	Suðurnesjabær

Starmýri í Álftafirði:	Guðrún Snorradóttir og Sigrún Snorradóttir vegna Starmýrar I, Haukur Elísson vegna Starmýrar 2 og Guðmundur Gunnar Eiríksson og Sigrún Snorradóttir vegna Starmýrar 3 í Álftafirði
Suðurfjörutangi í Hornafirði:	Sveitarfélagið Hornafjörður
Syðri-Fjörður í Lóni:	Nucleus ehf.
Vattarnes við Reyðarfjörð:	Óðinn Logi Þórisson og Ásta Kr. Guðmundsdóttir Michelsen

FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ[1]

a) Efnisflokkuð skjalaskrá[2]

Skjöl lögð fram í máli nr. 1/2025
(OBN 25100001)

Lagt fram af Eddu Andradóttur lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1	1(1)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti A, Suðurland. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(2)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti B, Austurland. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(3)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti C, Norðurland eystra. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(4)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti D, Norðurland vestra. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(5)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti E, Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(6)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti F, Breiðafjörður. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(7)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti G, Vesturland utan Breiðafjarðar. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(8)	Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 12, eyjar og sker. Hluti H, Suðvesturland. Upphaflega dagsett 2.2.2024, endurskoðuð útgáfa 9.10.2024.
	1(9)	Bréf frá lögmanni íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um leiðréttingu kröfulýsinga, dags. 27.3.2024.
	1(10)	Samantekt lögmanna íslenska ríkisins vegna endurskoðunar kröfulýsinga á svæði 12, dags. [9.]10.2024.
	1(11)	Bréf frá lögmanni íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um niðurstöðu endurskoðunar kröfulýsinga, dags. 12.9.2025.
		Sjá einnig skjöl nr. 5(1)–5(13), bréfaskipti um málsmeðferð.

[1] Skjöl undir nr. 2 eru afrakstur kerfisbundinnar gagnaöflunar á Þjóðskjalasafni Íslands. Tilvísanir til merkingar aftast í hverri færslu þar vísa til auðkenningar Þjóðskjalasafnsins, sbr. heildarskilabréf og greinargerðir Þjóðskjalasafnsins, skjöl nr. 2 og 3(1)–3(3), en þar er að finna nánari upplýsingar en skráðar eru hér í skjalaskrána um uppruna viðkomandi skjala.

[2] Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“, skjal nr. H-3, en þar eru m.a. upplýsingar um gagnaflokka: https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf

Lagt fram af óbyggðanefnd:

Skilabréf og söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands:

2		Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands; yfirlit um heimildaleit í óprentuðum frumgögnum vegna svæðis 12, dags. 18.12.2025.
3	3(1)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands. Svæði 12; A-hluti, Suðurland [og Suðausturland]. 6. útg., dags. 16.12.2025.
	3(2)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands. Svæði 12; B-hluti, Austurland. 5. útg., dags. 16.12.2025.
	3(3)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands. Svæði 12; H-hluti, Suðvesturland. 6. útg., dags. 16.12.2025.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):

	2(1)	Landamerki strandjarða í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(2)	Landamerki strandjarða í Árnessýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(3)	Landamerki strandjarða í Rangárvallasýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(4)	Landamerki strandjarða í Skaftafellssýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(5)	Landamerki strandjarða í Suður-Múlasýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(6)	Landamerki strandjarða í Norður-Múlasýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(7)	Landamerki strandjarða í Þingeyjarsýslu. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands með uppskriftum úr landamerkjabók sýslunnar.
	2(8) a–b	Kirkjuvogur og Merkines í Höfnum, samningur um landamerki, dags. 31.3.1923, innfært í landamerkjabók 29.8.1923. Merkt A.1.446a–b.
	2(9) a–b	Kirkjuvogur í Höfnum og Stafnes á Miðnesi, landamerki, dags. 13.6.1925, þinglýst 16.6.1925. Merkt A.1.447a–b.
	2(10) a–b	Kross í Austur-Landeyjum, landamerkjabréf, ódagsett árið 1887, þinglýst 2.6.1888. Merkt A.1.480a–c.
	2(11) a–b	Kvísker í Öræfum, landamerkjabréf, dags. 28.4.1890 og 5.5.1890, þinglýst 5.5.1890. Merkt A.1.481a–b.
	2(12) a–b	Fell í Suðursveit, landamerkjabréf, dags. 1.5.1922, þinglýst 13.7.1922. Merkt A.1.4.
	2(13) a–b	Fell í Suðursveit, landamerkjabréf, dags. 13.5.1922, þinglýst 13. og 15..7.1922. Merkt A.1.5a–b.

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2):

	2(14) a–b	Ofanleiti í Vestmannaeyjum og Bjarnarey: Vitnisburðir, dags. 3.5.1661 og 19.6.1661. Merkt A.2.1a–b.

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):

Skjöl frá Þjóðskjalasafni:

	2(15) a–b	Kalmanstjörn og Merkines í Höfnum, landamerkjabréf, dags. 4.8.1889, 19.6.1890. Merkt A.3.19a–b.
	2(16)	Kross í Austur-Landeyjum, kaupsamningur, dags. 22.7.1804, þinglýst 4.6.1833. Merkt A.3.1.

	2(17)	Kvísker í Öræfum og Hnappavellir, makaskipti/gjafagjörningur, dags. 9.4.1824, þinglýst 6.5.1840. Merkt A.3.2a–b.
	2(18)	Kvísker í Öræfum, afsal, dags. 13.10.1910, þinglýst 11.5.1911. Merkt A.3.3.
	2(19)	Kvísker í Öræfum, leigusamningur um námurétt, dags. 28.7.1912, þinglýst 30.5.1914. Merkt A.3.4a–b.
	2(20) a–b	Fell í Suðursveit, lögfesta, dags. 24.7.1851, þinglýst 5.5.1852 og henni mótmælt. Merkt A.3.44a–c.
	2(21) a–b	Kalmanstjörn í Höfnum, landamerkjabréf, dags. 12.6.1888, þinglýst 14.6.1888. Merkt A.3.45.
	2(22) a–b	Kirkjuvogur í Höfnum, landamerkjabréf, dags. 4.9.1889, þinglýst 19.6.1890. Merkt A.3.42.
	2(23) a–b	Staður í Grindavík, landamerkjabréf, dags. 11.6.1890, þinglýst 20.6.1890. Merkt A.3.43a–b.

Skjöl frá sýslumönnum:

	4(43)	Kvísker í Öræfum, registur afsals- og veðmálabóka frá sýslumanni Suðurlands.

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5):

Jarðamat 1804 (Skjalaflokkur A.5.a):

	2(24) a–b	Jarðamat 1804: Kalmanstjörn í Höfnum. Merkt A.5.a.478.
	2(25) a–b	Jarðamat 1804: Kirkjuvogur í Höfnum. Merkt A.5.a.477.
	2(26) a–b	Jarðamat 1804: Staður í Grindavík. Merkt A.5.a.479.
	2(27) a–b	Jarðamat 1804: Kornhóll í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.2a–b.
	2(28) a–b	Jarðamat 1804: Miðhús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.3.
	2(29) a–b	Jarðamat 1804: Gjábakki í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.4.
	2(30) a–b	Jarðamat 1804: Vilborgarstaðir í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.5.
	2(31) a–b	Jarðamat 1804: Kirkjubær í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.6.
	2(32) a–b	Jarðamat 1804: Presthús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.7.
	2(33) a–b	Jarðamat 1804: Oddstaðir í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.8.
	2(34) a–b	Jarðamat 1804: Búastaðir í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.9.
	2(35) a–b	Jarðamat 1804: Vesturhús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.10.
	2(36) a–b	Jarðamat 1804: Ólafshús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.11.
	2(37) a–b	Jarðamat 1804: Nýibær í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.12.
	2(38) a–b	Jarðamat 1804: Gerði (Stóragerði) í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.13.
	2(39) a–b	Jarðamat 1804: Dalir í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.14.
	2(40) a–b	Jarðamat 1804: Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.15.
	2(41) a–b	Jarðamat 1804: Steinsstaðir í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.16.
	2(42) a–b	Jarðamat 1804: Gvendarhús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.17.
	2(43) a–b	Jarðamat 1804: Brekkuhús í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.18.
	2(44) a–b	Jarðamat 1804: Ofanleiti í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.19a–b.
	2(45) a–b	Jarðamat 1804: Norðurgarður í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.20.
	2(46) a–b	Jarðamat 1804: Stakkagerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.a.21a–b.
	2(47) a–b	Jarðamat 1804: Kross í Austur-Landeyjum. Merkt A.5.a.512a–c.
	2(48) a–b	Jarðamat 1804: Kvísker í Öræfum. Merkt A.5.a.513.
	2(49) a–b	Jarðamat 1804: Fell í Suðursveit. Merkt A.5.a.23.

Jarðamat 1849–1850 (skjalaflokkur A.5.b):

	2(50) a–b	Jarðamat 1849–1850: Kalmanstjörn og Kirkjuvogur í Höfnum. Merkt A.5.b.103a–c.
	2(51) a–b	Jarðamat 1849–1850: Staður í Grindavík. Merkt A.5.b.104a–b.

	2(52) a–b	Jarðamat 1849–1850: Kornhóll, Miðhús, Gjábakki, Vilborgarstaðir, Kirkjubær, Presthús, Oddstaðir, Búastaðir, Ólafshús, Nýibær, Vesturhús, Gerði (Stórageröi), Dalir, Norðurgarður, Ofanleiti, Brekkuhús, Þorlaugargerði, Steinsstaðir og Stakkagerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.5.b.27a–u.
	2(53) a–b	Jarðamat 1849–1850: Kross í Austur-Landeyjum. Merkt A.5.b.91a–c.
	2(54) a–b	Jarðamat 1849–1850: Kvísker í Öræfum. Merkt A.5.b.107.
	2(55) a–b	Jarðamat 1849–1850: Kvísker í Öræfum. Merkt A.5.b.108.
	2(56) a–b	Jarðamat 1849–1850: Hestgerði, Borgarhöfn, Kálfafell, Breiðabólsstaður og Fell í Suðursveit. Merkt A.5.b.3a–f.
	2(57) a–b	Jarðamat 1849–1850: Hvalnes, Bær, Hraunkot, Stafafell, Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður í Lóni; Horn, Þinganes, Hafnarnes, Dilksnes, Árnanes og Bjarnanes í Nesjum; Einholt á Mýrum, Hestgerði, Borgarhöfn, Kálfafell, Breiðabólsstaður og Fell í Suðursveit; Norðurgarður, Loftsalir, Skarðshjáleiga, Dyrhólar eystri / Haugur, og Dyrhólar eystri / Miðhús í Mýrdal. Merkt A.5.b.5a–p.

Fasteignamat 1916–1918 (skjalaflokkur A.5.c):

	2(58) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Kalmanstjörn í Höfnum. Merkt A.5.c.478a–b.
	2(59) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Kirkjuvogur í Höfnum. Merkt A.5.c.477a–e.
	2(60) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Staður í Grindavík. Merkt A.5.c.479a–c.
	2(61) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Kross í Austur-Landeyjum. Merkt A.5.c.516.
	2(62) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Kvísker í Öræfum. Merkt A.5.c.517a–b.
	2(63) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Fell í Suðursveit. Merkt A.5.c.9a–b.

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6):

Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.b):

	2(64) a–b	Manntalsþing 12.6.1801. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Gvendarhús, Brekkuhús og hálft Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.45a–b.
	2(65) a–b	Manntalsþing 15.5.1809. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Dalir, Brekkuhús, Steinsstaðir og hálft Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Einnig var rætt um rétt jarðanna til beitar í Bjarnarey. Merkt A.6.b.46a–b.
	2(66) a–b	Manntalsþing 13.5.1811. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Dalir, Brekkuhús, Þorlaugargerði, Steinsstaðir og Gjábakki í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.47a–b.
	2(67) a–b	Manntalsþing 16.5.1812. Tilkynnt uppsögn á samningi varðandi notkun á túngörðum Vesturhúsa í Vestmannaeyjum og sýslumaður fyrirskipaði fyrirtöku á málinu. Einnig var fjallað um lundaveiðar í Elliðaey. Merkt A.6.b.48.
	2(68) a–b	Uppboðsréttur 31.5.1813. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Dalir, Brekkuhús og Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.49.
	2(69) a–b	Manntalsþing 25.5.1810. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Dali, Gjábakki, Steinsstaðir, Þorlaugargerði og Brekkuhús í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.50a–b.
	2(70) a–b	8.8.1820. Lögfesta fyrir Dölum í Vestmannaeyjum, dags. 29.7.1820. Merkt A.6.b.51a–b.
	2(71) a–b	Manntalsþing 6.6.1792. Gjábakki í Vestmannaeyjum boðinn upp til ábúðar. Merkt A.6.b.68a–c.
	2(72) a–b	Uppboðsréttur 3.10.1812. Gjábakki í Vestmannaeyjum boðinn upp til ábúðar. Merkt A.6.b.69.
	2(73) a–b	Manntalsþing 12.6.1801. Þinglesið forboð ábúenda Kornhóls í Vestmannaeyjum gegn því að skera þang eður þara undir Kornhólstúni, dags. 9.6.1801. Merkt A.6.b.73a–b.

	2(74) a–b	Manntalsþing 9.7.1802. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Norðurgarður, Brekkuhús og Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.76a–b.
	2(75) a–b	Manntalsþing 6.6.1803. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Brekkuhús, Norðurgarður, Ofanleiti, Vilborgarstaðir og hálft Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.77a–c.
	2(76) a–b	Héraðsréttur 9.7.1814. Tekið fyrir mál gegn prestinum í Ofanleiti í Vestmannaeyjum varðandi rekatakmörk og rekaítök Ofanleitiskirkju. Merkt A.6.b.78a–c.
	2(77) a–b	Manntalsþing 14.5.1804. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Brekkuhús og hálft Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.87a–b.
	2(78) a–b	Uppboðsréttur 3.6.1814. Eftirfarandi konungsjarðir boðnar upp til ábúðar: Brekkuhús og hálft Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum. Merkt A.6.b.88.
